

# **Brennu-Njáls saga**

# Brennu-Njáls saga

## 1. kafli

Mörður hét maður er kallaður var gígja. Hann var sonur Sighvats hins rauða. Hann bjó á Velli á Rangárvöllum. Hann var ríkur höfðingi og málafylgjumaður mikill og svo mikill lögmaður að engir þóttu löglegir dómar dæmdir nema hann væri við. Hann átti dóttur eina er Unnur hét. Hún var væn kona og kurteis og vel að sér og þótti sá bestur kostur á Rangárvöllum.

Nú víkur sögunni vestur til Breiðafjarðardala. Maður er nefndur Höskuldur. Hann var Dala-Kollsson. Móðir hans hét Þorgerður og var dóttir Þorsteins hins rauða, Ólafssonar hins hvíta, Ingjaldssonar, Helgasonar. Móðir Ingjalds var Þóra, dóttir Sigurðar orms í auga, Ragnarssonar loðbrókar. Unnur hin djúpúðga var móðir Þorsteins rauðs, dóttir Ketils flatnefs, Bjarnarsonar bunu. Höskuldur bjó á Höskuldsstöðum í Laxárdal.

Hrútur hét bróðir hans. Hann bjó á Hrútsstöðum. Hann var sammæður við Höskuld. Faðir hans var Herjólfur. Hrútur var vænn maður, mikill og sterkur, vígur vel og hógvær í skapi, manna vitrastur, hagráður við vini sína en tillagagóður hinna stærri mála.

Það var einu hverju sinni að Höskuldur hafði vinaboð og þar var Hrútur bróðir hans og sat hið næsta honum. Höskuldur átti sér dóttur er Hallgerður hét. Hún lék sér á gólfi við aðrar meyjjar. Hún var fríð sýnum og mikil vexti og hárið svo fagurt sem silki og svo mikið að það tók ofan á belti.

Höskuldur kallar á hana: "Far þú hingað til mín," sagði hann.

Hún gekk þegar til hans. Hann tók undir hökuna og kyssti hana. Síðan gekk hún í braut.

Þá ræddi Höskuldur til Hrúts: "Hversu líst þér á mey þessa, þykir þér eigi fögur vera?"

Hrútur þagði við. Höskuldur talaði til annað sinn.

Hrútur svaraði þá. "Ærið fögur er mær sjá og munu margir þess gjalda. En hitt veit eg eigi hvaðan þjófsaugu eru komin í ættir vorar."

Þá reiddist Höskuldur og var fátt um með þeim bræðrum nokkura hríð.

Bræður Hallgerðar voru þeir Þorleikur, faðir Bolla, og Ólafur, faðir Kjartans, og Bárður.

## 2. kafli

Það var einu hverju sinni að þeir bræður riðu til alþingis, Höskuldur og Hrútur. Þar var fjölmenni mikið.

Þá ræddi Höskuldur við Hrút: "Það vildi eg bróðir að þú bættir ráð þitt og bæðir þér konu."

Hrútur svarar: "Lengi hefir mér það í hug verið og hefir mér þó tvennt um sýnst. En nú vil eg gera að þínu skapi eða hvar skulum við á leita?"

Höskuldur svaraði: "Hér eru nú höfðingjar margir á þingi og er gott um að velja en þó hefi eg í einum stað á stofnað fyrir þína hönd. Kona heitir Unnur og er dóttir Marðar gígju, hins vitrasta manns, og er hann hér á þingi og svo dóttir hans og mátt þú nú sjá hana ef þú vilt."

Og annan dag eftir er menn gengu til lögréttu sáu þeir konur úti hjá Rangæingabúð, vel búnar.

Þá mælti Höskuldur við Hrút: "Þar er hún nú Unnur er eg sagði þér frá eða hversu líst þér á hana?"

"Vel," sagði hann, "en eigi veit eg hvort við eigum heill saman."

Síðan ganga þeir til lögréttu. Mörður gígja mælti lögskil að vanda sínum og gekk heim til búðar sinnar. Höskuldur stóð upp og Hrútur og gengu til búðar Marðar og inn í búðina. Mörður sat í innanverðri búðinni. Þeir kvöddu hann. Hann stóð upp í mót þeim og tók í hönd Höskuldi og settist hann niður hjá honum en Hrútur sat hið næsta Höskuldi.

Síðan töluðu þeir margt og komu þar niður ræður Höskulds að "eg mæli til kaupa við þig. Vill Hrútur gerast mágur þinn og kaupa dóttur þína og skal eg eigi mitt til spara."

Mörður svaraði: "Veit eg að þú ert höfðingi mikill en bróðir þinn er mér ókunnigur."

Höskuldur mælti: "Framar er hann en eg."

Mörður mælti: "Mikið munt þú þurfa fram að leggja með honum því að hún á allan arf eftir mig."

"Eigi þarf og lengi að bíða hvað eg skal á kveða," sagði Höskuldur, "hann skal hafa Kambsnes og Hrútsstaði og upp til Prándargils. Hann á og kaupskip í siglingum."

Hrútur talaði þá til Marðar: "Hugsa svo um bóndi að bróðir minn mun mér mjög hafa fram haldið fyrir ástar sakir. En ef þér viljið gera málið að álitum þá vil eg að þér gerið kostinn."

Mörður svaraði: "Hugsað hefi eg kostinn. Hún skal hafa sex tigu hundraða og skal aukast þriðjungi í þínum garði en ef þið eigið erfingja þá skal vera helmingarfélag með ykkur."

Hrútur mælti: "Þenna kost vil eg og höfum nú votta við."

Síðan stóðu þeir upp og tókust í hendur og fastnaði Mörður Hrúti dóttur sína Unni og skyldi boð vera hálfum mánuði eftir mitt sumar að Marðar.

Nú ríða þeir heim af þingi hvorirtveggju og ríða þeir vestur hjá Hallbjarnarvörðum. Þá reið í mót þeim Þjóstólfur, son Bjarnar gullbera úr Reykjardal, og sagði þeim skipkomu í Hvítá og var þar kominn út Össur föðurbróðir Hrúts og vildi að Hrútur kæmi til fundar við hann sem fyrst. En er Hrútur spurði þetta þá bað hann Höskuld fara til skips með sér. Höskuldur fór og þeir báðir.

En er þeir komu til skips fagnar Hrútur Össuri frænda sínum vel og blíðlega. Össur bauð þeim inn í búð að drekka. Síðan var tekið af hestum þeirra og gengu þeir inn og drukku.

Hrútur mælti til Össurar: "Nú skalt þú ríða vestur með mér frændi og vera með mér í vetur."

"Eigi hendir svo," sagði hann, "því að eg segi þér lát Eyvindar bróður þíns en hann leiddi þig til arfs á Guláþingi og munu nú taka óvinir þínir ef þú kemur eigi til."

"Hvað er nú til ráðs bróðir?" sagði Hrútur, "þykir mér nú vandast málið er eg hefi áður ráðið brúðlaup mitt."

Höskuldur mælti: "Þú skalt ríða suður til fundar við Mörð og bið hann að þið skipið máldaga annan og sitji dóttir hans þrjá vetur í festum. En eg mun ríða heim og flytja vöru þína til skips."

Hrútur mælti: "Nú vil eg að þú takir mjöl og við og slíkt annað sem þér líkar af varningi."

Hrútur lét taka hesta sína og reið hann suður en Höskuldur reið heim vestur.

Hrútur kom austur á Rangárvöllu til Marðar og hafði þar góðar viðtökur. Hrútur sagði Merði allt efni sitt og bað hann ráð á leggja.

Mörður mælti og spurði hversu mikið fé það væri.

Hrútur sagði vera tvö hundruð marka ef hann fengi allt.

Mörður mælti: "Mikið er það í móti erfðinni minni og skalt þú víst fara ef þú vilt."

Síðan breyttu þeir máldaganum og skyldi Unnur sitja þrjá vetur í festum.

Nú ríður Hrútur til skips og er við skip um sumarið þar til er búið var. Höskuldur færði fé allt til skips það sem Hrútur átti. Hrútur fékk Höskuldi í hendur fjárvarðveislu sína vestur þar meðan hann væri utan. Reið Höskuldur heim til bús síns.

Litlu síðar gaf þeim byr og sigla þeir í haf. Þeir voru úti þrjár vikur og komu að við Hernar á Hörðalandi og sigldu síðan austur til Víkur.

### 3. kafli

Haraldur gráfeldur réð fyrir Noregi. Hann var sonur Eiríks blóðöxar Haraldssonar hins hárfagra. Gunnhildur hét móðir hans og var dóttir Össurar tota. Þau höfðu aðsetur austur í Konungahellu.

Nú spurðist skipkoman austur þangað til Víkurinnar. Og þegar er þetta fréttir Gunnhildur spurði hún eftir hvað íslenskra manna væri á skipi. Henni var sagt að Hrútur hét maður og var bróðursonur Össurar.

Gunnhildur mælti: "Eg veit gjörla. Hann mun heimta erfð sína en sá maður hefir að varðveita er Sóti heitir."

Síðan kallar hún á einn herbergissvein sinn er Ögmundur hét: "Eg vil senda þig norður í Víkina á fund Össurar og Hrúts og seg að eg býð þeim báðum til mín í vetur og eg vil vera vinur þeirra. Og ef Hrútur fer mínum ráðum fram þá skal eg sjá um fémál hans og um það annað er hann tekur að henda. Eg skal og koma honum fram við konunginn."

Síðan fór Ögmundur og kom á fund þeirra. En þegar er þeir vissu að hann var sveinn Gunnhildar tóku þeir við honum sem best. Hann sagði þeim erindi sín af hljóði.

Síðan töluðu þeir ráðagerðir sínar frændur leynilega og ræddi Össur við Hrút: "Svo líst mér frændi sem nú munum við hafa gert ráð okkað því að eg kann skapi Gunnhildar. Jafnskjótt sem við viljum eigi fara til hennar mun hún reka okkur úr landi en taka fé okkað allt með ráni. En ef við förum til hennar þá mun hún gera okkur sæmd slíka sem hún hefir heitið."

Ögmundur fór heim. Og er hann fann Gunnhildi sagði hann henni erindislok sín og það að þeir mundu koma.

Gunnhildur mælti: "Slíks var von því að Hrútur er vitur maður og vel að sér. En nú haf þú njósn af nær er þeir koma til bæjarins og seg mér."

Þeir Hrútur fóru austur til Konungahelli. En er þeir komu þar gengu í mót þeim frændur og vinir og fögnuðu þeim vel. Þeir spurðu hvort konungur var í bænum. Þeim var sagt að hann var þar. Síðan mættu þeir Ögmundi.

Hann sagði þeim kveðju Gunnhildar og það með að hún mundi eigi bjóða þeim fyrr en þeir hefðu fundið konung fyrir orðs sakir: "að svo þyki sem eg grípi gulli á við þá. En eg mun þó til leggja slíkt er mér sýnist og veri Hrútur djarfmæltur við konung og biðji hann hirðvistar. Eru hér og klæði er drottningin sendir þér og skalt þú í þeim ganga fyrir konunginn."

Síðan fór Ögmundur aftur.

Annan dag eftir mælti Hrútur við Össur: "Göngum við nú fyrir konung."

"Það má vel," sagði Össur.

Þeir gengu tólf saman og voru þeir allir frændur þeirra og vinir. Þeir komu í höllina er konungur sat yfir drykkju. Gekk Hrútur fyrstur og kvaddi konunginn. Konungur hugði vandlega að manningum er vel var búinn og spurði hann að nafni. Hann nefnir sig.

"Ert þú íslenskur maður?" sagði konungur.

Hann sagði að svo var.

"Hvað hvatti þig hingað á vörn fund?"

"Að sjá tign yðra herra og það annað að eg á erfðamál mikið hér í landi og mun eg yðvar verða við að njóta að eg fái rétt af."

Konungur mælti: "Hverjum manni hefi eg heitið lögum hér í landi eða hver eru fleiri erindi þín á vörn fund?"

"Herra," sagði Hrútur, "eg vil biðja yður hirðvistar og gerast yðvar maður."

Konungur þagnar við.

Gunnhildur mælti: "Svo líst mér sem sjá maður bjóði yður hina mestu sæmd því að mér líst svo ef slíkir væru margir innan hirðar sem þá væri vel skipað."

"Er hann vitur maður?" sagði konungur.

"Bæði er hann vitur og framgjarn," segir hún.

"Svo þykir mér sem móðir mín vilji að þú fái nafnbót slíka sem þú mælir til. En fyrir tignar sakir vorrar og landssiðar þá kom þú til vor á hálf mánaðar fresti. Skalt þú þá gerast hirðmaður minn en móðir mín haldi þér kost þar til og kom síðan á minn fund."

Gunnhildur mælti við Ögmund: "Fylg þeim til húsa minna og ger þeim þar góða veislu."

Ögmundur gekk út og þeir með honum og fylgdi hann þeim í eina steinhöll. Þar var tjaldað hinum fegursta borða. Þar var og háseti Gunnhildar.

Þá mælti Ögmundur: "Nú mun það sannast er eg sagði þér frá Gunnhildi. Hér er háseti hennar og skalt þú í setjast og halda mátt þú þessu sæti þó að hún komi sjálf til."

Síðan veitti hann þeim veislu. Þeir höfðu skamma hríð setið áður þar kom Gunnhildur. Hrútur vildi upp spretta og fagna henni.

"Sit þú," segir hún, "og skalt þú jafnan þessu sæti halda þá er þú ert í boði mínu."

Síðan settist hún hjá Hrúti og drukku þau. Og um kveldið mælti hún: "Þú skalt sofa í lofti hjá mér í nótt og við tvö saman."

"Þér skuluð ráða," sagði hann.

Síðan gengu þau til svefns og læsti hún þegar loftinu innan og sváfu þau þar um nóttina. Um morguninn eftir fóru þau til drykkju. Og allan þann hálfan mánuð lágu þau í loftinu tvö ein.

Þá mælti Gunnhildur við þá menn er þar voru: "Þér skuluð engu fyrir týna nema lífinu ef þér segið nokkurum frá um hagi vora."

Hrútur gaf henni hundrað álna hafnarvoðar og tólf vararfeldi. Gunnhildur þakkaði honum gjöfina. Hrútur gekk í braut og minntist við hana áður og þakkaði henni. Hún bað hann vel fara.

Um daginn eftir gekk Hrútur fyrir konung við þrjá tigu manna og kvaddi konung.

Konungur mælti: "Nú munt þú vilja að eg efni við þig Hrútur það sem eg hét þér."

Gerði konungur þá Hrút hirðmann sinn.

Hrútur mælti þá: "Hvar vísið þér mér til sætis?"

"Móðir mín skal því ráða," sagði konungur.

Síðan fékk hún honum hinn sæmilegasta sess og var hann með konungi um veturinn vel metinn.

## 4. kafli

Um vorið spurði hann til Sóta að hann var farinn suður til Danmerkur með erfðina. Þá gekk Hrútur á fund Gunnhildar og segir henni frá ferðum Sóta.

Gunnhildur mælti: "Eg mun fá þér tvö langskip skipuð mönnum og þar með hinn hraustasta mann, Úlf ópveginn, gestahöfðingja vorn. En þó gakk þú að finna konung áður þú farir."

Hrútur gerði svo. Og er hann kom fyrir konung þá segir hann konungi um ferð Sóta og það með að hann ætlar eftir honum að halda.

Konungur mælti: "Hvern styrk hefir móðir mín til lagið með þér?"

Hrútur svarar: "Langskip tvö og fyrir liðinu Úlf ópveginn."

Konungur mælti: "Vel er þar til fengið. Nú vil eg fá þér önnur tvö langskip og munt þú þó þurfa þessa liðs alls."

Síðan fylgdi hann Hrúti til skips og mælti: "Farist þér nú vel."

Síðan sigldi Hrútur liði sínu suður.

## 5. kafli

Atli hét maður. Hann var sonur Arnviðar jarls úr Gautlandi hinu eystra. Hann var hermaður mikill og lá úti austur í Leginum. Hann hafði átta skip. Faðir hans hafði haldið sköttum fyrir Hákonni Aðalsteinsfóstra og stukku þeir feðgar til Gautlands úr Jamtalandi. Atli hélt liðinu úr Leginum út um Stokkssund og svo suður til Danmerkur og liggur úti í Eyrasundi. Hann var og útlagi bæði Danakonungs og Svíakonungs af ránum og manndrápum er hann hafði gert í hvorutveggja ríkinu.

Hrútur hélt suður til Eyrasunds. Og er hann kom í sundið sér hann fjölda skipa í sundinu.

Þá mælti Úlfur: "Hvað skal nú til ráða taka Íslendingur?"

"Halda fram ferðinni," segir Hrútur, "því að ekki dugir ófreistað. Skal skip okkar Össurar fara fyrst en þú skalt leggja fram sem þér líkar."

"Sjaldan hefi eg haft aðra að skildi fyrir mér," segir Úlfur.

Leggur hann fram skeiðina jafnfram skipi Hrúts og halda svo fram í sundið.

Nú sjá þeir er í sundinu eru að skip fara að þeim og segja Atla til.

Hann svaraði: "Þá gefur vel til fjár að vinna og reki menn af sér tjöldin og búist við sem hvatlegast á hverju skipi. Skip mitt skal vera í miðjum flotanum."

Síðan greiddu þeir róðurinn á skipum Hrúts. Og þegar er hvorir heyrðu mál annarra stóð Atli upp og mælti: "Þér farið óvarlega. Sáuð þér eigi að herskip voru í sundinu eða hvert er nafn höfðingja yðvars?"

"Hrútur heiti eg," segir hann.

"Hvers maður ert þú?" segir Atli.

"Hirðmaður Haralds konungs gráfeldar," segir Hrútur.

Atli mælti: "Lengi höfum við feðgar eigi kærir verið Noregskonungum yðrum."

"Ykkur ógæfa er það," segir Hrútur.

"Svo hefir borið saman fund okkarn," segir Atli, "að þú skalt eigi kunna frá tíðindum að segja" og þreif upp spjót og skaut á skip Hrúts og hafði sá bana er fyrir varð.

Síðan tókst orusta með þeim og sóttist þeim seint skip þeirra Hrúts. Úlfur gekk vel fram og gerði ýmist að hann skaut eða lagði. Ásólfrur hét stafnbúi Atla. Hann hljóp upp á skip Hrúts og varð fjögurra manna bani áður Hrútur varð var við. Snýr hann þá í mót honum. En er þeir finnast þá leggur Ásólfrur í skjöld Hrúts og í gegnum en Hrútur hjó til Ásólfur og varð það banahögg.

Þetta sá Úlfur ópveginn og mælti: "Bæði er nú Hrútur að þú höggur stórt enda átt þú mikið að launa Gunnhildi."

"Þess varir mig," segir Hrútur, "að þú mælir feigum munni."

Nú sér Atli beran vopnastað á Úlfi og skaut spjóti í gegnum hann. Síðan varð hin strangasta orusta. Atli hleypur upp á skip að Hrúti og ryðst um fast og nú snýr í mót honum Össur og lagði til hans og féll sjálfur á bak aftur því að annar maður lagði til hans. Hrútur sneri nú í mót Atla. Atli hjó þegar í skjöld Hrúts og klauf allan niður. Þá fékk Atli steinshögg á höndina og féll niður sverðið. Hrútur tók sverðið og hjó undan Atla fótinn. Síðan veitti hann honum banasár. Þar tóku þeir fé mikið og höfðu með sér tvö skip, þau er best voru, og dvöldust þar litla hríð síðan.

Þeir Sóti fórust hjá. Sigldi hann aftur til Noregs. Kom hann við Limgarðssíðu og gekk þar á land. Þar mætti hann Ögmundi sveini Gunnhildar.

Ögmundur kenndi Sóta þegar og spyr hann: "Hve lengi ætlar þú hér að vera?"

"Þrjár nætur," segir Sóti.

"Hvert ætlar þú þá?" sagði Ögmundur.

"Vestur til Englands," segir Sóti, "og koma aldrei til Noregs meðan ríki Gunnhildar er."

Ögmundur gekk þá í braut og fer á fund Gunnhildar því að hún var þaðan skammt á veislu og Guðröður sonur hennar. Ögmundur sagði Gunnhildi frá ætlan Sóta. En hún bað þegar Guðröð son sinn fara og taka Sóta af lífi.

Guðröður fór þegar og kom á óvart Sóta og lét leiða hann á land upp og festa þar upp en tók fé allt og færði móður sinni. Hún fékk til menn að færa allt féið á land upp og austur til Konungahellu og fór sjálf þangað.

Hrútur hélt aftur um haustið og hafði fengið fjár mikils og fór þegar á fund konungs og hafði af honum góðar viðtökur. Hann bauð þeim að hafa slíkt af fénu sem þeir vildu en konungurinn tók af þriðjunginn. Gunnhildur segir Hrúti að hún hafði tekið erfðina en látið drepa Sóta. Hann þakkaði henni og gaf henni allt hálf tölva sig.

## 6. kafli

Hrútur var með konungi um veturinn í góðu yfirlæti. En er voraðist gerðist Hrútur hljóður mjög.

Gunnhildur fann það og talaði til hans er þau voru tvö saman: "Ert þú hugsjúkur, Hrútur?" sagði hún.

"Það er mælt," segir Hrútur, "að illt er þeim er á ólandi er alinn."

"Vilt þú til Íslands?" segir hún.

"Það vil eg," sagði hann.

"Átt þú konu nokkura út þar?" segir hún.



"Eigi er það," sagði hann.

"Það hefi eg þó fyrir satt," segir hún.

Síðan hættu þau talinu.

Hrútur gekk fyrir konung og kvaddi hann.

Konungur mælti: "Hvað vilt þú nú Hrútur?"

"Eg vil beiðast herra að þér gefið mér orlof til Íslands."

"Mun þar þinn sómi meiri en hér?" segir konungur.

"Eigi mun það vera," sagði Hrútur, "en það verður hver að vinna er ætlað er."

Gunnhildur mælti: "Við ramman mun reip að draga og gefið honum gott orlof að hann fari sem honum líkar best."

Þá var ært illa í landi en þó fékk konungurinn honum mjöl sem hann vildi hafa.

Nú býst hann út til Íslands og Össur með honum. Og er þeir voru búnir þá gekk Hrútur að finna konunginn og Gunnhildi.

Gunnhildur leiddi hann á eintal og mælti til hans: "Hér er gullhringur er eg vil gefa þér" og spennti á hönd honum.

"Marga gjöf góða hef eg af þér þegið," segir Hrútur.

Hún tók höndum um háls honum og kyssti hann og mælti: "Ef eg á svo mikið vald á þér sem eg ætla þá legg eg það á við þig að þú megir engri munúð fram koma við þá konu er þú ætlar þér á Íslandi að eiga en fremja skalt þú mega við aðrar konur vilja þinn. Og hefir nú hvortgi okkað vel. Þú trúðir mér eigi til málsins."

Hrútur hló að og gekk í braut.

Síðan fór hann til fundar við konunginn og þakkaði honum hversu höfðinglega hann hafði alla hluti til hans gert. Konungurinn bað hann vel fara og kvað Hrúta vera hinn röskvasta mann og vel kunna að vera með tignum mönnum.

Hrútur gekk síðan til skips og sigldi í haf. Þeim gaf vel byri og tóku Borgarfjörð. En þegar er skip var landfast reið Hrútur vestur heim en Össur lét ryðja skipið. Hrútur reið á Höskuldsstaði og tók bróðir hans vel við honum og sagði Hrútur honum allt um ferðir sínar. Síðan sendi hann mann austur á Rangárvöllu til Marðar gígju að búast við boði. En þeir bræður riðu síðan til skips og sagði Höskuldur Hrúti fjárhagi hans og hafði mikið á aflast síðan Hrútur fór í braut.

Hrútur mælti: "Minni mun umbun verða bróðir en skyldi en fá vil eg þér mjöl svo sem þú þarft í bú þitt í vetur."

Síðan réðu þeir skipinu til hlunns og bjuggu um en færðu varning allan vestur í Dala.

Hrútur var heima á Hrútsstöðum til sex vikna.

Þá buggust þeir bræður og Össur með þeim að ríða austur til brúðlaups Hrúts og riðu við sex tigu manna. Þeir riðu þar til er þeir koma austur á Rangárvöllu. Þar var fjöldi fyrirboðsmanna. Skipuðust menn þar í sæti en konur skipuðu pall og var brúðurin heldur döpur. Drekkja þeir veisluna og fer hún vel fram. Mörður greiddi út heimanfylgju dóttur sinnar og reið hún vestur með Hrúti. Þau riðu þar til er þau komu heim. Hrútur fékk henni öll ráð í hendur fyrir innan stökk og líkaði það öllum vel. En fátt var um með þeim Hrúti um samfarar og fer svo fram allt til vors.

Og þá er voraði átti Hrútur för í Vestfjörðu að heimta fyrir varning sinn. En áður hann færi heiman talaði Unnur við hann: "Hvort ætlar þú aftur að koma áður menn ríða til þings?"

"Hvað er að því?" segir Hrútur.

"Eg vil ríða til þings," segir hún, "og finna föður minn."

"Svo skal þá vera," sagði hann, "og mun eg ríða til þings með þér."

"Vel er það og," segir hún.

Síðan fór hann heiman og vestur í fjörðu og byggði allt féið og fór þegar vestan.

Og er hann kom heim bjó hann sig þegar til þings og lét ríða með sér alla nábúa sína. Höskuldur reið og, bróðir hans.

Hrútur mælti við konu sína: "Ef þér er jafnmikill hugur á að fara til þings sem þú lést þá bú þú þig og ríð til þings með mér."

Hún bjó sig skjótt og síðan ríða þau uns þau koma til þings.

Unnur gekk til búðar föður síns. Hann fagnaði henni vel en henni var skapþungt nokkuð.

Og er hann fann það mælti hann til hennar: "Séð hefi eg þig með betra bragði eða hvað býr þér í skapi?"

Hún tók að gráta og svaraði engu.

Þá mælti hann við hana: "Til hvers reiðst þú til alþingis ef þú vilt eigi svara mér eða segja mér trúnað þinn eða þykir þér eigi gott vestur þar?"

Hún svaraði: "Gefa mundi eg til alla eigu mína að eg hefði þar aldrei komið."

Mörður mælti: "Þessa má eg skjótt vís verða."

Þá sendi hann mann eftir þeim Hrúti og Höskuldi. Þeir fóru þegar. Og er þeir komu á fund Marðar stóð hann upp í mót þeim og fagnaði þeim vel og bað þá sitja. Töluðu þeir lengi og fór tal þeirra vel.

Þá mælti Mörður til Hrúts: "Hví þykir dóttur minni svo illt vestur þar?"

Hrútur mælti: "Segi hún til ef hún hefir sakagiftir nokkurar við mig."

En þær urðu engar upp bornar við Hrút. Þá lét Hrútur eftir spyrja nábúa sína og heimamenn hversu hann gerði til hennar. Þeir báru honum gott vitni og sögðu hana ráða öllu því er hún vildi.

Mörður mælti: "Heim skalt þú fara og una vel við ráð þitt því að honum ganga öll vitni betur en þér."

Síðan reið Hrútur heim af þingi og kona hans með honum og var nú vel með þeim um sumarið. En þá er vetraði þá dró til vanda um samfarar þeirra og var þess verr er meir leið á vorið.

Hrútur átti enn ferð vestur í fjörðu að fjárreiðum sínum og lýsti yfir því að hann mundi eigi til alþingis ríða. Unnur talaði fátt um. Hrútur fór þá er hann var til þess búinn.

## 7. kafli

Nú líður til þings framan. Unnur talaði við Sigmund Össurason og spurði ef hann vildi ríða til þings með henni. Hann kveðst eigi ríða mundu ef Hrúti frænda hans þætti verr.

"Því kveð eg þig til," segir hún, "að eg á á þér helst vald allra manna."

Hann svaraði: "Gera mun eg þér kost á þessu. Þú skalt ríða vestur með mér aftur og hafa engi undirmál við Hrút eða mig."

Hún hét því. Síðan ríða þau til þings.

Mörður var á þingi, faðir hennar. Hann tók við henni allvel og bað hana vera í búð sinni meðan þingið væri. Hún gerði svo.

Mörður mælti: "Hvað segir þú mér frá Hrúti félaga þínum?"

Hún svarar: "Gott má eg frá honum segja það allt er honum er sjálfrátt."

Mörður varð hljóður við og mælti: "Það býr þér nú í skapi dóttir að þú vilt að engi viti nema eg og munt þú trúna mér best til úrráða um þitt mál."

Þá gengu þau á tal þar er engir menn heyrðu þeirra viðurmæli.

Þá mælti Mörður til dóttur sinnar: "Seg þú mér nú allt það er á meðal ykkar er og lát þér ekki í augu vaxa."

"Svo mun vera verða," segir hún. "Eg vildi segja skilið við Hrút og má eg segja þér hverja sök eg má helst gefa honum. Hann má ekki hjúskaparfar eiga við mig svo að eg megi njóta hans en hann er að allri náttúru sinn annarri sem hinir vöskustu menn."

"Hversu má svo vera?" segir Mörður, "og seg mér enn gerr."

Hún svarar: "Þegar hann kemur við mig þá er hörund hans svo mikið að hann má ekki eftirlæti hafa við mig en þó höfum við bæði breytni til þess á alla vega að við mættum njótast en það verður ekki. En þó áður við skiljum sýnir hann það af sér að hann er í æði sínu rétt sem aðrir menn."

Mörður mælti: "Vel hefir þú nú gert er þú sagðir mér. Mun eg leggja ráð á með þér það er þér mun duga ef þú kannt með að fara og bregðir þú hvergi af. Nú skalt þú heim ríða fyrst af þingi og mun bóndi þinn heim kominn og taka við þér vel. Þú skalt vera við hann blíð og eftirmál og mun honum þykja góð skipan á komin. Þú skalt enga fáleika á þér sýna. En þá er vorar skalt þú kasta á þig sótt og liggja í rekkju. Hrútur mun engum getum vilja um leiða um sóttarfar þitt og ámæla þér í engu, heldur

mun hann biðja að allir geymi þín sem best. Síðan mun hann fara í fjörðu vestur og Sigmundur með honum og mun hann flytja allt fé sitt vestan úr fjörðum og vera í brautu lengi sumars. En þá er menn ríða til þings og allir menn eru riðnir úr Dölum, þeir er ríða ætla, þá skalt þú rísa úr rekkju og kveðja menn til ferðar með þér. En þá er þú ert albuin þá skalt þú ganga til hvílu þinnar og þeir menn með þér sem förunautar þínir eru. Þú skalt nefna votta hjá rekkjustokki bónda þíns og segja skilið við hann lagaskilnaði sem þú mátt framast að alþingismáli réttu og allsherjarlögum. Slíka vottnefnu skalt þú hafa fyrir karlkyrum. Síðan ríð þú í braut og ríð Laxárdalsheiði og svo til Holtavörðuheiðar því að þín mun eigi leitað til Hrutafjarðar og ríð þar til er þú kemur til mín og mun eg þá sjá fyrir málinu og skalt þú aldrei síðan koma honum í hendur."

Nú ríður hún heim af þingi og var Hrutur heim kominn og fagnaði henni vel. Hún tók vel máli hans og var við hann blíð og eftirmál. Þeirra samfarar voru góðar þau misseri. En er voraði tók hún sótt og lagðist í rekkju. Hrutur fór í fjörðu vestur og bað henni virkta áður.

Nú er kemur að þingi bjó hún ferð sína í braut og fór með öllu svo sem fyrir var sagt og ríður á þing síðan. Héraðsmenn leituðu hennar og fundu hana eigi.

Mörður tók við dóttur sinni vel og spurði hana hversu hún hefði með farið ráðagerð hans.

"Hvergi hefi eg af brugðið," sagði hún.

Hann gekk til Lögbergs og sagði skilið lagaskilnaði með þeim að Lögbergi.

Þetta gerðu menn að nýjum tíðindum.

Unnur fór heim með föður sínum og kom aldrei vestur þar síðan.

## 8. kafli

Hrutur kom heim og brá mjög í brún er kona hans var í brautu og er þó vel stilltur og var heima öll þau misseri og réðst við engan mann um sitt mál.

Annað sumar eftir reið hann til alþingis og Höskuldur bróðir hans með honum og fjölmenntu mjög. En er hann kom á þing þá spurði hann hvort Mörður gígja væri á þingi. Honum var sagt að hann var þar og ætluðu allir að þeir mundu tala um mál sín en það varð eigi.

Einnhvern dag er menn gengu til Lögbergs nefndi Mörður sér votta og lýsti fésök á hendur Hrutu um fémál dóttur sinnar og taldi níu tigu hundraða fjár. Lýsti hann til gjalda og til útgreiðslu og lét varða þriggja marka útleið. Hann lýsti í fjórðungsdóm þann er sökin átti í að koma að lögum. Lýsti hann löglýsing og í heyranda hljóði að Lögbergi.

En er hann hafði þetta mælt svaraði Hrutur: "Meir sækir þú þetta mál með fjárágrind og kappi er heyrir til dóttur þinnar heldur en með góðvild eða drengskap enda mun eg hér láta nokkuð í mót koma því að þú hefir enn eigi féið í hendi þér það er eg fer með. Mæli eg svo fyrir að þeir séu allir heyrandi vottar er hjá eru að Lögbergi að eg skora þér á hólum. Skal við liggja mundurinn allur og þar legg eg í mót annað fé jafnmikið og eigi sá hvortveggja féið er af öðrum ber. En ef þú vilt eigi berjast við mig þá skalt þú af allri fjárheimtunni."

Þá þagnaði Mörður og réðst um við vini sína um hólmgönguna.

Honum svaraði Jörundur goði: "Eigi þarft þú við oss ráð að eiga um þetta mál því að þú veist ef þú berst við Hrút að þú munt láta bæði lífið og féið. Er honum vel farið. Hann er mikill af sjálfum sér og manna fræknastur."

Þá kvað Mörður það upp að hann mundi eigi berjast við Hrút. Þá varð óþ mikið að Lögbergi og óhljóð og hafði Mörður af hina mestu svívirðu. Síðan ríða menn heim af þingi.

Þeir bræður riðu vestur til Reykjardals, Höskuldur og Hrútur, og gistu að Lundi. Þar bjó Þjóstólfur sonur Bjarnar gullbera. Regn hafði verið mikið um daginn og höfðu menn orðið votir og voru gervir langeldar. Þjóstólfur bóndi sat á meðal þeirra Höskulds og Hrúts. Sveinar tveir léku á gólfinu. Þeir voru veislusveinar Þjóstólfs og lék mæð ein hjá þeim. Þeir voru málgir mjög því að þeir voru óvitir.

Annar þeirra mælti: "Eg skal þér Mörður vera og stefna þér af konunni og finna það til foráttu að þú hafir eigi sorðið hana."

Annar svaraði: "Eg skal þér Hrútur vera. Tel eg þig af allri fjárheimtunni ef þú þorir eigi að berjast við mig."

Þetta mæltu þeir nokkurum sinnum. Þá gerðist hlátur mikill af heimamönnum. Þá reiddist Höskuldur og laust sveininn með sprota, þann er Mörður nefndist, en sprotinn kom í andlitið og sprakk fyrir.

Höskuldur mælti við sveininn: "Verð úti og drag engan spott að oss."

Hrútur mælti: "Gakk hingað til mín."

Sveinninn gerði svo. Hrútur dró fingurgull af hendi sér og gaf honum og mælti: "Far í braut og leita á engan mann síðan."

Sveinninn fór í braut og mælti: "Þínum drengskap skal eg við bregða æ síðan."

Af þessu fékk Hrútur gott orð. Síðan fóru þeir vestur heim og er nú lokið þrætum þeirra Marðar.

## 9. kafli

Nú er þar til máls að taka að Hallgerður vex upp, dóttir Höskulds, og er kvenna fríðust sýnum og mikil vexti og því var hún langbrók kölluð. Hún var fagurhár og svo mikið hárið að hún mátti hylja sig með. Hún var örlynd og skaphörð.

Þjóstólfur hét fóstri hennar. Hann var suðureyskur að ætt. Hann var styrkur maður og vígur vel og hafði margan mann drepið og bætti engan mann fé. Það var mælt að hann væri engi skapbætir Hallgerði.

Maður er nefndur Þorvaldur. Hann var Ósvífursson. Hann bjó út á Meðalfellsströnd undir Felli. Hann var vel auðigur að fé. Hann átti eyjar þær er heita Bjarneyjar. Þær liggja út á Breiðafirði. Þaðan hafði hann skreið og mjöl. Þorvaldur var vel styrkur maður og kurteis, nokkuð bráður í skaplyndi.

Það var einu hverju sinni að þeir feðgar ræddu með sér hvar Þorvaldur mundi á leita um kvonfang. En það fannst á að honum þótti sér óvída fullkosta.

Þá mælti Ósvífur: "Vilt þú biðja Hallgerðar langbrókar, dóttur Höskulds?"

"Hennar vil eg biðja," segir hann.

"Það mun ykkur eigi mjög hent," sagði Ósvífur, "hún er kona skapstór en þú ert harðlyndur og óvæginn."

"Þar vil eg þó á leita," segir hann, "og mun mig eigi tjóa að letja."

"Þú átt og mest í hættu," segir Ósvífur.

Síðan fóru þeir bónorðsför og komu á Höskuldsstaði og höfðu þar góðar viðtökur. Þeir ræddu þegar erindi sín fyrir Höskuldi og vöktu bónorðið.

Höskuldur svaraði: "Kunnigt er mér um hag ykkarn en eg vil enga vél að ykkur draga að dóttir mín er hörð í skapi. En um yfirlit hennar og kurteisi megið þið sjálfir sjá."

Þorvaldur svaraði: "Ger þú kostinn því að eg mun skaplyndi hennar eigi láta fyrir kaupum standa."

Síðan tala þeir um kaupnið og spurði Höskuldur dóttur sína eigi eftir því að honum var hugur á að gifta hana og urðu þeir á sáttir á allan kaupmála. Síðan rétti Höskuldur fram höndina en Þorvaldur tók í og fastnaði sér Hallgerði og reið heim við svo búnið.

## 10. kafli

Höskuldur sagði Hallgerði kaupnið.

Hún mælti: "Nú er eg að raun komin um það er mig hefir lengi grunað að þú mundir eigi unna mér svo mikið sem þú sagðir jafnan er þér þótti eigi þess vert að við mig væri um talað þetta mál enda þykir mér ráð þetta eigi svo mikils háttar sem þér hétuð mér."

Og fannst það á í öllu er hún þóttist vargefin.

Höskuldur mælti: "Ekki legg eg svo mikið við ofmetnað þinn að hann standi fyrir kaupum mínum og skal eg ráða en eigi þú ef okkur skilur á."

"Mikill er metnaður yðvar frænda," segir hún, "og er það eigi undarlegt að eg hafi nokkurn" og gekk á braut síðan.

Hún fann fóstra sinn Þjóstólf og segir honum hvað ætlað var og var henni skapþungt.

Þjóstólfur mælti: "Ger þú þér gott í skapi. Þú munt vera gefin í annað sinn og munt þú þá eftir spurð því að alls staðar mun eg gera að þínu skapi nema þar er faðir þinn er eða Hrútur."

Síðan tala þau ekki um fleira.

Höskuldur bjó veislu og reið að bjóða mönnum til og kom á Hrútsstaði og kallar Hrút út til máls við sig. Hann gekk út og gengu þeir á tal og sagði Höskuldur honum kaupmála allan og bauð honum til boðs "og vildi eg frændi að þér þætti eigi verr þótt eg gerði þér eigi orð áður en kaupmálið réðst."

"Betur þætti mér að eg kæmi hvergi í nánd," segir Hrútur, "því að hvorigu mun í þessu kaupum gifta, honum né henni. En þó mun eg fara til boðs ef þér þykir sæmd í."

"Það þykir mér víst," sagði Höskuldur og reið heim síðan.

Ósvífur og Þorvaldur buðu og mönnum og var eigi boðið færra en hundraði.

Maður er nefndur Svanur. Hann bjó í Bjarnarfirði á bæ þeim er heitir á Svanshóli. Það er norður frá Steingrímsfirði. Svanur var fjölkunnigur mjög. Hann var móðurbróðir Hallgerðar. Hann var ódæll og illur viðureignar. Honum bauð Hallgerður til boðs síns og sendi Þjóstólf eftir honum. Hann fór og voru vináttumál með þeim þegar.

Nú koma menn til veislunnar og sat Hallgerður á palli og var brúðurin allkát og gekk Þjóstólfur jafnan til tals við hana en stundum talar hann við Svan og fannst mönnum mikið um tal þeirra. Veislan fór vel fram. Höskuldur leysti út fé Hallgerðar með hinum besta greiðskap.

Síðan mælti hann til Hrúts: "Skal eg nokkurar gjafar fram leggja?"

Hrútur svaraði: "Kostur mun þér af tómi að eyða fé þínu fyrir Hallgerði og lát hér stað nema."

## 11. kafli

Þorvaldur reið heim frá boðinu og kona hans með honum og Þjóstólfur. Hann fylgdi hesti Hallgerðar og töluðu þau jafnan.

Ósvífur veik að syni sínum og mælti: "Unir þú vel ráðinu eða hversu fór tal með ykkur?"

"Vel," segir hann, "alla blíðu lét hún uppi við mig og mátt þú sjá mót á er hún hlær við hvert orð."

"Eigi ætla eg hlátur hennar jafngóðan sem þú," segir Ósvífur, "en það mun þó síðar reynast."

Þau ríða þar til er þau koma heim. Um kveldið sat hún hjá bónda sínum og skipaði Þjóstólfi hið næsta sér innar frá. Fátt áttust þeir við Þjóstólfur og Þorvaldur og varð þeim fátt að orðum og fór svo fram um veturinn.

Hallgerður var fengsöm og stórlynd enda kallaði hún til alls þess er aðrir áttu í nánd og hafði allt í sukki. En er voraði var þar búskortur og skorti bæði mjöl og skreið.

Hallgerður kom að máli við Þorvald og ræddi: "Eigi munt þú þurfa að sitja til alls því bæði þarf í búið mjöl og skreið."

Þorvaldur mælti: "Ekki fékk eg nú minna til bús en vant var og entist þá allt á sumar fram."

Hallgerður mælti: "Ekki fer eg að því þó að þú hafir svelt þig til fjár og faðir þinn."

Þá reiddist Þorvaldur og laust hana í andlitið svo að blæddi og gekk síðan í braut og kvaddi húskarla sína með sér og hrundu þeir fram skútu og hljópu þar á átta karlar og reru út í Bjarneyjar. Tók hann þar skreið sína og mjöl.

Nú er að segja frá Hallgerði að hún sat úti og var skapþungt.

Þjóstólfur gekk að og sá að hún var særð í andlitinu og mælti: "Hví ert þú svo illa leikin?"

"Þorvaldur veldur því bóndi minn," sagði hún, "og stóðst þú mér þá fjarri ef þér þætti nokkuð undir um mig."

"Eg vissi eigi," segir hann, "en þó skal eg þessa hefna."

Síðan gekk hann á braut og til fjöru og hratt fram skipi sexæru og hafði í hendi öxi mikla er hann átti, vafinskeftu. Hann stígur á skip og rær út í Bjarneyjar. Og er hann kom þar voru allir menn rónir nema Þorvaldur og förunautar hans. Hann var að hlaða skútuna en þeir báru á út, menn hans.

Þjóstólfur kom að í því og hljóp upp á skútuna og hlóð með honum og mælti: "Bæði ert þú að þessu lítilvirkur og óhagvirkur."

Þorvaldur mælti: "Hyggst þú munu betur gera?"

"Það eitt munum við að hafast að eg mun betur gera en þú," segir Þjóstólfur, "og er sú kona illa gift er þú átt og skyldu ykkrar samfarar skammar vera."

Þorvaldur þreif upp handsax eitt er var hjá honum og leggur til Þjóstólfs. Þjóstólfur hafði öxina á öxl sér og laust á mót og kom á hönd Þorvaldi og brotnaði handleggurinn en saxið féll niður. Síðan færði Þjóstólfur upp öxina í annað sinn og hjó í höfuð Þorvaldi og hafði hann þegar bana.

## 12. kafli

Þá fóru þeir ofan, menn Þorvalds, með byrðarnar. Þjóstólfur tók til ráða skjótt. Höggur hann þá tveim höndum borð skútunnar og gekk sundur borðið um tvö rúm, og hljóp í skip sitt. En á skútunni féll inn sær kolblár og sökk hún niður með öllum farminum. Þar sökk og niður lík Þorvalds og máttu förunautar hans eigi sjá hversu hann var til ger en hitt vissu þeir að hann var dauður.

Þjóstólfur reri inn á fjörðinn en þeir báðu hann illa fara og aldrei þrífast. Hann svaraði engu og reri inn á fjörðinn og þar til er hann kom heim og brýndi upp skipinu og gekk heim og hafði uppi öxina og var hún blóðug mjög.

Hallgerður var úti og mælti: "Blóðug er öx þín. Hvað hefir þú unnið?"

"Nú hefi eg það að gert," segir hann, "að þú munt gefin vera í annað sinn."

"Dauðan segir þú mér Þorvald þá," segir hún.

"Svo er," sagði hann, "og sjá þú nú nokkurt ráð fyrir mér."

"Svo skal vera," sagði hún. "Eg vil senda þig norður til Bjarnarfjarðar á Svanshól og mun Svanur taka við þér báðum höndum. Er hann svo mikill fyrir sér að þangað sækir þig engi."

Hann söðlaði hest er hann átti og steig á bak og reið norður til Bjarnarfjarðar á Svanshól og tók Svanur við honum báðum höndum og spurði hann að tíðindum. En Þjóstólfur segir honum víg Þorvalds með þeim atburðum er orðið höfðu.

Svanur mælti: "Slíkt kalla eg menn er eigi láta sér allt í augu vaxa að gera og mun eg því heita þér ef þeir sækja þig hingað að þeir skulu fá af því hina mestu svívirðing."

Nú er þar til máls að taka er Hallgerður er að hún kvaddi til ferðar með sér Ljót hinn svarta frænda sinn og bað hann söðla hesta þeirra "og vil eg ríða heim til föður míns."



Hann bjó ferð þeirra. Hún gekk til kistna sinna og lauk upp og lét kalla til sín alla heimamenn sína og gaf þeim nokkura gjöf öllum en þeir hörmuðu hana allir.

Nú reið hún þar til er hún kom á Höskuldsstaði og tók faðir hennar við henni vel því að hann hafði eigi spurt tíðindin.

Höskuldur mælti til Hallgerðar: "Hví fór eigi Þorvaldur með þér?"

Hún svaraði: "Dauður er hann."

Höskuldur mælti: "Þjóstólfur mun því valda."

Hún sagði svo vera.

Höskuldur mælti: "Það mun mér síst í tauma ganga er Hrútur segir mér að hér mundi til mikillar ógiftu draga um kaup þessi en ekki mun týja að saka sig um orðinn hlut."

Nú er þar til máls að taka er förunautar Þorvalds eru að þeir biðu til þess er skip komu að landi. Þeir sögðu víg Þorvalds og báðu sér skips inn til lands. Þeim var léð þegar. Og reru þeir inn að Reykjanesi og fundu Ósvíf og sögðu honum tíðindin.

Hann mælti: "Illa gefast ills ráðs leifar. Og sé eg nú allt eftir hversu farið hefir. Hallgerður mun hafa sendan Þjóstólf til Bjarnarfjarðar en hún mun riðin heim til föður síns. Skulum vér nú safna liði og sækja hann norður þangað."

Þeir gerðu svo og fóru í liðsbón. Varð þeim gott til manna og riðu til Steingrímsfjarðar og til Ljótárdals og þaðan til Selárdals og svo til Bassastaða og þaðan um hálsinn til Bjarnarfjarðar.

Nú tók Svanur til orða og geispaði mjög: "Nú sækja að fylgjur Ósvífurs."

Þá spratt Þjóstólfur upp og tók öxi sína.

Svanur mælti: "Gakk þú út með mér. Lítils mun við þurfa."

Síðan gengu þeir út báðir.

Svanur tók geitskinn eitt og veifði yfir höfuð sér og mælti:

Verði þoka  
og verði skrípi  
og undr öllum þeim  
er eftir þér sækja.

Nú er frá því að segja að þeir ríða á hálsinn Ósvífur og hans förunautar. Þá kom þoka mikil í mót þeim.

Ósvífur mælti: "Þessu mun Svanur valda og væri vel ef eigi fylgdi meira illt."

Litlu síðar brá svo miklum sorta fyrir augu þeim að þeir sáu ekki og féllu þeir þá af baki og týndu hestunum og gengu í fen ofan sjálfir en sumir í skóginn svo að þeim hélt við meiðingar. Þeir töpuðu af sér vopnunum.

Þá mælti Ósvífur: "Ef eg fyndi hesta mína og vopn þá mundi eg aftur hverfa."

Og er hann hafði þetta mælt þá sáu þeir nokkuð og fundu hesta sína og vopn. Þá eggjuðu margir á að enn skyldi við leita um atreiðina og var það gert og urðu þeim þegar hin sömu undur. Og fór svo þrem sinnum.

Þá mælti Ósvífur: "Þó að förin sé eigi góð þá skal þó nú aftur hverfa. Nú skulum vér gera ráð vort í annan stað og hefi eg það helst í hug mér að fara og finna Höskuld föður Hallgerðar og beiða hann sonarbóta því að þar er sæmdar von sem nóg er til."

Síðan riðu þeir til Breiðafjarðardala og er nú ekki fyrr frá að segja en þeir koma á Höskuldsstaði. Þar var þá fyrir með Höskuldi Hrútur bróðir hans. Ósvífur kvaddi út Höskuld og Hrút. Þeir gengu út báðir og heilsuðu Ósvífri en síðan gengu þeir á tal. Höskuldur spurði Ósvífur hvaðan hann kæmi að. Hann kveðst hafa farið að leita Þjóstólfs og fundið hann eigi.

Höskuldur kvað hann kominn mundu norður á Svanshól "og er það eigi allra manna að sækja hann þangað."

"Því er eg hér kominn," sagði Ósvífur, "að eg vil beiða þig sonarbóta."

Höskuldur svaraði: "Eigi drap eg son þinn og eigi réð eg honum bana en þó heldur þig vorkunn til að leita á nokkurn."

Hrútur mælti: "Náið er, bróðir, nef augum. Og er nauðsyn að drepa niður illu orði og bæta honum son sinn og rífka svo ráð fyrir dóttur þinni. Er sá einn til að þetta orðtak falli niður sem skjótast því að þá er betur að hér sé fátt til talað."

Höskuldur mælti: "Vilt þú þá gera um málið?"

"Það vil eg," segir Hrútur, "og mun eg ekki hlífa þér í gerðinni því að ef satt skal tala þá hefir dóttir þín ráðið honum banann."

Þá setti Höskuld dreyrrauðan og mælti ekki nokkura hríð. Síðan stóð hann upp og mælti til Ósvífurs: "Vilt þú nú handsala mér niðurfall að sökinni?"

Ósvífur stóð upp og mælti: "Eigi er það jafnsætti að bróðir þinn geri um. En þó hefir þú svo vel til lagið Hrútur að eg trúí þér vel til málsins."

Síðan tók hann í hönd Höskuldi og sættust þeir svo á málið að Hrútur skyldi gera og lúka upp gerðinni áður Ósvífur færi heim.

Síðan gerði Hrútur og mælti: "Fyrir víg Þorvalds geri eg tvö hundruð silfurs" - það þóttu þá vera góð manngjöld - "og skalt þú gjalda þegar bróðir og leysa vel af hendi."

Höskuldur gerði svo. Þá mælti Hrútur til Ósvífurs: "Eg vil gefa þér skikkju góða er eg hafði út."

Hann þakkaði honum gjöfina og undi nú vel við þar sem komið var og fór heim.

Litlu síðar komu þeir þannug Hrútur og Höskuldur og skiptu fé því sem þar stóð saman og urðu þeir Ósvífur á það vel sáttir og fóru heim með féið og er nú Ósvífur úr sögunni.

Hallgerður beiddi Höskuld að Þjóstólfur skyldi fara heim. Höskuldur veitti henni það og var lengi margt talað um víg Þorvalds.

Fé Hallgerðar gekk fram og gerðist mikið.

### 13. kafli

Bræður þrír eru nefndir til sögunnar. Hét einn Þórarinn, annar Ragi, þriðji Glúmur. Þeir voru synir Óleifs hjalta. Þeir voru virðingamenn miklir og vel auðgir að fé. Þórarinn átti það kenningarnafn að hann var kallaður Ragabróðir. Hann hafði lögsögu eftir Hrafn Hængsson. Hann var stórvitur maður. Hann bjó að Varmalæk og áttu þeir Glúmur bú saman. Glúmur hafði verið lengi í förum. Hann var mikill maður vexti og sterkur og fríður sýnum. Ragi var vígamaður mikill, bróðir þeirra. Þeir bræður áttu suður Engey og Laugarnes.

Þeir bræður töluðu, Glúmur og Þórarinn, og spurði Þórarinn Glúm hvort hann ætlaði utan sem hann var vanur.

Hann svaraði: "Hitt hafði eg nú heldur ætlað að hætta kaupferðum."

"Hvað er þér þá í skapi?" segir Þórarinn. "Vilt þú biðja þér konu?"

"Það vildi eg," sagði Glúmur, "ef eg gæti vel fyrir mér séð."

Þá taldi Þórarinn upp konur þær sem voru í Borgarfirði ógiftar og spurði ef hann vildi nokkura eiga af þeim "og mun eg ríða til með þér."

Hann svaraði: "Enga vil eg þessa eiga."

"Nefn þú þá að því þá er þú vilt eiga," segir Þórarinn.

Glúmur svaraði: "Ef þú vilt það vita þá heitir hún Hallgerður og er dóttir Höskulds í Dölum vestur."

"Eigi er nú það sem mælt er," segir Þórarinn, "að þú látir þér annars víti að varnaði. Gift var hún manni og réð hún þeim bana."

Glúmur mælti: "Má að hana hendi eigi slík ógifta í annað sinn. Og veit eg víst að hún ræður eigi mér bana. En ef þú vilt mér nokkura sæmd veita þá ríð þú til með mér að biðja konunnar."

Þórarinn mælti: "Ekki mun mega við gera. Það mun verða fram að koma sem ætlað er."

Oft kom Glúmur á um þetta mál við Þórarin en hann fór lengi undan. En þar kom um síðir að þeir söfnuðu að sér mönnum og ríðu tuttugu saman vestur til Dala og komu á Höskuldsstaði og tók Höskuldur vel við þeim og voru þeir þar um nóttina. En snemma um morguninn sendir Höskuldur eftir Hróti og kom hann þegar og var Höskuldur úti fyrir er hann reið í tún. Höskuldur segir Hróti hvað þar var komið manna.

"Hvað munu þeir vilja?" sagði Hrótur.

"Engi hafa þeir erindi enn upp borið fyrir mig," sagði Höskuldur.

"Við þig munu þó erindin," segir Hrútur, "þeir munu biðja Hallgerðar eða hversu munt þú svara?"

"Hvað þykir þér ráð?" sagði Höskuldur.

"Vel skalt þú svara og segja þó kost og löst á konunni," segir Hrútur.

En í þessu tali þeirra bræðra ganga þeir út gestirnir. Höskuldur og Hrútur gengu í mót þeim. Fagnaði Hrútur vel Þórarni og þeim báðum bræðrum.

Síðan gengu þeir allir samt á tal og mælti Þórarinn: "Eg er kominn hingað með Glúmi bróður mínum þess erindis að biðja Hallgerðar dóttur þinnar, Höskuldur, til handa Glúmi bróður mínum. Skalt þú það vita að hann er vel mannaður."

"Veit eg það," sagði Höskuldur, "að þið eruð mikils háttar menn bræður. En eg vil og segja þér í mót að eg réð ráði hennar fyrri og varð oss það að mikilli ógæfu."

Þórarinn svaraði: "Ekki munum vér það láta fyrir kaupum standa því að eigi skal einn eiður alla verða. Og má þetta verða vel þó að hitt yrði illa enda spillti Þjóstólfur þar mest um."

Þá mælti Hrútur: "Gefa mundi eg yður til ráð ef þér viljið eigi þetta láta fyrir ráðum standa er áður hefir orðið um hagi Hallgerðar, að Þjóstólfur fari ekki suður með henni þó að ráðin takist og veri þar aldrei þrem nóttum lengur, nema Glúmur lofi, en falli óheilagur fyrir Glúmi ef hann er lengur, en heimilt á Glúmur að lofa það, en ekki er það mitt ráð. Skal nú og eigi svo fara sem fyrr að Hallgerði sé eigi sagt. Skal hún vita allan þenna kaupmála og sjá Glúm og ráða sjálf hvort hún vill eiga hann eða eigi og megi hún eigi öðrum kenna þó að eigi verði vel. Skal þetta allt vélaust vera."

Þórarinn mælti: "Nú er sem jafnan að það mun best gegna að þín ráð séu höfð."

Þá var sent eftir Hallgerði og kom hún þangað og tvær konur með henni. Hún hafði yfir sér vefjarmöttul blán og var undir í rauðum skarlatstykrtli og silfurbelti um sig en hárið tók ofan á bringuna tveim megin og drap hún undir beltinu sér. Hún settist niður í milli þeirra Hrúts og föður síns. Hún kvaddi þá alla góðum orðum og mælti vel og skörulega og spurði tíðinda. Síðan hætti hún að tala.

Glúmur mælti: "Um kaup við föður þinn höfum við Þórarinn bróðir minn talað að eg mundi fá þín Hallgerður ef það er þinn vilji sem þeirra. Munt þú nú og segja er þú ert kölluð skörungur mikill hvort það er nokkuð nær þínu skapi. En ef þér er engi hugur á kaupum við oss þá viljum vér ekki um tala."

Hallgerður mælti: "Veit eg að þið eruð mikils háttar menn, bræður, og veit eg að eg mun nú miklu betur gefin en fyrr. En vita vil eg hvað þér hafið um talað eða hve mjög þér hafið fram mælt málinu. En svo líst mér á þig að eg mun þér vel unnandi verða ef við komum skapi saman."

Glúmur sagði henni sjálfur allan skildaga og veik hvergi af og spurði þá Höskuld og Hrút hvort hann hermdi rétt. Höskuldur sagði svo vera.

Hallgerður mælti þá: "Svo vel sem þér hefir farið til mín faðir um þetta mál og þér Hrútur þá vil eg þetta að ykkru ráði gera og skal þessi kaupmáli vera sem þið hafið stofnað."

Þá mælti Hrútur: "Það þykir mér ráð að við Höskuldur nefnum votta en Hallgerður festi sig sjálf ef lögmanni þykir það rétt."

"Rétt er það," sagði Þórarinn.

Síðan voru virð fé Hallgerðar og skyldi Glúmur leggja í mót jafnmikið og skyldi vera helmingarfélag með þeim. Glúmur fastnaði sér þá Hallgerði og riðu þeir suður heim en Höskuldur skyldi hafa boð inni. Er nú kyrrt þar til er menn ríða til boðs.

## 14. kafli

Þeir bræður fjölmenna mjög til veislunnar og höfðu valið lið. Þeir riðu vestur til Dala og komu á Höskuldsstaði og var þar fjölmenni mikið fyrir. Skipuðu þeir Höskuldur og Hrútur annan bekk en brúðgumi annan. Hallgerður sat á palli og samdi sér vel. Þjóstólfur gekk með reidda öxi og lét hið dólglegasta og lét það engi sem vissi.

En er boði var lokið fór Hallgerður suður með þeim. En er þau komu suður til Varmalækjar þá spurði Þórarinn Hallgerði ef hún vildi taka við búráðum.

"Eigi vil eg það," segir hún.

Hallgerður sat mjög á sér um veturinn og líkaði við hana ekki illa.

En um vorið töluðu þeir um fjárhagi sína bræður og mælti Þórarinn: "Eg vil gefa ykkur upp búið að Varmalæk því að ykkur er það hægst um hönd. En eg mun fara suður í Laugarnes og búa þar. En Engey skulum við eiga báðir saman."

Glúmur vildi að svo væri. Fór Þórarinn suður byggðum en þau bjuggu þar eftir. Réð Hallgerður sér hjón. Hún var örlynd og fengsöm. En um sumarið fæddi hún meybarn. Glúmur spurði Hallgerði hvað heita skyldi.

"Hana skal kalla eftir föðurmóður minni og skal heita Þorgerður því að hún var komin frá Sigurði Fáfnisbana í föðurætt sína að langfeðgatölu."

Mærin var vatni ausin og þetta nafn gefið. Hún óx þar upp og gerðist lík móður sinni að yfirlitum. Þau sömdust vel við Glúmur og Hallgerður og fór svo fram um hríð.

Þau tíðindi spurðust úr Bjarnarfirði norðan að Svanur hafði róið að veiðiskap um vorið og kom að þeim austanveður mikið og rak þá upp að Veiðilausu og týndust þar. En fiskimenn þeir er voru í Kaldbak þóttust sjá Svan ganga inn í fjallið Kaldbakshorn og var honum vel þar fagnað en sumir mæltu því í mót og kváðu engu gegna en það vissu allir að hann fannst hvorki lífs né dauður. En er Hallgerður spurði þessi tíðindi þótti henni skaði mikill eftir móðurbróður sinn.

Glúmur bauð Þórami að skipta um löndin.

Hann kveðst eigi það vilja "en seg þú Hallgerði ef eg lifi þér lengur að eg ætla mér Varmalæk."

Glúmur segir Hallgerði.

Hún svaraði: "Maklegur er Þórarinn þess frá oss."

## 15. kafli

Þjóstólfur hafði barið húskarl Höskulds og rak Höskuldur hann í braut. Hann tók hest sinn og vopn sín og mælti við Höskuld: "Nú mun eg á braut fara og koma aldrei aftur."

"Allir munu því fagna," segir Höskuldur.

Þjóstólfur reið til þess er hann kom til Varmalækjar. Hann hafði þar góðar viðtökur af Hallgerði en eigi illar af Glúmi. Hann sagði Hallgerði að faðir hennar hefði hann á braut rekið og bað hana ásjá. Hún svaraði honum því að hún kveðst honum engu mega heita um þarvist hans fyrr en hún fyndi Glúm.

"Fer vel með ykkur?" segir hann.

"Vel er um ástir okkrar," segir hún.

Síðan gekk hún til máls við Glúm og lagði hendur upp um háls honum og mælti: "Skalt þú veita mér bæn þá er eg mun biðja þig?"

"Veita mun eg þér ef þér er sæmd í," segir hann, "eða hvers vilt þú biðja?"

Hún mælti: "Þjóstólfur er rekinn í braut vestan þaðan og vildi eg að þú leyfðir honum að vera hér. En eg vil þó eigi þvert taka ef þér er lítið um."

Glúmur mælti: "Nú er þér fer svo vel skal eg veita þér þetta en seg að hann skal í brautu verða ef hann tekur nokkuð illt til."

Hún gengur til Þjóstólfs og segir honum.

Hann svaraði: "Nú fer þér enn vel sem von var að."

Síðan var hann þar og sat á sér um hríð en þar kom að hann þótti þar öllu spilla. Tók hann þá að hlífast við engan mann nema við Hallgerði en hún veitti honum aldrei eftirmæli þá er hann átti við aðra. Þórarinn bróðir Glúms taldi á við hann er hann lét Þjóstólf þar vera og kvað illa gefast mundu og fara enn sem fyrr ef hann væri þar. Glúmur svaraði vel og brá þó á sitt ráð.

## 16. kafli

Það var eitthvert haust að heimtur voru illar á fé manna og var Glúmi vant margra geldinga.

Þá mælti Glúmur við Þjóstólf: "Gakk þú á fjall með húskörlum mínum og vitið ef þér finnið nokkuð af sauðum."

"Ekki eru mér fjárleitir hentar," sagði Þjóstólfur, "enda er það ærið eitt til að eg vil eigi ganga í spor þrælum þínum. Og far þú sjálfur og mun eg þá fara með þér."

Þetta varð þeim að orðum mjög.

Hallgerður sat úti og var á veður gott.

Glúmur gekk að henni og mælti: "Illt höfum við Þjóstólfur nú saman átt og munum við skamma stund saman búa" og sagði henni allt það er þeir höfðu við ræðst.

Hallgerður mælti þá eftir Þjóstólfi og varð þeim þá mjög að orðum.

Glúmur drap til hennar hendi sinni og mælti: "Ekki deili eg við þig lengur" og gekk síðan í braut. Hún unni honum mikið og mátti eigi stilla sig og grét hástöfum.

Þjóstólfur gekk að henni og mælti: "Sárt ert þú leikin og skyldi eigi svo oft."

"Ekki skalt þú þessa hefna," segir hún, "og engan hlut í eiga hversu sem með okkur fer."

Hann gekk í braut og glotti við.

## 17. kafli

Glúmur kvaddi menn til ferðar með sér og bjóst Þjóstólfur með Glúmi. Þeir fóru upp Reykjardal hinn syðra og upp hjá Baugagili og upp til Þverfells og skipta þar liðinu og fóru sumir í Skorradalsleit en suma sendi hann suður til Súlna og fundu þeir allir fjölda fjár. Svo kom að þeir voru tveir sér, Glúmur og Þjóstólfur. Þeir gengu suður frá Þverfelli og fundu þar sauði skjarra og eltu sunnan að fjallinu. Komust sauðirnir upp á fjallið fyrir þeim. Ámælti þá hvor þeirra öðrum og mælti Þjóstólfur við Glúm að hann mundi til engis hafa afla annars en bröлта á maga Hallgerði.

Glúmur mælti: "Án er illt gengi nema heiman hafi. Eg skal taka hæðiyrdi af þér þar sem þú ert þræll fastur á fótum."

Þjóstólfur mælti: "Það skalt þú eiga til að segja að eg er eigi þræll því að eg skal hvergi undan þér láta."

Þá reiddist Glúmur og hjó til Þjóstólfs með saxi en hann brá við öxinni og kom í fetann og beit í ofan um tvo fingur. Þjóstólfur hjó þegar með öxinni í móti og kom á öxlina og tók í sundur axlarbeinið og viðbeinað og blæddi inn úr sárinu. Glúmur greip til Þjóstólfs annarri hendi svo fast að hann féll við. Glúmur mátti ekki halda því að dauðinn fór á hann. Þjóstólfur huldi hræ hans með grjóti og tók af honum gullhring.

Hann gekk þar til er hann kom til Varmalækjar. Hallgerður var úti og sá að blóðug var öxin. Hann kastaði til hennar gullhringinum.

Hún mælti: "Hvað segir þú tíðinda eða hví er öx þin blóðug?"

Hann svaraði: "Eigi veit eg hversu þér mun þykja. Eg segi þér víg Glúms."

"Þú munt því valda," segir hún.

"Svo er," segir hann.

Hún hló að og mælti: "Eigi ert þú engi í leikinum."

Hann mælti: "Hvert ráð sérðu fyrir mér nú?"

"Far þú til Hrúts föðurbróður míns," segir hún, "og sjái hann fyrir þér."

"Eigi veit eg," sagði Þjóstólfur, "hvort þetta er heilræði en þó skal eg þínum ráðum fram fara um þetta mál."

Tók hann þá hest sinn og reið á braut og lýkur eigi ferð sinni fyrr en hann kom á Hrútsstaði um nótt. Hann bindur hest sinn á bak húsum, gengur síðan að dyrum og lýstur á högg mikið. Eftir það gengur hann norður um húsin. Hrútur hafði vakað og kippti upphávum skóm á fætur sér, fór í treyju og tók sverð í hönd sér. Hann vafði möttli um vinstri hönd sér og upp um handlegginn. Menn vöknudu við er hann gekk út. Hann gekk norður um vegginn og sá þar mann mikinn og kenndi að þar var Þjóstólfur. Hrútur spurði tíðinda.

"Eg segi þér víg Glúms," segir Þjóstólfur.

"Hver veldur því?" segir Hrútur.

"Eg vó hann," segir Þjóstólfur.

"Hví reiðst þú hingað?" segir Hrútur.

"Hallgerður sendi mig til þín," segir Þjóstólfur.

"Eigi veldur hún þessu þá," segir Hrútur og brá sverðinu.

Þetta sá Þjóstólfur og vill eigi verða seinni og höggur þegar til Hrúts. Hrútur brást skjótt undan högginu og laust vinstri hendi utan á hlýr öxinni svo snart að öxin hraut úr hendi Þjóstólfi. Hrútur hjó með hægri hendi á fót Þjóstólfs fyrir ofan knéið og hljóp að honum við og hratt honum. Féll Þjóstólfur á bak aftur en fóturinn loddi. Þá hjó Hrútur annað högg hann til bana og kom það í höfuðið. Þá komu út húskarlar Hrúts og sáu verksummerki. Hrútur lét færa Þjóstólf í braut og hylja hrae hans. Síðan fór Hrútur að finna Höskuld og sagði honum víg Glúms og svo Þjóstólfs. Honum þótti skaði mikill að um Glúm en þakkaði honum vígið Þjóstólfs.

Nú er þar til máls að taka að Þórarinn Ragabróðir spyr lát Glúms bróður síns. Ríður hann við tólfta mann vestur til Dala og kom á Höskuldsstaði. Höskuldur tók báðum höndum við honum og er hann þar um nóttina. Höskuldur sendir þegar eftir Hrúti að hann kæmi þangað. Hann fór þegar. Og um daginn eftir töluðu þeir margt um látið Glúms.

Þórarinn mælti: "Vilt þú nokkuru bæta mér bróðurinn því að eg hefi mikils misst?"

Höskuldur svaraði: "Eigi drap eg bróður þinn og eigi réð dóttir mín honum bana en þegar Hrútur vissi þá drap hann Þjóstólf."

Þá þagnaði Þórarinn og þótti vandast málið.

Hrútur mælti: "Gerum við góða ferð hans. Hann hefir víst mikils misst og mun það vel fyrir mælast og gefum honum gjafar og sé hann vinur okkar alla ævi síðan."

Og fór þetta fram að þeir gáfu honum gjafar bræður og reið hann suður aftur.

Þau Hallgerður skiptu um bústaði um vorið og fór hún suður á Laugarnes en hann til Varmalækjar. Og er Þórarinn úr sögunni.

## 18. kafli

Nú er þar til máls að taka að Mörður gígja tók sótt og andaðist og þótti það skaði mikill. Unnur dóttir hans tók fé allt eftir hann. Hún var þá ógefin í annað sinn. Hún var örlynd mjög og óforsjál um fjárhagi og tók að eyðast fyrir henni lausaféið svo að hún átti ekki nema lönd og gripi.

## 19. kafli

Gunnar hét maður. Hann var frændi Unnar. Rannveig hét móður hans og var Sigfúsdóttir Sighvatssonar hins rauða. Hann var veginn við Sandhólaferju. Faðir Gunnars hét Hámundur og var sonur Gunnars Baugssonar. Við þann er kennt Gunnarsholt. Móðir Hámundar hét Hrafnhildur. Hún var Stórólfsdóttir Hængssonar. Stórólfur var bróðir Hrafn's lögsögumanns. Sonur Stórólfs var Ormur



hinn sterki.

Gunnar Hámundarson bjó að Hlíðarenda í Fljótshlíð. Hann var mikill maður vexti og sterkur og allra manna best vígur. Hann hjó báðum höndum og skaut ef hann vildi og hann vó svo skjótt með sverði að þrjú þóttu á lofti að sjá. Hann skaut manna best af boga og hæfði allt það er hann skaut til. Hann hljóp meir en hæð sína með öllum herklæðum og eigi skemmra aftur en fram fyrir sig. Hann var syndur sem selur. Og eigi var sá leikur að nokkur þyrfti við hann að keppa og hefir svo verið sagt að engi væri hans jafningi. Hann var vænn að yfirliti og ljóslitaður, rétt nefið og hafið upp í framanvert, bláeygur og snareygur og rjóður í kinnnum, hárið mikið, gult, og fór vel. Manna var hann kurteisastur, harðger í öllu, ráðhollur og góðgjarn, mildur og stilltur vel, vinfastur og vinavandur. Hann var vel auðigur að fé.

Bróðir hans hét Kolskeggur. Hann var mikill maður og sterkur, drengur góður og öruggur í öllu. Annar bróðir hans hét Hjörtur. Hann var þá í barnæsku. Ormur skógarnef var bróðir Gunnars laungetinn og er hann ekki við þessa sögu. Arngunnur hét systir Gunnars. Hana átti Hróar Tungugoði sonur Una hins óborna Garðarssonar. Sá fann Ísland. Sonur Arngunnar var Hámundur halti er bjó á Hámundarstöðum.

## 20. kafli

Njáll hét maður. Hann var sonur Þorgeirs gollnis Þórólfssonar. Móðir Njáls hét Ásgerður. Hún var dóttir Áskels hersis hins ómálga. Hún hafði komið út hingað til Íslands og numið land fyrir austan Markarfljót milli Öldusteins og Seljalandsmúla. Sonur hennar var Holta-Þórir faðir þeirra Þorleifs kráks, er Skógverjar eru frá komnir, og Þorgríms hins mikla og Þorgeirs skorargeirs.

Njáll bjó að Bergþórshvoli í Landeyjum. Annað bú átti hann í Þórólfsfelli. Njáll var vel auðigur að fé og vænn maður yfirlits en sá hlutur var á ráði hans að honum óx eigi skegg. Hann var lögmaður svo mikill að engi var hans jafningi, vitur og forspár, heilráður og góðgjarn og varð allt að ráði það er hann réð mönnum, hógvær og drenglyndur, langsynn og langminnigur. Hann leysti hvers manns vandræði er á hans fund kom.

Bergþóra hét kona hans. Hún var Skarphéðinsdóttir, kvenskörungur mikill og drengur góður og nokkuð skaphörð. Þau Njáll áttu sex börn, þrjú sonu og þrjár dætur og koma þeir allir við þessa sögu.

## 21. kafli

Nú er þar til máls að taka er Unnur hefir látið allt lausaféið. Hún gerði heiman ferð sína til Hlíðarenda og tók Gunnar vel við frændkonu sinni og var hún þar um nóttina. Um daginn eftir sátu þau úti og töluðu. Kom þar niður tal hennar að hún sagði honum hversu þungt henni féll til fjár.

"Illu er það," sagði hann.

"Hver úrræði vilt þú veita mér?" sagði hún.

Hann svaraði: "Haf þú fé svo mikið sem þú þarft er eg á á leigustöðum."

"Eigi vil eg það," segir hún, "að eyða fé þínu."

"Hversu vilt þú þá?" segir hann.

"Eg vil að þú heimtir fé mitt undan Hróti," segir hún.

"Eigi þykir mér það vænt," segir hann, "þar er faðir þinn fékk eigi heimt og var hann lögmaður mikill en eg kann lítt til laga."

Hún svaraði: "Meir þreytti Hrútur það með kappi en með lögum en faðir minn var gamall og þótti mönnum því það ráð að þeir þreyttu það ekki með sér. Enda er sá engi minn frændi að gangi í þetta mál ef þú hefir eigi þrek til."

"Þora mun eg," segir hann, "að heimta fé þetta en eigi veit eg hversu upp skal taka málið."

Hún svaraði: "Far þú og finn Njál að Bergþórshvoli. Hann mun ráðin kunna til að leggja. Er hann og vinur þinn mikill."

"Von er mér að hann ráði mér heilt sem öllum öðrum," segir hann.

Svo lauk með þeim að Gunnar tók við málinu en fékk henni fé til bús síns sem hún þurfti og fór hún heim síðan.

Gunnar ríður nú að finna Njál og tók hann við honum vel og gengu þegar á tal.

Gunnar mælti: "Heilræði er eg kominn að sækja að þér."

Njáll svaraði: "Margir eru þess vinir mínir maklegir að eg leggi til það sem heilt er en ætla eg að eg leggi mesta stund á við þig."

Gunnar mælti: "Eg vil gera þér kunnigt að eg hefi tekið fjárheimtu af Unni á Hrút."

"Það er mikið vandamál," segir Njáll, "og mikil hætta hversu fer. En þó mun eg til leggja með þér það er mér þykir vænst og mun það endast ef þú bregður hvergi af en líf þitt er í hættu ef þú gerir eigi svo."

"Hvergi skal eg af bregða," segir Gunnar.

Þá þagði Njáll nokkura stund og mælti síðan: "Hugsað hefi eg málið og mun það duga."

## 22. kafli

"Nú skalt þú ríða heiman við hinn þriðja mann. Skalt þú hafa voskufl ystan klæða og undir söluvoðarkyrtil mórendan. Þar skalt þú hafa undir hin góðu klæði þín og taparöxi í hendi. Tvo hesta skal hafa hver yðvar, aðra feita en aðra magra. Þú skalt hafa héðan smíði. Þér skuluð ríða þegar á morgun og er þér komið yfir Hvítá vestur þá skalt þú láta slota hatt þinn mjög. Þá mun eftir spurt hver sá sé hinn mikli maður. Förunautar þínir skulu segja að þar sé Kaupa-Héðinn hinn mikli, eyfirskur maður, og fari með smíði. Hann er maður skapillur og margmæltur, þykist einn vita allt. Hann rekur aftur kaup sín oftlega og flýgur á menn þegar er eigi er svo gert sem hann vill. Þú skalt ríða vestur til Borgarfjarðar og láta þá falt hvarvetna smíðið og reka aftur kaupin mjög. Þá mun sá orðrómur á leggjast að Kaupa-Héðinn sé manna verstur viðfangs og síst sé logið frá honum.

Þú skalt ríða til Norðurárdals og svo til Hrútafjarðar og til Laxárdals og til þess er þú kemur á Höskuldsstaði. Þar skalt þú vera um nótt og sitja utarlega og drepa niður höfði. Höskuldur mun mæla að ekki skuli eiga við Kaupa-Héðin og segja að hann sé óvinveittur. Síðan munt þú fara í braut um morguninn eftir og koma á næsta bæ hjá Hrútsstöðum. Þar skalt þú láta falt smíðið og hafa það uppi af er verst er og berja í brestina. Bóni mun að hyggja og mun hann finna brestina. Þú skalt hnykkja af honum og mæla illt við hann.

Hann mun segja að það sé von að þú gefist honum eigi vel "er þú gefst öllum öðrum illa."

Þá skalt þú fljúga á hann þó að þú sért því óvanur og still þó aflinu að þú verðir eigi kenndur og ekki sé grunað. Þá mun sendur maður á Hrútsstaði að segja Hrúti að betra mun að skilja ykkur. Hann mun þegar senda eftir þér en þú skalt og þegar fara. Þér mun skipað á hinn óæðra bekk gegnt öndugi Hrúts. Þú skalt kveðja hann. Hann mun vel taka þér og spyrja hvort þú sért norðlenskur. Þú skalt segja að þú sért eyfirskur maður. Hann mun spyrja hvort þar séu allmargir ágætismenn.

"Ærinn hafa þeir klækiskap," skalt þú segja.

"Er þér kunnigt til Reykjardals?" mun hann segja.

"Kunnigt er mér um allt Ísland," skalt þú segja.

"Eru í Reykjardal kappar miklir?" mun hann segja.

"Þjófar eru þar og illmenni," skalt þú segja.

Þá mun Hrútur hlæja og þykja gaman að. Munuð þið þá tala um menn í Austfirðingafjórðungi og skalt þú öllum leggja nokkuð ámæli. Tal ykkart mun koma á Rangárvöllu. Þá skalt þú segja að þar sé síst mannval síðan Mörður gígja var dauður. Hann mun spyrja hvað þú færir til þess að eigi megi koma maður í stað hans. Þú skalt því svara að hann var maður svo vitur og svo mikill lagamaður og málafylgju að aldrei varð á um hans höfðingskap.

Hann mun spyrja hvort þér sé nokkuð af kunnigt "hversu fór með okkur?"

"Kunnigt er mér," skalt þú segja, "að hann tók af þér konuna en þú hafðir ekki."

Þá mun Hrútur svara: "Þótti þér ekki á verða fyrir honum er hann náði eigi fénu en bjó þó til málið?"

"Hér má eg þér vel svara," skalt þú segja, "þú skoraðir honum til einvígis en hann var maður gamall og réðu vinir hans honum að hann berðist eigi við þig og drap svo niður málinu."

"Mælti eg það," mun Hrútur segja, "og þótti það heimskum mönnum sem lög væri en málið mátti þó upp taka á öðru þingi ef hann hefði þrek til haft."

"Veit eg það," skalt þú segja.

Hann mun þá spyrja þig: "Kannt þú nokkuð í lögum?"

"Kunna þótti eg norður þar," skalt þú segja, "en þó munt þú segja mér verða hversu málið skal upp taka."

Hrútur mun mæla: "Að hverju máli vilt þú spyrja?"

"Að því," skalt þú segja, "er mig skiptir engu, hversu upp skal taka fjárheimtuna Unnar."

"Stefna skal málinu svo að eg heyri á eða að lögheimili mínu," mun Hrútur segja.

"Stefn þú nú þá," skalt þú segja, "en eg mun í annað sinn."

Þá mun Hrútur stefna og skalt þú að því vandlega hyggja hver atkvæði hann hefir. Þá mun Hrútur mæla að þú skulir stefna. Þú skalt þá stefna og skal rangt svo að eigi sé meir en annað hvert orð rétt. Þá mun Hrútur hlæja og mun hann þá ekki gruna en mæla þó að fátt sé rétt í. Þú skalt kenna förunautum þínum að þeir hafi glapið þig. Þá skalt þú biðja Hrút að hann mæli fyrir þér og að hann leyfi að þú stefnir í annað sinn og mælir eftir honum. Hann mun leyfa þér og stefna sjálfur málinu. Þú skalt þegar stefna eftir og mæla þá rétt og spyrja Hrút hvort rétt sé stefnt. Hann mun segja þér að eigi megi það ónýta.

Þá skalt þú mæla hátt svo að förunautar þínir heyri: "Stefni eg handseldri sök Unnar Marðardóttur."

En þegar er menn eru sofnaðir þá skuluð þér upp standa og fara hljóðlega, ganga út og bera söðla yðra í haga til hinna feitu hestanna og ríða þeim en láta hina eftir. Þér skuluð ríða upp úr búfjárhögum og vera þar þrjár nætur. Svo nokkuru mun yðvar leita farið lengi. Síðan skuluð þér ríða heim suður og ríða um nætur en liggja um daga. En vér munum fara til þings og veita að máluðum."

Gunnar þakkaði honum og reið heim fyrst.

## 23. kafli

Gunnar reið heiman tveim nóttum síðar og tveir menn með honum. Þeir ríðu þar til er þeir komu á Bláskógaheiði. Þar ríðu menn í móti þeim og spurðu hver sá væri hinn mikli maður er svo lítt var sýndur. Förunautar hans sögðu að þar var Kaupa-Héðin hinn mikli.

Þeir svöruðu: "Eigi er þar hins verra eftir von er slíkur fer fyrir."

Héðinn lét þegar sem hann mundi á þá ráða en þó fóru hvorir leið sína.

Gunnar fór með öllu sem fyrir hann var lagt og var á Höskuldsstöðum um nótt og fór þaðan ofan eftir dal og kom á næsta bæ hjá Hrútsstöðum. Þar lét hann falt smíðið og seldi þrjá smíðisgripi. Bóndi fann að á var smíðinu og kallaði fals í. Héðinn réð þegar á bónda. Það var sagt Hrúti og sendi hann eftir Héðni. Hann fór þegar á fund Hrúts og hafði þar góðar viðtökur. Skipaði Hrútur honum gegnt sér og fór orðtak þeirra sem Njáll gat til. Þá sagði Hrútur honum hversu upp skyldi taka málið og stefndi fyrir málinu en hann mælti eftir og stefndi rangt. Þá brosti Hrútur og grunaði ekki. Þá mælti hann að Hrútur skyldi stefna í annað sinn. Svo gerði Hrútur. Héðinn stefndi þá í annað sinn og stefndi þá rétt og vitnaði undir förunauta sína að hann stefndi handseldri sök Unnar Marðardóttur. Hann fór til svefns um kveldið sem aðrir menn.

En er Hrútur var sofnaður tóku þeir föng sín og höfðu til hesta sinna, ríða síðan yfir ána og svo fram Hjarðarholts megin þar til er þraut dalinn og eru þar í fjöllumum millum og Haukadals og komu sér þar er eigi mátti finna þá fyrr en ríðið væri að þeim.

Söðlar þeirra og vopn höfðu varðveitt verið í smíðju svo að þeir máttu sjálfir út ná. Urðu því engir menn varir við brautferð þeirra.

Þessa nótt öndverða vaknaði Höskuldur á Höskuldsstöðum og vakti upp alla heimamenn sína.

"Eg vil segja yður draum minn," segir hann. "Eg þóttist sjá bjarndýri mikið ganga út úr húsunum og vissi eg að eigi fannst þessa dýrs maki og fylgdu því húnar tveir og vildu þeir vel dýrinu. Það stefndi til Hrútsstaða og gekk þar inn í húsin. Síðan vaknaði eg. Nú vil eg spyrja yður hvað þér sáuð til hins mikla manns."

Einn maður svaraði honum: "Það sá eg að fram undan ermi hans kom eitt gullhlað og rautt klæði en á hinni hægri hendi hafði hann gullhring."

Höskuldur mælti: "Þetta er engis manns fylgja nema Gunnars frá Hlíðarenda. Þykist eg nú sjá allt eftir og skulum vér nú ríða á Hrútsstaði."

Þeir gengu út allir og fóru á Hrútsstaði og drápu á dyr en maður gekk út og lauk upp hurðinni. Þeir gengu þegar inn. Hrútur lá í lokrekkju og spyr hverjir komnir eru. Höskuldur sagði til sín og spurði hvað þar væri gesta.

Hann svarar: "Hér er Kaupa-Héðinn."

Höskuldur mælti: "Breiðari mun um bakið því að eg get hér verið hafa Gunnar frá Hlíðarenda."

"Þá mun hér slægleiksmunur orðið hafa," segir Hrútur.

"Hvað er að orðið?" segir Höskuldur.

"Eg sagði honum hversu upp skyldi taka fjárheimtuna Unnar og stefndi eg mér sjálfur en hann stefndi eftir. Og mun hann þann hafa málatilbúnaðinn og er sá réttur."

"Mikill er viskumunur orðinn," segir Höskuldur, "og mun eigi Gunnar einn hafa um ráðið. Njáll mun þessi ráð hafa til lagið því að engi er hans maki að viti."

Þeir leita nú Héðins og er hann allur í brautu. Þeir söfnuðu liði og leituðu þeirra þrjá daga og þrjár nætur og fundu þá eigi.

Gunnar reið suður af fjallinu til Haukadals og fyrir austan skarð og norður til Holtavörðuheidar og létti eigi fyrr en hann kom heim. Hann fann Njál og sagði honum að vel hafði dugað ráðið.

## 24. kafli

Gunnar reið til alþingis. Þeir Hrútur og Höskuldur riðu og til þings og fjölmenntu mjög. Gunnar sækir mál þetta á þingi. Hann kvaddi búa til máls og höfðu þeir Hrútur ætlað að veita honum atgöngu en treystust eigi. Síðan gekk Gunnar að Breiðfirðingadómi og bauð Hrúti að hlýða til eiðspjalls síns og framsögu sakar og sóknargagna allra. Eftir það vann hann eið og sagði fram sök. Síðan lét hann bera stefnuvætti, þá sakartökuvætti. Njáll var eigi við dóminn.

Nú sótti Gunnar málið þar til er hann bauð til varna. Hrútur nefndi votta og sagði ónýtt málið og sagði hann misst hafa þeirra þriggja vottorða er í dóminn áttu að koma. Eitt, það er nefnt var fyrir rekkjustokki, annað fyrir karldyrum, þriðja að Lögbergi. Njáll var þá kominn til dómsins og kveðst borgið munu geta málinu og sökinni ef þeir vildu það þreyta.

"Eigi vil eg það," sagði Gunnar, "eg skal gera Hrúti slíkan sem hann gerði Merði frænda mínum. Eða hvort eru þeir bræður svo nær, Hrútur og Höskuldur, að þeir megi heyra mál mitt?"

"Heyra megum við," segir Hrútur, "eða hvað vilt þú?"

Gunnar mælti: "Þeir séu heyrandi vottar er hjá eru að eg skora þér Hrútur til hólmgöngu og skalt þú berjast við mig í dag í hólmi þeim er hér er í Öxará. En ef þú vilt eigi berjast þá greið þú út féið allt í dag."

Síðan gekk Gunnar frá dóminum með öllu liði sínu. Þeir Höskuldur og Hrútur gengu og heim og var málið hvorki sótt né varið þaðan af.

Hrútur mælti er hann kom inn í búðina: "Það hefir mig aldrei hent að sá nokkur maður hafi mér einvígi boðið að eg hafi undan gengið."

"Það munt þú ætla að berjast," segir Höskuldur, "en eigi skal það ef eg ræð því að eigi fer þér nær við Gunnar en Merði mundi við þig og skulum við heldur greiða féið báðir saman Gunnari."

Síðan spurðu þeir bræður bændur hvað þeir vildu til leggja. Þeir svöruðu allir að þeir mundu til leggja slíkt sem Hrútur vildi.

"Göngum þá," segir Höskuldur, "til búðar Gunnars og greiðum af höndum féið."

Þeir gengu til búðar Gunnars og kölluðu hann út. Hann gekk út í búðardyrnar og menn með honum.

Höskuldur mælti: "Nú er að taka við fénu."

Gunnar mælti: "Greiðið nú þá. Eg er búinn við að taka."

Þeir greiddu féið allt vel af hendi.

Þá mælti Höskuldur: "Njót þú nú sem þú hefir aflað."

"Vel munum vér njóta því að sönn er fjárheimtan," segir Gunnar.

"Illa mun þér launað vera." segir Hrútur.

"Fer það sem má." segir Gunnar.

Þeir Höskuldur gengu heim til búðar sinnar og var honum mikið í skapi og mælti til Hrúts: "Hvort mun Gunnari aldrei hefnast þessi ójafnaður?"

"Eigi mun það," segir Hrútur, "hefnast mun honum víst og mun oss verða í því engi hefnd né frami. En þó er það líkast að hann snúist til vorrar ættar um vinfengið."

Hættu þeir þá talinu.

Gunnar sýndi Njáli féið.

Njáll mælti: "Vel hefur nú vegnað," sagði hann.

"Og hefir af þér til leitt," segir Gunnar.

Menn riðu heim af þingi og hafði Gunnar hina mestu sæmd af málinu.

Gunnar færði féið allt Unni og vildi hann ekki af hafa en kveðst meira heimta þykjast eiga að henni síðan eða að hennar frændum en að öðrum mönnum. Hún kvað það svo vera.

## 25. kafli

Valgarður hét maður. Hann bjó að Hofi við Rangá. Hann var sonur Jörundar goða, Hrafnssonar hins heimska, Valgarðssonar, Ævarssonar, Vémundarsonar orðlokars, Þórólfssonar voganefs, Þrándarsonar hins gamla, Haraldssonar hilditannar, Hrærekssonar slöngvanbauga. Móðir Haralds hilditannar var Auður dóttir Ívars víðfaðma Hálfðanarsonar hins snjalla. Bróðir Valgarðs hins grá var Úlfur aurgoði er Oddaverjar eru frá komnir. Úlfur aurgoði var faðir Svarts, föður Löðmundar, föður Sigfúss, föður Sæmundar hins fróða, en frá Valgarði er kominn Kolbeinn ungi.

Þeir bræður, Úlfur aurgoði og Valgarður hinn grái, fóru að biðja Unnar og giftist hún Valgarði án ráði allra frænda sinna en það þótti Gunnari illa og Njáli og mörgum öðrum því að Valgarður var maður grályndur og óvinsæll.

Þau gátu sér son er Mörður hét og er sá lengi við þessa sögu. Þá er hann var fullkominn að aldri var hann illa til frænda sinna og einna verst til Gunnars. Hann var slægur í skapferðum og illgjarn í ráðum.

Nú skal nefna sonu Njáls. Skarphéðinn hét hinn elsti. Hann var mikill maður vexti og styrkur, vígur vel, syndur sem selur, manna fóthvatastur, skjótráður og öruggur, gagnorður og skjótorður en þó löngum vel stilltur. Hann var jarpur á hár og sveipur í hárinu, eygður vel, fülleitur og skarpleitur, liður á nefi og lá hátt tanngarðurinn, munnljótur nokkuð og þó manna hermannlegastur.

Grímur hét annar sonur Njáls. Hann var svartur á hár og þó fríðari sýnum en Skarphéðinn og var bæði mikill og sterkur.

Helgi hét hinn þriðji sonur Njáls. Hann var fríður maður sýnum og hærður vel. Hann var sterkur maður og vel vígur. Hann var vitur maður og stilltur vel. Allir voru þeir ókvongaðir synir Njáls.

Höskuldur hét hinn fjórði sonur Njáls. Hann var laungetinn. Móðir hans hét Hróðný og var Höskuldsdóttir, systir Ingjalds frá Keldum.

Njáll spurði Skarphéðinn ef hann vildi kvongast. Hann bað föður sinn ráða. Bað Njáll þá til handa honum Þórhildar dóttur Hrafnis úr Þórólfsfelli og átti hann því þar annað bú síðan. Skarphéðinn fékk Þórhildar og var þó vistum með föður sínum. Til handa Grími bað hann Ástríðar af Djúpárbakka. Hún var ekkja og auðig mjög. Grímur fékk hennar og var þó með Njáli.

## 26. kafli

Ásgrímur hét maður. Hann var Elliða-Grímsson, Ásgrímssonar, Öndóttssonar kráku. Móðir hans hét Jórunn og var Teitsdóttir Ketilbjarnarsonar hins gamla frá Mosfelli. Móðir Teits var Helga dóttir Þórðar skeggja, Hrappssonar, Bjarnarsonar bunu. Móðir Jórunnar var Ólöf dóttir Böðvars hersis Víkinga-Kárasonar. Bróðir Ásgríms Elliða-Grímssonar hét Sigfús. Hans dóttir var Þorgerður móðir Sigfúss, föður Sæmundar hins fróða.

Gaukur Trandilsson var fóstbróðir Ásgríms er fræknastur maður hefir verið og best að sér ger. Þar varð illa með þeim Ásgrími því að Ásgrímur varð banamaður Gauks.

Ásgrímur átti tvo sonu og hét hvortveggji Þórhallur. Þeir voru báðir efnilegir menn. Grímur hét og sonur Ásgríms en Þórhalla dóttir. Hún var kvenna fríðust og kurteisust og vel að sér ger í öllu.

Njáll kom að máli vil Helga son sinn og mælti: "Hugað hefi eg þér kvonfang frændi ef þú vilt að mínu ráði gera."

"Það vil eg víst," segir hann, "því að eg veit að bæði er þú vilt vel enda kannt þú vel eða hvar hefir þú á stofnað?"

Njáll svaraði: "Við skulum biðja dóttur Ásgríms Elliða-Grímssonar því að sá er kostur bestur."

## 27. kafli

Litlu síðar fara þeir og báðu konunnar, riðu vestur yfir Þjórsá og fóru þar til er þeir komu í Tungu. Ásgrímur var heima og tók við þeim vel og voru þar um nóttina. En um daginn gengu þeir á tal. Þá vakti Njáll til um bónorðið og bað Þórhöllu til handa Helga syni sínum. Ásgrímur svaraði því máli vel og sagði eigi þá menn vera að hann væri fúsari við að kaupa en þá. Síðan töluðu þeir um málið og lauk svo að Ásgrímur festi Helga dóttur sína og var kveðið á brúðlaupsstefnu. Gunnar var að veislu þessi og margir aðrir hinu bestu menn.

En eftir veisluna bauð Njáll Þórhalli Ásgrímssyni til fósturs og fór hann til hans og var með honum lengi síðan. Hann unni meira Njáli en föður sínum. Njáll kenndi honum lög svo að hann varð mestur lögmaður á Íslandi.

## 28. kafli

Skip kom út í Arnarbælisós og stýrði skipinu Hallvarður hvíti, víkverskur maður. Hann fór til vistar til Hlíðarenda og var með Gunnari um veturinn og bað hann jafnan að hann skyldi fara utan. Gunnar talaði fátt um og tók á engu ólíklega. Og um vorið fór hann til Bergþórshvols og spurði Njál hve ráðlegt honum þætti að hann færi utan.

"Ráðlegt þykir mér það," segir Njáll, "munt þú þér þar vel koma sem þú ert."

"Vilt þú nokkuð taka við fjárfari mínu," segir Gunnar, "meðan eg er í brautu því að eg vil að Kolskeggur bróðir minn fari með mér en eg vildi að þú sæir um búið meðan með móður minni."

"Ekki skal það við nema," segir Njáll, "allt skal eg styðja þig um það er þú vilt."

"Vel mun þér fara," segir Gunnar.

Ríður hann þá heim.

Austmaður kom enn á tal við Gunnar að hann mundi utan fara. Gunnar spyr ef hann hefði nokkuð siglt til annarra landa.

Hann kveðst siglt hafa til landa þeirra allra er voru meðal Noregs og Garðaríkis "og svo hafi eg siglt til Bjarmalands."

"Vilt þú sigla með mér í Austurveg?" segir Gunnar.

"Það vil eg víst," segir hann.



Síðan réð Gunnar utanferð sína með honum. Njáll tók við öllu fjárfari Gunnars.

## 29. kafli

Gunnar fór utan og Kolskeggur bróðir hans með honum. Þeir sigldu til Túnbergs og voru þar um veturinn. Þá var orðið höfðingjaskipti í Noregi. Var þá dauður Haraldur gráfeldur og Gunnhildur. Réð þá ríki Hákon jarl Sigurðarson, Hákonarsonar, Grjótgarðssonar. Móðir hans hét Bergljót og var dóttir Þóris jarls þegjanda. Móðir hennar hét Ólöf árbót og var dóttir Haralds hins hárfagra.

Hallvarður spurði Gunnar ef hann vildi ráðast til Hákonar jarls.

"Eigi vil eg það," segir Gunnar. "Átt þú nokkuð langskip?" segir Gunnar.

"Á eg tvö," segir Hallvarður.

"Þá vildi eg að við færum í hernað," segir Gunnar, "og réðum menn til með okkur."

"Það vil eg þá," segir Hallvarður.

Síðan fóru þeir til Víkurinnar og tóku þar skip tvö og bjuggust þaðan. Þeim varð gott til manna því að mikil ágæti voru sögð frá Gunnari.

"Hvert vilt þú nú halda?" segir Gunnar.

"Fyrst suður í Hísing," segir Hallvarður, "á fund Ölvis frænda míns."

"Hvað vilt þú honum?" segir Gunnar.

"Hann er drengur góður," segir Hallvarður, "og mun hann fá okkur nokkurn styrk til ferðarinnar."

"Förum við þangað þá," segir Gunnar.

Þegar er þeir voru búnir héldu þeir austur til Hísingar og höfðu þar góðar viðtökur.

Skamma stund hafði Gunnar þar verið áður Ölvi fannst mikið um hann. Ölvir spurði um ferð hans. Hallvarður segir að Gunnar vill í hernað og afla sér fjár.

"Það er engi ætlan," segir Ölvir, "þar sem þið hafið lið ekki."

"Nú mátt þú og við auka," segir Hallvarður.

"Eg ætla gott að styrkja Gunnar að nokkuru," segir Ölvir, "og þó að þú eigir frændsemi að telja við mig þá þykir mér þó meiri slægur til hans."

"Hvað vilt þú nú þá til leggja?" segir Hallvarður.

"Langskip tvö, annað þrítugsessu en annað þrítugsessu," segir Ölvir.

"Hverjir skulu þar á?" segir Hallvarður.

"Eg skal skipa húskörlum mínum annað en bóndum annað. En þó hefi eg spurt að ófriður er kominn í elfina og veit eg eigi hvort þið komist í braut."

"Hverjir eru þar komnir?" segir Hallvarður.

"Bræður tveir," segir Ölvir, "heitir annar Vandill en annar Karl, synir Snæúlf's hins gamla úr Gautlandi austan."

Hallvarður segir Gunnari að Ölvir hafði lagið til skipin. Gunnar varð glaður við það. Þeir bjuggu ferð sína þaðan og er þeir voru búnir gengu þeir fyrir Ölvi og þökkðu honum en hann bað þá vel fara og varlega fyrir þeim bræðrum.

## 30. kafli

Gunnar hélt út úr elfinni og voru þeir Kolskeggur á einu skipi báðir en Hallvarður var á öðru skipi. Þeir sjá nú skipin fyrir sér.

Þá mælti Gunnar: "Verum vér að nokkuru við búnir ef þeir leita á oss en eigum ekki við þá ellegar."

Þeir gerðu svo og bjuggust við á skipum sínum. Hinir skildu í sundur skipin og gerðu hlið í millum skipanna. Gunnar fór fram í milli skipanna. Vandill þreif upp stafnljá og kastaði á meðal skipanna og í skipið Gunnars og dró þegar að sér. Ölvir hafði gefið Gunnari sverð gott. Gunnar brá nú sverðinu og hafði hann eigi sett á sig hjálminn, hleypur þegar á saxið á skip Vandils og hjó þegar mann til bana. Karl lagði að öðrum megin sínu skipi og skaut spjóti um þvert skip Gunnars og stefndi á hann miðjan. Gunnar sér þetta og snerist svo skjótt að eigi mátti auga á festa og tók hinni vinstri hendi spjótið og skaut á skip til Karls og hafði sá bana er fyrir varð. Kolskeggur þreif upp akkeri og kastar á skip Karls og kom fleinninn í borðið og gekk út í gegnum og féll þar inn sær kolblár og hljópu menn allir af skeiðinni og á önnur skipin. Gunnar hljóp nú aftur á sitt skip.

Þá kom að Hallvarður og tókst nú bardagi mikill. Sáu þeir nú að formaður var öruggur og gerði hver að slíkt er mátti. Gunnar gerði ýmist að hann hjó eða skaut og hafði margur maður bana fyrir honum. Kolskeggur fylgdi honum vel. Karl hljóp á skip til Vandils bróður síns og börðust þeir þaðan báðir um daginn.

Kolskeggur tók hvíld um daginn á skipi Gunnars og sér Gunnar það og mælti til hans: "Betri hefir þú öðrum verið í dag en þér því að þú hefir gert þá óþyrsta."

Síðan tók Kolskeggur jústuna eina af miði fulla og drakk og barðist eftir það. Og þar kom að þeir bræður hljópu upp á skip þeirra Vandils og gekk Kolskeggur með öðru borði en Gunnar með öðru. Í móti Gunnari gekk Vandill og hjó þegar til hans og kom í skjöldinn. Gunnar snaraði hart skjöldinn er sverðið festi í og brotnaði sverðið undir hjöltunum. Gunnar hjó í móti og sýndist hinum þrjú vera sverðin á lofti og sá hann eigi hvar hann skyldi sér helst hlífa. Gunnar hjó undan honum báðar fætur. Kolskeggur lagði Karl spjóti í gegnum. Eftir það tóku þeir herfang mikið.

Þaðan héldu þeir suður til Danmerkur og þaðan austur í Smálönd og börðust jafnan og höfðu ávallt sigur. Ekki héldu þeir aftur að hausti.

Annað sumar héldu þeir til Rafala og mættu þar víkingum og börðust þegar og fengu sigur. Síðan héldu þeir austur til Eysýslu og lágu þar nokkura hríð undir nesi einu. Þeir sáu mann einn ganga ofan af nesinu. Gunnar gekk á land upp að finna manninn og töludust þeir við. Spurði Gunnar hann að nafni en hann nefndist Tófi. Gunnar spurði hvað hann vildi.

"Þig vil eg finna," segir hann. "Herskip liggja hér öðrum megin undir nesinu og mun eg segja þér hverjir fyrir ráða. Þar ráða fyrir bræður tveir. Heitir annar Hallgrímur en annar Kolskeggur. Þá veit eg mesta orustumenn og það með að þeir hafa vopn svo góð að eigi fær önnur slík. Hallgrímur hefir atgeir þann er hann hefir látið seiða til að honum skal ekki vopn að bana verða nema hann. Það fylgir og að þegar veit er víg er vegið með atgeirinum því að svo syngur í honum áður að langt heyrir til. Svo hefir hann náttúru mikla með sér. Kolskeggur hefir sax. Það er hið besta vopn. Þeir hafa lið þriðjungi meira en þér hafið. Fé hafa þeir og mikið og hafa fólgið á landi og veit eg gjörla hvar er. En þeir hafa sent njósnarskip fyrir nesið og vita þeir allt til yðvar. Þeir hafa nú og viðbúning mikinn og ætla þegar að yður að leggja er þeir eru búnir. Er yður nú annaðhvort til að leggja í braut þegar ella búist þér við sem skjótast. En ef þér hafið sigur þá skal eg fylgja þér til fjárins alls."

Gunnar gaf honum fingurgull og gekk síðan til manna sinna og sagði þeim að herskip lágu öðrum megin nessins "og vita þeir allt til vor. Tökum vér nú vopn og búumst við öllu vel og skjótt því að nú er til fjár að vinna."

Síðan bjuggust þeir við og þá er þeir voru búnir sjá þeir að skipin fara að þeim. Tekst nú orusta með þeim og berjast þeir lengi og verður mannfali mikið. Gunnar vó margan mann. Þeir Hallgrímur hljópu á skip til Gunnars. Gunnar sneri í mót Hallgrími. Hallgrímur lagði til hans með atgeirinum. Slá ein var um þvert skipið og hljóp Gunnar aftur yfir öfugur. Skjöldur Gunnars var fyrir framan slána og lagði Hallgrímur í hann og í gegnum og svo í slána. Gunnar hjó á hönd Hallgrími og lamdist handleggurinn en sverðið beit ekki. Féll þá niður atgeirinn. Gunnar tók atgeirinn og lagði í gegnum Hallgrím. Gunnar bar atgeirinn jafnan síðan. Þeir börðust nafnar og var nær hvorum vænna horfið. Þá kom Gunnar að og hjó Kolskegg banahögg. Eftir það beiddu víkingar sér griða. Gunnar lét þess kost. Hann lét þá kanna valinn og taka fé það er dauðir menn höfðu átt en hann gaf hinum vopn sín og klæði, er hann gaf grið, og bað þá fara til fósturjarða sinna. Þeir héldu í braut en Gunnar tók fé allt það er eftir var.

Tófi kom að Gunnari eftir bardagann og bauð að fylgja honum til fjár þess er víkingar höfðu fólgið, kvað það vera bæði meira og betra en hitt er þeir höfðu áður fengið. Gunnar kveðst það vilja. Gekkk hann á land með Tófa. Fór Tófi fyrir til skógar en Gunnar eftir. Þeir komu að þar sem víður var borinn saman mikill. Tófi segir að þar var féið undir. Ruddu þeir þá af víðinum og fundu undir bæði gull og silfur, klæði og vopn góð. Þeir bera fé þetta til skipa. Gunnar spurði Tófa hverju er hann vildi að hann launaði honum.

Tófi svaraði: "Eg er danskur maður að ætt og vildi eg að þú flyttir mig til frænda minna."

Gunnar spurði hví hann væri í Austurvegi.

"Eg var tekinn af víkingum," segir Tófi, "og var mér skotið hér á land í Eysýslu og hefi eg hér verið síðan."

## 31. kafli

Gunnar tók við honum og mælti til Kolskeggs og Hallvarðar: "Nú munum vér halda til Norðurlanda."

Þeir létu vel yfir því og báðu hann ráða.

Gunnar siglir úr Austurvegi með fé miklu. Hann hafði tíu skip og hélt þeim til Heiðabæjar í Danmörk. Haraldur konungur Gormsson var þar á land upp. Honum var sagt til Gunnars og það með að engi var hans maki á Íslandi og sendi konungur menn sína til hans að bjóða honum til sín. Gunnar fór þegar á konungsfund. Konungur tók við honum vel og setti hann hið næsta sér. Þar var Gunnar hálfan mánuð. Konungur hafði það að gamni að hann lét Gunnar reyna ýmissar íþróttir við menn sína og voru þeir

engir að né eina íþrótt hefðu til jafns við hann.

Konungur mælti til Gunnars: "Svo virðist mér sem óvída muni þinn jafningi fást."

Konungur bauð að fá Gunnari kvonfang og ríki mikið ef hann vildi þar staðfestast.

Gunnar þakkaði konungi boð sitt og mælti: "Fara vil eg fyrst til Íslands að finna vini mína og frændur."

"Þá munt þú aldrei aftur koma til vor," segir konungur.

"Auðna mun því ráða herra," segir Gunnar.

Gunnar gaf konungi langskip gott og marga dýrgripa aðra er hann hafði fengið í hernaði. Konungur gaf honum tignarklæði sín og glófa gullfjallaða og skarband, og gullhnútar á, og hatt gerskan.

Gunnar fór norður til Hísingar. Ölvir tók við honum báðum höndum. Hann færði Ölvi skip sín og kallar það vera hans hlutskipti. Ölvir tók við fénu og kvað Gunnar vera dreng góðan og bað hann vera þar nokkura hríð.

Hallvarður spurði Gunnar ef hann vildi finna Hákon jarl. Gunnar sagði sér það vera nær skapi "því að nú er eg að nokkuru reyndur en þá var eg að engu er þú baðst þess næstum."

Síðan bjuggu þeir ferð sína og fóru norður til Þrándheims á fund Hákonar jarls og tók hann vel við Gunnari og bauð honum að vera með sér um veturinn. Hann þá það. Gunnar virðist þar hverjum manni vel. Að jólum gaf jarl honum gullhring. Gunnar lagði hug á Bergljótu frændkonu jarls og fannst það oft á jarli að hann mundi hana hafa gifta honum ef Gunnar hefði nokkuð þess leitað.

## 32. kafli

Um vorið spurði jarl Gunnar hvað hann vildi láta ráða sinna. Hann kveðst vilja til Íslands.

Jarlinn kvað vera illa ært í landi "og mun vera lítil útsigling en þó skalt þú hafa mjöl og við í skip þitt sem þú vilt."

Gunnar þakkaði honum og bjó skip sitt snemmendis. Hallvarður fór út með þeim Kolskeggi.

Þeir komu út snemma sumars og tóku Arnarbælisós og var það fyrir alþingi. Reið Gunnar þegar heim frá skipi en fékk menn til að ryðja skipið og fór Kolskeggur með honum. En er þeir komu heim urðu menn þeim fegnir. Þeir voru blíðir við heimamenn sína og hafði ekki vaxið dramb þeirra.

Gunnar spurði hvort Njáll væri heima. Honum var sagt að hann var heima. Lét hann þá taka hest sinn og reið til Bergþórshvols og Kolskeggur með honum. Njáll varð feginn komu þeirra og bað að þeir skyldu vera þar um nóttina. Þeir gerðu svo og sagði Gunnar frá ferðum sínum.

Njáll sagði hann vera hinn mesta afreksmann "og ert þú mjög reyndur en þó munt þú meir síðar því að margur mun þig öfunda."

"Við alla vildi eg gott eiga," segir Gunnar.

"Margt mun til verða," segir Njáll, "og munt þú jafnan eiga hendur þínar að verja."

"Undir því væri þá," segir Gunnar, "að eg hefði málaefni góð."

"Svo mun og vera," segir Njáll, "ef þú geldur eigi annarra að."

Njáll spurði Gunnar hvort hann mundi til þings ríða. Gunnar segir að hann mundi ríða og spyr hvort Njáll mundi ríða en hann kveðst eigi ríða mundu "og svo vildi eg að þú gerðir."

Gunnar reið þá heim og gaf Njáli góðar gjafar og þakkaði honum fjárvarðveisluna.

Kolskeggur bróðir hans fýsti hann að ríða til þings "mun þar vaxa sæmd þín við því að margur mun þar að þér víkja."

"Lítt hefi eg það skap haft," segir Gunnar, "að hrósa mér en gott þykir mér að finna góða menn."

Hallvarður var og þar kominn og bauð að ríða til þings með þeim.

### 33. kafli

Gunnar reið og þeir allir til þings. En er þeir komu á þing þá voru þeir svo vel búnir að engir voru þeir þar að jafnvel væru búnir og fóru menn út úr hverri búð að undrast þá. Gunnar reið til búða Rangæinga og var þar með frændum sínum. Margur maður fór að finna Gunnar og spyrja hann tíðinda. Hann var við alla menn léttur og kátur og sagði öllum slíkt er vildu.

Það var einn dag er Gunnar gekk frá Lögbergi. Hann gekk fyrir neðan Mosfellingabúð. Þá sá hann konur ganga í móti sér og voru vel búnar. Sú var í ferðarbroddi konan er best var búin. En er þau fundust kvaddi hún þegar Gunnar. Hann tók vel kveðju hennar og spurði hvað kvenna hún væri. Hún nefndist Hallgerður og kvaðst vera dóttir Höskulds Dala-Kollssonar. Hún mælti til hans djarflega og bað hann segja sér frá ferðum sínum en hann kvaðst ekki varna mundu henni máls. Settust þau þá niður og töluðu. Hún var svo búin að hún var í rauðum kyrtli og var á búningur mikill. Hún hafði yfir sér skarlatsskikkju og var búin hlöðum í skaut niður. Hárið tók ofan á bringu henni og var bæði mikið og fagurt. Gunnar var í tignarklæðum þeim er Haraldur konungur Gormsson gaf honum. Hann hafði og hringinn á hendi Hákonarnaut. Þau töluðu lengi hátt. Þar kom er hann spurði hvort hún væri ógefin.

Hún sagði að svo væri "og er það ekki margra að hætta á það," segir hún.

"Þykir þér hvergi fullkosta?" segir hann.

"Eigi er það," segir hún, "en mannvönd mun eg vera."

"Hversu munt þú svara ef eg bið þín?" segir Gunnar.

"Það mun þér ekki í hug," segir hún.

"Eigi er það," segir hann.

"Ef þér er nokkur hugur á," segir hún, "þá finn þú föður minn."

Síðan skildu þau talið.

Gunnar gekk þegar til búðar Dalamanna og fann menn úti fyrir búðinni og spyr hvort Höskuldur væri í búð en þeir sögðu að hann var víst þar. Gekk þá Gunnar inn. Höskuldur og Hrútur tóku vel við Gunnari. Hann settist niður í meðal þeirra og fannst það ekki í tali þeirra að þar hefði nokkur misþykking í meðal verið.

Þar kom niður ræða Gunnars að hann spurði hversu þeir bræður mundu því svara ef hann bæði Hallgerðar.

"Vel," segir Höskuldur, "ef þér er það alhugað."

Gunnar segir sér það alvöru "en svo skildum vér næstum að mörgum mundi það þykja líklegt að hér mundi ekki samband verða."

"Hversu líst þér Hrútur frændi?" segir Höskuldur.

Hrútur svaraði: "Ekki þykir mér þetta jafnræði."

"Hvað finnur þú til þess?" segir Gunnar.

Hrútur mælti: "Því mun eg svara þér um þetta er satt er. Þú ert maður vaskur og vel að þér en hún er blandin mjög og vil eg þig í engu svíkja."

"Vel mun þér fara," segir Gunnar, "en þó mun eg það fyrir satt hafa að þér virðið í fornan fjandskap ef þér viljið eigi gera mér kostinn."

"Eigi er það," segir Hrútur, "meir er hitt að eg sé að þú mátt nú ekki við gera. En þó að vér keyptum eigi þá vildum vér þó vera vinir þínir."

Gunnar mælti: "Eg hefi talað við hana og er þetta ekki fjarri hennar skapi."

Hrútur mælti: "Veit eg að svo mun vera að ykkur er báðum girndarráð. Hættið þið og mestu til hversu fer."

Hrútur sagði Gunnari ófregið allt um skapferði Hallgerðar og þótti Gunnari það fyrst ærið margt er áfátt var. En þar kom um síðir að saman féll kaupmáli þeirra. Var þá sent eftir Hallgerði og var þá um talað svo að hún var við. Létu þeir nú enn sem fyrr að hún festi sig sjálf. Skyldi þetta boð vera að Hlíðarenda og skyldi fara fyrst leynilega en þó kom þar er allir vissu.

Gunnar reið heim af þingi og reið þegar að finna Njál og sagði honum kaupin. Hann tók þungt á kaupum hans. Gunnar spurði hvað hann fyndi til að honum þótti slíkt svo óráðlegt.

Njáll svaraði: "Af henni mun standa allt hið illa er hún kemur austur hingað."

"Aldrei skal hún spilla okkru vinfengi," segir Gunnar.

"Það mun þó svo nær leggja," segir Njáll, "en þó munt þú jafnan bæta fyrir henni."

Gunnar bauð Njáli til boðs og öllu því þaðan sem hann vildi að færi. Njáll hét að fara. Síðan reið Gunnar heim og reið um héraðið að bjóða mönnum.

## 34. kafli

Þráinn hét maður. Hann var Sigfússon Sighvatssonar hins rauða. Hann bjó að Grjótá í Fljótshlíð. Hann var frændi Gunnars og virðingamaður mikill. Hann átti Þórhildi skáldkonu. Hún var orðgífur mikið og fór með flimtan. Þráinn unni henni lítið. Honum var boðið til boðsins til Hlíðarenda og skyldi kona hans ganga um beina og Begþóra Skarphéðinsdóttir kona Njáls. Ketill hét annar Sigfússon. Hann bjó í Mörk fyrir austan Markarfljót. Hann átti Þorgerði Njálsdóttur. Þorkell hét hinn þriðji Sigfússon, fjórði Mörður, fimmti Lambi, sétti Sigmundur, Sjöundi Sigurður. Þessir voru allir frændur Gunnars og voru kappar miklir. Þeim hafði Gunnar boðið öllum til boðsins. Gunnar hafði og boðið Valgarði hinum grá og Úlfi aurgoða og sonum þeirra, Runólfi og Merði.

Þeir Höskuldur og Hrútur komu til boðsins fjölmennir. Þar voru synir Höskulds, Þorleikur og Ólafur. Þar var brúðurin í för með þeim og Þorgerður dóttir hennar og var hún kvenna fríðust. Hún var þá fjórtán vetra gömul. Margt var með henni annarra kvenna. Þar var og Þórhalla dóttir Ásgríms Elliða-Grímssonar og dætur Njáls tvær, Þorgerður og Helga.

Gunnar hafði marga fyrirboðsmenn og skipaði hann svo sínum mönnum. Hann sat á miðjan bekk en innar frá Þráinn Sigfússon, þá Úlfi aurgoði, þá Valgarður hinn grái, þá Mörður og Runólfur, þá Sigfússynir. Lambi sat innstur. Hið næsta Gunnari utar frá sat Njáll, þá Skarphéðinn, þá Helgi, þá Grímur, þá Höskuldur, þá Hafur hinn spaki, þá Ingjaldur frá Keldum, þá synir Þóris austan úr Holti. Þórir vildi sitja ystur virðingamanna því að þá þótti hverjum gott þar sem sat. Höskuldur sat á miðjan bekk en synir hans innar frá honum. Hrútur sat utar frá Höskuldi. En þá er eigi frá sagt hversu öðrum var skipað. Brúður sat á miðjum palli en til annarrar handar henni Þorgerður dóttir hennar. Á aðra hönd sat Þórhalla dóttir Ásgríms Elliða-Grímssonar.

Þórhildur gengur um beina og báru þær Bergþóra mat á borð. Þráinn Sigfússon var starsýnn á Þorgerði Glúmsdóttur. Þetta sér kona hans, Þórhildur. Hún reiðist og kveður til hans kviðling:

Era gapriplar góðir,  
gægur er þér í augum.

"Þráinn," segir hún.

Hann steig þegar fram yfir borðið og nefndi sér votta og sagði skilið við Þórhildi "vil eg eigi hafa flimtan hennar né fáyrði yfir mér."

Og svo var hann kappsamur um þetta að hann vildi eigi vera að veislunni nema hún væri í braut rekin. Og það varð að hún fór í braut. Og nú sátu menn hver í sínu rúmi og drukku og voru kátir.

Þá tók Þráinn til orða: "Ekki mun eg gera að launtali það sem mér býr í skapi. Þess vil eg spyrja þig Höskuldur Dala-Kollsson, vilt þú gifta mér Þorgerði frændkonu þína?"

"Eigi veit eg það," segir Höskuldur, "mér þykir þú lítt hafa við þessa skilið er hefir þú áður átt eða hver maður er hann, Gunnar?"

Hann svarar: "Eigi vil eg frá segja því að mér er maðurinn skyldur og seg þú frá Njáll, því munu allir trúa."

Njáll mælti: "Það er frá manni að segja að maður er vel auðigur að fé og ger að sér um allt og hið mesta mikilmenni og megið þér fyrir því gera honum kostinn."

Þá mælti Höskuldur: "Hvað sýnist þér ráð Hrútur frændi?"

Hrútur svaraði: "Gera mátt þú fyrir því kostinn að þetta er henni jafnræði."

Þá tala þeir um kaupin og verða á allt sáttir. Stendur þá Gunnar upp og Þráinn og ganga að pallinum. Spurði Gunnar þær mæðgur hvort þær vildu játa þessum kaupum. Þær kváðust eigi bregða mundu. Fastnaði Hallgerður Þorgerði dóttur sína. Þá var skipað konum í annað sinn. Sat þá Þórhalla meðal brúða. Fer nú boðið vel fram. Og er lokið var ríða þeir Höskuldur vestur en Rangæingar til sinna heimila. Gunnar gaf mörgum góðar gjafar og virðist það vel.

Hallgerður tók við búráðum og var fengsöm og atkvæðamikil. Þorgerður tók við búráðum að Grjótá og var góð húsfreyja.

## 35. kafli

Það var síðvenja þeirra Gunnars og Njáls að sinn vetur þá hvor þeirra heimboð að öðrum og veturgrið fyrir vináttu sakir. Nú átti Gunnar að þiggja veturgrið að Njáli og fóru þau Hallgerður til Bergþórshvols. Þá voru þau Helgi eigi heima. Njáll tók vel við þeim Gunnari. Og þá er þau höfðu þar verið nokkura hríð kom Helgi heim og Þórhalla kona hans.

Þá gekk Bergþóra að pallinum og Þórhalla með henni og mælti Bergþóra til Hallgerðar: "Þú skalt þoka fyrir konu þessi."

Hún svarar: "Hvergi mun eg þoka því að engi hornkerling vil eg vera."

"Eg skal hér ráða," sagði Bergþóra.

Síðan settist Þórhalla niður.

Bergþóra gekk að borðinu með handlaugar.

Hallgerður tók höndina Bergþóru og mælti: "Ekki er þó kosta munur með ykkur Njáli. Þú hefir kartnagl á hverjum fingri en hann er skegglaus."

"Satt er það," sagði Bergþóra, "en hvortgi okkart gefur það öðru að sök. En eigi var skegglaus Þorvaldur bóndi þinn og réðst þú þó honum bana."

"Fyrir lítið kemur mér," segir Hallgerður, "að eiga þann mann er vaskastur er á Íslandi ef þú hefnir eigi þessa Gunnar."

Hann spratt upp og steig fram yfir borðið og mælti: "Heim mun eg fara og er það maklegast að þú sennir við heimamenn þína en eigi í annarra manna híbýlum enda á eg Njáli marga sæmd að launa og mun eg ekki vera eggjanarfífl þitt."

Síðan fóru þau heim.

"Mun þú það Bergþóra," sagði Hallgerður, "að við skulum eigi skildar."

Bergþóra sagði að ekki skyldi hennar hlutur batna við það. Gunnar lagði ekki til og fór heim til Hlíðarenda og var heima allan þann vetur í gegnum. Líður nú á sumarið og allt til þings framan.



## 36. kafli

Gunnar ríður til þings. En áður en hann reið heiman mælti hann til Hallgerðar: "Ver þú dæl meðan eg er heiman og sýn af þér enga fárskapi þar sem við vini mína er um að eiga."

"Tröll hafi þína vini," segir hún.

Gunnar ríður til þings og sá að eigi var gott orðum við hana að koma. Njáll reið til þings og synir hans allir.

Nú er frá því að segja hvað heima er tíðinda. Þeir áttu skóg saman, Njáll og Gunnar, í Rauðaskriðum. Þeir höfðu eigi skipt skóginum en hvor var vanur að höggva sem þurfti og taldi hvorgi á annan um það.

Kolur hét verkstjóri Hallgerðar. Hann hafði verið með henni lengi og var hið mesta illmenni.

Svartur hét maður. Hann var húskarl Njáls og Bergþóru og líkaði þeim við hann vel. Bergþóra mælti við hann að hann skyldi fara í Rauðaskriður og höggva skóg "en eg mun fá til menn að draga heim viðinn."

Hann kveðst vinna mundu það er hún legði fyrir hann. Hann fór upp í Rauðaskriður. Tekur hann þar og höggur skóg og skyldi þar að vera viku.

Snauðir menn komu til Hlíðarenda austan frá Markarfljóti og sögðu að Svartur hafði verið í Rauðaskriðum og höggvið skóg og gert mikið að.

"Svo mun Bergþóra til ætla," segir Hallgerður, "að ræna mig mörgu en því skal eg ráða að hann höggvi eigi oftar."

Rannveig heyrði, móðir Gunnars, og mælti: "Þó hafa húsfreyjur þótt góðar austur hér að ekki hafi staðið í mannráðum."

Nú leið af nóttin og um morguninn kom Hallgerður að máli við Kol og mælti: "Verk hefi eg þér hugað" og fékk honum öxi. "Far þú í Rauðaskriður. Þar munt þú finna Svart."

"Hvað skal eg honum?" segir hann.

"Spyr þú að því," segir hún, "þar sem þú ert hið mesta illmenni? Drepa skalt þú hann," segir hún.

"Gert mun eg það geta," segir hann, "en það er þó líkast að eg gefi mig við."

"Vex þér hvetvetna í augu," segir hún, "og fer þér illa þar sem eg hefi mælt eftir þér hvern hlut. Mun eg fá til annan mann að gera þetta ef þú þorir eigi."

Hann tók öxina og var reiður mjög og tekur hest er Gunnar átti og ríður þar til er hann kemur austur að Markarfljóti. Hann steig þar af baki og beið í skóginum þar til er þeir höfðu borið ofan viðinn og Svartur var einn eftir.

Hleypur Kolur þá að honum og mælti: "Fleiri munu kunna að höggva stórt en þú einn" og setti öxina í höfuð honum og hjó hann banahögg og ríður heim síðan og segir Hallgerði vígið.

"Njót heill handa," segir hún, "og skal eg þig svo varðveita að þig skal ekki saka."

"Vera má það," segir hann, "en hinn veg dreymdi mig þó áður en eg vó vígið."

Nú koma þeir upp í skóginn og finna Svart veginn og flytja hann heim.

Hallgerður sendi mann til þings að segja Gunnari vígið. Gunnar hallmælti Hallgerði ekki um fyrir sendimanninum og vissu menn eigi hvort honum þótti vel eða illa. Litlu síðar stóð hann upp og bað menn sína ganga með sér. Þeir gerðu svo og fóru til búðar Njáls. Gunnar sendi mann eftir Njáli og bað hann út koma. Njáll gekk út þegar og gengu þeir Gunnar á tal.

Gunnar mælti: "Víg hefi eg að segja þér og hefir valdið Hallgerður kona mín en vegið hefur Kolor verkstjóri minn en fyrir hefir orðið Svartur húskarl þinn."

Njáll þagði meðan Gunnar sagði söguna.

Þá mælti Njáll: "Þurfa munt þú að láta hana eigi öllu fram koma."

Gunnar mælti: "Sjálfur skalt þú dæma."

Njáll mælti: "Erfitt mun þér verða að bæta öll slys Hallgerðar og mun annars staðar meira slóða draga en hér er við eigum hlut að og mun hér þó mikið á vanta að vel sé og munum við þess þurfa að muna það er við höfum lengi vel við mælst. Og væntir mig að þér fari vel en þó munt þú verða mjög að þreyttur."

Njáll tók sjálfðæmi af Gunnari og mælti: "Ekki mun eg halda máli þessu til kapps. Þú skalt gjalda tólf aura silfurs. En það vil eg til skilja þó að nokkuð komi það úr vorum garði er þér eigið um að gera að þér stillið eigi verr gerðinni."

Gunnar sagði það maklegt vera. Gunnar greiddi af hendi féið vel og reið heim síðan.

Njáll kom heim af þingi og synir hans.

Bergþóra sá féið og mælti: "Vel er þessu í hóf stillt en jafnmikið fé skal koma fyrir Kol er stundir líða."

Gunnar kom heim af þingi og taldi á Hallgerði. Hún kallaði betri menn óbætta liggja margstaðar. Gunnar kvað hana ráða mundu tiltekjum sínum "en eg skal ráða hversu málin lúkast."

Hallgerður hældist jafnan um víg Svarts en Bergþóru líkaði það illa.

Njáll fór upp í Þórólfsfell og synir hans að skipa þar til bús. En þann sama dag varð sá atburður er Bergþóra var úti að hún sér mann ríða að garði svörtum hesti. Hún nam staðar og gekk eigi inn. Hún kenndi eigi manninn. Sjá maður hafði spjót í hendi og gyrður saxi. Hún spurði þenna mann að nafni.

"Atli heiti eg," sagði hann.

Hún spurði hvaðan hann væri.

"Eg er austfirskur maður," segir hann.

"Hvert skalt þú fara?" segir hún.

"Eg er maður vistlaus," segir hann, "og ætlaði eg að finna Njál og Skarphéðinn og vita ef þeir vildu taka við mér."

"Hvað er þér hentast að vinna?" segir hún.

"Eg er akurgerðarmaður og margt er mér vel hent að gera," segir hann, "en eigi vil eg því leyna að eg er maður skapharður og hefir jafnan hlotið um sárt að binda fyrir mér."

"Ekki gef eg þér það að sök," segir hún, "þótt þú sért engi bleyðimaður."

Atli mælti: "Ert þú nokkurs ráðandi hér?"

"Eg er kona Njáls," segir hún, "og ræð eg ekki síður hjón en hann."

"Vilt þú taka við mér?" segir hann.

"Gera mun eg kost á því," segir hún, "ef þú vilt vinna allt það er eg legg fyrir þig og svo þó að eg vilji senda þig til mannráða."

"Átt þú svo til varið um menn," segir hann, "að þú munt ekki mín þurfa að því að kosta."

"Það skil eg er eg vil," segir hún.

"Kaupa munum við að þessu," sagði hann.

Þá tók hún við honum.

Njáll kom heim og synir hans. Njáll spurði Bergþóru hvað manna sjá væri.

"Hann er húskarl þinn," segir hún, "og tók eg við honum því að hann lést vera óhandlatur."

"Ærið mun hann stórvirkur," segir Njáll, "en eigi veit eg hvort hann er svo góðvirkur."

Skarphéðinn var vel til Atla.

Njáll ríður til þings um sumarið og synir hans. Gunnar var á þingi. Njáll tók upp fésjóð er hann hafði heiman.

Skarphéðinn spyr: "Hvað fé er það faðir?"

"Hér er fé það," segir Njáll, "er Gunnar greiddi mér fyrir heimamann vörn fyrra sumar."

"Koma mun það til nokkurs," sagði Skarphéðinn og glotti við.

## 37. kafli

Nú er að taka til heima að Atli spurði Bergþóru hvað hann skyldi vinna um daginn.

"Hugað hefi eg þér verkið," segir hún. "Þú skalt fara að leita Kols þar til er þú finnur hann því að nú skalt þú vega hann í dag ef þú vilt minn vilja gera."

"Hér er vel á komið," segir Atli, "því að hvortveggi okkar er illmenni. En þó skal eg svo til hans ráða að annar hvor okkar skal deyja."

"Vel mun þér fara," segir hún, "og skalt þú eigi til engis vinna."

Hann gekk og tók vopn sín og hest og reið í braut. Hann reið upp til Fljótshlíðar og mætti þar mönnum er fóru frá Hlíðarenda. Þeir áttu heima austur í Mörk. Þeir spurðu Atla hvert hann ætlaði. Hann kveðst ríða að leita klárs eins.

Þeir kváðu það lítið erindi slíkum verkmanni "en þó er þá helst eftir að spyrja er á ferli hafa verið í nótt."

"Hverjir eru þeir?" segir hann.

"Víga-Kolur húskarl Hallgerðar," sögðu þeir, "hann fór frá seli áðan og hefir vakað í alla nótt."

"Eigi veit eg hvort eg þori að finna hann," segir Atli. "Hann er skapillur og búið eg láti annars víti að varnaði."

"Hinn veg værir þú undir brún að líta," segja þeir, "sem þú mundir eigi vera ragur" og vísuðu honum til Kols.

Hann keyrir þá hest sinn og ríður mikinn.

Og er hann mætir Kol mælti Atli til hans: "Gengur vel klyfjabandið?" segir Atli.

"Það mun þig skipta engu mannfýlan," segir Kolur, "og engan þann er þaðan er."

Atli mælti: "Það átt þú eftir er erfiðast er, en það er að deyja."

Síðan lagði Atli spjóti til hans og kom á hann miðjan. Kolur sveiflaði til hans öxi og missti hans. Síðan féll Kolur af baki og dó þegar.

Atli reið þar til er hann fann verkmenn Hallgerðar og mælti: "Farið upp til hests Kols og geymið hans. Kolur er fallinn af baki og er hann dauður."

"Hefir þú vegið hann?" sögðu þeir.

Hann svarar: "Svo mun Hallgerði sýnast sem hann hafi eigi sjálf dauður orðið."

Síðan reið Atli heim og segir Bergþóru vígið. Hún þakkar honum verk þetta og orð þau sem hann hafði um haft.

"Eigi veit eg," segir Atli, "hversu Njáli mun þykja."

"Vel mun hann í höndum hafa," segir hún, "og mun eg segja þér eitt til marks um að hann hefir haft til þings þrælsgjöld þau er vér tókum við fyrra sumar og munu þau nú koma fyrir Kol. En þó að sættir verði þá skalt þú þó vera var um þig því að Hallgerður mun engar sættir halda."

"Vilt þú nokkuð senda mann til Njáls," segir Atli, "að segja honum vígið?"

"Eigi vil eg það," segir hún. "Mér þætti betur að Kolur væri ógildur."

Þau hættu þá talinu.

Hallgerði var sagt víg Kols og ummæli Atla. Hún kvaðst launa skyldu Atla. Hún sendi mann til þings að segja Gunnari víg Kols. Hann svaraði fá og sendi mann að segja Njáli. Hann svaraði engu.

Skarphéðinn mælti: "Miklu eru þrælur aðgerðameiri en fyrr hafa verið. Þeir flugust þá á og þótti það ekki saka en nú vilja þeir vegast" og glotti við.

Njáll kippti ofan fésjóðum er uppi var í búðinni og gekk út. Synir hans gengu með honum. Þeir komu til búðar Gunnars.

Skarphéðinn mælti við mann er stóð í búðardyrnum: "Seg þú Gunnari að faðir minn vill finna hann."

Sá segir Gunnari. Gunnar gekk út þegar og fagnaði vel Njáli og sonum hans. Síðan gengu þeir á tal.

"Illa hefir nú orðið," segir Njáll, "er húsfreyja mín skal hafa rofið grið og látið drepa húskarl þinn."

"Ekki ámæli skal hún af þessu hafa," segir Gunnar.

"Dæm þú nú málið," segir Njáll.

"Svo mun eg gera," segir Gunnar. "Læt eg þá vera menn jafndýra, Svart og Kol. Skalt þú greiða mér tólf auru silfurs."

Njáll tók fésjóðinn og seldi Gunnari. Hann kenndi féið að það var hið sama sem hann hafði greitt Njáli. Fór Njáll nú til búðar sinnar og var jafnvel með þeim síðan sem áður.

Þá er Njáll kom heim taldi hann á Bergþóru en hún kvaðst aldrei vægja skyldu fyrir Hallgerði.

Hallgerður leitaði á Gunnar mjög er hann hafði sæst á vígið. Gunnar kveðst aldrei bregðast skyldu Njáli né sonum hans. Hún geisaði mjög. Gunnar gaf ekki gaum að því.

Svo gættu þeir til á þeim misserum að ekki varð að.

## 38. kafli

Um vorið ræddi Njáll við Atla: "Það vildi eg að þú réðist austur í fjörðu að eigi skapi Hallgerður þér aldur."

"Ekki hræðist eg það," segir Atli, "og vil eg heima vera ef eg á kosti."

"Það er þó óráðlegra," segir Njáll.

"Betra þykir mér að látast í þínu húsi," segir Atli, "en skipta um lánardrottna. En þess vil eg biðja þig ef eg er veginn að eigi komi þrælsgjöld fyrir mig."

"Svo skal þig bæta sem frjálsan mann," segir Njáll, "en Bergþóra mun þér því heita sem hún mun efna að fyrir þig munu komu mannhefndir."

Réðst Atli þar þá að hjóni.

Nú er að segja frá Hallgerði að hún sendi mann vestur til Bjarnarfjarðar eftir Brynjólfi rósta frænda sínum. Hann var sonur Svans laungetinn. Hann var hið mesta illmenni. Gunnar vissi ekki til þessa. Hallgerður kvað hann sér vel fallinn til verkstjóra. Brynjólfur kom vestan og spurði Gunnar hvað hann skyldi. Hann kveðst þar vera skyldu.

"Ekki munt þú bæta híbýli vor," segir Gunnar, "svo er mér frá þér sagt. En ekki mun eg vísa í braut frændum Hallgerðar þeim er hún vill að með henni séu."

Gunnar var til hans fár og ekki illa.

Leið nú svo fram til þings.

Gunnar reið til þings og Kolskeggur með honum. Og er þeir komu til þings fundust þeir Gunnar og Njáll og synir hans. Áttust þeir margt við og vel.

Bergþóra mælti við Atla: "Far þú upp í Þórólfsfell og vinn þar viku."

Hann fór upp þangað og var þar á laun og brenndi kol í skógi.

Hallgerður mælti við Brynjólf: "Það er mér sagt að Atli sé eigi heima og mun hann vinna verk í Þórólfsfelli."

"Hvað þykir þér líkast að hann vinni?" segir hann.

"Í skógi nokkuð," segir hún.

"Hvað skal eg honum?" segir hann.

"Drepa skalt þú hann," segir hún.

Hann varð um fár.

"Minnur mundi Þjóstólfi í augu vaxa," segir hún, "ef hann væri á lífi að drepa Atla."

"Ekki skalt þú hér enn þurfa mjög á að frýja," segir hann.

Tók hann þá vopn sín og hest, stígur á bak og ríður í Þórólfsfell. Hann sá kolreyk mikinn austur frá bænum. Ríður hann þangað til, stígur af baki hestinum og bindur hann en hann gengur þar sem mestur er reykurinn. Sér hann þá hvar kolgröfin er og er þar maður við. Hann sá að hann hafði sett spjót í völlinn hjá sér. Brynjólfur gengur með reykinum allt að honum en hann var óður að verki sínum og sá hann eigi Brynjólf. Brynjólfur hjó í höfuð honum með öxi. Hann brást við svo fast að Brynjólfur lét lausa öxina. Þá þreif Atli spjótið og skaut eftir honum. Brynjólfur kastaði sér niður við vellingum en spjótið flaug yfir hann fram.

"Naust þú nú þess er eg var eigi við búinn," segir Atli, "en nú mun Hallgerði vel þykja. Þú munt segja dauða minn. En það er til bóta að þú munt slíkan á baugi eiga brátt enda tak þú nú öxi þína er hér hefir verið."

Brynjólfur svaraði engu og tók öxina eigi fyrr en Atli var dauður, reið þá heim í Þórólfsfell og sagði vígið. Síðan reið hann heim til Hlíðarenda og sagði Hallgerði. Hún sendi mann til Bergþórshvols og lét segja Bergþóru að nú var launað víg Kols.

Síðan sendi Hallgerður mann til þings að segja Gunnari víg Atla. Gunnar stóð upp og Kolskeggur með honum.

Kolskeggur mælti: "Óþarfir munu þér verða frændur Hallgerðar."

Þeir gengu til fundar við Njál.

Gunnar mælti: "Víg Atla hefi eg að segja þér" og segir honum hver vó "og vil eg nú bjóða þér bót fyrir og vil eg að þú gerir sjálfur."

Njáll mælti: "Það höfum við ætlað að láta okkur ekki á greina en þó mun eg eigi gera hann að þræli."

Gunnar kvað það vel vera og rétti fram höndina. Njáll nefndi sér votta og sættust að þessu.

Skarphéðinn mælti: "Ekki lætur Hallgerður verða ellidauða húskarla vora."

Gunnar mælti: "Svo mun móðir þín til ætla að ýmsir eigi högg í garði."

"Ærið bragð mun að því," segir Njáll.

Síðan gerði Njáll hundrað silfurs en Gunnar galt þegar. Margir mæltu er hjá stóðu að mikið væri gert.

Gunnar reiddist og kvað þá bættu fullum bótum er eigi væru vaskari menn er Atli var. Riðu þeir við það heim af þingi.

Bergþóra ræddi við Njál er hún sá féið: "Eftir þykist þú hafa heitin þín en nú eru eftir mín heit."

"Eigi er nauðsyn á að þú efnir þau," segir Njáll.

"Hins hefir þú þó til getið," sagði hún, "og svo skal vera."

Í annan stað mælti Hallgerður við Gunnar: "Hefir þú goldið hundrað silfurs fyrir víg Atla og gert hann að frjálsum manni?"

"Frjáls var hann áður," segir Gunnar, "enda skal eg ekki gera að óbótamönnum heimamenn Njáls."

"Jafnkomið mun á með ykkur Njáli er hvortveggji er blauður," segir hún.

"Það er sem reynist," segir hann.

Var þá Gunnar lengi fár við hana þar til er hún lét til við hann.

Nú er kyrrt þau misseri. Um vorið jók Njáll ekki hjón sín. Nú ríða menn til þings um sumarið.

## 39. kafli

Þórður hét maður. Hann var kallaður leysingjason. Sigtryggur hét faðir hans og hafði hann verið leysingi Ásgerðar og druknaði hann í Markarfljóti. Var Þórður því með Njáli síðan. Hann var mikill maður og styrkur. Hann hafði fóstorað alla sonu Njáls. Þórður lagði hug á frændkonu Njáls er Guðfinna hét Þórólfsdóttir. Hún var matselja heima þar og var þá óhraust.

Bergþóra kom að máli við Þórð leysingjason: "Þú skalt fara," segir hún, "og drepa Brynjólf frænda Hallgerðar."

"Engi er eg vígamaður," segir hann, "en þó mun eg til hætta ef þú vilt."

"Það vil eg," segir hún.

Síðan tók hann hest og reið upp til Hlíðarenda og lét kalla Hallgerði út og spurði hvar Brynjólfur væri.

"Hvað vilt þú honum?" segir hún.

Hann mælti: "Eg vil að hann segi mér hvar hann hefir hulið hræ Atla. Mér er sagt að hann hafi illa um búið."

Hún vísaði til hans og kvað hann vera í Akratungu niðri.

"Gæt þú," segir Þórður, "að honum verði eigi slíkt sem Atla."

"Engi ert þú vígamaður," segir hún, "og mun ekki undir hvar þið finnist."

"Aldrei hefi eg séð mannsblóð," segir hann, "og veit eg eigi hversu mér bregður við" og hleypti úr túninu og svo ofan í Akratungu.

Rannveig móðir Gunnars hafði heyrt á viðurtal þeirra og mælti: "Mjög frýr þú Hallgerður honum hugar en eg ætla hann öruggan mann og mun það frændi þinn finna."

Þeir mættust á förnum vegi, Brynjólfur og Þórður.

Þórður mælti: "Ver þú þig Brynjólfur því að eg vil eigi níðast á þér."

Brynjólfur reið að Þórði og hjó til hans. Þórður hjó í mót með öxi og í sundur skaptið fyrir framan hendur honum Brynjólfi og hjó þegar í annað sinn til hans og kom framan á bringuna og gekk þegar á hol. Féll Brynjólfur þá af baki og var þegar dauður. Þórður fann smalamann Hallgerðar og lýsti vígi á hönd sér og sagði hvar Brynjólfur lá og bað hann segja Hallgerði vígið. Síðan reið hann til Bergþórshvols og sagði Bergþóru vígið og öðrum mönnum.

"Njót þú heill handa," sagði hún.

Smalamaður sagði Hallgerði vígið. Hún varð beisk við og kvað hér skyldu mikið illt af leiða ef hún mætti ráða.

## 40. kafli

Nú koma tíðindin til þings og lét Njáll segja sér þrem sinnum og mælti síðan: "Fleiri gerast nú vígamenn en eg ætlaði."

Skarphéðinn mælti: "Sjá maður hefir þó helst hraðfeigur verið er látist hefir fyrir fóstura vorum er aldrei hefir séð mannsblóð og mundu það margir ætla að vér bræður mundum þetta fyrri gert hafa að því skaplyndi sem vér höfum."

"Skammt munt þú til þess eiga," segir Njáll, "að þig mun slíkt henda og mun þig þó nauður til reka."



Þeir gengu þá til móts við Gunnar og sögðu honum vígið.

Gunnar sagði að það var lítill mannskaði "en þó var hann frjáls maður."

Njáll bauð honum þegar sættina. Gunnar játti því og skyldi hann sjálfur dæma. Hann dæmdi þegar og gerði hundrað silfurs. Njáll galt þegar féið og sættust að því.

## 41. kafli

Sigmundur hét maður. Hann var Lambason Sighvatssonar hins rauða. Hann var farmaður mikill, kurteis maður og vænn, mikill og sterkur. Hann var metnaðarmaður mikill og skáld gott og að flestum íþróttum vel búinn, hávaðamaður mikill, spottsamur og ódæll. Hann kom út austur í Hornafirði. Skjöldur hét félagi hans. Hann var sænskur maður og illur viðureignar. Þeir fengu sér hesta og riðu austan úr Hornafirði og luku eigi ferð sinni fyrir en þeir komu í Fljótshlíð til Hlíðarenda. Gunnar tók við þeim vel. Var þar frændsemi mikil með þeim Sigmundi. Gunnar bauð Sigmundi að vera þar um veturinn. Sigmundur kvaðst það þiggja mundu ef Skjöldur væri þar, félagi hans.

"Svo er mér frá honum sagt," sagði Gunnar, "að hann sé þér engi skapbætir en þú þarft hins heldur að bætt sé um með þér. Er hér og vönd vistin. Vildi eg ráða yður ráð frændum mínum að þér hlypuð eigi upp við frameggjan Hallgerðar konu minnar því að hún tekur það margt upp er fjarri er mínum vilja."

"Veldurat sá er varar," segir Sigmundur.

"Þá er að gæta ráðsins," segir Gunnar, "en mjög munt þú verða reyndur og gakk með mér jafnan og hlít mínum ráðum."

Síðan voru þeir í fylgd með Gunnari.

Hallgerður var vel til Sigmundar og þar kom að þar gerðist svo mikill ákafi að hún bar fé á hann og þjónaði honum eigi verr en bónda sínum. Og lögðu margir það til orðs og þóttust eigi vita hvað undir mundi búa.

Hallgerður mælti við Gunnar: "Eigi er gott við að una við það hundrað silfurs er þú tókst fyrir Brynjólf frænda minn enda skal eg hefna hans láta ef eg má," segir hún.

Gunnar kvaðst ekki vilja skipta orðum við hana og gekk í braut. Hann fann Kolskegg og mælti til hans: "Far þú og finn Njál og seg honum að Þórður sé var um sig þó að sættir séu því að mér þykir eigi trúlega vera."

Hann reið og sagði Njáli en Njáll sagði Þórði. Kolskeggur reið heim og þakkaði Njáll þeim trúleika sína.

Það var einu hverju sinni að þeir sátu úti, Njáll og Þórður. Þar var vanur að ganga hafur um túnið og skyldi engi hann í braut reka.

Þórður mælti: "Undarlega bregður nú við."

"Hvað sérð þú þess er þér þykir með undarlegu móti vera?" segir Njáll.

"Mér þykir hafurinn liggja hér í dælinni og er alblóðugur allur."

Njáll kvað þar vera eigi hafur og ekki annað.

"Hvað er það þá?" segir Þórður.

"Þú munt vera maður feigur," segir Njáll, "og munt þú séð hafa fylgju þína og ver þú var um þig."

"Ekki mun mér það stoða," segir Þórður, "ef mér er það ætlað."

Hallgerður kom að máli við Þráin Sigfússon og mælti: "Mágur þætti mér þú vera ef þú dræpir Þórð leysingjason."

"Eigi mun eg það gera," segir hann, "því að þá mun eg hafa reiði Gunnars frænda míns. Mun og þar stórt á liggja því að vígs þess mun brátt hefnt verða."

"Hver mun hefna," segir hún, "hvort karl hinn skegglausí?"

"Eigi mun það," segir hann, "synir hans munu hefna."

Síðan töluðu þau lengi hljótt og vissi engi maður hvað þau höfðu í ráðagerðum.

Einu sinni var það að Gunnar var eigi heima. Þá var Sigmundur heima og þeir félagar. Þar var kominn Þráinn frá Grjóta. Þá sátu þau Hallgerður úti og töluðu.

Þá mælti Hallgerður: "Því hafið þið heitið félagar Sigmundur og Skjöldur að drepa Þórð leysingjason fóstura Njálssona en þú hefir mér því heitið Þráinn að vera við staddur."

Þeir gengu við allir að þeir höfðu þessu heitið henni.

"Nú mun eg gefa ráðið til," sagði hún. "Þið skuluð ríða austur í Hornafjörð eftir fé ykkru og koma heim um þing öndvert en ef þið eruð heima mun Gunnar vilja að þið ríðið til þings með honum. Njáll mun vera á þingi og synir hans og svo Gunnar. En þið skuluð þá drepa Þórð."

Þeir játtu að þessi ráðagerð skyldi fram koma. Síðan bjuggust þau austur í fjörðu og varaðist Gunnar það ekki og reið Gunnar til þings.

Njáll sendi Þórð leysingjason austur undir Eyjafjöll og bað hann vera í brautu eina nótt. Hann fór austur og gaf honum eigi austan því að fljótið var svo mikið að langt var um óreitt. Njáll beið hans eina nótt því að hann ætlaði að hann skyldi ríðið hafa til þings með honum. Njáll mælti við Bergþóru að hún skyldi senda Þórð til þings þegar hann kæmi heim. Tveim nóttum síðar kom Þórður austan.

Bergþóra sagði honum að hann skyldi til þings ríða "en nú skalt þú fyrst fara upp í Þórólfsfell og sjá þar um bú og vera þar eigi lengur en eina nótt eða tvær."

## 42. kafli

Sigmundur kom austan og þeir félagar. Hallgerður sagði þeim að Þórður var heima en hann skyldi þegar til þings ríða á fárra náttu fresti.

"Mun ykkur nú færi á við hann," segir hún, "en ef þetta ber undan náíð þið honum eigi."

Menn komu til Hlíðarenda frá Þórólfsfelli og sögðu Hallgerði að Þórður var þar.

Hallgerður gekk til Þráins og Sigmundar og mælti: "Nú er Þórður í Þórólfsfelli og er yður nú ráð að vege að honum er hann fer heim."

"Það skulum vér nú gera," segir Sigmundur.

Gengu þeir þá út og tóku vopn sín og hesta og riðu á leið fyrir hann.

Sigmundur mælti til Þráins: "Nú skalt þú ekki að gera því að oss mun eigi alla til þurfa."

"Svo mun eg gera," segir hann.

Þá reið Þórður að þeim litlu síðar.

Sigmundur mælti til hans: "Gef þú upp vopn þín því að nú skalt þú deyja."

"Eigi skal það," segir Þórður, "gakk þú til einvígis við mig."

"Eigi skal það," segir Sigmundur, "þess skulum vér njóta að vér erum fleiri. En eigi er kynlegt að Skarphéðinn sé hraustur því að það er mælt að fjórðungi bregði til fósturs."

"Að því mun þér verða," segir Þórður, "því að Skarphéðinn mun mín hefna."

Síðan sækja þeir að honum og brýtur hann spjót fyrir hvorumtveggja þeirra. Svo varðist hann vel. Þá hjó Skjöldur af honum höndina og varðist hann þá með annarri nokkura stund þar til er Sigmundur lagði í gegnum hann. Féll hann þá dauður til jarðar. Þeir báru að honum torf og grjót.

Þráinn mælti: "Vér höfum illt verk unnið og munu synir Njáls illa kunna víginu þá er þeir spyrja."

Þeir riðu heim og sögðu Hallgerði. Hún lét vel yfir víginu.

Rannveig mælti, móðir Gunnars: "Það er mælt Sigmundur að skamma stund verður hönd höggi feigin enda mun hér svo. En þó mun Gunnar leysa þig af þessu máli. En ef Hallgerður kemur annarri flugu í munn þér þá verður það þinn bani."

Hallgerður sendi mann til Bergþórshvols að segja vígið þá mælti Gunnar: "Þetta er illa orðið og eigi kæmu þau tíðindi til eyrna mér að mér þættu verri. En þó skulum vér nú fara þegar að finna Njál og væntir mig að honum fari enn vel þó að hann sé mjög að þreyttur."

## 43. kafli

En er sendimaður kom til þings að segja Gunnari vígið þá mælti Gunnar: "Þetta er illa orðið og eigi kæmu þau tíðindi til eyrna mér að mér þættu verri. En þó skulum vér nú fara þegar að finna Njál og væntir mig að honum fari enn vel þó að hann sé mjög að þreyttur."

Gengu þeir þá á fund Njáls og kölluðu hann til máls við sig. Hann gekk þegar til fundar við Gunnar. Þeir töluðu og var ekki manna við fyrst nema Kolskeggur.

"Hörð tíðindi hefi eg að segja þér," segir Gunnar, "víg Þórðar leysingjasonar. Vil eg bjóða þér sjálfðæmi fyrir vígið."

Njáll þagði nokkurt skeið og mælti síðan: "Vel er slíkt boðið," segir hann, "og mun eg það taka. En þó er eigi örvænt að eg hafi ámæli af konu minni eða sonum mínum fyrir þetta því að þeim mun mjög mislíka. En þó mun eg á það hætta því að eg veit að eg á við dreng um. Vil eg og eigi að af mér standi

afbrigð okkarrar vináttu."

"Vilt þú nokkuð sonu þína við láta vera?" segir Gunnar.

"Ekki," segir Njáll, "því að eigi munu þeir rjúfa þá sátt er eg geri. En ef þeir eru við staddir þá munu þeir ekki saman draga."

"Svo mun vera," segir Gunnar. "Sjá þú einn fyrir."

Þeir tókust þá í hendur og sættust vel og skjótt.

Þá mælti Njáll: "Tvö hundruð silfurs geri eg og mun þér mikið þykja."

"Eigi þykir mér þetta of mikið," segir Gunnar og gekk heim til búðar sinnar.

Synir Njáls komu heim til búðar og spurði Skarphéðinn hvaðan fé það hið mikla og hið góða kæmi er faðir hans hélt á.

Njáll mælti: "Eg segi yður víg Þórðar fósra yðvars og höfum við Gunnar nú sæst á málið og hefir hann tvennum manngjöldum bætt hann."

"Hverjir hafa vegið hann?" segir Skarphéðinn.

"Sigmundur og Skjöldur en Þráinn var þó nær staddur," segir Njáll.

"Mikils þótti þeim við þurfa," segir Skarphéðinn, "en hvar skal þá komið er vér skulum handa hefja?"

"Skammt mun til þess," segir Njáll, "og munt þú þá eigi þess lattur en þó þykir mér mikið undir að þér rjúfið eigi þessa sætt."

"Svo munum vér þá gera," segir Skarphéðinn, "en ef til verður nokkuð með oss þá munum vér minnst á hinn forna fjandskap."

"Engis mun eg þá um beiða," segir Njáll.

## 44. kafli

Nú ríða menn heim af þingi. Og er Gunnar kom heim mælti hann til Sigmundar: "Meiri ert þú ógiftumaður en eg ætlaði og hefir þú til ills þína mennt. En þó hefi eg nú gervan þig sáttan við Njál og sonu hans og skyldir þú nú eigi annarri flugu láta koma í munn þér. Ert þú mér ekki skaplíkur. Þú ferð með spott og háð en það er ekki mitt skap. Kemur þú þér því vel við Hallgerði að þið eigið meir skap saman."

Gunnar taldi á hann langa hríð en Sigmundur svaraði honum vel og kvaðst meir hans ráðum skyldu fram fara þaðan af en þar til hafði verið. Gunnar sagði honum þá hlýða mundu. Hélt með því nokkura hríð.

Jafnan mæltust þeir vel við, Gunnar og Njáll og synir hans, þó að fátt væri meðal annars liðsins.

Sá atburður varð að farandi konur komu til Hlíðarenda frá Bergþórshvoli. Þær voru málgar og heldur illorðar. Hallgerður sat í dyngju því að hún var því vön. Þar var Þorgerður dóttir hennar og Þráinn. Þar var og Sigmundur og fjöldi kvenna. Gunnar var eigi þar né Kolskeggur. Farandkonur þessar gengu inn í dyngjuna. Hallgerður heilsaði þeim og lét gefa þeim rúm. Hún spurði að tíðindum en þær kváðust

engi segja. Hallgerður spurði hvar þær hefðu verið um nóttina. Þær sögðust verið hafa að Bergþórshvoli.

"Hvað hafðist Njáll að?" segir Hallgerður.

"Stritaðist hann við að sitja," sögðu þær.

"Hvað gerðu synir Njáls?" sagði Hallgerður, "þeir þykjast helst menn."

"Miklir eru þeir að vallarsýn en óreyndir eru þeir mjög," sögðu þær. "Skarphéðinn hvatti öxi, Grímur skefti spjót, Helgi hnaud hjalt á sverð, Höskuldur treysti mundriða í skildi."

"Til stórræða nokkurra munu þeir ætla," segir Hallgerður.

"Eigi vitum við það," segja þær.

"Hvað gerðu húskarlar Njáls?" segir Hallgerður.

Þær svöruðu: "Eigi vissum við hvað sumir gerðu en einn ók skarni á hóla."

"Hví mundi það sæta?" segir Hallgerður.

Þær svöruðu: "Það sagði hann að þar yrði taða betri en annars staðar."

"Misvitur er Njáll," segir Hallgerður, "þar er hann kann til hversvetna ráð."

"Hvar er í því?" sögðu þær.

"Það mun eg til finna er satt er," segir Hallgerður, "er hann lét eigi aka í skegg sér að hann væri sem aðrir karlmenn og köllum hann nú karl hinn skegglausa en sonu hans taðskegginga og kveð þú um nokkuð Sigmundur og lát oss njóta þess er þú ert skáld."

Hann kveðst þess vera alþúinn og kvað þegar vísur þrjár eða fjórar og voru allar illar.

"Gersemi ert þú," sagði Hallgerður, "hversu þú ert mér eftirlátur."

Gunnar kom að í þessu. Hann hafði staðið fyrir framan dyngjuna og heyrt á öll orðtækin. Þeim brá mjög við er þau sáu hann inn ganga. Þá þögnuðu allir en áður hafði þar verið háreysti mikið og hlátur.

Gunnar var reiður mjög og mælti til Sigmundar: "Heimskur maður ert þú og óráðhollur. Þú hrópar sonu Njáls og sjálfan hann er þó er mest vert en slíkt sem þú hefir áður af gert við þá og mun þetta vera þinn bani. En ef nokkur maður hermir þessi orð þá skal sá í brautu verða og hafa þó reiði mína."

En svo var þeim öllum ótti mikill að honum að engi þorði þessi orð að herma. Síðan gekk hann í braut.

Farandkonurnar töluðu um með sér að þær mundu taka laun af Bergþóru ef þær segðu henni þetta, fóru síðan ofan þangað og sögðu Bergþóru á laun ófregið.

Bergþóra mælti er menn sátu undir borðum: "Gjafar eru yður gefnar feðgum og verðið þér litlir drengir af ef þér launið engu."

"Hversu eru gjafar þær?" segir Skarphéðinn.

"Þér synir mínir eigið allir eina gjöf saman. Þér eruð kallaðir taðskegglingar en bóndi minn karl hinn skegglausí."

"Ekki höfum vér kvenna skap," segir Skarphéðinn, "að vér reiðumst við öllu."

"Reiddist Gunnar þó fyrir yðra hönd," segir hún, "og þykir hann skapgóður. Og ef þér rekið eigi þessa réttar þá munuð þér engrar skammar reka."

"Gaman þykir kerlingunni að, móður vorri, að erta oss," segir Skarphéðinn og glotti við en þó spratt honum sveiti í enni og komu rauðir flekkar í kinnur honum en því var ekki vant.

Grímur var hljóður og beit á vörinni. Helga brá ekki við. Höskuldur gekk fram með Bergþóru. Hún kom innar í annað sinn og geisaði mjög.

Njáll mælti: "Kemst þó að seint fari húsfreyja. Og fer svo um mörg mál þó að menn hafi skapraun að að jafnan orkar tvímælis þó að hefnt sé."

En um kveldið er Njáll var kominn í rekkju heyrði hann að öx kom við þilið og söng í hátt en lokrekkja var önnur og héngu þar á skildir og sér hann að þeir eru í brautu.

Hann mælti: "Hverjir hafa tekið ofan skjöldu vora?"

"Synir þínir gengu út með," segir Bergþóra.

Njáll kippti skóm á fætur sér og gekk út og öðrum megin hússins og sér að þeir stefna upp á hvolinn.

Hann mælti: "Hvert skal fara Skarphéðinn?"

"Leita sauða þinna," segir hann.

Njáll mælti: "Ekki munduð þér þá vera vopnaðir ef þér ætluðuð það og mun annað vera erindið."

"Laxa skulum vér veiða faðir ef vér rötum eigi sauðina," segir Skarphéðinn.

"Vel væri þá ef svo væri að þá veiði bæri eigi undan," segir Njáll.

Þeir fóru leið sína en Njáll gekk inn til hvílu sinnar.

Hann mælti til Bergþóru: "Úti voru synir þínir með vopnum allir og munt þú nú hafa eggjað þá til nokkurs."

"Allvel skal eg þakka þeim ef þeir segja mér heim víg Sigmundar," segir Bergþóra.

## 45. kafli

Nú er að segja frá Njálssonum að þeir fóru upp til Fljótshlíðar og voru um nóttina við hlíðina og fóru nær Hlíðarenda er morgna tók. Þenna morgun hinn sama stóðu þeir upp snemma, Sigmundur og Skjöldur, og ætluðu til stóðhrossa. Þeir höfðu beisl með sér og tóku hross í túni og riðu í braut. Þeir leita stóðhestsins um hlíðina og fundu hann meðal lækja tveggja og leiddu hrossin ofan að götum mjög. Skarphéðinn sá Sigmund því að hann var í litklæðum.

Skarphéðinn mælti: "Sjáið þér rauðálfinn sveinar?"

Þeir litu til og kváðust sjá hann.

Þá mælti Skarphéðinn: "Þú skalt gera að ekki Höskuldur því að þú munt oft sendur einn saman óvarlega. En eg ætla mér Sigmund. Þykir mér það karlmannlegt. En þið Grímur og Helgi skuluð veða að Skildi."

Höskuldur settist niður en þeir gengu þar til er þeir komu að þeim.

Skarphéðinn mælti til Sigmundar: "Tak vopn þín og ver þig. Er það nú meiri nauðsyn en kveða flím um oss bræður."

Sigmundur tók vopn sín en Skarphéðinn beið meðan. Skjöldur sneri í mót þeim Grími og Helga og börðust þeir í ákafa. Sigmundur hafði hjálm á höfði sér og skjöld á hlið og gyrður sverði og hafði spjót í hendi, snýr nú í mót Skarphéðni og leggur þegar spjótinu til hans og kemur í skjöldinn. Skarphéðinn laust í sundur spjótskaftið og færir upp öxina í annað sinn og höggur til Sigmundar og kom í skjöldinn og klauf ofan öðrum megin mundriða. Sigmundur brá sverðinu hinni hægri hendi og höggur til Skarphéðins og kom í skjöldinn og festi sverðið í skildinum. Skarphéðinn snaraði svo fast skjöldinn að Sigmundur lét laust sverðið. Skarphéðinn hjó þá enn til Sigmundar með öxinni Rimmugýgi. Sigmundur var í pansara. Öxin kom á öxlina og klauf ofan herðarblaðið. Hann hnykkir að sér öxinni og féll Sigmundur á kné bæði og spratt upp þegar.

"Laust þú mér nú," segir Skarphéðinn, "en þó skalt þú í móðurætt falla áður við skiljum."

"Það er illa þá," segir Sigmundur.

Skarphéðinn laust á hjálminn Sigmundar og hjó hann síðan banahögg. Grímur hjó á fótinn Skildi og tók af í ristarliðnum en Helgi lagði sverði í gegnum hann og hafði hann þá bana.

Skarphéðinn sá smalamann Hallgerðar. Þá hafði hann höggvið höfuð af Sigmundi. Hann seldi smalamanni í hendur höfuðið og bað hann færa Hallgerði og kvað hana kenna mundu hvort það höfuð hefði kveðið nið um þá.

Smalamaður kastaði niður þegar höfðinu er þeir skildu því að hann þorði eigi meðan þeir voru við. Þeir bræður fóru nú þar til er þeir fundu menn niðri við Markarfljót og sögðu þeim tíðindin. Lýsti Skarphéðinn vígi Sigmundar á hendur sér en þeir Grímur og Helgi vígi Skjaldar sér á hendur. Fóru þeir þá heim og sögðu Njáli tíðindin.

Njáll mælti: "Njótið heilir handa. Hér skulu eigi sjálfðæmi fyrir koma að svo búnu."

Nú er þar til máls að taka er smalamaður kemur heim til Hlíðarenda. Hann segir Hallgerði tíðindin.

"Fékk Skarphéðinn mér í hendur höfuð Sigmundar og bað mig færa þér en eg þorði eigi að gera það," segir hann, "því að eg vissi eigi hversu þér mundi það líka."

"Það var illa er þú gerðir það eigi," segir hún. "Eg skyldi færa Gunnari höfuðið og mundi hann þá hefna frænda síns eða sitja fyrir hvers manns ámæli."

Síðan gekk hún til Gunnars og mælti: "Eg segi þér víg Sigmundar frænda þíns. Hefir Skarphéðinn vegið hann og vildi láta færa mér höfuðið."

"Slíks var Sigmundi von," segir Gunnar, "því að illa gefast ill ráð. En jafnan gerir hvort ykkart Skarphéðins grálega til annars."

Gekk þá Gunnar í braut. Hann lét ekki búa til vígsmálið og engan hlut að hafa. Hallgerður minnti oft á og sagði Sigmund vera óbættan. Gunnar gaf ekki gaum að því.

Nú liðu þrjú þing þau er menn ætluðu að hann mundi sækja málið. Þá kom eitt vandamál að hendi Gunnari það er hann vissi eigi hversu upp skyldi taka. Reið hann þá til fundar við Njál. Hann fagnar vel Gunnari.

Gunnar mælti til Njáls: "Heilræði er eg kominn að sækja að þér um eitt vandamál."

"Maklegur ert þú þeirra," segir Njáll og réð honum ráðin.

Gunnar stóð þá upp og þakkaði honum.

Njáll mælti þá og tók til Gunnars: "Helsti lengi hefir Sigmundur frændi þinn óbættur verið."

"Fyrir löngu var hann bættur," segir Gunnar, "en þó vil eg eigi drepa hendi við sóma mínum."

Gunnar hafði aldrei illa mælt til Njálssona. Njáll vildi ekki annað en Gunnar gerði um málið. Hann gerði tvö hundruð silfurs en lét Skjöld vera ógildan. Þeir greiddu þegar allt féið. Gunnar sagði sætt þeirra upp á Þingskálapingi þá er þar var mest fjölmenni og tjáði hversu þeim hafði vel farið feðgum og sagði um orð þau hin illu er Sigmundi dró til höfuðsbana og skyldi engi þau herma síðan en vera ógildur hver sem hermdi. Þeir mæltu það báðir, Gunnar og Njáll, að engir hlutir skyldu þeir til verða að eigi semdu þeir sjálfir. Efnidist það og vel síðan og voru þeir jafnan vinir.

## 46. kafli

Gissur hvíti hét maður. Hann var Teitsson Ketilbjarnarsonar hins gamla frá Mosfelli. Móðir Gissurar hét Ólöf. Hún var dóttir Böðvars hersis Víkinga-Kárasonar. Ísleifur byskup var sonur Gissurar. Móðir Teits hét Helga og var dóttir Þórðar Skeggja Hrappssonar Bjarnarsonar bunu. Gissur hvíti bjó að Mosfelli og var höfðingi mikill.

Sá maður er nefndur til sögunnar er Geir hét. Hann var kallaður Geir goði. Móðir hans hét Þorkatla og var dóttir Ketilbjarnar hins gamla frá Mosfelli. Geir bjó í Hlíð í Byskupstungu. Þeir Geir og Gissur fylgdust að hverju máli.

Í þenna tíma bjó Mörður Valgarðsson að Hofi á Rangárvöllum. Hann var slægur og illgjarn. Þá var Valgarður utan, faðir hans, en móðir hans önduð. Hann öfundaði mjög Gunnar frá Hlíðarenda. Hann var vel auðigur að fé og heldur óvinsæll.

## 47. kafli

Otkell hét maður. Hann var Skarfsson Hallkelssonar. Sá Hallkell barðist við Grím í Grímsnesi og felldi hann á hólmi. Þeir voru bræður Hallkell og Ketilbjörn hinn gamli. Otkell bjó í Kirkjubæ. Þorgerður hét kona hans. Hún var Másdóttir Bröndólfssonar Naddaðarsonar hins færeyska. Otkell var auðigur að fé. Sonur hans hét Þorgeir. Hann var á ungum aldri og gervilegur maður.



Skammkell hét maður. Hann bjó að Hofi öðru. Hann átti vel fé. Hann var maður illgjarn og lyginn, ódæll og illur viðureignar. Hann var vinur Otkels mikill.

Hallkell hét bróðir Otkels. Hann var mikill maður og sterkur og var þar með Otkatli. Bróðir þeirra hét Hallbjörn hvíti. Hann flutt út þræl einn er Melkólfur hét. Hann var írskur og heldur óvinsæll. Hallbjörn fór til vistar með Otkatli og svo Melkólfur þræll. Þrællinn mælti það jafnan að hann þættist sæll ef Otkell ætti hann. Otkell var vel til hans og gaf honum hníf og belti og alklæðnað en þrællinn vann allt það er hann vildi. Otkell falaði þrællinn að bróður sínum. Hann kvaðst mundu gefa honum þrællinn en kvað þó verra grip í en hann ætlaði. En þegar er Otkell átti þrællinn þá vann hann allt verr. Otkell talaði oft um það fyrir Hallbirni bróður sínum að honum þótti þrællinn lítið vinna en hann kvað honum þó annað verr gefið.

Í þenna tíma kom hallæri mikið svo að menn skorti bæði hey og mat og gekk það um allar sveitir. Gunnar miðlaði mörgum manni hey og mat og höfðu allir þeir er þangað komu meðan til var. Svo kom að Gunnar skorti bæði hey og mat. Þá kvaddi Gunnar Kolskegg til ferðar með sér og þá Sigfússonu og Lamba Sigurðarson. Þeir fóru í Kirkjubæ og kölluðu Otkel út. Hann heilsaði þeim.

Gunnar mælti: "Svo er hátt að eg er kominn að fala að þér hey og mat ef til er."

Otkell svarar: "Hvorttveggja er til en hvortgi mun eg þér selja."

"Vilt þú gefa mér þá," segir Gunnar, "og hætta til hverju eg launa þér?"

"Eigi vil eg það," segir Otkell.

Skammkell var tillagaillur.

Þráinn Sigfússon mælti: "Þess væri vert að vér tækjum upp bæði hey og mat og legðum verð í staðinn."

"Aldauða eru þá Mosfellingar," segir Skammkell, "ef þér Sigfússynir skuluð ræna þá."

"Með engi rán munum vér fara," segir Gunnar.

"Vilt þú kaupa þræl að mér?" segir Otkell.

"Það spara eg eigi," segir Gunnar.

Síðan keypti Gunnar þrællinn og fór í braut við svo búíð.

Þetta spyr Njáll og mælti: "Illa er slíkt gert að varna Gunnari kaups. Er þar öðrum eigi góðs von er slíkir fá eigi."

Bergþóra húsfreyja mælti: "Hvað skalt þú margt um slíkt tala? Er þér miklu drengilegra að fá honum bæði mat og hey er þig skortir hvortgi til."

Njáll mælti: "Þetta er dagsanna og skal eg víst birgja hann að nokkuru."

Fór hann þá upp í Þórólfsfell og synir hans og bundu þar hey á fimmtán hesta en á finn hestum höfðu þeir mat. Njáll kom til Hlíðarenda og kallaði út Gunnar. Hann fagnar þeim vel.

Njáll mælti: "Hér er hey og matur er eg vil gefa þér. Vil eg að þú leitir aldrei annarra en mín ef þú þarft nokkurs við."

"Góðar eru gjafar þínar," segir Gunnar, "en meira þykir mér verð vinátta þín og sona þinna."

Fór Njáll heim síðan. Líður nú vorið.

## 48. kafli

Gunnar ríður til þings um sumarið en að hans gisti fjölmenni mikið austan af Síðu. Gunnar bauð að þeir gistu þar er þeir ríðu af þingi. Þeir kváðust svo gera mundu. Ríða nú til þings. Njáll var á þingi og synir hans. Þingið er kyrrt.

Nú er þar til að taka að Hallgerður kemur að máli við Melkólf þræl: "Sendiför hefi eg hugað þér," segir hún, "þú skalt fara í Kirkjubæ."

"Og hvað skal eg þangað?" segir hann.

Þú skalt stela þaðan mat á tvo hesta og hafa smjör og ost en þú skalt leggja eld í útibúrið og munu allir ætla að af vangeymslu hafi orðið en engi mun ætla að stolið hafi verið."

Þrællinn mælti: "Vondur hefi eg verið en aldrei hefi eg þjófur verið."

"Heyr á endemi," segir Hallgerður, "þú gerir þig góðan þar sem þú hefir bæði verið þjófur og morðingi og skalt þú eigi þora annað en fara ella skal eg láta drepa þig."

Hann þóttist vita að hún mundi svo gera ef hann færi eigi. Tók hann um nóttina tvo hesta og lagði á lénur og fór í Kirkjubæ. Hundurinn gó eigi að honum og kenndi hann og hljóp í mót honum og lét vel við hann. Síðan fór hann til útibúrs og lauk upp og klyfjaði þaðan tvo hesta af mat en brenndi búrið og drap hundinn. Hann fer upp með Rangá. Þá slitnar skóþvengur hans og tekur hann hnífinn og gerir að. Honum liggur eftir hnífurinn og beltið. Hann fer þar til er hann kemur til Hlíðarenda. Þá saknar hann hnífsins og þorir eigi aftur að fara, færir nú Hallgerði matinn. Hún lét vel yfir hans ferð.

Um morguninn er menn komu út í Kirkjubæ sáu menn þar skaða mikinn. Var þá sendur maður til þings að segja Otkatli því að hann var á þingi. Hann var vel við skaðann og kvað það valdið mundu hafa að eldhúsið var áfast útibúrinu og ætluðu það þá allir að það mundi til hafa borið.

Nú ríða menn heim af þingi og ríða margir til Hlíðarenda. Hallgerður bar mat á borð og kom innar ostur og smjör. Gunnar vissi slíks matar þar ekki von og spurði Hallgerði hvaðan það kæmi.

"Þaðan sem þú mátt vel eta," segir hún, "enda er það ekki karla að annast um matreiðu."

Gunnar reiddist og mælti: "Illa er þá ef eg er þjófsnautur" og lýstur hana kinnhest.

Hún kvaðst þann hest muna skyldu og launa ef hún mætti. Gekk hún þá fram og hann með henni og var þá borið allt af borðinu en borið innar slátur og ætluðu allir að það mundi til hafa borið að þá mundi þykja fengið betur. Fara þingmenn nú í braut.

## 49. kafli

Nú er að segja frá Skammkatli að hann ríður að sauðum upp með Rangá og sér hann að glóar nokkuð í götunni og hleypur af baki og tekur upp og var það hnífur og belti og þykist hann kenna hvorttveggja og fer í Kirkjubæ. Otkell er úti staddur og fagnar honum vel.

Skammkell mælti til Otkels: "Kennir þú nokkuð til gripa þessa?"

"Kenni eg víst," segir Otkell.

"Hver á?" segir Skammkell.

"Melkólfur þræll," segir Otkell.

"Kenna skulu þá fleiri," segir Skammkell, "en við tveir því að trúr skal eg þér í ráðum."

Þeir sýndu mörgum mönnum og kenndu þeir allir.

Þá mælti Skammkell: "Hvað munt þú nú til ráða taka?"

Otkell svaraði: "Við skulum fara að finna Mörð Valgarðsson og sýna honum og vita hvað hann leggi til ráðs með okkur."

Síðan fóru þeir til Hofs og sýndu Merði gripina og spurðu ef hann kenndi.

Hann kvaðst kenna "eða hvað er að því? Þykist þér til Hlíðarenda eiga eftir nokkuru að sjá?"

"Vant þykir oss með slíku að fara," segir Skammkell, "er slíkir ofureflismenn eiga í hlut."

"Svo er víst," segir Mörður, "en þó mun eg vita þá hluti úr híbýlum Gunnars er hvorgi ykkar mun vita."

"Gefa viljum vér þér fé til," segja þeir, "að þú leitir eftir þessu máli."

Mörður svaraði: "Það fé mun mér fullkeypt en þó má vera að eg hætti á."

Síðan gáfu þeir honum þrjár merkur silfurs að hann skyldi vera með þeim í ráðagerð og liðveislu. Hann gaf það ráð til að konur skyldu fara með smávarning og gefa húsfreyjum og vita hverju þeim væri launað "því að allir hafa það skaplyndi," segir Mörður, "að gefa það fyrst upp er stolið er ef það hafa að varðveita. Mun hér og svo ef af mannavöldum er. Skulu þær þá sýna mér af hverju gefið er hvargi. Vil eg þá vera laus máls þessa ef uppvíst verður."

Þessu játuðu þeir. Fóru þeir heim síðan.

Mörður sendi konur í hérað og voru þær í brautu hálfan mánuð. Þær komu aftur og höfðu byrðar stórar. Mörður spurði hvar þeim hefði mest gefið verið. Þær sögðu að þeim hefði að Hlíðarenda mest gefið verið og Hallgerður yrði þeim mestur drengur.

Hann spyr hvað þeim væri þar gefið.

"Ostur," segja þær.

Hann beiddist að sjá. Þær sýndu honum og voru það sneiðir margar. Tók hann þær og varðveitti. Litlu síðar fór Mördur að finna Otkel. Bað hann að taka skyldi ostkistu Þorgerðar og var svo gert. Lagði hann þar í niður sneiðirnar og stóðst það á endum og ostkistan. Sáú þeir þá að þeim hafði heill hleifur gefinn verið.

Þá mælti Mördur: "Nú megið þér sjá að Hallgerður mun stolið hafa ostinum."

Drógu þeir þá öll dæmi saman. Sagði Mördur þá að hann þóttist laus þessa máls. Skildu þeir að því.

Kolskeggur kom að máli við Gunnar og mælti: "Illt er að segja. Alræmt er að Hallgerður muni stolið hafa og valdið þeim hinum mikla skaða er varð í Kirkjubæ."

Gunnar kvaðst ætla að svo mundi vera "eða hvað er nú til ráðs?"

Kolskeggur svaraði: "Þú munt þykja skyldastur að bæta fyrir konu þinni og þykir mér ráð að þú farir að finna Otkel og bjóðir honum góð boð."

"Þetta er vel mælt," segir Gunnar, "og skal svo vera."

Litlu síðar sendi Gunnar eftir Þráni Sigfússyni og Lamba Sigurðarsyni og komu þeir þegar. Gunnar sagði þeim hvert hann ætlaði. Þeir létu vel yfir því.

Gunnar reið við hinn tólfta mann í Kirkjubæ og kallaði út Otkel.

Þar var Skammkell og mælti: "Eg skal út ganga með þér og mun nú betra að hafa vitsmuni við. Mundi eg það vilja að standa þér þá næst er þú þyrftir mest sem nú mun vera. Þykir mér það ráð að þú látir drjúglega."

Síðan gengu þeir út, Otkell og Skammkell, Hallkell og Hallbjörn. Þeir heilsuðu Gunnari. Hann tók því vel. Otkell spyr hvert hann ætlaði að fara.

"Ekki lengra en hingað," segir Gunnar, "og er það erindi mitt að segja þér um skaða þann hinn mikla og hinn illa er hér er orðinn að hann er af völdum konu minnar og þræls þess er eg keypti að þér."

"Slíks var von," segir Hallbjörn.

Gunnar mælti: "Hér vil eg bjóða fyrir góð boð og bjóða að hinir bestu menn skipi um í héraðinu."

Skammkell mælti: "Þetta eru áheyrileg boð og ójafnleg. Þú ert vinsæll af bóndum en Otkell er óvinsæll."

"Bjóða mun eg," segir Gunnar, "að gera um sjálfur og lúka upp þegar og leggja á vináttu mína og greiða nú allt féið og mun eg bæta þér tvennum bótum."

Skammkell mælti: "Þenna kost skalt þú eigi þiggja og er það grunnúðlegt ef þú ætlar að selja honum sjálfðæmi þar er þú ættir að taka."

Otkell mælti: "Eigi vil eg selja þér sjálfðæmi Gunnar."

Gunnar mælti: "Skil eg hér tillögur manna nærgi er launað verður, enda dæm þú nú sjálfur."

Otkell laut að Skammkatli og mælti: "Hverju skal eg nú svara?"

Skammkell mælti: "Þetta skalt þú kalla vel boðið en víkja máli þínu undir Gissur hvíta og Geir goða. Munu það þá margir mæla að þú sért líkur Hallkatli föðurföður þínum er mestur kappi hefir verið."

Otkell mælti: "Vel er þetta boðið Gunnar en þó vil eg að þú ljáir mér tólmstundar til að finna Gissur hvíta og Geir goða."

Gunnar mælti: "Far þú nú með sem þér líkar. En það munu sumir menn mæla að þú kunnir eigi að sjá sóma þinn er þú vilt eigi þessa kosti er eg býð þér."

Ríður Gunnar heim.

Og er Gunnar var í brautu mælti Hallbjörn: "Hér veit eg mestan mannamun. Gunnar bauð þér aldrei svo góð boð að þú vildir þiggja eða hvað munt þú mega ætla þér að deila við Gunnar illdeilum þar sem engi er hans jafningi? En þó er hann svo vel að sér að hann mun láta standa boð þessi þó að þú þiggir síðar. Þykir mér ráð að þú farir að finna Gissur hvíta og Geir goða nú þegar."

Otkell lét taka hest sinn og bjó sig að öllu. Otkell var ekki glöggskyggn. Skammkell gekk á leið með Otkatli.

Hann ræddi við Otkel: "Undur þótti mér er bróðir þinn vildi eigi taka af þér þetta starf. Vil eg bjóða þér að fara fyrir þig er eg veit að þér þykir mikið fyrir ferðum."

"Það mun eg þiggja," sagði Otkell, "og ver þú sem réttorðastur."

"Svo skal vera," segir Skammkell.

Tók Skammkell þá við hestinum og við klæðum Otkels en Otkell gengur heim.

Hallbjörn var úti og mælti til Otkels: "Illt er að eiga þræl að einkavin og munum vér þessa jafnan iðrast er þú hefir aftur horfið og er það óviturlegt bragð að senda hinn lygnasta mann þess erindis er svo mun mega að kveða að líf manna liggi við."

"Hræddur mundir þú verða," segir Otkell, "ef Gunnar hefði á lofti atgeirinn er þú ert nú svo."

"Eigi veit það," segir Hallbjörn, "hver þá er hræddastur en það munt þú eiga til að segja að Gunnar mun ekki lengi munda atgeirinum ef hann færir hann á loft og sé hann reiður."

Otkell mælti: "Hvikið þér allir nema Skammkell."

Voru þeir þá báðir reiðir.

## 50. kafli

Skammkell kom til Mosfells og hermdi boð öll fyrir Gissuri.

"Svo líst mér," segir Gissur, "sem þetta hafi allvel boðið verið eða fyrir hví þá Otkell eigi boð þessi?"

"Það var mest í því," segir Skammkell, "að allir vildu leita þér vegs og beið hann af því þinna atkvæða og mun öllum það best gegna."

Þar var Skammkell um nóttina.

Gissur sendi mann eftir Geiri goða og kom hann ofan snemma.

Segir þá Gissur honum allt hversu farið var, spurði þá hversu með skyldi fara.

Geir mælti: "Svo sem þú munt áður ætlað hafa að gera það af þessu máli sem best gegnir. Nú munum við láta Skammkel segja söguna í annað sinn og vita hversu honum hermist."

Þeir gerðu svo.

Geir mælti: "Rétt munt þú sagt hafa sögu þessa en þó hefi eg þig séð illmannlegastan mann og eigi deilir litur kosti ef þú gefst vel."

Fór Skammkell heim og ríður fyrst í Kirkjubæ og kallar út Otkel. Hann fagnar vel Skammkatli.

Skammkell segir honum kveðju Gissurar og Geirs "en um málaferli þessi þarf ekki að tala hljóðlega að það er vilji þeirra Geirs goða og Gissurar að sættast ekki á mál þessi. Er það tillaga þeirra að þú farir til Hlíðarenda og stefnir Hallgerði um stuld en Gunnari um afneyslu."

Otkell mælti: "Svo skal með öllu fara sem þeir hafa ráð til gefið."

"Þeim þótti og undir því mest," segir Skammkell, "að þú hefðir sem mikillegast látið en eg gerði þig sem mestan mann af öllu."

Nú segir Otkell bræðrum sínum.

Hallbjörn mælti: "Þetta mun vera hin mesta lygi."

Nú líða stundir þar til er stefnudagar komu hinir síðustu til alþingis. Otkell kvaddi bræður sína og Skammkel að ríða til Hlíðarenda stefnuför.

Hallbjörn kvaðst fara mundu en kvað þá þessar ferðar iðrast mundu "þá er stundir líða."

Nú ríða þeir tólf saman til Hlíðarenda. En er þeir komu í túnið þá var Gunnar úti og fann eigi fyrr en þeir komu allt að bænum. Hann gengur þá eigi inn. Otkell lætur þegar dynja stefnuna.

En er þeir höfðu fram flutt stefnuna þá mælti Skammkell: "Er rétt stefnt Gunnar bóndi?"

"Þér vitið slíkt," segir Gunnar, "en minna skal eg þig á ferð þessa Skammkell eitthvert sinn og tillögur þínar."

"Það mun oss ekki saka," segir Skammkell, "ef atgeirinn er eigi á lofti."

Gunnar var hinn reiðasti og gekk inn og sagði Kolskeggi.

Kolskeggur mælti: "Illa var er vér vorum eigi úti. Þeir skyldu hafa farið hingað hina mestu sneypu ef vér hefðum við verið."

Gunnar mælti: "Hvað bíður sinnar stundar en ekki mun þeim för sjá til sæmdar verða."

Litlu síðar fór Gunnar að finna Njál og sagði honum.

Njáll mælti: "Lát þú lítt á þig fá því að þetta mun þér verða til hinnar mestu sæmdar áður þessu þingi sé lokið. Skulum vér og fylgja þér allir með ráðum og kappi."

Gunnar þakkaði honum og reið heim.

Otkell ríður til þings og bræður hans og Skammkell.

## 51. kafli

Gunnar reið til þings og allir Sigfússynir, svo Njáll og synir hans. Þeir gengu með Gunnari allir og var það mælt að engi flokkur mundi jafn harðsnúinn þeim.

Gunnar gekk einn dag til búðar Dalamanna. Hrútur var við búð og Höskuldur og fögnuðu þeir vel Gunnari. Gunnar segir þeim alla sögu um málaferli þessi.

"Hvað leggur Njáll til ráðs?" segir Hrútur.

Gunnar svaraði: "Hann bað mig finna ykkur bræður og segja svo að eitt ráð mundi honum um það sýnast sem ykkur."

"Það vill hann þá," segir Hrútur, "að eg kveði upp fyrir vensla sakir og skal svo vera. Þú skalt skora á hólmi Gissuri hvíta ef þeir bjóða þér eigi sjálfðæmi en Kolskeggur Geiri goða. En fást munu menn til að ganga að móti Otkatli og bræðrum hans. Og höfum vér nú lið svo mikið allir saman að þú mátt fram koma slíku sem þú vilt."

Gunnar gekk heim til búðar og sagði Njáli.

"Slíks var mér von," sagði Njáll.

Úlfur aurgoði varð vís þessar ráðagerðar og sagði Gissuri.

Gissur mælti til Otkels: "Hver lagði það til ráðs með þér að þú skyldir stefna Gunnari?"

"Skammkell sagði mér að það væri ráðagerð ykkur Geirs goða," segir Otkell.

"En hvar er mannfýla sú," segir Gissur, "er þetta hefir logið?"

"Hann liggur sjúkur heima að búð," segir Otkell.

"Þar er hann standi aldrei upp," segir Gissur. "En nú skulum vér allir ganga að finna Gunnar og bjóða honum sjálfðæmi og veit eg þó eigi hvort hann vill þau nú taka."

Margir menn mæltu illt við Skammkell og lá hann sjúkur um allt þingið.

Þeir Gissur gengu til búðar Gunnars. Kennð var för þeirra og var sagt Gunnari inn í búðina. Þeir gengu út allir og fylktu. Gissur hvíti gekk fyrstur.

Hann mælti er þeir fundust: "Það er boð vort Gunnar að þú dæmir sjálfur málið ykkart Otkels."

"Fjarri mun það þá þínu ráði," segir Gunnar, "er mér var stefnt."

"Eigi réð eg því," segir Gissur, "og hvorgi okkar Geirs."

"Þá muntu vilja synja þess með skynsemd," segir Gunnar.

"Hvers beiðist þú um?" segir Gissur.

"Þess að þú vinnir eið," segir Gunnar.

"Það vil eg gera," segir Gissur, "ef þú vilt þiggja sjálfðæmið."

"Það bauð eg fyrir stundu," segir Gunnar, "en nú þykir mér um meira að dæma."

Njáll mælti: "Eigi er að níta sjálfðæminu, þess að meiri sæmdar er fyrir vert, er meira er málið."

Gunnar mælti: "Gera mun eg til skaps vina minna að dæma málið. En það ræð eg Otkatli að ekki geri hann til saka við mig síðan."

Þá var sent eftir Höskuldi og Hróti og komu þeir þangað til. Vann þá Gissur eið og Geir goði en Gunnar gerði gerðina og réðst við engann mann um og síðan sagði hann upp gerðina.

"Það er gerð mín," sagði hann, "að eg geri verð húss og matar þess er inni var. En fyrir þrælinn vil eg þér ekki bæta þar er þú leyndir annmarka á honum. Geri eg hann þér til handa Otkell því að þar eru eyru sæmst sem óxu. Met eg svo sem þér hafið stefnt mér til háðungar og fyrir það dæmi eg eigi minna til handa mér en vert er þetta fé, húsið og það er inni brann. En ef yður þykir betra að vér séum ósáttir þá læt eg þess enn kost en gert hefi eg þá enn eitt ráð fyrir mér og skal það þá fram koma."

Gissur svarar: "Það viljum vér að þú gjaldir ekki fé en þess beiðum vér að þú sért vinur Otkels."

"Það skal verða aldrei," segir Gunnar, "meðan eg lifi og mun hann hafa vináttu Skammkels. Þeirri hefir hann lengi hlítt."

Gissur svarar: "Þó viljum vér nú lúka málinu þó að þú ráðir einn skildaganum."

Voru þá handsalaðar þessar sættir allar.

Gunnar mælti til Otkels: "Ráðlegra er þér að fara til frænda þinna. En ef þú vilt vera þar í sveit þá ger þú ekki til saka við mig."

Gissur mælti: "Þetta er heilræði og skal hann svo gera."

Gunnar hafði mikla sæmd af málinu. Riðu menn síðan heim af þingi. Situr nú Gunnar í búi sínu og er nú kyrrt um hríð.

## 52. kafli

Runólfur hét maður sonur Úlfs aurgoða. Hann bjó í Dal fyrir austan Markarfljót. Hann gisti Otkel er hann reið af þingi. Otkell gaf honum uxa alsvartan, níu vetra gamlan. Runólfur þakkaði honum gjöfina og bauð honum heim þá er hann vildi fara og stóð þetta heimboð nokkurt skeið svo að hann fór eigi. Runólfur sendi honum oft menn og minnti á að hann skyldi fara og hét hann jafnan ferðinni. Otkell átti hesta tvo bleikálotta. Þeir voru bestir hestar að reið í héraðinu og svo elskir hvor að öðrum að hvor rann eftir öðrum.



Austmaður var á vist með Otkatli er Auðúlfur hét. Hann lagði hug á Signýju dóttur Otkels. Auðúlfur var mikill maður vexti og styrkur.

## 53. kafli

Það var um vorið að Otkell mælti að þeir mundu ríða austur í Dal að heimboði og létu allir vel yfir því. Skammkell var í för með Otkatli og bræður hans tveir, Auðúlfur og þrír menn aðrir. Otkell reið hinum bleikálótta hesti en annar rann hjá laus. Stefna þeir austur til Markarfljóts. Hleypir hann nú fyrir Otkel. Ærast nú báðir hestarnir og hlaupa af leiðinni upp til Fljótshlíðar. Fer Otkell nú meira en hann vildi.

Gunnar hafði farið heiman einn samt af bæ sínum og hafði kornkippu í annarri hendi en handöxi í annarri. Hann gengur á sáðland sitt og sáir þar niður korninu og lagði guðvefjarskikkju sína niður hjá sér og öxina og sáir nú korninu um hríð.

Nú er að segja frá Otkatli að hann ríður meira en hann vildi. Hann hefir spora á fótum og hleypir neðan um sáðlandið og sér hvorgi þeirra Gunnars annan. Og í því er Gunnar stendur upp ríður Otkell á hann ofan og rekur sporann við eyra Gunnari og rístur hann mikla rist og blæðir þegar mjög. Þar riðu þá félagar Otkels.

"Allir megið þér sjá," segir Gunnar, "að þú hefir blóðgað mig og er slíkt ósæmilega farið. Hefir þú stefnt mér fyrst en nú treður þú mig undir fótum og ríður á mig."

Skammkell mælti: "Vel er við orðið bóndi en hvergi varst þú óreiðulegri á þinginu þá er þú tókst sjálfðæmið og þú hélst á atgeirinum."

Gunnar mælti: "Þá er við finnumst næst skalt þú sjá atgeirinn."

Síðan skilja þeir að því.

Skammkell æpti upp og mælti: "Hart ríðið þér sveinar."

Gunnar gekk heim og gat fyrir engum manni um og ætluðu engir að þetta mundi af mannavöldum vera. Einu hverju sinni var það að hann sagði Kolskeggi bróður sínum.

Kolskeggur mælti: "Þetta skalt þú segja fleirum mönnum að eigi sé það mælt að þú gefir dauðum sök því að þrætt mun vera í móti ef eigi vita vitni áður hvað þér hafið saman átt."

Gunnar sagði nábúum sínum og var lítil orðræða á fyrst.

Otkell kemur austur í Dal og er þar við þeim vel tekið og sitja þar viku. Otkell sagði Runólfi allt hversu fór með þeim Gunnari. Einn maður varð til að spyrja að því hversu Gunnar varð við.

Skammkell mælti: "Það mundi mælt ef ótiginn maður væri að grátið hefði."

"Illa er slíkt mælt," segir Runólfur, "og munt þú það eiga til að segja næst er þið finnist að úr sé grátraust úr skapi hans. Og væri það vel ef eigi gyldu betri menn þessar illsku. Líst mér nú hitt ráð þá er þér viljið heim fara að eg fari með yður því að Gunnar mun eigi gera mér mein."

"Eigi vil eg það," segir Otkell, "og munum vér ríða neðarlega yfir fljótið."

Runólfur gaf Otkatli góðar gjafar og kvað þá eigi sjást mundu oftar. Otkell bað hann þá muna syni sínum ef svo bæri við það er með þeim var vel.

## 54. kafli

Nú er þar til máls að taka að Gunnar var úti að Hlíðarenda og sér smalamann sinn hleypa að garði. Smalamaðurinn reið heim í túnið.

Gunnar mælti: "Hví ríður þú svo hart?"

"Eg vildi vera þér trúlyndur," segir hann. "Eg sá menn ríða ofan með Markarfljóti átta saman og voru fjórir í litklæðum."

Gunnar mælti: "Þar mun vera Otkell."

"Vildi eg því segja þér," segir smalamaðurinn, "að eg hefi oft heyrt mörg skapraunarorð þeirra. Sagði svo Skammkell austur í Dal að þú hefðir grátið þá er þeir ríðu á þig ofan. Þykja mér ill vera orðtök vondra manna."

"Ekki skulum við vera orðsjúkir," segir Gunnar, "en það eitt skalt þú vinna héðan í frá er þú vilt."

"Skal eg nokkuð segja Kolskeggi bróður þínum?" segir smalamaðurinn.

"Far þú og sof," segir Gunnar. "Eg mun segja Kolskeggi slíkt er mér líkar."

Sveinninn lagðist niður og sofnaði þegar.

Gunnar tók smalahestinn og lagði á söðul sinn. Hann tók skjöld sinn og gyrti sig sverðinu Ölvisnaut, setur hjálm á höfuð sér, tekur atgeirinn og söng í honum hátt og heyrði Rannveig móðir hans.

Hún gekk fram og mælti: "Reiðulegur ert þú nú son minn og ekki sá eg þig slíkan fyrir."

Gunnar gengur út og stingur niður atgeirinum og verpur sér í söðulinn og ríður braut. Rannveig gekk til stofu. Þar var háreysti mikið.

"Hátt kveðið þér," segir hún, "en þó lét hærra atgeirinn er Gunnar gekk út."

Kolskeggur heyrði og mælti: "Það mun eigi engra tíðinda vita."

"Það er vel," segir Hallgerður, "nú munu þeir reyna hvort hann gengur grátandi undan þeim."

Kolskeggur tekur vopn sín og leitar sér að hesti og ríður eftir slíkt er hann mátti.

Gunnar ríður um Akratungu þvera og svo til Geilastofna og þaðan til Rangár og ofan til vaðs hjá Hofi. Konur voru þar á stöðli. Gunnar hljóp af hesti sínum og batt. Þá ríðu hinir að. Móhellur voru í götunum við vaðið.

Gunnar mælti til þeirra: "Nú er að verja sig. Er hér nú atgeirinn. Munuð þér nú og reyna hvort eg græt nokkuð fyrir yður."

Þeir hljópu þá allir af baki og sóttu að Gunnari. Hallbjörn var fremstur.

"Sæk þú eigi að," segir Gunnar. "Þér vildi eg síst illt gera en eg mun þó engum hlífa ef eg á hendur mínar að verja."

"Það mun ekki gera," segir Hallbjörn. Þú munt þó drepa vilja bróður minn og er það skömm ef eg sit hjá" og lagði til Gunnars tveim höndum miklu spjóti.

Gunnar skaut fyrir skildinum en Hallbjörn lagði í gegn um skjöldinn. Gunnar skaut svo fast niður skildinum að hann stóð fastur í jörðunni en tók til sverðsins svo skjótt að eigi mátti auga á festa og hjó með sverðinu og kom á höndina Hallbirni fyrir ofan úflið svo að af tók.

Skammkell hljóp á bak Gunnari og höggur til hans með mikilli öxi. Gunnar snerist skjótt að honum og lýstur við atgeirinum og kom undir kverk öxinni og hraut hún úr hendi honum út á Rangá. Gunnar leggur í annað sinn atgeirinum og í gegnum Skammkel og vegur hann upp og kastar honum í leirgötuna að höfðinu. Auðólfur austmaður þreif upp spjót og skaut að Gunnari. Gunnar tók á lofti spjótið og skaut aftur þegar og fló í gegnum skjöldinn og austmanninn og niður í völlinn. Otkell höggur með sverði til Gunnars og stefnir á fótinn fyrir neðan kné. Gunnar hljóp í loft upp og missir Otkell hans. Gunnar leggur atgeirinum til hans og í gegnum hann. Þá kemur Kolskeggur að og hleypur þegar að Hallkatli og höggur hann banahögg með saxinu. Þar vega þeir þá átta.

Kona hljóp heim, er sá, og sagði Merði og bað hann skilja þá.

"Þeir einir munu vera," segir hann, "að eg hirði aldrei þó að drepist."

"Eigi munt þú það vilja mæla," segir hún, "þar mun vera Gunnar frændi þinn og Otkell vinur þinn."

"Klifar þú nokkuð jafnan mannfýla þín," segir hann og lá hann inni meðan þeir börðust.

Gunnar reið heim og Kolskeggur eftir verk þessi og ríða þeir hart upp eftir eyrunum og stökk Gunnar af baki og kom standandi niður.

Kolskeggur mælti: "Hart ríður þú nú frændi."

Gunnar mælti: "Það lagði Skammkell mér til orðs er eg mælti svo: "Þér ríðið á mig ofan.""

"Hefnt hefir þú nú þess," segir Kolskeggur.

"Hvað eg veit," segir Gunnar, "hvort eg mun því óvaskari maður en aðrir menn sem mér þykir meira fyrir en öðrum mönnum að vega menn."

## 55. kafli

Nú spyrjast tíðindin og mæltu það margir að eigi þætti þetta fyrr fram koma en líklegt var. Gunnar reið til Bergþórshvols og sagði Njáli verk þessi.

Njáll mælti: "Mikið hefir þú að gert og hefir þú verið mjög að þreyttur."

"Hversu mun nú ganga síðan?" segir Gunnar.

"Vilt þú að eg segi þér það," segir Njáll, "er eigi er fram komið? Þú munt ríða til þings og munt þú njóta við ráða minna og fá af þessu máli hina mestu sæmd. Mun þetta upphaf vígaferla þinna."

"Ráð þú mér heilræði nokkur," segir Gunnar.

"Eg skal það gera," segir Njáll. "Veg þú aldrei meir í hinn sama knérunn en um sinn og rjúf aldrei sætt þá er góðir menn gera meðal þín og annarra og þó síst á því máli."

Gunnar mælti: "Öðrum ætlaði eg að það skyldi hættara en mér."

"Svo mun vera," segir Njáll, "en þó skalt þú svo um þitt mál hugsa ef þetta ber saman að þá munt þú skammt eiga ólifað en ella munt verða gamall maður."

Gunnar mælti: "Veist þú hvað þér mun verða að bana?"

"Veit eg," segir Njáll.

"Hvað?" segir Gunnar.

"Það sem allir munu síst ætla," segir Njáll.

Síðan reið Gunnar heim.

Maður var sendur Gissuri hvíta og Geiri goða því að þeir áttu eftir Otkel að mæla. Fundust þeir þá að og töluðu hversu með skyldi fara. Kom það ásamt með þeim að sótt mundi mál til laga. Var þá að leitað hver við mundi vilja taka en engi var til þess búinn.

"Svo líst mér," segir Gissur, "að nú muni tveir kostir. Að annar hvor okkar sækji málið og munum við þá verða að hluta með okkur eða ella mun vera maðurinn ógildur. Munum við og svo mega til ætla að þungt mun að hræra málið. Er Gunnar frændmargur og vinsæll. En sá okkar er eigi hlýtur skal til ríða og ekki úr ganga fyrr en til enda kemur málið."

Síðan hlutuðu þeir og hlaut Geir goði að fara með sökina.

Litlu síðar ríðu þeir vestan yfir ár og komu þar sem fundurinn hafði verið við Rangá og grófu upp líkamina og nefndu votta að benjum. Síðan lýstu þeir og kvöddu níu búa um málið. Þeim var sagt að Gunnar var heima við þrjá tigu manna. Spurði þá Geir goði hvort Gissur vildi að ríða við hundrað manna.

"Eigi vil eg það," segir hann, "þó að mikill sé liðsmunur."

Ríðu þeir þá aftur heim. Málalíbúnaður spurðist um öll héruð og var sú orðræða á að róstumikið mundi verða þingið.

## 56. kafli

Skafti hét maður. Hann var Þóroddsson. Móðir Þórodds var Þórvör. Hún var dóttir Þormóðar skafta, Óleifssonar breiðs, Ölvissonar barnakarls. Þeir voru höfðingjar miklir feðgar og lögmenn miklir. Þóroddur þótti nokkuð grályndur og slægur. Þeir veittu Gissuri hvíta að hverju máli.

Þeir Hlíðverjar og Rangæingar fjölmenntu mjög til þings. Var Gunnar svo vinsæll að allir sammæltust á það að fylgja honum. Koma þeir nú allir til þings og tjalda búðir sínar.

Í sambandi með Gissuri hvíta voru þessir höfðingjar: Skafti og Þóroddur, Ásgrímur Elliða-Grímsson, Oddur frá Kiðjabelgi, Halldór Örnólfsson.

Nú ganga menn til Lögbergs einnhvern dag. Stóð þá upp Geir goði og lýsti vígsök á hendur Gunnari um víg Otkels. Annarri vígsök lýsti hann á hendur Gunnari um víg Hallbjarnar hvíta, þá um víg Auðólfs, þá um víg Skammkels. Þá lýsti hann vígsök á hendur Kolskeggi um víg Hallkells. Og þá er hann hafði lýst öllum vígsökunum var það talað að honum hefði vel mælst. Hann spurði að þingfesti og að heimilisfangi. Gengu menn síðan frá Lögbergi.

Líður nú þingið þar til er dómur skyldu fara út til sóknar. Fjölmenntu þá hvorirtveggju út liði sínu. Geir goði og Gissur hvíti stóðu sunnan að Rangæingadómi. Gunnar og Njáll stóðu norðan að dóminum. Geir goði býður Gunnari að hlýða til eiðspjalls síns. Síðan vann hann eið. Eftir það sagði hann fram sök. Þá lét hann bera lýsingarvætti. Þá lét hann bjóða búum í setu. Þá bauð hann til ruðningar um kviðinn. Þá beiddi hann framburðar um kviðinn. Þá gengu búar að dóminum þeir er kvaddir höfðu verið og nefndu sér votta og létu það standa fyrir kviðburði um mál Auðólfs að aðili var í Noregi og þeir áttu eigi um að skila málið. Eftir það báru þeir kvið um mál Otkels og báru Gunnar sannan að sökinni. Eftir það bauð Geir goði Gunnari til varna og nefndi votta að öllum gögnum þeim er fram voru komin.

Gunnar bauð þá að móti Geiri goða að hlýða til eiðspjalls síns og þeirra varna er hann mundi fram færa um málið. Þá vann hann eið.

Þá mælti Gunnar síðan: "Þá færi eg vörn fram um þetta mál að eg nefndi votta að eg óhelgaði Otkel fyrir búum af þeirri blóðugri ben er Otkell veitti mér áverka með spora sínum. En eg ver þér Geir goði lýriti mál þetta að sækja og svo dómöndum að dæma og ónýti eg með þessu allan þinn málatilbúnað. Ver eg þér lagalýriti, efalausu lýriti, fullu og föstu svo sem eg á að verja að alþingismáli réttu og allsherjarlögum. Eg mun og segja þér aðra meðför mína," segir Gunnar.

"Munt þú þá skora mér á hólm sem þú ert vanur," segir Geir, "og þola eigi lög."

"Eigi skal það," segir Gunnar. "Eg mun stefna þér að Lögbergi um það er þú kvaddir þess kviðar er eigi átti máli að skipta um víg Auðólfs og telja þig um það sekan fjörbaugsmann."

Njáll mælti: "Ekki má þetta svo fara því að þetta mun nú verða mjög með kappi deilt. Hafa hér hvorirtveggju mikið til síns máls að því sem mér líst. Eru þau sum víg að þú munt ekki í móti mega mæla að þú munt sekur um verða. Hefir þú og þann málatilbúnað á honum að hann mun og sekur um verða. Skalt þú og það vita Geir goði að enn er eigi upp kastað þeirri skóggangssök er á þér stendur og skal sú eigi niðri liggja ef þú vilt ekki gera fyrir mín orð."

Þóroddur goði mælti: "Svo líst oss sem það muni friðlegast að sæst sé á málið eða hví leggur þú svo fátt til Gissur hvíti?"

"Svo líst mér," segir Gissur, "sem rammar skorður muni þurfa við að setja að voru máli ef duga skal. Má það sjá að nær standa vinir Gunnars og mun sá verða málahluti vor bestur að góðir menn geri um ef Gunnar vill það."

"Sáttgjarn hefi eg verið jafnan," segir Gunnar, "enda eigið þér nú eftir mikið að mæla en eg þykist þó mjög neyddur til hafa verið."

Urðu þær nú málalyktir með ráði hinna vitrustu manna að málin voru öll lagið í gerð. Skyldi gera um sex menn. Var þá þegar gert um málið á þingi. Var það gert að Skammkell skyldi ógildur en manngjöld skyldu vera jöfn og sporahöggið en bætt voru önnur vígin sem vert þótti og gáfu frændur

Gunnars fé til að þegar voru bætt upp öll vígin þar á þinginu. Gengu þeir þá til og veittu Gunnari tryggðir Geir goði og Gissur hvíti.

Reið Gunnar heim af þingi og þakkaði mönnum liðveislu og gaf mörgum gjafar og fékk af hina mestu sæmd. Situr Gunnar nú heima í sæmd sinni.

## 57. kafli

Starkaður hét maður. Hann var sonur Barkar blátannarskeggs Þorkelssonar bundinfóta er land nam umhverfis Þríhyrning. Hann var kvongaður maður og hét kona hans Hallbera. Hún var dóttir Hróalds hins rauða og Hildigunnar dóttur Þorsteins tittlings. Móðir Hildigunnar var Unnur dóttir Eyvindar karfa, systir Móðólfs hins spaka er Móðylfingar eru frá komnir. Synir þeirra Starkaðar og Hallberu voru þeir Þorgeir og Börkur og Þorkell. Hildigunnur lækni var systir þeirra. Þeir voru ofsamenn miklir í skapi, harðlyndir og ódælir. Þeir sátu yfir hlut manna.

## 58. kafli

Egill hét maður. Hann var Kolsson Óttarssonar ballar er land nam meðal Stotalækjar og Reyðarvatns. Bróðir Egils var Önundur í Tröllaskógi, faðir Halla hins sterka er var að vígi Holta-Þóris með sonum Ketils hins sléttmála. Egill bjó í Sandgili. Synir hans voru þeir Kolur og Óttar og Haukur. Móðir þeirra var Steinvör systir Starkaðar undir Þríhyrningi. Synir Egils voru miklir menn og kappsamir og hinir mestu ójafnaðarmenn. Þeir voru að einu máli og synir Starkaðar. Systir þeirra var Guðrún náttsó. Hún var kvenna fríðust og kurteisust.

Egill hafði tekið við Austmönnum tveimur. Hét annar Þórir en annar Þorgrímur. Þeir voru frumferlar út hingað, vinsælir og auðgir. Þeir voru vígir vel og fræknir um allt.

Starkaður átti hest góðan, rauðan að lit, og þótti þeim svo sem engi hestur mundi hafa við þeim í vígi.

Einu hverju sinni var það að þeir bræður úr Sandgili voru undir Þríhyrningi. Þeir höfðu viðurmæli mikið um alla bændur í Fljótshlíð og þar kom að þeir töluðu hvort nokkur mundi vilja etja hestum við þá. En þeir menn voru að mæltu það til sóma þeim og eftirlætis að bæði mundu vera að engi mundi þora við að etja enda mundi engi eiga þvílíkan hest.

Þá svaraði Hildigunnur: "Veit eg þann mann er þora mun að etja við yður."

"Nefn þú þann," segja þeir.

Hún svarar: "Gunnar að Hlíðarenda á hest brúnan og mun hann þora að etja við yður og við alla aðra."

"Svo þykir yður konum," segja þeir, "sem engi muni vera hans maki. En þó að auvirðilega hafi farið fyrir honum Geir goði eða Gissur hvíti þá er eigi ráðið að oss fari svo."

"Yður mun first um fara," segir hún og varð þeim af hin mesta deila.

Starkaður mælti: "Á Gunnar vildi eg að þér leitustuð síst manna því að erfitt mun yður verða að ganga í móti giftu hans."

"Leyfa munt þú oss að vér bjóðum honum hestaat?" segja þeir.

"Leyfa," segir hann, "ef þér prettið hann í öngu."

Þeir kváðust svo gera mundu.

Riðu þeir nú til Hlíðarenda. Gunnar var heima og gekk út. Kolskeggur og Hjörtur gengu út með honum og fögnuðu þeim vel og spurðu hvert þeir ætluðu að fara.

"Eigi lengra," segja þeir. "Oss er sagt að þú eigir hest góðan og viljum vér bjóða þér hestaat."

"Litlar sögur mega ganga frá hesti mínum," segir Gunnar, "hann er ungur og óreyndur að öllu."

"Kost munt þú láta að etja," segja þeir, "og gat þess til Hildigunnur að þú mundir góður af hestinum."

"Hví töluðuð þér um það?" segir Gunnar.

"Þeir menn voru," segja þeir, "er það mæltu að þú mundir eigi þora að etja við vorn hest."

"Þora mun eg að etja," segir Gunnar, "en grálega þykir mér þetta mælt."

"Skulum vér til þess ætla," segja þeir, "að þú munir etja?"

"Þá mun yður þykja för yður best," segir Gunnar, "ef þér ráðið þessu. En þó vil eg þess biðja yður að vér etjum svo hestunum að vér gerum öðrum gaman en oss engi vandræði og þér gerið mér enga skömm. En ef þér gerið til mín sem til annarra þá er eigi ráðið nema eg sveigi þann að yður að yður mun hart þykja undir að búa. Mun eg þar eftir gera sem þér gerið fyrir."

Ríða þeir nú heim. Starkaður spurði hversu þeim hefði farist. Þeir sögðu að Gunnar gerði góða ferð þeirra.

"Hann hét að etja hesti sínum og kváðum vér á nær það hestavíg skyldi vera. Fannst það á í öllu að honum þótti sig skorta við oss og baðst hann undan vandræðum."

"Það mun oft á finnast," segir Hildigunnur, "að Gunnar er seinþreyttur til vandræða en harðdrægur ef hann má eigi undan komast."

Gunnar reið að finna Njál og sagði honum hestaatið og hversu orð fóru með þeim "eða hversu ætlar þú að fari hestaatið?"

"Þú munt hafa meira hlut," sagði Njáll, "en þó mun hér margs manns bani af hljótast."

"Mun nokkuð hér af hljótast minn bani?" segir Gunnar.

"Ekki mun það af þessu hljótast," segir Njáll, "en þó munu þeir muna fornan fjandskap, og nýjan munu þeir að þér færa og munt þú ekki annað mega en hrökkva við."

Gunnar reið þá heim.

## 59. kafli

Nú spyr Gunnar lát Höskuldur mágs síns. Fám nóttum síðar varð léttari Þorgerður að Grjótá, dóttir Hallgerðar en kona Þráins, og kom þar til sveinbarn. Sendi hún þá mann til móður sinnar og bað hana ráða fyrir hvort heita skyldi eftir Glúmi föður hennar eða eftir Höskuldi móðurföður hennar. Hún bað að Höskuldur skyldi heita. Var þá það nafn gefið sveininum.

Gunnar og Hallgerður áttu tvo sonu. Hét annar Högni en annar Grani. Högni var maður gervilegur og hljóðlyndur, tortryggur og sannorður.

Nú ríða menn til hestavígs og er þar komið fjölmenni mikið. Var þar Gunnar og bræður hans og Sigfússynir, Njáll og synir hans allir. Þar var kominn Starkaður og synir hans, Egill og hans synir. Þeir ræddu til Gunnars að þeir mundu saman leiða hrossin. Gunnar svaraði að það væri vel.

Skarphéðinn mælti: "Vilt þú að eg keyri hest þinn Gunnar frændi?"

"Eigi vil eg það," segir Gunnar.

"Hér er þó betur á komið," segir Skarphéðinn. "Vér erum hvorirtveggju hávaðamenn."

"Þér munuð fátt mæla," segir Gunnar, "eða gera áður en yður munu vandræði af standa en hér mun verða um seinna þó að allt komi fyrir eitt."

Síðan voru hrossin saman leidd. Gunnar bjó sig að keyra en Skarphéðinn leiddi fram hestinn. Gunnar var í rauðum kyrtli og hafði digurt silfurbelti um sig og hestastaf mikinn í hendi. Síðan rennast að hestarnir og bítast lengi svo að ekki þurfti á að taka og var það hið mesta gaman.

Þá báru þeir saman ráð sitt, Þorgeir og Kolar, að þeir mundu hrinda hesti sínum þá er á rynnust hestarnir og vita ef Gunnar félli fyrir. Nú rennast á hestarnir og hlaupa þeir Þorgeir og Kolar þegar á lend hesti sínum og hrinda sem þeir mega. Gunnar hrindir nú og sínum hesti í móti og verður þar skjóttur atburður, sá að þeir Þorgeir féllu báðir á bak aftur og hesturinn á þá ofan. Þeir spretta upp skjótt og hlaupa að Gunnari. Gunnar varpar sér undan og þrífur Kol og kastar honum á völlinn svo að hann liggur í óviti. Þorgeir Starkaðarson laust hest Gunnars svo að út hljóp augað. Gunnar laust Þorgeir með stafnum. Fellur Þorgeir í óvit.

En Gunnar gengur til hests síns og mælti við Kolskegg: "Högg þú hestinn. Ekki skal hann lifa við örkuml."

Kolskeggur hjó höfuð af hestinum. Þá komst á fætur Þorgeir og tók vopn sín og vildi að Gunnari en það varð stöðvað og varð þröng mikil.

Skarphéðinn mælti: "Leiðist mér þóf þetta og er miklu drengilegra að menn vegist með vopnum."

Gunnar var kyrr svo að honum hélt einn maður og mælti ekki orð það er áfátt væri. Njáll mælti að þeir skyldu sættast og setja grið. Þorgeir kvaðst hvorki vildu selja grið né taka, kvaðst heldur vilja Gunnar dauðan fyrir höggið.

Kolskeggur mælti: "Fastara hefir Gunnar staðið en hann hafi fallið fyrir orðum einum og mun enn svo."

Nú ríða menn af hestaþingi hver til síns heima. Veita þeir Gunnari engar aðfarar. Liðu svo þau misseri.

Á þingi um sumarið fann Gunnar Ólaf þá mág sinn og bauð Ólafur honum heim en bað hann þó vera varan um sig "því að þeir munu gera þér slíkt illt er þeir mega og far þú fjölmennur jafnan."

Ólafur réð honum mörg heilræði og mæltu þeir til hinnar mestu vináttu með sér.



## 60. kafli

Ásgrímur Elliða-Grímsson hafði mál að sækja á þinginu. Það var erfðamál. Málinu átti að svara Úlfur Uggason. Ásgrími tókst svo til sem sjaldan var vant að vörn var í máli hans. En sú var vörnin að hann hafði nefnt fimm búa þar sem hann átti níu. Nú hafa þeir þetta til varna.

Þá mælti Gunnar: "Eg mun skora þér á hólum Úlfur Uggason ef menn skulu eigi ná af þér réttu máli."

"Ekki á eg þetta við þig," segir Úlfur.

"Fyrir hitt mun þó ganga," segir Gunnar, "og mundi það Njáll ætla og Helgi vinur minn að eg mundi hafa nokkura vörn í máli með þér Ásgrímur ef þeir væru eigi við."

Lauk svo því máli að Úlfur hlaut að greiða féið allt.

Þá mælti Ásgrímur til Gunnars: "Heim vil eg þér bjóða í sumar og jafnan skal eg með þér vera í málaferlum en aldrei í móti þér."

Ríður Gunnar heim af þingi.

Litlu síðar fundust þeir Njáll. Njáll bað Gunnar vera varan um sig, kvað sér sagt að þeir undan Þríhyrningi ætluðu að fara að honum og bað hann aldrei fara við fámenni og hafa jafnan vopn sín. Gunnar kvað svo vera skyldu. Hann sagði Njáli að Ásgrímur hefði boðið honum heim "og ætla eg að fara nú í haust."

"Lát þú enga menn vita," segir Njáll, "áður þú ferð eða hversu lengi þú ert í brautu. En eg býð þér þó að synir mínir ríði með þér og mun eigi þá á þig ráðið."

Réðu þeir það þá með sér.

Nú líður á sumarið til átta vikna. Þá mælti Gunnar við Kolskegg: "Bú þú ferð þína því að nú skulum vér ríða til heimboðs í Tungu."

"Skal nú ekki orð gera Njálssonum?" sagði Kolskeggur.

"Ekki," sagði Gunnar, "eigi skulu þeir hljóta vandræði af mér."

## 61. kafli

Þeir ríða þrír saman, Gunnar og bræður hans. Gunnar hafði atgeirinn og sverðið Ölvisnaut en Kolskeggur hafði saxið. Hjörtur hafði og alvæpni. Ríðu þeir nú í Tungu. Ásgrímur tók vel við þeim og voru þeir þar nokkura hríð. Þá lýstu þeir yfir því að þeir ætluðu þá heim að fara. Ásgrímur gaf þeim góðar gjafar og bauð að ríða með þeim austur. Gunnar kvað engis mundu við þurfa og fór hann eigi.

Sigurður svínhöfði hét maður. Hann kom undir Þríhyrning. Hann bjó við Þjórsá. Hann hafði heitið að halda njósn um ferðir Gunnars. Hann sagði þeim nú til ferða hans og kvað ekki mundu verða vænna en svo "er hann er við hinn þriðja mann."

"Hversu marga munum vér menn þurfa," segir Starkaður, "í fyrirsát?"

"Rýrt mun verða fyrir honum smámennið," segir Sigurður, "og eigi er ráð að hafa færri en þrjá tigu manna."

"Hvar skulum vér fyrir sitja?" segir Starkaður.

"Við Knafahóla," segir Sigurður, "þar sér eigi fyrr en að er komið."

"Far þú í Sandgil," segir Starkaður, "og seg Agli að þeir búist þaðan fimmtán en vér munum koma héðan aðrir fimmtán til Knafahóla."

Þorgeir mælti til Hildigunnar: "Þessi hönd skal þér sýna Gunnar dauðan í kveld."

"En eg get," segir hún, "að þú berir lágt höfuðið af ykkrum fundi."

Þeir fara fjórir feðgar undan Þríhyrningi og ellefu menn aðrir. Fóru þeir til Knafahóla og biðu þar.

Sigurður svínhöfði kom í Sandgil og mælti: "Eg er sendur hingað af Starkaði og sonum hans að segja þér Egill að þér feðgar farið til Knafahóla að sitja fyrir Gunnari."

"Hversu margir skyldum vér fara?" segir Egill.

"Fimmtán með mér," segir Sigurður.

Kolur mælti: "Nú ætla eg mér í dag að reyna við Kolskegg."

"Mjög þykir mér þú ætla þér," segir Sigurður.

Egill bað Austmenn sína fara.

Þeir kváðust engar sakar eiga við Gunnar "enda þarf hér mikils við," segir Þórir, "er fjöldi manns skal fara að þremur mönnum."

Gekk þá Egill í braut og var reiður.

Húsfreyja mælti þá til Austmannsins: "Ílla hefir Guðrún dóttir mín brotið odd af oflæti sínu og legið hjá þér er þú skalt eigi þora að fylgja mági þínum og munt þú vera ragur maður," segir hún.

"Fara mun eg," segir hann, "með bónda þínum og mun hvorgi okkar aftur koma."

Síðan gekk hann til Þorgríms féлага síns og mælti: "Tak þú við kistulyklum mínum því að eg mun þeim eigi lúka oftár. Bið eg að þú eignist slíkt af fé okkru sem þú vilt en far utan og ætla ekki til hefnda eftir mig. En ef þú ferð eigi utan þá verður það þinn bani."

Austmaðurinn tekur vopn sín og ræðst í flokk með þeim.

## 62. kafli

Nú er þar til máls að taka að Gunnar ríður austur yfir Þjórsá. En er hann kom skammt frá ánni syfjaði hann mjög og bað hann þá æja þar. Þeir gerðu svo. Hann sofnaði fast og lét illa í svefni.

Kolskeggur mælti: "Dreymir Gunnar nú."

Hjörtur mælti: "Vekja vildi eg hann."

"Eigi skal það," segir Kolskeggur, "og skal hann njóta draums síns."

Gunnar lá mjög langa hríð. Hann varp af sér skildinum er hann vaknaði og var honum orðið heitt mjög.

Kolskeggur mælti: "Hvað hefir þig dreymt frændi?"

"Það hefir mig dreymt," segir Gunnar, "að eg mundi eigi riðið hafa úr Tungu svo fámennur ef mig hefði þá þetta dreymt."

"Seg þú okkur draum þinn," segir Kolskeggur.

"Það dreymdi mig," segir Gunnar, "að eg þóttist ríða fram hjá Knafahólum. Þar þóttist eg sjá varga mjög marga og sóttu þeir allir að mér en eg sneri undan fram að Rangá. Þá þótti mér þeir sækja að öllum megin en eg varðist. Eg skaut alla þá er fremstir voru þar til er þeir gengu svo að mér að eg mátti eigi boganum við koma. Tók eg þá sverðið og vó eg með annarri hendi en lagði með atgeirinum annarri hendi. Hlífði eg mér þá ekki og þóttist eg þá eigi vita hvað mér hlífði. Drap eg þá marga vargana og þú með mér Kolskeggur en Hjört þótti mér þeir hafa undir og slíta á honum brjóstið og hafði einn hjartað í munni sér. En eg þóttist verða svo reiður að eg hjó varginn í sundur fyrir aftan bóguna og eftir það þóttu mér stökkva vargarnir. Nú er það ráð mitt Hjörtur frændi að þú ríðir vestur aftur í Tungu.

"Eigi vil eg það," segir Hjörtur. "Þótt eg viti vísan bana minn þá vil eg þér fylgja."

Síðan riðu þeir og komu austur hjá Knafahólum.

Þá mælti Kolskeggur: "Sérðu frændi mörg spjót koma upp hjá hólunum og menn með vopnum?"

"Ekki kemur mér það að óvörum," segir Gunnar, "að draumur minn sannist."

"Hvað skal nú til ráðs taka?" segir Kolskeggur. "Eg get að þú viljir eigi renna undan þeim."

"Ekki skulu þeir að því eiga að spotta," segir Gunnar, "en ríða munum vér fram að Rangá í nesið. Þar er vígi nokkuð."

Ríða þeir nú fram í nesið og bjuggust þar við.

Kolur mælti er þeir riðu hjá fram: "Hvort skal nú renna Gunnar?"

Kolskeggur mælti: "Seg þú svo fremi frá því er sjá dagur er allur."

## 63. kafli

Nú eggjar Starkaður sína menn. Snúa þeir þá fram í nesið að þeim. Sigurður svínhöfði fór fyrstur og hafði törguskjöld einbyrðan en sviðu í annarri hendi. Gunnar sér hann og skýtur til hans af boganum. Hann brá upp við skildinum er hann sá örina hátt fljúga og kom örin í gegnum skjöldinn og í augað svo að út kom í hnakkann og varð það víg fyrst. Annarri ör skaut Gunnar að Úlfhéðni ráðamanni Starkaðar og kom sú á hann miðjan og féll hann fyrir fætur bónda einum en bóndinn féll um hann þveran. Kolskeggur kastar til steini og kom í höfuð bóndanum og varð það hans bani.

Þá mælti Starkaður: "Ekki mun oss þetta duga að hann komi boganum við og göngum að fram vel og snarplega."

Síðan eggjaði hver annan. Gunnar varði sig með boganum meðan hann mátti. Síðan kastaði hann niður boganum. Tók hann þá atgeirinn og sverðið og vegur með báðum höndum. Er bardaginn þá hinn harðasti. Gunnar vegur þá drjúgan menn og svo Kolskeggur.

Þá mælti Þorgeir Starkaðarsonur: "Eg hét að færa Hildigunni höfuð þitt Gunnar."

"Ekki mun henni það þykja neinu varða hvort þú efnir það eða eigi," segir Gunnar, "en þó munt þú nær ganga hljóta ef þú skalt það meðal handa hafa."

Þorgeir mælti þá við bræður sína: "Hlaupum vér að honum fram allir senn. Hann hefir engan skjöld og munum vér hafa ráð hans í hendi."

Þeir hljópu fram Börkur og Þorkell og urðu skjótari en Þorgeir. Börkur höggur til Gunnars. Gunnar laust við atgeirinum svo hart að sverðið hraut úr hendi Berki. Sér hann þá til annarrar handar Þorkel standa í höggfæri við sig. Gunnar stóð nokkuð höllum fæti. Hann sveiflaði þá til sverðinu og kom á hálsinn Þorkatli og fauk af höfuðið.

Kolur mælti Egilsson: "Látið mig fram að Kolskeggi. Eg hefi það jafnan mælt að við mundum mjög jafnfærir til vígs."

"Slíkt megum við nú reyna," segir Kolskeggur.

Kolur leggur til hans spjóti. Kolskeggur vó þá mann og átti sem mest að vinna og kom hann eigi fyrir sig skildinum og kom lagið í lærið utanfótar og gekk í gegnum.

Kolskeggur brást við fast og óð að honum og hjó með saxinu á lærið og undan fótinn og mælti: "Hvort nam eg þig eða eigi?"

"Þess galt eg nú," segir Kolur, "er eg var berskjaldaður" og stóð nokkura stund á hinn fótinn og leit á stúfinn.

Kolskeggur mælti: "Eigi þarft þú að líta á, jafnt er sem þér sýnist, af er fóturinn."

Kolur féll þá dauður niður. En er þetta sér Egill faðir hans hleypur hann að Gunnari og höggur til hans. Gunnar leggur í móti atgeirinum og kom á Egil miðjan. Gunnar vegur hann upp á atgeirinum og kastar honum út á Rangá.

Þá mælti Starkaður: "Alls vesall ert þú Þórir austmaður er þú situr hjá en nú er veginn Egill húsbóndi þinn og mágur."

Þá spratt upp Austmaðurinn og var reiður mjög. Hjörtur hafði orðið tveggja manna bani. Austmaðurinn hleypur að honum og höggur framan á brjóstið og þar á hol. Hjörtur féll þá þegar dauður niður. Gunnar sér þetta og varpar sér skjótt til höggs við Austmanninn og sníður hann í sundur í miðju. Litlu síðar skýtur Gunnar til Barkar atgeirinum og kom á hann miðjan og í gegnum hann og niður í völlinn. Þá höggur Kolskeggur höfuð af Hauki Egilssyni en Gunnar höggur hönd af Óttari í olbogabót.

Þá mælti Starkaður: "Flýjum nú, ekki er við menn um að eiga."

Gunnar mælti: "Það mun ykkur feðgum þykja illt til frásagnar ef ekki skal mega sjá á ykkur að þið hafið í bardaga verið."

Síðan hljóp Gunnar að þeim feðgum og veitti þeim áverka. Eftir það skildu þeir og höfðu þeir Gunnar marga þá særða er undan héldu.

Á fundinum létust fjórtán menn en Hjörtur hinn fimmtándi. Gunnar reiddi Hjört heim á skildi sínum og var hann þar heygður. Margir menn hörmuðu hann því að hann var vinsæll.

Starkaður kom og heim og græddi Hildigunnur sár þeirra Þorgeirs og mælti: "Yður væri mikið gefanda til að þér hefðuð ekki illt átt við Gunnar."

"Svo væri það," segir Starkaður.

## 64. kafli

Steinvör í Sandgili bað Þorgrím austmann vera fyrir fjárforráðum sínum og fara ekki utan og muna svo lát félaga síns og frænda.

Hann svaraði: "Það spáði mér Þórir félagi minn að eg mundi falla fyrir Gunnari ef eg væri hér á landi og mun hann það vitað hafa er hann vissi dauða sinn fyrir."

Hún mælti: "Eg mun gefa þér til Guðrúnu dóttur mína og féið allt að helmingi við mig."

"Eigi vissi eg að þú mundir það svo miklu kaupa," segir hann.

Síðan kaupa þau þessu að hann skal fá hennar og var þá boð þegar það sumar.

Gunnar ríður til Bergþórshvols og með honum Kolskeggur. Njáll var úti og synir hans og gengu í móti Gunnari og fögnuðu þeim vel. Síðan gengu þeir á tal.

Gunnar mælti: "Hingað er eg kominn að sækja að þér traust og heilræði."

Njáll sagði að það var skylt.

Gunnar mælti: "Eg hefi ratað í vandræði mikil og drepið marga menn og vil eg vita hversu þú vilt vera láta."

"Það munu margir mæla," segir Njáll, "að þú hafir mjög verið til neyddur. En nú skalt þú gefa mér tóm til ráðagerðar."

Njáll gekk í braut einn saman og hugsaði ráðið og kom aftur og mælti: "Nú hefi eg nokkuð hugsað málið og líst mér sem þetta muni nokkuð með harðfengi og kappi verða að gera. Þorgeir hefir barnað Þorfinnu frændkonu mína og mun eg selja þér í hendur legorðssökina. Aðra skóggangssök sel eg þér á hendur Starkaði er hann hefir höggvið í skógi mínum á Þríhyrningshálsnum og skalt þú sækja þær sakar báðar. Þú skalt fara þangað sem þér börðust og grafa upp hina dauðu og nefna votta að benjum og óhelga þá alla hina dauðu fyrir það er þeir fóru með þann hug til fundar við þig að veita þér ákomur og bráðan bana og bræðrum þínum. En ef þetta er prófað á þingi og því sé við lostið að þú hafir áður lostið Þorgeir og megir fyrir því hvorki sækja þína sök né annarra, þá mun eg svara því máli og segja að eg helgaði þig á Þingskálapingi svo að þú skyldir bæði mega sækja þitt mál og annarra og mun þá verða svarað máli því. Þú skalt og finna Tyrfing í Berjanesi og skal hann selja þér sök á hendur Önundi í Tröllaskógi er mál á eftir Egil bróður sinn."

Reið þá Gunnar heim fyrst.

En nokkurum nóttum síðar riðu þeir Njálssynir og Gunnar þangað til sem líkin voru og grófu þá upp alla sem jarðaðir voru. Stefndi Gunnar þeim þá öllum til óhelgi fyrir aðför og fjörráð og reið heim eftir það.

## 65. kafli

Þetta haust hið sama kom út Valgarður hinn grái og fór heim til Hofs. Þorgeir fór að finna þá Valgarð og Mörð og sagði hver firm voru er Gunnar skyldi hafa óhelgað þá alla er hann hafði vegið. Valgarður kvað það vera mundu ráð Njál og þó eigi öll upp komin þau sem hann mundi ráða honum. Þorgeir bað þá feðga liðveislu og atgöngu en þeir fóru lengi undan og mæltu til fé mikið að lyktum. Var það í ráðagerðum að Mörður skyldi biðja Þorkötu dóttur Gissurar hvíta og skyldi Þorgeir þegar ríða vestur um ár með þeim Valgarði og Merði.

Annan dag eftir riðu þeir tólf saman og komu til Mosfells og var þeim þar vel fagnað, voru þar um nóttina. Vekja þeir þá til við Gissur um bónorðið. Lýkur svo með þeim að ráðin skyldu takast og skyldi boð vera á hálfis mánaðar fresti að Mosfelli. Ríða þeir heim. Síðan fjölmenna þeir feðgar mjög til boðsins. Var þar og margt fyrirboðsmanna og fór það vel fram. Fór Þorkatla heim með Merði og var fyrir búi en Valgarður fór utan um sumarið.

Mörður eggjar Þorgeir á um málatilbúnað við Gunnar. Þorgeir fór að finna Önund í Tröllaskógi, biður hann nú búa til vígsmálið Egils bróður síns og sona hans "en eg mun búa til vígsmál bræðra minna og áverkamál mitt og föður míns."

Önundur kvaðst þess albúinn. Fara þeir þá og lýsa vígunum og kveðja níu vettvangsbúa.

Þessi málatilbúnaður spurðist til Hlíðarenda. Ríður Gunnar þá að finna Njál og segir honum og spurði hvað hann vildi þá láta að gera.

"Nú skalt þú," segir Njáll, "stefna vettvangsbúum og nábúum saman og nefna votta fyrir búum og kjósa Kol til veganda að vígi Hjartar bróður þíns því að það er rétt. Síðan skalt þú lýsa víginu á hendur Kol þó að hann sé dauður. Þá skalt þú nefna þér votta og kveðja búa alþingisreiðar að bera um það hvort þeir væru í aðvist og aðsókn þá er Hjörtur var veginn. Nú skalt þú og stefna Þorgeiri um legorðssökina og svo Önundi í Tröllaskógi um sökina Tyrfings."

Gunnar fór með öllu sem Njáll kenndi ráð til. Þetta þótti mönnum undarlegur málatilbúnaður. Fara nú þessi mál til þings.

Gunnar reið til þings og Njáll og synir hans og Sigfússynir. Gunnar hafði sendan mann mágum sínum að þeir skyldu ríða til þings og fjölmenna mjög og kvað sér þetta mundu vera mjög harðdrægt. Þeir fjölmenntu mjög vestan.

Mörður reið til þings og Runólfur úr Dal og þeir undan Þríhyrningi og Önundur úr Tröllaskógi.

## 66. kafli

En er þessir menn komu til þings ganga þeir í lið með Gissuri hvíta og Geir goða. Gunnar og Sigfússynir og Njálssynir gengu allir í einum flokki og fóru svo snúðigt að menn urðu að gæta sín ef fyrir voru að eigi féllu. Og var ekki jafntíðrætt um allt þingið sem um málaferli þessi hin miklu.

Gunnar gekk til móts við mága sína og fögnuðu þeir Ólafur honum vel. Þeir spurðu Gunnar um fundinn en hann segir þeim frá gjörla og bar öllum vel söguna og sagði þeim hvað hann hafði síðan að gert.

Ólafur mælti: "Mikils er vert hversu Njáll stendur þér fast um alla ráðagerð."

Gunnar kvaðst aldrei það mundu launað geta en beiddi þá liðveislu og atgöngu. Þeir kváðu það skylt vera.

Fara nú málin hvortveggi í dóm. Flytja nú hvorir sitt mál fram. Mörður spurði hví sá maður skyldi hafa mál fram er áður hafði unnið sér til óhelgi við Þorgeir svo sem Gunnar var.

Njáll svaraði: "Varst þú á Þingskálapingi um haustið?"

"Var eg víst," segir Mörður.

"Heyrðir þú," segir Njáll, "að Gunnar bauð honum alsætti?"

"Heyrði eg víst," segir Mörður.

"Þá friðhelgaði eg Gunnar," segir Njáll, "til allra löglegra mála."

"Rétt er þetta," segir Mörður, "en hví sætti það að Gunnar lýsti vígi Hjartar á hendur Kol þar sem Austmaðurinn vó hann?"

"Rétt var það," segir Njáll, "þar sem hann kaus hann til veganda fyrir vottum."

"Rétt mun þetta víst," segir Mörður, "en fyrir hvað stefndi Gunnar þeim öllum til óhelgi er fallið höfðu?"

"Eigi þarft þú þessa að spyrja," segir Njáll, "þar sem þeir fóru allir til áverka og manndrápa."

"Eigi kom það fram við Gunnar," segir Mörður.

"Bræður Gunnars voru þeir Hjörtur og Kolskeggur," segir Njáll, "og hafði annar bana en annar sár á sér."

"Lög hafið þér að mæla," segir Mörður, "þó að hart sé undir að búa."

Þá gekk fram Hjalti Skeggjason úr Þjórsárdal og mælti: "Ekki hefi eg hlutast til málaferla yðvarra en nú vil eg vita hvað þú vilt Gunnar fyrir mín orð gera og vináttu."

"Hvers beiðist þú," segir Gunnar.

"Þess," segir Hjalti, "að þú leggir málin öll til jafnaðardóms og dæmi góðir menn."

Gunnar mælti: "Þá skalt þú aldrei vera í móti mér við hverja sem eg á um."

"Því vil eg heita þér," segir Hjalti.

Eftir það átti hann hlut að við mótstöðumenn Gunnars og kom því við að þeir sættust allir og eftir það veittu hvorir öðrum tryggðir. En fyrir áverka Þorgeirs kom legorðssökin en skógarhöggið fyrir áverka Starkaðar. Bræður Þorgeirs voru bættir hálfum bótum en hálfar féllu niður fyrir tilför við Gunnar en jafnt skyldi vera víg Egils og sökin Tyrfings. Fyrir víg Hjartar skyldi koma víg Kols og Austmannsins.

Þá voru aðrir bættir hálfum bótum. Njáll var í gerð þessi og Ásgrímur Elliða-Grímsson og Hjalti Skeggjason. Njáll átti fé mikið undir Starkaði og þeim í Sandgili og gaf hann það allt Gunnari til bóta þessa. Svo átti Gunnar marga vini á þingi að hann bætti þá þegar upp vígin en gaf gjafar mörgum höfðingjum þeim er honum höfðu lið veitt og hafði hann af hina mestu sæmd af málinu. Og urðu allir á það sáttir að engi væri hans jafningi í Sunnlendingafjórðungi.

Reið Gunnar heim af þingi og situr nú um kyrrt. En þó öfunduðu mótstöðumenn hans mjög hans sæmd.

## 67. kafli

Nú er að segja frá Þorgeiri Otkelssyni. Hann gerðist mannaður vel, mikill og sterkur, trúlyndur og óslægur og nokkuð talhljóðinn. Hann var vinsæll af hinum bestum mönnum og ástsæll af frændum sínum.

Einu hverju sinni hefir Þorgeir Starkaðarson farið að finna Mörð frænda sinn.

"Illa uni eg við," segir hann, "málalok þau sem orðið hafa með oss Gunnari en eg hefi keypt að þér liðveislum meðan við værum uppi báðir. Vil eg nú að þú hugsir nokkura ráðagerð þá er Gunnari megi mein að vera og leggist nú djúpt. Mæli eg því svo bert að eg veit að þú ert hinn mesti óvinur Gunnars og svo hann þinn. Skal eg miklu auka sæmd þína ef þú sérð vel fyrir."

"Sýnist það jafnan," segir Mörður, "að eg er féggjarn enda mun svo enn. Og er vant fyrir að sjá að þú sért eigi griðníðingur eða tryggðarofsmaður en þú komir þó þínu máli fram. En það er mér sagt að Kolskeggur ætli mál fram að hafa og rifta fjórðunginn í Móeiðarhvoli er föður þínum var goldinn í sonarbætur. Hefir hann mál þetta tekið af móður sinni og er þetta ráð Gunnars að gjalda lausafé en láta eigi landið. Skal þess að bíða er þetta gengur fram og kalla hann þá rjúfa sætt á yður. Hann hefir og tekið sáðland af Þorgeiri Otkelssyni og rofið svo sætt á honum. Skalt þú fara að finna Þorgeir Otkelsson og koma honum í málið með þér og fara að Gunnari. En þó að í bresti nokkuð um þetta og fáid þér hann eigi veiddan þá skuluð þér þó fara að honum oft. Mun eg segja þér að Njáll hefir spáð Gunnari og sagt fyrir um ævi hans, ef hann vægi í hinn sama knérunn oft en um sinn að það mundi honum bráðast til bana, bæri það saman að hann ryfi sætt þá er ger væri um það mál. Skalt þú því Þorgeiri koma í málið að Gunnar hefir vegið föður hans áður og er þið eruð á einum fundi báðir þá skalt þú hlífa þér en hann mun ganga fram vel og mun Gunnar vega hann. Hefir hann þá vegið tvisvar í hinn sama knérunn en þú skalt flýja af fundinum. En ef honum vill þetta til dauða draga þá mun hann rjúfa sættina. Er þar til að sitja."

Eftir þetta fer Þorgeir heim og segir föður sínum af launungu. Réðu þeir það með sér að með þessa ráðagerð skyldu þeir af hljóði fara.

## 68. kafli

Nokkuru síðar fór Þorgeir Starkaðarson í Kirkjubæ að finna nafna sinn og gengu þeir á eintal og töluðu dag allan hljótt. En að lyktum gaf Þorgeir Starkaðarson nafna sínum spjót gullrekið og reið heim síðan. Gerðu þeir með sér hina kærustu vináttu.

Á Þingskálapingi um haustið sótti Kolskeggur til lands að Móeiðarhvoli en Gunnar nefndi sér votta og bauð þeim undan Þríhyrningi lausafé eða land annað að löglegri virðingu. Þorgeir nefndi sér votta að Gunnar ryfi sætt á þeim feðgum. Eftir það var lokið þinginu.



Liðu nú þau misseri. Finnast þeir nafnar jafnan og eru með þeim hinir mestu dáleikar.

Kolskeggur mælti til Gunnars: "Sagt er mér að mikil sé vinátta þeirra Þorgeirs Otkelssonar og Þorgeirs Starkaðarsonar. Og er það margra manna mál að þeir muni vera ótrúlegir og vildi eg að þú værir var um þig."

"Koma mun til mín feigðin," segir Gunnar, "hvar sem eg er staddur ef mér verður þess auðið."

Skildu þeir þá talið.

Gunnar sagði fyrir um haustið að þar skyldi vinna viku heima en aðra niðri í Eyjum og hætta þá heyverkum. Sagði hann svo fyrir að allt skyldi fara manna af bænum nema hann og konur.

Þorgeir undan Þríhyrningi fer að finna nafna sinn en þegar er þeir fundust töluðu þeir að vanda sínum.

Þorgeir Starkaðarson mælti: "Eg vildi að við herðum okkur og færum að Gunnari."

"Svo að einu hafa fundir orðið við Gunnar," sagði Þorgeir Otkelsson, "að fáir hafa af því sigrast enda þykir mér illt að heita griðniðingur."

"Þeir hafa rofið sættina en við eigi," segir Þorgeir Starkaðarson. "Tók Gunnar af þér sáðland þitt en Móeiðarhvol af okkur feðgum."

Nú semja þeir það með sér að fara að Gunnari. Segir þá Þorgeir Starkaðarson að Gunnar mundi á fárra náttu fresti einn heima vera "skalt þú koma við hinn tólfta mann til móts við mig en eg mun hafa jafnmarga."

Síðan reið Þorgeir heim.

## 69. kafli

Þá er þeir húskarlar og Kolskeggur höfðu verið þrjár nætur í Eyjum þá hefir Þorgeir Starkaðarson njósn af þessu og gerir orð nafna sínum að hann skyldi koma til móts við hann á Þríhryningshálsa. Síðan bjóst Þorgeir undan Þríhyrningi við hinn tólfta mann. Hann ríður upp á hálsinn og bíður þar nafna síns. Gunnar er nú einn heima á bænum. Ríða þeir nafnar í skóga nokkura. Þar kom að þeim svefnhöfgi og máttu þeir ekki annað en sofa. Festu þeir skjöldu sína í limar en bundu hesta sína og settu hjá sér vopnin.

Njáll var þessa nótt í Þórólfsfelli og mátti ekki sofa og gekk ýmist út eða inn. Þórhildur spurði Njál hví hann mætti ekki sofa.

"Margt ber nú fyrir augu mér," sagði hann. "Eg sé margar fylgjur grimmlegar óvina Gunnars og er nokkuð undarlega. Þær láta ólmlega og fara þó ráðlauslega."

Litlu síðar reið maður að dyrum og steig af baki og gekk inn og var þar sauðamaður þeirra Þórhildar.

Hún mælti: "Hvort fannst þú sauðina?"

"Fann eg það er meira mundi varða," segir hann.

"Hvað var það?" segir Njáll.

"Eg fann fjóra og tuttugu menn," segir hann, "í skóginum uppi. Þeir höfðu bundið hesta sína en sváfu sjálfir. Þeir höfðu fest skjöldu sína í limar."

En svo hafði hann gjörla að hugað að hann sagði frá allra þeirra vopnabúnaði og klæðum.

Njáll vissi þá gjörla hver hvergi hafði verið og mælti til hans: "Gott hjóna ert þú, ef slík væru mörg, og skalt þú jafnan þessa njóta en þó vil eg nú senda þig."

Hann játti að fara.

"Þú skalt fara," segir Njáll, "til Hlíðarenda og segja Gunnari að hann fari til Grjótár og sendi þaðan eftir mönnum en eg mun fara til móts við þá er í skóginum eru og fæla þá í braut. Hefir þetta af því vel í móti borist að þeir munu engis afla í þessi en láta mikið."

Sauðamaður fór og sagði Gunnari sem gerst frá öllu. Reið þá Gunnar til Grjótár og stefndi að sér mönnum.

Nú er að segja frá Njáli að hann ríður til fundar við þá nafna.

"Óvarlega liggjð þér," segir hann, "eða til hvers skal för sjá ger hafa verið? Og er Gunnar engi klekktunarmaður. En ef satt skal um tala þá eru þetta hin mestu fjörráð. Skuluð þér það og vita að Gunnar er í liðsafnaði og mun hann hér brátt koma og drepa yður nema þér ríðið undan og heim."

Þeir brugðust við skjótt og varð þeim mjög um felmt og tóku vopn sín og stigu á hesta sína og hleyptu heim undir Þríhyrning.

Njáll fór til móts við Gunnar og bað hann ekki eyða fjölmenni "en eg mun fara í meðal og leita um sættir. Munu þeir nú vera hóflega hræddir. En fyrir þessi fjörráð skal eigi koma minna, er við alla þá er um að eiga, en eigi skal meira koma fyrir víg annars hvors þeirra nafna þó að það kunni við að bera. Skal eg varðveita þetta fé og svo fyrir sjá að þá sé þér innan handar er þú þarft til að taka."

## 70. kafli

Gunnar þakkaði Njáli tillögur sínar. Njáll reið undir Þríhyrning og sagði þeim nöfnum að Gunnar mundi ekki eyða flokkinum fyrr en úr sliti með þeim. Þeir buðu boð fyrir sig og voru óttafullir og báðu Njál fara með sáttarboðum. Njáll kvaðst með því einu fara mundu er eigi fylgdu svik. Þeir báðu hann vera í gerðinni og kvaðust það halda mundu er hann gerði. Njáll kvaðst eigi gera mundu nema á þingi og væru við hinir bestu menn. Þeir játtu því. Gekk þá Njáll í meðal svo að hvorir handsöluðu öðrum grið og sætt. Skyldi Njáll gera um og nefna þá til er hann vildi.

Litlu síðar fundi þeir nafnar Mörd Valgarðsson. Mördur taldi á þá mjög er þeir höfðu lagið mál undir Njál þar sem hann var vinur Gunnars mikill, kvað þeim það illa duga mundu.

Ríða menn nú til alþingis að vanda. Eru nú hvorirtveggju á þingi. Njáll kvaddi sér hljóðs og spyr alla höfðingja og hina bestu menn er þar voru komnir hvert mál þeim þætti Gunnar eiga á þeim nöfnum fyrir fjörráðin. Þeir svöruðu að þeim þótti slíkur maður mikinn rétt á sér eiga. Njáll spurði hvort hann ætti á öllum þeim eða ættu fyrimenn einir að svara málinu. Þeir sögðu mest á fyrimönnum en þó á öllum mikið.

"Það munu margir mæla," kvað Mörður, "að eigi hafi um sakleysi verið þar sem Gunnar rauf sætt við þá nafna."

"Eigi er það sættarrof," segir Njáll, "að hver hafi lög við annan því að með lögum skal land vort byggja en eigi með ólögum eyða."

Sagði Njáll mönnum þá að Gunnar hafði boðið land fyrir Móeiðarhvol eða annað fé. Þóttust þeir þá nafnar falsaðir af Merði og töldu á hann mjög og kváðust af honum hljóta þetta fégjald. Njáll nefndi tólf manna dóm á þessu máli. Galt þá hundrað silfurs hver er til hafði farið en tvö hundruð hvor þeirra nafna. Tók Njáll við þessu fé og varðveitti en hvorir veittu öðrum tryggðir og grið og mælti Njáll fyrir.

Reið Gunnar þá af þingi vestur til Dala í Hjarðarholt. Tók Ólafur þái vel við honum. Sat hann þar hálfan mánuð. Gunnar reið víða um Dala og tóku allir við honum fegins hendi.

En að skilnaði mælti Ólafur til Gunnars: "Eg vil gefa þér þrjá gripi, gullhring og skikkju er átt hefir Mýrkjartan Írakonungur og hund er mér var gefinn á Írlandi. Hann er mikill og eigi verri til fylgdar en röscur maður. Það fylgir og að hann hefir mannsvit. Hann mun og geyja að hverjum manni þeim er hann veit að óvinur þinn er en aldrei að vinum þínum því að hann sér á hverjum manni hvort til þín er vel eða illa. Hann mun og líf á leggja að vera þér trúur. Þessi hundur heitir Sámur."

Síðan mælti hann við hundinn: "Nú skalt þú Gunnari fylgja og vera honum slíkur sem þú mátt."

Hundurinn gekk þegar að Gunnari og lagðist niður fyrir fætur honum.

Ólafur bað Gunnar vera varan um sig og kvað hann marga eiga öfundarmenn "þar er þú þykir nú ágætastur maður um allt land."

Gunnar þakkaði honum gjafar og heilræði og ríður heim síðan. Situr Gunnar nú heima nokkura hríð og er kyrrt.

## 71. kafli

Litlu síðar finnast þeir nafnar og Mörður. Verða þeir eigi á sáttir. Þóttust þeir láta fé mikið fyrir Merði en hafa ekki í móti og báðu hann setja aðra ráðagerð þá er Gunnari væri til meins.

Mörður kvað svo vera skyldu "er það nú ráð mitt að Þorgeir Otkelsson fífla Ormhildi frændkonu Gunnars en Gunnar mun af því láta vaxa óþokka við þig. Skal eg þá ljósta upp þeim kvitt að Gunnar muni eigi hafa svo búið við þig. Skuluð þið þá nokkuru síðar hafa aðför við Gunnar en þó skuluð þið Gunnar eigi heim sækja því að það má sér engi ætla meðan hundurinn lifir."

Sömdu þeir nú þessa ráðagerð með sér að sjá skyldi fram koma.

Nú líður sumarið. Þorgeir venur komur sínar til Ormhildar. Gunnari þótti það illa og gerðist óþokki mikill með þeim. Fór svo fram um veturinn. Nú kemur sumar og verða þá enn oftlega fundir þeirra á laun.

Þeir finnast jafnan Þorgeir undan Þríhyrningi og Mörður og ráða aðför við Gunnar þá er hann riði ofan í Eyjar að sjá verk húskarla sinna.

Eitt sinn varð Mörður var við er Gunnar reið ofan í Eyjar og sendi mann undir Þríhyrning að segja Þorgeiri að þá mundi vænast til að leita að fara að Gunnari. Þeir brugðu við skjótt og fara ofan þaðan við hinn tólfta mann. En er þeir komu í Kirkjubæ þá voru þar fyrir aðrir tólf. Þeir ræða um hvar þeir

skulu sitja fyrir Gunnari og kom það ásamt að þeir skyldu fara ofan til Rangár og sitja þar fyrir honum.

En er Gunnar reið neðan úr Eyjum reið Kolskeggur með honum. Gunnar hafði boga sinn og örvar og atgeirinn. Kolskeggur hafði saxið og alvæpni.

## 72. kafli

Sá atburður varð er þeir Gunnar riðu neðan að Rangá að blóð féll á atgeirinn. Kolskeggur spurði hvi það mundi sæta.

Gunnar svaraði ef slíkir atburðir yrðu að það væri kallað í öðrum löndum benrögn "og sagði svo Ölvir bóndi í Hísing að það væri jafnan fyrir stórfundum."

Síðan riðu þeir til þess er þeir sáu mennina við ána, sjá að þeir sitja en hafa bundið hestana.

Gunnar mælti: "Fyrirsát er nú."

"Lengi hafa þeir ótrúlegir verið," segir Kolskeggur, "eða hvað skal nú til ráða taka?"

"Hleypa skulum við upp hjá þeim," segir Gunnar, "til vaðsins og búast þar við."

Hinir sjá það og snúa þegar að þeim. Gunnar bendir upp bogann og tekur örvarnar og steypir niður fyrir sig og skýtur þegar er þeir komu í skotfæri. Særði Gunnar við það mjög marga menn en drap suma.

Þá mælti Þorgeir Otkelsson: "Þetta dugir oss ekki, göngum að sem harðast."

Þeir gerðu svo. Fyrstur gekk Önundur hinn fagri, frændi Þorgeirs. Gunnar skaut atgeirinum til hans og kom á skjöldinn og klofnaði hann í tvo hluti en atgeirinn hljóp í gegnum Önund. Ögmundur flóki hljóp að baki Gunnari. Kolskeggur sá það og hjó undan Ögmundi báða fætur og hratt honum út á Rangá og druknaði hann þegar. Gerðist nú bardagi mikill og harður og hjó Gunnar annarri hendi en lagði annari. Kolskeggur vó og drjúgan menn en særði marga.

Þorgeir Starkaðarson mælti til nafna síns: "Allítt sér það á að þú eigir föður þíns að hefna á Gunnari."

Þorgeir Otkelsson svarar: "Víst er eigi vel fram gengið en þó hefir þú eigi gengið mér í spor enda skal eg eigi þola þín frýjuorð," hleypur að Gunnari af mikilli reiði og lagði spjóti í gegnum skjöldinn og svo í gegnum hönd Gunnari. Gunnar snaraði svo hart skjöldinn að spjótið brotnaði í falnum. Gunnar sér annan mann kominn í höggfæri við sig og höggur þann banahöggi. Eftir það þrífur hann atgeirinn tveim höndum. Þá var Þorgeir Otkelsson kominn nær honum með brugðnu sverði og reiddi hart. Gunnar snýst að honum skjótt af mikilli reiði og rekur í gegnum hann atgeirinn og bregður honum á loft og keyrir hann út á Rangá. Og rekur hann ofan á vaðið og festi þar á steini einum og heitir þar síðan Þorgeirsvað.

Þorgeir Starkaðarson mælti: "Flýjum vér nú, ekki mun oss sigurs verða auðið að svo búnu."

Snéru þeir þá allir í frá.

"Sækjum við nú eftir þeim," segir Kolskeggur, "og tak þú bogann og örvarnar og munt þú komast í skotfæri við Þorgeir Starkaðarson."

Gunnar svaraði: "Eyðast munu fésjóðarnir um það er þessir eru bættir er hér liggja nú dauðir."

"Ekki mun þér féfátt verða," sagði Kolskeggur, "en Þorgeir mun eigi fyrr af láta en hann ræður þér bana."

"Standa munu nokkurir hans makar á götu minni áður en eg hræðist þá," segir Gunnar.

Síðan ríða þeir heim og segja tíðindin. Hallgerður fagnaði þessum tíðindum og lofaði mjög verkið.

Rannveig mælti: "Vera má að gott sé verkið en verra verður mér við en eg ætli að gott muni af leiða."

## 73. kafli

Þessi tíðindi spyrjast víða og var Þorgeir mörgum mönnum harmdauði. Þeir Gissur hvíti og Geir goði ríðu til og lýstu vígunum og kvöddu búa til þings. Ríðu þá vestur aftur.

Þeir Njáll og Gunnar fundust og töluðu um bardagann.

Þá mælti Njáll til Gunnars: "Ver þú nú var um þig. Nú hefir þú vegið tvisvar í hinn sama knérunn. Hygg nú svo fyrir hag þínum að þar liggur við líf þitt ef þú heldur eigi þá sætt sem ger er."

"Hvergi ætla eg mér af að bregða," segir Gunnar, "en þó mun eg þurfa liðsinni yðvart á þingi."

Njáll svaraði: "Halda mun eg við þig mínum trúnaði til dauðadags."

Ríður Gunnar þá heim.

Líður nú til þings og fjölmenna hvorirtveggju mjög. Er um þetta allfjölrætt á þingi hversu þessi mál mundu lúkast.

Þeir Gissur hvíti og Geir goði töluðu með sér hvor þeirra lýsa skyldi vígsökinni Þorgeirs. En þar kom að Gissur tók undir sig málið og lýsti sök að Lögbergi og kvað svo að orði að "eg lýsi lögmætu frumhlaupi á hönd Gunnari Hámundarsyni um það er hann hljóp lögmætu frumhlaupi til Þorgeirs Otkelssonar og særði hann holundarsári því er að ben gerðist en Þorgeir fékk bana af. Tel eg hann eiga að verða um sök þá sekan skógarmann, óælan, óferjanda, óráðanda öllum bjargráðum. Tel eg sekt fé hans allt, hálf t mér en hálf fjórðungsmönnum þeim er sektarfé eiga að taka eftir hann að lögum. Lýsi eg til fjórðungsdóms þess er sökin á í að koma að lögum, lýsi eg löglýsing, lýsi eg í heyranda hljóði að Lögbergi, lýsi eg nú til sóknar í sumar og til sektar fullrar á hönd Gunnari Hámundarsyni."

Í annað sinn nefndi Gissur sér votta og lýsti sök á hönd Gunnari Hámundarsyni um það er hann særði Þorgeir Otkelsson holundarsári því er að ben gerðist en Þorgeir fékk bana af á þeim vettvangi er Gunnar hljóp til Þorgeirs lögmætu frumhlaupi áður. Síðan lýsti hann þessi lýsing sem hinni fyrri. Þá spurði hann að þingfesti og að heimilisfangi. Eftir það gengu menn frá Lögbergi og mæltu allir að honum mæltist vel. Gunnar var vel stilltur og lagði fátt til.

Líður nú þingið þar til er dómur fara út. Gunnar stóð norðan að Rangæingadómi og hans menn en Gissur hinn hvíti stóð sunnan að og hans menn og nefndi sér votta og bauð Gunnari að hlýða til eiðspjalls síns og til framsögu sakar sinnar og til sóknargagna þeirra allra sem hann hugði fram að færa. Eftir það vann hann eið. Þá sagði hann fram sök sína svo skapaða í dóm sem hann lýsti. Þá lét hann bera lýsingarvætti. Þá bauð hann búum í setu og til ruðningar um kviðinn.

## 74. kafli

Þá mælti Njáll: "Nú mun eigi sitjanda hlut mega í eiga. Göngum nú þar til er búarnir sitja."

Þeir gengu þangað til og ruddu fjóra búa úr kviðinum en kvöddu hina fimm bjargkviðar, er eftir voru, um málið Gunnars, hvort þeir Þorgeir Starkaðarson eða Þorgeir Otkelsson hefðu farið með þann hug til fundar að vinna á Gunnari ef þeir mættu. En allir báru það skjótt að það hefði verið. Kallaði Njáll þetta lögvörn fyrir málið og kvaðst mundu fram bera vörnina nema þeir legðu til sætta. Voru í þessu þá margir höfðingjar að biðja sættanna og fékkst það af að tólf menn skyldu gera um málið. Ganga hvorirtveggju þá til og handsala þessa sætt.

Eftir það var gert um málið og ákveðið um féggjöld og skyldi allt greitt þegar þar á þingi en Gunnar skyldi fara utan og Kolskeggur og vera í brautu þrjá vetur. En ef Gunnar færi eigi utan og mætti hann komast þá skyldi hann dræpur fyrir frændum hins vegna.

Gunnar lét ekki á sig finna að honum þætti eigi góð sættin. Gunnar spurði Njál að fé því er hann hafði fengið honum til varðveislu. Njáll hafði ávaxtað féið og greiddi þá fram allt og stóðst það á endum og það er Gunnar átti að gjalda fyrir sig.

Ríða menn nú heim.

Þeir Njáll og Gunnar riðu báðir samt af þingi.

Þá mælti Njáll til Gunnars: "Geym nú svo til félagi að þú halt sætt þessa og mun hvað við höfum við mælst. Og svo sem þér varð hin fyrri utanferð mikil til sæmdar þá mun þér verða sjá miklu meir til sæmdar. Munt þú koma út með mannvirðingu mikilli og verða maður gamall og mun engi maður hér þá á sporði þér standa. En ef þú ferð eigi utan og rýfur sætt þína þá munt þú drepinn vera hér á landi og er það illt að vita þeim er vinir þínir eru."

Gunnar kvaðst ekki ætla að rjúfa sættir.

Gunnar ríður heim og segir sættina. Rannveig móðir hans kvað það vel að hann færi utan og ættu þeir við annan að deila fyrst.

## 75. kafli

Þráinn Sigfússon sagði það konu sinni að hann ætlaði að fara utan það sumar. Hún kvað það vel vera. Tók hann sér þá fari með Högna hinum hvíta. Gunnar tók sér fari með Arnfinni hinum víkverska og Kolskeggur bróðir hans.

Þeir Grímur og Helgi Njálssynir báðu föður sinn að hann leyfði þeim að fara utan.

Njáll mælti: "Erfið mun ykkur verða utanferð sjá svo að tvísýnt mun ykkur verða þykja hvort þið haldið lífinu en þó munuð þið fá sæmd í sumu og mannvirðing en eigi örvænt að af leiði vandræði er þið komið út."

Þeir báðu jafnan að fara og það varð að hann bað þá fara ef þeir vildu. Réðu þeir sér þá far með Bárði svarta og Ólafi syni Ketils úr Eldu. Og er nú mikil umræða á að mjög leysist á braut hinir betri menn úr sveitinni.

Þeir voru þá frumvaxta synir Gunnars, Högni og Grani. Þeir voru menn óskaplíkir. Hafði Grani mikið af skaplyndi móður sinnar en Högni var vel að sér.

Gunnar lætur flytja vöru þeirra bræðra til skips. Og þá er öll föng Gunnars voru til skips komin og skip var mjög búið þá ríður Gunnar til Bergþórshvols og á aðra bæi að finna menn og þakkaði liðveislu öllum þeim er honum höfðu lið veitt.

Annan dag eftir býr hann snemmendis ferð sína til skips og sagði þá öllu liði að hann mundi ríða í braut alfari og þótti mönnum það mikið en væntu þó tilkomu hans síðar. Gunnar hverfur til allra heimamanna sinna er hann var búinn og gengu menn út með honum allir. Hann stingur niður atgeirinum og stiklar í söðulinn og ríða þeir Kolskeggur í braut. Þeir ríða fram að Markarfljóti. Þá drap hestur Gunnars fæti og stökk hann af baki.

Honum varð litið upp til hlíðarinnar og bæjarins að Hlíðarenda. Þá mælti hann: "Fögur er hlíðin svo að mér hefir hún aldrei jafnfögur sýnst, bleikir akrar en slegin tún, og mun eg ríða heim aftur og fara hvergi."

"Ger þú eigi þann óvinafagnað," segir Kolskeggur, "að þú rjúfir sætt þína því að þér mundi engi maður það ætla. Og munt þú það ætla mega að svo mun allt fara sem Njáll hefir sagt."

"Hvergi mun eg fara," segir Gunnar, "og svo vildi eg að þú gerðir."

"Eigi skal það," segir Kolskeggur, "hvorki skal eg á þessu níðast og á engu öðru því er mér er til trúað og mun sjá einn hlutur svo vera að skilja mun með okkur en seg það móður minni og frændum mínum að eg ætla ekki að sjá Ísland því að eg mun spyrja þig látinn frændi og heldur mig þá ekki til útferðar."

Skilur þá með þeim. Ríður Gunnar heim til Hlíðarenda en Kolskeggur ríður til skips og fer utan.

Hallgerður var fegin Gunnari er hann kom heim en móðir hans lagði fátt til. Gunnar situr nú heima þetta haust og veturinn og hafði ekki margt manna um sig. Líður nú vetur úr garði.

Ólafur pái sendi Gunnari mann og bað hann fara vestur þangað og Hallgerði en fá bú í hendur móður sinni og Högna syni sínum. Gunnari þótti það fýsilegt fyrst og játaði því en þá er að kom þá vildi hann eigi.

En á þingi um sumarið lýsa þeir Gissur sekt Gunnars að Lögbergi. En áður þinglausnir voru stefndi Gissur öllum óvinum Gunnars í Almannagjá: Starkaði undan Þríhyrningi og Þorgeiri syni hans, Merði og Valgarði hinum grá, Geir goða og Hjalta Skeggjasyni, Þorbrandi og Ásbrandi Þorleikssonum, Eilífi og Önundi syni hans, Önundi úr Tröllaskógi, Þorgrími austmanni úr Sandgili.

Gissur mælti: "Eg vil bjóða yður að vér förum að Gunnari í sumar og drepum hann."

Hjalti mælti: "Því hét eg Gunnari hér á þingi þá er hann gerði mest fyrir mín orð að eg skyldi aldrei vera í aðförum við hann og skal svo vera."

Síðan gekk Hjalti í braut en þeir réðu aðför við Gunnar er eftir voru og höfðu handtak að og lögðu við sekt ef nokkur gengi úr. Mörður skyldi halda njósnum til nær best gæfi færi á Gunnari og voru þeir fjórir tígir manna í þessu sambandi. Þótti þeim sér nú lítið mundu fyrir verða að veiða Gunnar er í brautu var Kolskeggur og Þráinn og margir aðrir vinir Gunnars. Ríðu menn heim af þingi.

Njáll fór að finna Gunnar og sagði honum sekt hans og ráðna aðför við hann.

"Vel þykir mér þér fara," sagði Gunnar, "er þú gerir mig varan við."

"Nú vil eg," segir Njáll, "að Skarphéðinn fari til þín og Höskuldur sonur minn og munu þeir leggja sitt líf við þitt líf."

"Eigi vil eg það," segir Gunnar, "að synir þínir séu drepnir fyrir mínar sakar og átt þú annað að mér."

"Fyrir ekki mun það koma," sagði Njáll. "Þangað mun snúið vandræðum þá er þú ert látinn sem synir mínir eru."

"Eigi er það ólíklegt," segir Gunnar, "en eigi vildi eg að það hlytist af mér til. En þess vil eg biðja þig og yður feðga að þér sjáið á með Högna syni mínum. En eg tala þar ekki til er Grani er því að hann gerir margt ekki að mínu skapi."

Njáll hét því og reið heim.

Það er sagt að Gunnar reið til allra mannfunda og lögþinga og þorðu aldrei óvinir hans á hann að ráða. Fór svo fram nokkura hríð að hann fór sem ósekur maður.

## 76. kafli

Um haustið sendi Mörður Valgarðsson orð að Gunnar mundi vera einn heima en lið allt mundi vera niðri í Eyjum að lúka heyverkum. Riðu þeir Gissur hvíti og Geir goði austur yfir ár þegar þeir spurðu það og austur yfir sanda til Hofs. Þá sendu þeir orð Starkaði undir Þríhyrningi. Og fundust þeir þar allir er að Gunnari skyldu fara og réðu hversu þeir skyldu með fara.

Mörður sagði að þeir mundu eigi koma á óvart Gunnari nema þeir tækju bónda af næsta bæ er Þorkell hét og létu hann fara nauðgan með sér að taka hundinn Sám og færi hann einn heim á bæinn.

Fóru þeir síðan austur til Hlíðarenda en sendu menn að fara eftir Þorkatli. Þeir tóku hann höndum og gerðu honum tvo kosti, að þeir mundu drepa hann ella skyldi hann taka hundinn en hann kjöri heldur að leysa líf sitt og fór með þeim. Traðir voru fyrir ofan garðinn að Hlíðarenda og námu þeir þar staðar með flokkinn. Þorkell bóndi gekk heim á bæinn og lá rakkinn á húsum uppi og teygir hann rakkann á braut í geilarnar með sér. Í því sér hundurinn að þar eru menn fyrir og hleypur á hann Þorkel upp og grípur náran og rífur þar á hol. Öfundur úr Tröllaskógi hjó með öxi í höfuð hundinum svo að allt kom í heilann. Hundurinn kvað við hátt svo að það þótti þeim með ódæmum miklum vera og féll hann dauður niður.

## 77. kafli

Gunnar vaknaði í skálanum og mælti: "Sárt ert þú leikinn Sámur fóstri og búið svo sé til ætlað að skammt skuli okkar í meðal."

Skáli Gunnars var ger af viði einum og súðþaktur utan og gluggar hjá brúnásunum og snúin þar fyrir speld. Gunnar svaf í lofti einu í skálanum og Hallgerður og móðir hans.

En er þeir komu að bænum vissu þeir eigi hvort Gunnar mundi heima vera. Gissur mælti að nokkur skyldi fara heim á húsinn og vita hvað af kannaði en þeir settust niður á völlinn meðan. Þorgrímur austmaður gekk upp á skálann. Gunnar sér að rauðan kyrtil ber við glugginum og leggur út með



atgeirinum á hann miðjan. Þorgrími skruppu fætarnir og varð laus skjöldurinn og hrataði hann ofan af þekjunni. Gengur hann síðan að þeim Gissuri þar er þeir sátu á vellinum.

Gissur leit við honum og mælti: "Hvort er Gunnar heima?"

"Vitið þér það en hitt vissi eg að atgeir hans var heima." segir Austmaðurinn.

Féll hann þá niður dauður. Þeir sóttu þá heim að húsunum. Gunnar skaut út örum að þeim og varðist vel og gátu þeir ekki að gert. Þá hljópu sumir á húsin upp og ætluðu þaðan að að sækja. Gunnar kom þangað að þeim örunum og gátu þeir ekki að gert og fór svo fram um hríð. Þeir tóku hvíld og sóttu að í annað sinn. Gunnar skaut enn út örunum og gátu þeir enn ekki að gert og hrukku frá í annað sinn.

Þá mælti Gissur hvíti: "Sækjum að betur, ekki verður af oss."

Gerðu þeir þá hríð hina þriðju og voru við lengi. Eftir það hrukku þeir frá.

Gunnar mælti: "Ör liggur þar úti á þekjunni og er sú af þeirra örum og skal eg þeirri skjóta til þeirra. Og er þeim það skömm ef þeir fá geig af vopnum sínum."

Móðir hans mælti: "Ger þú eigi það son minn að þú vekir þá er þeir hafa áður frá horfið."

Gunnar þreif örina og skaut til þeirra og kom á Eilíf Önundarson og fékk hann af sár mikið. Hann hafði staðið einn saman og vissu þeir eigi að hann var særður.

"Hönd kom þar út," segir Gissur, "og var á gullhringur og tók ör er lá á þekjunni og mundi eigi út leitað viðfanga ef gnógt væri inni og skulum vér nú sækja að."

Mörður mælti: "Brennum vér hann inni."

"Það skal verða aldrei," segir Gissur, "þó að eg viti að líf mitt liggi við. Er þér sjálfrátt að leggja til ráð þau er dugi svo slægur maður sem þú ert kallaður."

Strengir lágu á vellinum og voru hafðir til að festa með hús jafnan.

Mörður mælti: "Tökum vér strengina og berum um ásendana en festum aðra endana um steina og snúum í vindása og vindum af ræfrið af skálanum."

Þeir tóku strengina og veittu þessa umbúð alla og fann Gunnar eigi fyrr en þeir höfðu undið allt þakið af skálanum. Gunnar skýtur þá af boganum svo að þeir komast aldrei að honum. Þá mælti Mörður í annað sinn að þeir mundu brenna Gunnar inni.

Gissur svarar: "Eigi veit eg hví þú vilt það mæla er engi vill annarra og skal það aldrei verða."

Í þessu bili hleypur upp á þekjuna Þorbrandur Þorleiksson og höggur í sundur bogastrenginn Gunnars. Gunnar þrífur atgeirinn báðum höndum og snýst að honum skjótt og rekur í gegnum hann atgeirinn og kastar honum dauðum á völlinn. Þá hljóp upp Ásbrandur bróðir hans. Gunnar leggur til hans atgeirinum og kom hann skildi fyrir sig. Atgeirinn renndi í gegn um skjöldinn og svo meðal handleggjanna. Snaraði Gunnar þá svo fast atgeirinn að skjöldurinn kloffnaði en brotnuðu báðir handleggirnir og féll hann út af veggnum. Áður hafði Gunnar særða átta menn en vegið þá tvo. Þá fékk Gunnar sár tvö og sögðu það allir menn að hann brygði sér hvorki við sár né við bana.

Hann mælti til Hallgerðar: "Fá mér leppa tvo úr hári þínu og snúið þið móðir mín saman til bogastrengs mér."

"Liggur þér nokkuð við?" segir hún.

"Líf mitt liggur við," segir hann, "því að þeir munu mig aldrei fá sóttan meðan eg kem boganum við."

"Þá skal eg nú," segir hún, "muna þér kinnhestinn og hirði eg aldrei hvort þú verð þig lengur eða skemur."

"Hefir hver til síns ágætis nokkuð," segir Gunnar, "og skal þig þessa eigi lengi biðja."

Rannveig mælti: "Illa fer þér og mun þín skömm lengi uppi."

Gunnar varði sig vel og fræklega og særir nú aðra átta menn svo stórum sárum að mörgum lá við bana. Gunnar ver sig þar til er hann féll af mæði. Þeir særðu hann þá mörgum stórum sárum en þó komst hann úr höndum þeim og varði sig þá enn lengi en þó kom þar að þeir drápu hann.

Um vörn hans orti Þorkell Elfaraskáld í vísu þessi:

Spurðum vér hve varðist  
vígmóðr kjalar slóða  
glaðstýrandi geiri,  
Gunnar, fyrir Kjöl sunnan.  
Sóknrýrir vann sára  
sextán viðar mána  
hríðar herðimeiða  
hauðrmens en tvo dauða.

Gissur mælti: "Mikinn öldung höfum vér nú að velli lagt og hefir oss erfitt veitt og mun hans vörn uppi meðan landið er byggt."

Síðan gekk hann til fundar við Rannveigu og mælti: "Vilt þú veita mönnum vorum tveimur jörð er dauðir eru og séu hér heygðir?"

"Að heldur tveimur," segir hún, "að eg mundi veita yður öllum."

"Vorkunn er þér til þess er þú mælir," segir hann, "því að þú hefir mikils misst" og kvað á að þar skyldi engu ræna og engu spilla. Fóru á braut síðan.

Þá mælti Þorgeir Starkaðarson: "Eigi megum vér vera heima í búum vorum fyrir Sigfússonum nema þú Gissur hvíti eða Geir goði sért suður hér nokkura hríð."

"Þetta mun svo vera," segir Gissur og hlutuðu þeir og hlaut Geir eftir að vera.

Síðan fór hann í Odda og settist þar. Hann átti sér son er Hróaldur hét. Hann var laungetinn og hét Bjartey móðir hans og var systir Þorvalds hins veila er veginn var við Hestlæk í Grímsnesi. Hann hrósaði því að hann hefði veitt Gunnari banasár. Hróaldur var í Odda með föður sínum. Þorgeir Starkaðarson hrósaði öðru sári að hann hefði Gunnari veitt. Gissur sat heima að Mosfelli.

Víg Gunnars spurðist og mæltist illa fyrir um allar sveitir og var hann mörgum mönnum mjög harmdauði.

## 78. kafli

Njáll kundi illa láti Gunnars og svo Sigfússynir. Þeir spurðu hvort Njáli þætti nokkuð eiga að lýsa vígsök Gunnars og búa mál til. Hann kvað það ekki mega er maður var sekur orðinn og kvað heldur mundu verða að veita þeim í því vegskarð að veða nokkura í hefnd eftir hann.

Þeir urpu haug eftir Gunnar og létu hann sitja upp í hauginum. Rannveig vildi eigi að atgeirinn færi í hauginn og kvað þann einn skyldu á honum taka er hefna vildi Gunnars. Tók því engi á atgeirinum. Hún var svo hörð við Hallgerði að henni hélt við að hún mundi drepa hana og kvað hana valdið hafa vígi sonar síns. Stökk þá Hallgerður til Grjótár og Grani sonur hennar. Var þá gert féskipti með þeim. Skyldi Högni taka land að Hlíðarenda og bú á en Grani skyldi hafa leigulönd.

Sá atburður varð að Hlíðarenda að smalamaður og griðkona ráku fé hjá haugi Gunnars. Þeim þótti Gunnar vera kátur og kveða í hauginum. Fóru þau heim og sögðu Rannveigu móður Gunnars atburðinn en hún bað þau fara til Bergþórshvols og segja Njáli. Þau gerðu svo en hann lét segja sér þrem sinnum. Eftir það talaði hann lengi hljótt við Skarphéðinn.

Síðan tók Skarphéðinn öxi sína og fer með þeim til Hlíðarenda. Þau Högni og Rannveig tóku við honum allvel og urðu honum fegin mjög. Rannveig bað að hann væri þar lengi. Hann hét því. Þeir Högni gengu út og inn jafnan. Högni var maður vasklegur og vel að sér ger og tortryggur og þorðu þau fyrir því eigi að segja honum fyrirburðinn.

Þeir Skarphéðinn og Högni voru úti eitt kveld og voru fyrir sunnan haug Gunnars. Tunglskin var bjart en stundum dró fyrir. Þeim sýndist haugurinn opinn og hafði Gunnar snúist í hauginum og sá í móti tunglinu. Þeir þóttust sjá fjögur ljós í hauginum brenna og bar hvergi skugga á. Þeir sáu að Gunnar var kátlegur og með gleðibragði miklu. Hann kvað vísu og svo hátt að þó mátti heyra gjörla þó það þeir væru firr:

Mælti dögglá deilir,  
dáðum rakkr, sá er háði  
bjartr með bestu hjarta  
benrögn, faðir Högna:  
Heldr kvaðst hjálmi faldinn  
hjörþilju sjá vilja  
vættidraugr en vægja,  
val-Freyju stafr, deyja -  
og val-Freyju stafr deyja.

Síðan laukst aftur haugurinn.

"Mundir þú trúa," segir Skarphéðinn, "ef aðrir segðu þér?"

"Trúa mundi eg," segir Högni, "ef Njáll segði því að það er sagt að hann ljúgi aldrei."

"Mikið er um fyrirburði slíka," segir Skarphéðinn, "er hann sjálfur vittraði okkur að hann vildi heldur deyja en vægja fyrir óvinum sínum og kenndi okkur þau ráð."

"Engu mun eg til leiðar koma," segir Högni, "nema þú viljir mér að veita."

"Nú skal eg það muna," segir Skarphéðinn, "hversu Gunnari fór eftir víg Sigmundar frænda yðvars. Skal eg nú veita þér slíkt er eg má. Hét faðir minn því Gunnari þar er þú ættir hlut að eða móðir hans."

Gengu þeir síðan heim til Hlíðarenda.

## 79. kafli

Skarphéðinn mælti: "Nú skulum við fara þegar í nótt því að ef þeir spyrja að eg er hér þá munu þeir vera varari um sig."

"Þínum ráðum vil eg fram fara," segir Högni.

Eftir það tóku þeir vopn sín þá er allir menn voru í rekkjum. Högni tekur ofan atgeirinn og söng í honum hátt.

Rannveig spratt upp af æði mikilli og mælti: "Hver tekur atgeirinn þar er eg bannaði öllum með að fara?"

"Eg ætla," segir Högni, "að færa föður mínum og hafi hann til Valhallar og beri þar fram á vopnaþingi."

"Fyrri munt þú nú bera hann," segir hún, "og hefna föður þíns því að atgeirinn segir manns bana, eins eða fleiri."

Síðan gekk Högni út og sagði Skarphéðni orðræðu þeirra ömmu hans.

Síðan fara þeir til Odda. Hrafnar tveir flugu með þeim alla leið. Þeir komu um nóttina í Odda. Þeir ráku fénað heim á húsinn. Þá hljóp út Hróaldur og Tjörvi og ráku féið upp í geilarnar og höfðu með sér vopn sín.

Skarphéðinn spratt upp og mælti: "Eigi þarft þú að hyggja að, jafnt er sem þér sýnist, menn eru hér."

Síðan höggur Skarphéðinn Tjörva banahögg. Hróaldur hafði spjót í hendi. Högni hleypur að honum. Hróaldur leggur til Högna. Högni hjó í sundur spjótskaftið með atgeirinum en rekur atgeirinn í gegnum hann. Síðan gengu þeir frá þeim dauðum og snúa þaðan upp undir Þríhyrning. Skarphéðinn hleypur á hús upp og reytir gras og ætluðu þeir er inni voru að fénaður væri. Tóku þeir feðgar, Starkaður og Þorgeir, vopn sín og klæði og fóru út og hljópu upp um garðinn. En er Starkaður sér Skarphéðinn hræðist hann og vildi aftur snúa. Skarphéðinn höggur hann við garðinum. Þá kemur Högni í mót Þorgeiri og vegur hann með atgeirinum.

Þaðan fara þeir til Hofs og var Mörður á velli úti og bað sér griða og bauð alsætti.

Skarphéðinn sagði Merði víg þeirra fjögurra. "Og slíka för," segir Skarphéðinn, "skalt þú fara eða selja Högna sjálfðæmi ef hann vill taka."

Högni kvaðst hitt hafa ætlað að sættast ekki við föðurbana sína en þó tók hann sjálfðæmi um síðir.

## 80. kafli

Njáll átti hlut að við þá er eftirmál áttu eftir þá Starkað og Þorgeir að þeir skyldu taka sættum og var héraðsfundur til lagður og teknir menn til gerðar og voru virðir í allir hlutir, tilför við Gunnar þó að hann væri sekur. En slík fégjöld sem ger voru þá galt Mörður allt því að þeir luku eigi fyrir upp gerð á hendur honum en gert var áður um hitt málið og létu þeir það á endum standast. Voru þeir þá alsáttir.

En á þingi var umræða mikil um mál þeirra Geirs goða og Högna og kom þar að þeir sættust og hélst sú sætt með þeim síðan. Bjó Geir goði í Hlíð til dauðadags og er hann úr sögunni.

Njáll bað konu til handa Högna, Álfeiðar dóttur Veturliða skálds, og var hún honum gefin. Þeirra son var Ari er sigldi til Hjaltlands og kvongaðist þar. Frá honum er kominn Einar Hjaltlendingur, hinn vaskasti maður. Högni hélt vináttu sinni við Njál og er hann úr sögunni.

## 81. kafli

Nú er að segja frá Kolskeggi að hann kemur til Noregs og er í Vík austur um veturinn en um sumarið eftir fer hann austur til Danmerkur og felst á hendi Sveini konungi tjúguskegg og hafði þar virðingar miklar.

Eina hverja nótt dreymir hann að maður kom að honum. Sá var ljós og þótti honum hann vekja sig.

Hann mælti við hann: "Statt upp þú og far með mér."

"Hvað vilt þú mér?" segir Kolskeggur.

Hann mælti: "Eg skal fá þér kvonfang og skalt þú vera riddari minn."

Hann þóttist játa því. Eftir það vaknaði hann. Síðan fór hann til spekinga eins og sagði honum drauminn en hann réð svo að hann mundi fara suður í lönd og verða guðs riddari.

Kolskeggur tók skírn í Danmörku en nam þar þó eigi yndi og fór í Garðaríki og var þar einn vetur. Þá fór hann þaðan út í Miklagarð og gekk þar á mála. Spurðist það til hans að hann kvongaðist þar og var höfðingi fyrir væringjaliði og var þar til dauðadags og er hann úr sögu þessi.

## 82. kafli

Nú er þar til máls að taka að Þráinn Sigfússon kom til Noregs. Þeir komu norður við Hálogaland og héldu suður til Þrándheims og svo inn til Hlaða. En þegar er Hákon jarl spurði það sendi hann menn til þeirra og vildi vita hvað manna væri á skipi þeirra er höfuðburður væri að. Þeir komu aftur og sögðu honum hverjir voru. Jarlinn sendi þá eftir Þráni Sigfússyni og kom hann á hans fund. Jarl spurði hværrar ættar hann væri. Hann segir að hann væri skyldur mjög Gunnari að Hlíðarenda.

Jarl mælti: "Njóta skalt þú þess því að séð hefi eg marga íslenska menn og engan hans maka."

Þráinn mælti: "Herra, viljið þér að eg sé með yður í vetur?"

Jarl tók við honum. Var Þráinn þar um veturinn og virðist vel.

Kolur hét maður. Hann var víkingur mikill. Hann var son Ásmundar eskisíðu austan úr Smálöndum. Hann lá í Gautelfi austur og hafði fimm skip og lið mikið. Þaðan hélt Kolur úr Elfinni til Noregs og gekk upp á Foldinni og kom á óvart Hallvarði sóta og fundu hann í lofti einu. Hann varðist þaðan vel þar til er þeir báru eld að. Þá gafst hann upp en þeir drápu hann og tóku þar fé mikið og héldu þaðan til Ljóðhúsa.

Þessi tíðindi spurði Hákon jarl og lét dæma Kol útlagan um allt ríki sitt og lagði fé til höfuðs honum.

Einu hverju sinni var það að jarl tók svo til orða: "Of fjarri er oss nú Gunnar að Hlíðarenda. Hann mundi drepa útlaga minn ef hann væri hér en nú munu Íslendingar drepa hann og er það illa er hann hefir eigi til vor farið."

Þráinn Sigfússon svaraði: "Eigi er eg Gunnar en þó er eg skyldur Gunnari og vil eg bjóðast til þessar ferðar."

Jarl mælti: "Það vil eg gjarna. Skal og þína för allvel búa."

Síðan tók Eiríkur son hans til orða: "Við marga hafið þér heit góð en misjafnt þykir út seljast. Er þetta hin torveldlegasta för því að víkingur sjá er harður og illur viðureignar. Munt þú þurfa að vanda til ferðar þessar bæði skip og menn."

Þráinn mælti: "Þó skal nú fara að ferðin sé eigi rífleg."

Síðan fékk jarl honum fimm sip og öll vel skipuð. Með Þráni var Gunnar Lambason og Lambi Sigurðarson. Gunnar var bróðurson Þráins og hafði komið til hans ungur og unni hvor öðrum mikið. Eiríkur jarlsson gekk til með þeim og hugði að mönnum og vopnaafli og skipti þar um er honum þótti þurfa. Síðan er þeir voru búnir fékk Eiríkur þeim leiðsögumann.

Sigldu þeir þá suður með landi. En hvar sem þeir kæmu við þá heimilaði jarl þeim slíkt er þeir þyrftu að hafa. Þeir héldu austur til Ljóðhúsa. Þar spurðu þeir að Kolar var farinn suður til Danmerkur. Héldu þeir þá suður þangað. En er þeir komu suður til Helsingjaborgar fundu þeir þar menn á báti og sögðu þeir að þar var Kolar fyrir og mundi þar dveljast um hríð.

Veðurdagur var góður. Þá sá Kolar skipin er að fóru og kvað sig dreymt hafa Hákon jarl um nóttina og kvað þetta vera mundu menn hans og bað alla menn sína taka vopn sín. Síðan bjuggust þeir við og tekst þar orusta. Berjast þeir lengi svo að eigi verða umskipti. Kolar hljóp þá upp á skip Þráins og ruddist um fast og drepur margan mann. Hann hafði gylltan hjálm. Nú sér Þráinn að eigi mun duga, eggjar nú mennina með sér en hann gengur sjálfur fyrstur og mætir Kol. Kolar höggur til hans og kom í skjöldinn Þráins og klauf ofan skjöldinn. Þá fékk Kolar steinshögg á höndina. Féll þá niður sverðið. Þráinn hjó til Kols og kom á fótinn svo að af tók. Eftir það drápu þeir Kol. Hjó Þráinn höfuð af honum en steypiti búkinum fyrir borð en varðveitti höfuðið.

Þeir tóku þar fé mikið, héldu þá norður til Þrándheims og fara á fund jarls. Tók hann vel við Þráni. Hann sýndi jarli höfuð Kols. Jarl þakkaði honum verk það. Eiríkur kvað meira vert en orða einna. Jarlinn svaraði að svo var og bað þá ganga með sér. Gengu þeir þangað sem jarl hafði látið gera skip góð. Jarl hafði látið gera skip það eitt er eigi var gert sem langskip. Þar var gammshöfuð á og búíð mjög.

Jarl mælti: "Þú ert skrautmenni mikið Þráinn og hefir þú það af Gunnari frænda þínum. Vil eg nú gefa þér skip þetta en skipið heitir Gammur. Þar skal fylgja með vinátta mín. Vil eg að þú sért með mér svo lengi sem þú vilt."

Þráinn þakkaði jarli velgerning sinn og kveðst ekki fýsast til Íslands að svo búnu.

Jarl átti ferð austur til landamæris að finna Svíakonung. Fór Þráinn með honum um sumarið og var skipstjórnamaður og stýrði Gamminum. Hann sigldi svo mikið að fáir þyrftu við hann. Hann var öfundaður mjög en það fannst á jafnan að jarl virti mikils Gunnar því að hann setti þá harðlega aftur alla er á Þráin leituðu. Var Þráinn með jarli allan þann vetur. En um vorið spurði jarl Þráin hvort hann vildi þar vera eða fara til Íslands en hann kvaðst eigi það hafa ráðið við sig og sagðist vita vilja áður tíðindi af Íslandi. Jarl sagði að svo skyldu vera sem honum þætti henta. Var Þráinn með jarli.

Þá spurðust tíðindi af Íslandi þau er mörgum þótti mikil, lát Gunnars frá Hlíðarenda. Þá vildi jarl eigi að Þráinn færi út og var hann þá enn með jarli.

## 83. kafli

Nú er þar til máls að taka að þeir Grímur og Helgi synir Njáls fóru af Íslandi það sumar sem þeir Þráinn fóru utan og voru á skipi með þeim Ólafi eldu Ketilssyni og Bárði hinum svarta. Þeir tóku norðanveður svo hörð að þá bar suður í haf og rak yfir myrkur svo mikið að þeir vissu eigi hvar þeir fóru og höfðu þeir útivist langa. Þá komu þeir þar er grunnsævi var mikið og þóttust þeir vita að það mundi vera nær löndum. Þeir Njálssynir spurðu ef Bárður vissi nokkuð til hverjum löndum þeir mundu næst vera.

"Mörg eru til," segir hann, "að því sem vér höfum veðurföll haft, Eyjar eða Skotland eða Írland."

Tveim nóttum síðar sáu þeir lönd á bæði borð en boða mikinn inn á fjörðinn. Þeir köstuðu akkerum fyrir utan boðann. Þá tók að lægja veðrið en um morguninn var logn. Sjá þeir þá fara þrettán skip út að sér.

Þá mælti Bárður: "Hvað skal nú til ráða taka því að menn þessir munu veita oss aðsókn?"

Síðan ræddu þeir um hvort þeir skyldu verja sig eða gefast upp en áður þeir höfðu ráðið komu að víkingar. Spurðu þá hvorir aðra að nöfnum, hvað fyrirmenn hétu. Þá nefndust fyrirmenn kaupmanna og spurðu í móti hverjir fyrir víkingum væru. Annar nefndist Grjótgarður en annar Snækólfur, synir Moldans úr Dungalsbæ í Skotlandi, frændur Melkólfs Skotakonungs "og eru kostir tveir af oss gervir," segir Grjótgarður, "að þér gangið á land en vér munum taka fé yðvart. Hinn er annar að vér munum sækja að yður og drepa hvern mann er vér náum."

Helgi svarar: "Það vilja kaupmenn að verja sig."

Þá mæltu kaupmenn: "Mæl þú alls vesall. Hverja vörn munum vér veita? Og er fé fjörvi firra.

Grímur tók það ráð að hann æpti á víkinga og lét þá eigi heyra illan kurr kaupmanna.

Bárður og Ólafur mæltu: "Hyggið þér eigi að Íslendingar muni gera spott að látum yðrum? Takið nú heldur vopn yður og verjum oss." Tóku þeir þá allir vopn sín og festu það með sér að þeir skyldu aldrei upp gefast meðan þeir mættu verja sig.

## 84. kafli

Víkingar skjóta nú á þá og tókst nú orusta og verja kaupmenn sig vel. Snækólfur hleypur að Ólafi og leggur í gegnum hann með spjóti. Grímur leggur til Snækólfs spjóti og svo fast að hann féll útbyrðis. Helgi sneri þá til móts við Grím og ráku þeir ofan alla víkinga og jafnan voru þeir Njálssynir þar er mest þurfti. Víkingar kölluðu og báðu kaupmenn upp gefast en þeir sögðu að þeir skyldu aldrei upp gefast.

Í þessu varð þeim litið til hafs. Sjá þeir þá að skip fara sunnan fyrir nesið og voru eigi færri en tíu. Þeir róa mikinn og stefna að þangað. Er þar skjöldur við skjöld. En á því skipi er fyrst fór stóð maður við siglu. Sá var í silkitreyju og hafði gylltan hjálm en hárið bæði mikið og fagurt. Sjá maður hafði spjót gullrekið í hendi.

Hann spurði: "Hverjir eiga hér leik svo ójafnan?"

Helgi segir til sín og sagði að í móti voru þeir Grjótgarður og Snækólfur.

"En hverjir eru stýrimenn?" sagði sjá.

Helgi svaraði: "Bárður svartir er lifir en annar er fallinn hér fyrir víkingum og hét sá Ólafur en bróðir minn heitir Grímur er mér fylgir."

"Eruð þið íslenskir menn?" segir sjá.

"Svo er víst," segir Helgi.

Hann spurði hvers synir þeir væru. Þeir sögðu.

Þá kannaðist hann við og mælti: "Nafnfrægir eruð þér feðgar."

"Hver ert þú?" segir Helgi.

"Kári heiti eg og er Sölmundarson."

"Hvaðan komst þú að?" segir Helgi.

"Úr Suðureyjum," segir Kári.

"Þá ert þú vel að kominn," segir Helgi, "ef þú vilt veita oss nokkuð."

"Veita slíkt sem þér þurfið," segir Kári, "eða hvers beiðið þér?"

"Veita þeim atlögu," segir Helgi.

Kári sagði að svo skyldi vera.

Lögðu þeir þá að þeim og tókst þá bardagi í annað sinn. En er þeir hafa barist um hríð hleypur Kári upp á skip til Snækólfs. Hann snýr í móti Kára og höggur til hans. Kári hleypur yfir slá eina er lá um þvert skipið aftur öfugur. Snækólfur hjó í slána svo að fal báða eggteina sverðsins. Kári höggur til hans og kom sverðið á öxlina og varð höggið svo mikið að hann klauf frá ofan höndina og hafði Snækólfur þegar bana. Grjótgarður skaut spjóti til Kára. Kári sá það og hljóp í loft upp en spjótið missti hans. Í því voru þeir Grímur og Helgi komnir til móts við Kára. Hleypur þá Helgi að Grjótgarði og leggur sverði í gegnum hann og varð það hans bani. Gengu þeir þá um skip öll með báðum borðum. Menn báðu sér þá griða. Gáfu þeir þá grið öllum en tóku fé allt. Eftir það leggja þeir skipin öll undir eyjarnar út og hvíldust þar um hríð.

## 85. kafli

Sigurður hét jarl er réð fyrir Orkneyjum. Hann var Hlöðvisson Þorfinnssonar hausakljúfs, Torf-Einarssonar, Rögnvaldssonar, jarls af Mæri, Eysteinnssonar glumru.

Kári var hirðmaður Sigurðar jarls og hafði tekið skatta af Suðureyjum af Gilla jarli. Biður hann þá Njálssonu fara með sér til Hrosseyjar og sagði að jarl mundi vel við þeim taka. Þeir þágu það og fóru með Kára og komu til Hrosseyjar.



Kári fylgir þeim á fund jarls og sagði hverjir menn þeir voru.

"Hversu komu þeir," sagði jarl, "á þinn fund?"

"Eg fann þá," segir Kári, "í Skotlandsfjörðum og börðust þeir við sonu Moldans úr Dungalsbæ og vörðust þeir svo vel að þeir urpu sér jafnan meðal viðanna og voru þar jafnan sem mest var raunin. Og vil eg nú biðja þeim hirðvistar með yður herra."

"Því skalt þú ráða," segir jarl. "Tekist hefir þú svo mikið á hendur við þá áður."

Þeir voru þá með jarli um veturinn og voru vel virðir.

En er á leið veturinn gerðist Helgi hljóður. Jarl þóttist eigi vita hví það mundi sæta og spurði hví hann væri hljóður eða hvað honum þætti "eða þykir þér hér eigi gott?"

"Gott þykir mér hér," segir Helgi.

"Hvað hugsar þú þá?" segir jarl.

"Eigið þér nokkurs ríkis að gæta á Skotlandi?" Segir Helgi.

"Svo mun oss þykja," segir jarl, "eða hvað er að því?"

Helgi svarar: "Skotar munu hafa tekið sýslumann yðvarn af lífi og tekið njósnir allar að engar skyldu ganga mega yfir Pettlandsfjörð."

Jarl mælti: "Ert þú forspár maður?"

Helgi svarar: "Lítt er það reynt."

"Auka skal eg sæmd þína," segir jarl, "ef þetta er svo. Ella mun þér gjald að verða."

"Ekki er hann þess háttar maður," segir Kári, "og mun hann satt til segja því að faðir hans er forspár."

Síðan sendi jarl menn suður til Straumeyjar Arnljóti sýslumanni sínum. Eftir það sendi Arnljótur menn suður yfir Pettlandsfjörð og tóku þar njósnir og fréttu það að Hundi jarl og Melsnati jarl höfðu tekið af lífi Hávarð í Þrasvík mág Sigurðar jarls. Sendi þá Arnljótur orð Sigurði jarli að hann skyldi koma suður með lið mikið og reka jarla þessa af ríkinu en þegar er jarl spurði þetta dró hann her saman um allar eyjar.

## 86. kafli

Síðan fór jarl suður með herinn og var Kári í för með honum og svo Njálssynir. Þeir komu suður við Katanes. Jarl átti þessi ríki í Skotlandi: Ros og Mýræfi, Syðrilönd og Dali. Komu þar að móti þeim menn af þeim ríkjum og sögðu að jarlar voru þaðan skammt í braut með her mikinn. Þá snýr Sigurður jarl þangað herinum og heitir þar Dungalsgnípa er fundurinn var fyrir ofan. Laust þegar í bardaga mikinn með þeim. Skotar höfðu látið fara sumt liðið laust og kom það í opna skjöldu jarlsmönnum og varð þar mannfall mikið þar til er þeir Njálssynir sneru í móti þeim og börðust við þá og komu þeim á flóttu. Verður þá þó bardaginn harður. Snúa þeir Grímur og Helgi þá fram hjá merkinu jarls og berjast hið djarflegasta. Nú snýr Kári í móti Melsnata jarli. Melsnati skaut spjóti að Kára. Kári henti og skaut aftur spjótinu og í gegnum jarlinn. Þá flýði Hundi jarl en þeir ráku flóttann allt þar til er þeir spurðu til Melkólfs Skotakonungs að hann dró her saman í Dungalsbæ. Átti jarl þá ráð við menn sína og sýndist það öllum ráð að snúa aftur og berjast eigi við svo mikinn landher. Sneru þeir þá aftur.

En er jarl kom í Straumey skipti hann þar herfangi. Síðan fór hann norður til Hrosseyjar. Njálssynir fylgdu honum og Kári. Jarl gerði þá veislu mikla og að þeirri veislu gaf jarl Kára sverð gott og spjót gullrekið en Helga gullhring og skikkju en Grími skjöld og sverð. Eftir það gerði hann þá hirðmenn sína Grím og Helga og þakkaði þeim framgöngu góða.

Þeir voru með jarli þann vetur og um sumarið þar til er Kári fór í hernað. Þeir fóru með honum. Þeir herjuðu víða um sumarið og fengu hvervetna sigur. Þeir börðust við Guðröð konung úr Mön og sigruðu hann og fóru við það aftur og höfðu fengið mikið fé. Voru þeir með jarli um veturinn og sátu þar í góðu yfirlæti.

Um vorið beiddust þeir Njálssynir að fara til Noregs. Jarl mælti að þeir skyldu fara sem þeim líkaði og fékk þeim gott skip og röskva menn. Kári sagði þeim að hann mundi þetta sumar koma til Noregs með skatta Hákonar jarls og "munum vér þá þar finnast," segir Kári. Og á það sammæltust þeir að finnast þar.

Síðan létu þeir Njálssynir út og sigldu til Noregs og komu norður við Þrándheim. Dvöldust þeir þar.

## 87. kafli

Kolbeinn hét maður og var kallaður Arnljótarson. Hann var þrænskur maður. Hann sigldi það sumar út til Íslands er Þráinn og Njálssynir fóru utan. Hann var þann vetur í Breiðdal austur. En um sumarið eftir bjó hann skip sitt í Gautavík. Og þá er þeir voru mjög búnir reri að þeim maður á báti og festi bátinn við skipið en gekk síðan upp á skipið til fundar við Kolbein. Kolbeinn spurði þenna mann að nafni.

"Hrappur heiti eg," segir hann.

"Hvers son ert þú?" segir Kolbeinn.

Hrappur svarar: "Eg er son Örgumleiða Geirólfssonar gerpis."

"Hvað vilt þú mér?" segir Kolbeinn.

"Eg vil biðja þig," segir Hrappur, "að þú flytjir mig um haf."

Kolbeinn spyr: "Hver nauðsyn er þér á?"

"Eg hefi vegið víg eitt," segir Hrappur.

"Hvert víg er það," segir Kolbeinn, "eða hverjir eru til eftirmáls?"

Hrappur svarar: "Eg hefi vegið Örlyg Ölvisson Hróðgeirssonar hins hvíta en til eftirmáls eru Vopnfirðingar."

"Þess get eg að sá hafi verr er þig flytur," segir Kolbeinn.

Hrappur mælti: "Vinur er eg vinar míns en geld eg það er illa er til mín gert enda skortir mig eigi fé til að leggja fyrir farið."

Síðan tók Kolbeinn við Hrappi.

Litlu síðar gaf byr og sigla þeir í haf. Hrapp þraut vistir í hafi. Settist hann þá að með þeim er næstir voru. Þeir spruttu upp með illyrðum og svo kom að þeir ráðast á og hefir Hrappur þá þegar undir tvo menn. Þá var sagt Kolbeini og bauð hann Hrappi í mötuneyti sitt og hann þá það.

Þeir koma af hafi og leggja utan við Agðanes. Þá spyr Kolbeinn Hrapp: "Hvar er fé það er þú bauðst í leigu undir þig?"

"Það er út á Íslandi," segir Hrappur.

Kolbeinn mælti: "Vera munt þú fleirum prettóttur en mér en þó vil eg þér nú upp gefa alla leiguna."

Hrappur bauð hann hafa þökk fyrir "eða hvað leggur þú nú til ráðs með mér?"

"Það fyrst," segir Kolbeinn, "að þú far sem bráðast frá skipi því að allir Austmenn munu illa túlka fyrir þér en þó ræð eg þér það annað heilræði að þú svík aldrei lánardrottinn þinn."

Síðan gekk Hrappur á land upp með vopnum sínum og hafði öxi eina mikla í hendi, vafinskeftu. Hann fer þar til er hann kemur til Guðbrands í Dala. Hann var hinn mesti vin Hákonar jarls. Þeir áttu hof báðir saman og var því aldrei upp lokið nema þá er jarl kom þangað. Það var annað mest hof í Noregi en annað á Hlöðum. Þrándur hét sonur Guðbrands en Guðrún dóttir. Hrappur gekk fyrir Guðbrand og kvaddi hann vel. Guðbrandur spyr hvað manna hann væri. Hrappur sagði til nafns síns og það með að hann væri utan af Íslandi. Síðan biður hann Guðbrand að hann taki við honum.

Guðbrandur mælti: "Ekki líst mér svo á þig sem þú munir gæfumaður vera."

"Mjög þykir mér og logið frá þér," segir Hrappur, "er það var sagt að þú tækir við öllum þeim er þig bæðu og engi maður væri jafnágætur sem þú. Mun eg því í móti mæla ef þú tekur eigi við mér."

Guðbrandur mælti: "Hér munt þú vera hljóta."

"Hvar vísar þú mér til sess?" segir Hrappur.

"Á hinn óæðra bekk," segir Guðbrandur, "gegn öndvegi mínu."

Hrappur fór í sæti sitt. Hann kunni frá mörgu að segja. Var það fyrst að Guðbrandi þótti gaman að og mörgum öðrum en þó kom svo að mörgum þótti ofkerski.

Og þar kom að hann slóst á tal við Guðrúnu dóttur Guðbrands svo að það töluðu menn að hann mundi fífla hana. En er Guðbrandur varð þess var taldi hann á hana mjög er hún átti tal við Hrapp og bauð hana að varast að mæla nokkuð við hann svo að eigi heyrðu allir menn. Hún hét góðu um fyrst en þó dró til vanda um tal þeirra. Þá setti Guðbrandur til Ásvarð verkstjóra sinn að ganga með henni hvert er hún færi.

Einu hverju sinni var það að hún beiddist að fara á hnotskóg að skemmta sér og fylgdi Ásvarður henni. Hrappur leitar eftir þeim og finnur þau á hnotskóginum. Hann tók í hönd Guðrúnu og leiddi hana eina saman. Síðan fór Ásvarður að leita hennar og fann þau í runni einum liggja bæði saman. Hann hleypur að með öxi reidda og hjó til fótar Hrapps en Hrappur brást við fast og missti Ásvarður hans. Hrappur spratt á fætur sem skjótast og þreif öxi sína. Síðan vildi Ásvarður undan snúast. Hrappur höggur í sundur í honum hrygginn.

Þá mælti Guðrún: "Nú hefir þú unnið er þú munt eigi með föður mínum lengur vera. En þó er það sumt er honum mun enn verr þykja því að eg fer með barni."

Hrappur svarar: "Eigi skal hann þetta af öðrum spyrja og skal eg fara heim og segja honum hvorttveggja."

"Þá munt þú eigi með fjörvi í braut komast," segir hún.

"Á það skal hætta," segir hann.

Eftir það fylgir hann henni til kvenna annarra en hann fór heim.

Guðbrandur sat í öndvegi og var fátt manna í stofunni. Hrappur gekk fyrir hann og bar hátt öxina.

Guðbrandur spurði: "Hví er blóðug öx þín?"

"Eg gerði að bakverk Ásvarðar verkstjóra þíns," segir Hrappur.

"Það mun eigi af góðu," segir Guðbrandur. "Þú munt hafa vegið hann."

"Svo er víst," segir Hrappur.

"Hvað var til saka?" segir Guðbrandur.

"Lítið mundi yður þykja," segir Hrappur. "Hann vildi höggva af mér fótinn."

"Hvað hafðir þú til gert áður?" segir Guðbrandur.

"Það er hann átti enga sök á," segir Hrappur.

"Þó mátt þú segja hvað það var," segir Guðbrandur.

Hrappur mælti: "Ef þú vilt það vita þá lá eg hjá Guðrúnu dóttur þinni og þótti honum það illa."

Guðbrandur mælti: "Standi menn upp og taki hann og skal hann drepa."

"Alllitt lætur þú mig njóta mágsemdar," segir Hrappur, "en eigi hefir þú það mannval að þetta muni skjótlega gera."

Þeir stóðu upp en hann hopaði út undan. Þeir hlaupa eftir en hann kemst á skóg undan og höfðu þeir hans ekki. Guðbrandur safnar liði og lét kanna skóginn og finna þeir hann eigi því að skógurinn var mikill og þröngur.

Hrappur fer um skóginn þar til er hann kom í rjóður nokkurt. Þar fann hann húsabæ og mann úti og klauf skíð. Hann spurði þenna mann að nafni og nefndist hann Tófi. Tófi spurði að hans nafni og nefndist Hrappur sem hann hét. Hrappur spyr hví bóndi byggi svo fjarri öðrum mönnum.

"Því," sagði hann, "að eg þykist hér lítt þurfa að amast við aðra menn."

"Við förum kynlega með okkur um málin," segir Hrappur, "og mun eg fyrri segja þér hver eg er. Eg hefi verið með Guðbrandi í Dölum og stökk eg þaðan fyrir það er eg drap verkstjóra hans. En eg veit að við erum báðir illmenni því að þú mundir ekki hér kominn frá öðrum mönnum nema þú værir nokkurs manns útlagi. Og geri eg þér tvo kosti að eg mun segja til þín eða við njótum báðir jafnt þess er hér er."

Bóndi mælti: "Þetta er jafnt sem þú segir. Eg nam konu þessa er hér er hjá mér og hefir margur maður eftir mér leitað."

Síðan leiddi hann Hrapp inn með sér. Þar voru hús lítil og vel ger. Bóndi sagði húsfreyju sinni að hann hafði Hrapp ráðið með sér.

"Flestir munu af manni þessum illt hljóta," segir hún, "en þó munt þú ráða vilja."

Síðan var Hrappur þar. Hann var förull mjög og var aldrei heima. Hann fær náð fundi Guðrúnar jafnan. Þeir sátu um hann feðgar, Þrándur og Guðbrandur, og varð það aldrei að þeir fengu færi á honum. Og fór svo fram öll þau misseri.

Guðbrandur lét segja Hákon jarli hver vandræði hann hafði af Hrappi. Jarl lét dæma Hrapp útlaga og lagði fé til höfuðs honum en hét þá að fara sjálfur að leita eftir honum en það fórst þó fyrir og þótti jarli þeim sjálfrátt að taka hann er hann fór svo óvarlega.

## 88. kafli

Þetta sumar hið sama komu þeir Njálssynir til Noregs af Orkneyjum og voru þar í kaupstefnu og biðu þar Kára Sölmundarsonar sem þeir höfðu við mælst. Þráinn Sigfússon bjó þá skip sitt til Íslands og var nú mjög búinn.

Þá fór Hákon jarl á veislu til Guðbrands. Um nóttina fór Víga-Hrappur til goðahúss þeirra jarls og Guðbrands. Hann gekk inn í húsið. Hann sá Þorgerði hölgabruði sitja og var hún svo mikil sem maður roskinn. Hún hafði mikinn gullhring á hendi og fald á höfði. Hann sviptir faldinum hennar og tekur af henni gullhringinn. Þá sér hann kerru Þórs og tekur af honum annan gullhring. Hann tók hinn þriðja af Irpu og dró þau öll út og tók af þeim allan búnaðinn. Síðan lagði hann eld í goðahúsið og brenndi upp. Eftir það gengur hann braut. Tók þá að morgna. Hann gengur um akurland nokkurt. Þar spruttu upp sex menn með vopnum og sækja þegar að honum en hann verst vel. Verða þær málalyktir að hann vegur þrjá menn en særir Þránd til ólífis en eltir tvo til skógar svo að þeir báru enga njósn jarli.

Hann gekk þá að Þrándi og mælti: "Kosti á eg nú að vega þig og vil eg það eigi. Skal eg meira virða mágsemd við þig en þér virðið við mig."

Hrappur ætlar nú að snúa aftur á skóginn. Sér hann nú að menn eru komnir meðal skógarins og hans. Treystist hann þá eigi þangað á að leita. Leggst hann þá niður í runna nokkura og liggur þar um stund.

Þeir Hákon jarl og Guðbrandur gengu þenna morgun snemma til goðahússins og fundu það brunnið upp en úti þrjú goðin og úr öllum skrúðanum.

Þá tók Guðbrandur til orða: "Mikill máttur er gefinn goðum vorum er þau hafa gengið sjálf úr eldinum."

"Eigi munu goðin þessu valda," segir jarl. "Maður mun brennt hafa hofið en borið út goðin. En goð hefna eigi alls þegar. Mun sá maður braut rekinn úr Valhöllu og þar aldrei koma er þetta hefir gert."

Í því bili hljópu þangað menn jarls fjórir og sögðu þeim ill tíðindi, kváðust fundið hafa á akrinum þrjá menn vegna en særðan Þránd til ólífis.

"Hver mun slíku valda?" segir jarl.

"Víga-Hrappur," sögðu þeir.

"Þá mun hann hafa brennt goðahúsið," segir jarl.

Þeim þótti hann víst til þess líklegur.

"Hvar mun hann nú vera?" sagði jarl.

Þeir sögðu að Þrándur segði að hann hefði lagst niður í runna nokkura.

Jarl fer þangað að leita og var Hrappur þá allur í brautu. Skipaði jarl þá til að leita hans og fundu þeir hann eigi. Jarl var sjálfur í leitinni og bað hann þá hvílast fyrst.

Jarl gekk þá einn saman braut frá öðrum mönnum og bað engan mann með sér ganga og dvaldist um stund. Hann féll á knébeð og hélt fyrir augu sér. Síðan gekk hann aftur til þeirra.

Hann mælti: "Gangið þér með mér."

Þeir gengu með honum. Hann gekk þvers af leiðinni þeirri er þeir höfðu áður farið og komu að dalverpi einu. Þar spratt Hrappur upp fyrir þeim og hafði hann þar fólgið sig áður. Jarl eggjar menn að hlaupa eftir honum en Hrappur var svo fóthvatur að þeir komust hvergi í nánd honum.

Hrappur stefndi til Hlaða. Þar voru þeir þá búnir til hafs hvorirtveggju, Þráinn Sigfússon og Njálssynir. Hrappur hleypur þar að sem þeir eru fyrir Njálssynir.

Hann mælti: "Bjargið mér góðir drengir því að jarl vill drepa mig."

Helgi leit við honum og mælti: "Ógæfusamlega líst mér á þig og mun sá betur hafa er eigi tekur við þér."

"Það mundi eg vilja," segir Hrappur, "að þið hlytuð af mér mest illt."

"Menn erum við til þess," segir Helgi, "að launa þér það þá er stundir líða."

Hrappur sneri þá til móts við Þráin Sigfússon og bað hann ásja.

"Hvað er þér á höndum?" segir Þráinn.

Hrappur mælti: "Brennt hefi eg goðahús fyrir jarli og drepið menn nokkura og mun hann hér kona brátt því að hann er sjálfur í eftirleitinni."

"Varla samir mér það," segir Þráinn, "svo mikið gott sem jarl hefir mér gert."

Þá sýndi Hrappur Þráni gripina þá er hann hafði borið úr goðahúsinu og bauð að gefa honum féið. Þráinn sagði að hann mundi eigi þiggja nema annað fé kæmi í mót.

Hrappur mælti: "Hér mun eg stað nema og skal mig hér drepa fyrir augum þér og munt þú þá bíða af hvers manns ámæli."

Þá sjá þeir ferð jarls og manna hans. Þá tók Þráinn við Hrappi en lét skjóta báti og fluttist út á skipið.

Þráinn mælti: "Nú er þetta fylgsni helst að brjóta botn úr tunnum tveim og skalt þú þar fara í."

Svo var gert að hann fór í tunnurnar og voru bundnar saman síðan og látnar fyrir borð.

Þá kemur jarl með liði sínu til Njálssona og spurði ef Hrappur hefði komið þar. Þeir sögðu að hann kom. Jarl spurði hvert hann færi þaðan. Þeir kváðust eigi reiður hafa á hent.

Jarl mælti: "Sá skyldi mikla sæmd af mér hafa er mér segði til Hrapps."

Grímur mælti hljótt við Helga: "Fyrir hví skulum við eigi segja? Eg veit eigi nema Þráinn launi okkur engu góðu."

"Eigi skulum við segja að heldur," segir Helgi, "þar er líf hans liggur við."

Grímur mælti: "Vera kann að jarl snúi á okkur hefndinni því að hann er svo reiður að niður mun nokkur verða að koma."

"Ekki munum við að því fara," segir Helgi, "en þó skulum við nú í braut leggja skipinu og í haf þegar er gefur."

"Skulum við nú ekki bíða Kára?" segir Grímur.

"Ekki mun eg um það hirða nú," segir Helgi.

Þeir leggja út undir eyna og bíða þar byrjar.

Jarl gekk að skipamönnum og leitaði við alla þá en allir duldu að né eitt vissu til Hrapps.

Þá mælti jarl: "Nú munum vér fara að finna Þráin féлага minn og mun hann selja fram manninn ef hann veit nokkuð til."

Eftir það tóku þeir langskip eitt og fóru út til kaupskipsins. Þráinn kennir ferð jarls og stendur upp og fagnar honum blíðlega.

Jarl tók því vel og mælti svo: "Manns þess leitum vér er heitir Hrappur og er íslenskur. Hann hefir gert oss hvetvetna illt. Viljum vér nú þess biðja yður að þér seljið hann fram eða segið til hans."

Þráinn mælti: "Vissuð þér að eg drap útlaga yðvarn herra og hætti þar til lífi mínu og þá eg fyrir það af yður stórsæmdir."

"Meiri sæmdir skalt þú nú hafa," segir jarl.

Þráinn hugsaði fyrir sér og þóttist eigi vita hvað jarl mundi mest meta. Þrætir nú þó að Hrappur sé þar og bað jarl leita. Jarl hafði lítið við það og gekk á land og í braut frá öðrum mönnum og var þá reiður mjög svo að engi maður þorði við hann að mæla.

Jarl mælti: "Vísuð mér til Njálssona og skal eg nauðga þeim til að þeir segi mér hið sanna."

Þá var honum sagt að þeir höfðu út látið.

"Ekki má það þá," segir jarl, "en vatnkeröld tvö voru þar við skipið Þráins og má þar maður vel hafa fólgið í. Og ef Þráinn hefir fólgið hann þá mun hann þar í hafa verið og munum vér nú fara í annað sinn að finna Þráin."

Þráinn sér þetta, að jarl ætlar enn út, og mælti: "Svo reiður sem jarl var næstum þá mun hann nú vera hálfu reiðari og liggur nú við líf allra manna þeirra er á skipinu eru ef nokkur segir til Hrapps."

Þeir hétu allir að leyna því að hver var um sig mjög hræddur. Þeir tóku sekka nokkura úr búlkanum en létu Hrapp koma þar í staðinn. Fóru nú aðrir sekkar á hann ofan þeir er léttir voru. Nú kemur jarl er þeir höfðu um Hrapp búið. Þráinn kvaddi vel jarl. Jarl tók kveðju hans og ekki skjótt. Sáú þeir að jarl var allmjög reiður.

Jarl mælti til Þráins: "Sel þú fram Hrapp því að eg veit víst að þú hefir fólgið hann."

"Hvar mun eg hafa fólgið hann herra?" segir Þráinn.

"Þér mun það kunnigast," segir jarl, "en ef eg skal geta til þá ætla eg að þú hafir áðan fólgið hann í vatnkeröldum þeim er hér voru við skipið."

"Eigi vildi eg herra," segir Þráinn, "að þér vænduð mig lygi heldur vildi eg að þér leituðuð um skipið."

Þá fór jarl upp á skipið og leitaði og fann eigi.

Þráinn mælti: "Berið þér mig nú undan herra?"

"Fjarri fer það," segir jarl, "en eigi veit eg hví vér finnum hann eigi. Eg þykist sjá allt í gegnum þá er eg kem á land en þá sé eg ekki til er eg kem hér."

Lætur hann þá róa til lands með sig. Hann var svo reiður að ekki mátti við hann mæla. Sveinn son hans var þar með honum.

Hann mælti: "Undarlegt skaplyndi er það að láta óverða menn gjalda reiði sinnar."

Jarl gekk þá enn einn frá öðrum mönnum. Síðan gekk hann þegar aftur til þeirra og mælti. Róum vér enn út til þeirra."

Þeir gerðu svo.

"Hvar mun hann fólgin hafa verið?" segir Sveinn.

Jarl svaraði: "Eigi mun það nú skipta því að hann mun nú í brautu vera þaðan. Sekkar tveir lágu þar hjá búlkanum og mun Hrappur þar hafa komið í staðinn þeirra í búlkann."

Þráinn tók til orða: "Fram hrinda þeir enn skipinu og munu enn ætla út hingað til vor. Skulum vér nú taka hann úr búlkanum og koma öðru í staðinn en þó skulu sekkarnir lausir."

Þeir gerði svo. Þá mælti Þráinn: "Látum vér Hrapp nú í seglið, það er heflað upp við rána."

Þeir gera svo. Jarl kemur nú til þeirra.

Var hann þá allreiður og mælti: "Vilt þú nú selja fram manninn Þráinn? Og er nú verra en fyrr."

Þráinn svarar: "Fyrir löngu seldi eg hann fram ef hann væri í minni varðveislu eða hvar mun hann verið hafa?"



"Í búlkanum," segir jarl.

"Hví leituðuð þér hans eigi þar þá?" segir Þráinn.

"Eigi kom oss það þá í hug," segir jarl.

Síðan leituðu þeir hans um allt skipið og fundu hann eigi.

Þá mælti Þráinn: "Viljið þér mig nú undan bera herra?"

"Víst eigi," segir jarl, "því að eg veit að þú hefir fólgið manninn þó að eg finni hann eigi. En heldur vil eg að þú níðist á mér en eg á þér."

Fór jarl þá til lands.

"Nú þykist eg sjá," sagði jarl, "hvar Þráinn hefir fólgið Hrapp."

"Hvar?" sagði Sveinn son hans.

"Í seglinu," segir jarl, "er var heflað upp við rána."

Þá rann á byr og sigldi Þráinn út úr firðinum til hafs. Hann mælti þá þetta er lengi hefir uppi verið haft síðan:

Látum geisa Gamminn,  
gerrat Þráinn vægja.

En er jarl spurði orð Þráins þá mælti hann: "Eigi ber hér til óvíska mín heldur það samband þeirra er þeim dregur báðum til bana."

Þráinn var skamma stund í hafi og kom til Íslands og fór heim til bús síns. Hrappur fór með Þráni og var með honum þau misseri en um vorið eftir fékk Þráinn honum bú á Hrappstöðum og bjó Hrappur þar. Hann var þó lengstum að Grjóta og þótti þar öllu spilla. Það mæltu sumir menn að vingott væri með þeim Hallgerði og hann fíflði hana en sumir mæltu því í móti.

Þráinn fékk skipið Merði órækju frænda sínum. Sá Mördur vó Odd Halldórsson austur í Gautavík í Berufirði.

Allir frændur Þráins héldu hann nú fyrir höfðingja.

## 89. kafli

Nú er þar til máls að taka er Hákon jarl missti Þráins. Hann mælti þá við Svein son sinn: "Tökum langskip fjögur og förum að Njálssonum og drepum þá því að þeir munu vitað hafa með Þráni."

"Það er eigi gott ráð," segir Sveinn, "að snúa sökum á óvalda menn en láta þann undan setja er sökina ber á baki."

"Eg skal þessu ráða," segir jarl.

Halda þeir nú eftir Njálssonum og leita þeirra og finna þá undir eyjunni.

Grímur sá fyrst skip jarlsins og mælti til Helga: "Herskip fara hér og kenni eg að hér fer jarl og mun hann oss engan frið bjóða."

"Það er mælt," segir Helgi, "að hver sé vaskur er sig ver við hvern sem hann á um. Skulum vér og verja oss."

Allir báðu hann fyrir sjá. Tóku þeir þá vopn sín.

Jarl kemur nú að og kallaði á þá og bað þá upp gefast. Helgi svarar að þeir mundu verjast meðan þeir mættu. Jarl bauð öllum grið, þeim er eigi vildu verja hann, en svo var Helgi vinsæll að allir vildu heldur deyja með honum. Jarl sækir nú að og hans menn en hinir verjast vel og voru þeir Njálssynir þar jafnan sem mest var raunin. Jarl bauð þeim oft griðin. Þeir svöruðu jafnan hinu sama og kváðust aldrei upp skyldu gefast. Þá sótti að þeim fast Áslákur úr Langeyju, lendur maður jarls, og komst upp á skipið þremur sinnum.

Þá mælti Grímur: "Þú sækir fast að og væri vel að þú hefðir erindi."

Grímur þreif þá upp spjót og skaut undir kverk Ásláki og hafði hann þegar bana. Litlu síðar vó Helgi Egil merkismann jarls. Þá sótti að Sveinn Hákonarson og lét bera að þeim skjöldu og urðu þeir þá handteknir báðir Njálssynir.

Jarl vildi þegar láta drepa þá en Sveinn kvað það eigi skyldu og sagði að væri nótt.

Þá mælti jarl: "Drepið þá á morgun en bindið þá rammlega í nótt."

"Svo mun vera verða," segir Sveinn, "en eigi hefi eg vaskari menn fyrir fundið en þessa og er það hinn mesti mannskaði að taka þá af lífi."

Jarl mælti: "Þeir hafa drepið tvo hina vöskustu vora menn og skulum vér þeirra svo hefna að þessa skal drepa."

"Menn voru þeir að vaskari," segir Sveinn, "en þó mun þetta gera verða sem þú vilt."

Voru þeir þá bundnir og fjöttraðir.

Eftir það sofnaði jarl og hans menn. En er þeir voru sofnaðir mælti Grímur til Helga: "Braut vildi eg komast ef eg mætti."

"Leitum í nokkurra bragða þá," segir Helgi.

Grímur segir að þar nær honum liggur öx og horfir upp egginn. Grímur skreið þangað til og fær skorið af sér bogastrenginn við öxinni en þó fékk hann sár mikil í höndunum. Þá leysti hann Helga. Eftir það skreiddust þeir fyrir borð og komust á land svo að þeir jarl urðu ekki varir við. Þeir brutu af sér fjötrana og gengu annan veg á eyrna. Tók þá að morgna. Þeir fundu þar skip og kenndu að þar var kominn Kári Sölmundarson. Fóru þeir þegar á fund hans og sögðu honum hrakning sína og sýndu honum sár sín og kváðu þá mundi jarl í svefni.

Kári mælti: "Illa verður slíkt er þeir skulu taka hrakningar fyrir vonda menn er saklausir eru eða hvað er nú gert næst skapi ykkru?"

"Fara að jarli," sögðu þeir, "og drepa hann."

"Ekki mun oss þess auðið verða." segir Kári, "en ekki skortir ykkur áhuga. En þó skulum vér vita hvort hann er þar nú."

Síðan fóru þeir þangað og var þá jarl í brautu.

Þá fór Kári inn til Hlaða á fund jarls og færði honum skatta sína.

Jarl mælti: "Hefir þú tekið Njálssonu til þín?"

"Svo er víst," segir Kári.

"Vilt þú selja mér þá?" segir jarl.

"Það vil eg eigi," sagði Kári.

"Vilt þú sverja þess að þú vildir eigi að mér fara eftir?" segir jarl.

Þá mælti Eiríkur jarlsson: "Ekki er slíks að leita. Hefir Kári jafnan verið vinur vor. Og skyldi eigi svo farið hafa ef eg hefði við verið. Njálssynir skyldu öllu hafa haldið heilu en hinir skyldu hafa haft refsing er til höfðu gert. Þætti mér nú sannlegra að gefa Njálssonum sæmilegar gjafar fyrir hrakningar þær er þeir hafa haft og sárafar."

Jarl mælti: "Svo mundi vera víst en eigi veit eg hvort þeir munu taka vilja sættir."

Þá mælti jarl við Kára að hann skyldi leita um sættir við þá Njálssonu. Síðan ræddi Kári við Helga hvort hann vildi taka sæmdir af jarli.

Helgi svaraði: "Taka vil eg af syni hans, Eiríki, en eg vil ekki eiga um við jarl."

Þá segir Kári Eiríki svör þeirra bræðra.

"Svo skal þá vera," segir Eiríkur, "að þeir skulu af mér taka sæmdina ef þeim þykir það betra og segið þeim það að eg býð þeim til mín og skal faðir minn ekki mein gera þeim."

Þetta þágu þeir og fóru til Eiríks og voru með honum þar til er Kári var búinn vestur að sigla. Þá gerði Eiríkur Kára veislu og gaf honum góðar gjafar og svo Njálssonum.

Síðan fóru þeir Kári vestur um haf á fund Sigurðar jarls og tók hann við þeim allvel og voru með jarli um veturinn.

En um vorið bað Kári Njálssonu að þeir færu í hernað með honum en Grímur kveðst það mundu gera ef hann vildi þá fara með þeim til Íslands. Kári hét því. Fóru þeir þá með honum í hernað. Þeir herjuðu suður um Öngulseyjar og allar Suðureyjar. Þá héldu þeir til Saltíris og gengu þar upp og börðust við landsmenn og fengu þar fé mikið og fóru til skipa. Þaðan fóru þeir suður til Bretlands og herjuðu þar. Þá héldu þeir til Manar. Þar mættu þeir Guðröði konungi úr Mön og börðust þeir við hann og höfðu sigur og drápu Dungal son konungs. Þar tóku þeir fé mikið. Þaðan héldu þeir norður til Kolu og fundu þar Gilla jarl og tók hann við þeim vel og dvöldust þeir með honum nokkura hríð. Jarl fór með þeim til Orkneyja á fund Sigurðar jarls. En um vorið gifti Sigurður jarl Gilla jarli Nereiði systur sína. Fór hann þá í Suðureyjar.

## 90. kafli

Þetta sumar bjuggust þeir Kári og Njálssynir til Íslands. Og þá er þeir voru albúnir gengu þeir á fund jarls. Hann gaf þeim góðar gjafar og skildu þeir með mikilli vináttu.

Láta þeir nú í haf. Þeir hafa útivist skamma og gaf þeim vel byri og komu við Eyrar. Þeir fengu sér hesta og ríða frá skipi og riðu til Bergþórshvols. En er þeir komu heim urðu allir menn þeim fegnir. Þeir fluttu heim fé sitt og réðu skipi til hlunnis.

Þar var Kári þann vetur með Njáli.

En um vorið bað Kári Helgu dóttur Njál's og fluttu þeir Grímur og Helgi með honum og lauk svo að hún var föstnuð Kára og var ákveðið á brúðlaupsstefnu og var boðið hálfum mánuði fyrir mitt sumar. Voru þau með Njáli þann vetur. En um vorið keypti Kári land að Dyrhólmmum austur í Mýrdal og gerði þar bú. Þau fengu þar fyrir ráðamann og ráðakonu en þau voru með Njáli jafnan.

## 91. kafli

Hrappur átti bú á Hrapstöðum en þó var hann jafnan að Grjótá og þótti hann þar öllu spilla. Þráinn var vel til hans.

Einu hverju sinni var það þá er Ketill úr Mörk var að Bergþórshvoli, þá sögðu Njálssynir frá hrakningum sínum og kváðust mikið eiga að heimta að Þráni nær sem þeir töluðu til. Njáll sagði að það væri best að Ketill talaði til við Þráin bróður sinn.

Hann hét því. Gáfu þeir Katli tómstund til að tala við Þráin.

Litlu síðar innti Ketill til við Þráin. Njálssynir fréttu Ketil en hann kveðst fátt mundu frá herma orðum þeirra "en það fannst á að Þráni þótti eg mikils virða mágsemd við yður."

Síðan hættu þeir talinu og þóttust þeir sjá að erfiðlega horfði og spurðu föður sinn ráðs hversu með skyldi fara, kváðust eigi una að svo búíð stæði.

Njáll svaraði: "Eigi er slíkt svo óvant. Það mun þykja um sakleysi ef þeir eru drepnir og er það mitt ráð að skjóta að sem flestum um að tala við þá, að sem flestum verði heyrinkunnigt ef þeir svara illa og skal Kári um tala því að hann er skapdeildarmaður. Mun þá vaxa óþokki með yður því að þeir munu hlaða illyrðum saman er menn eiga hlut að. Þeir eru menn heimskir. Það kann og vera að mælt sé að synir mínir séu seinir til aðgerða og skuluð þér það þola um stundarsakir því að allt orkar tvímælis þá er gert er. En svo fremi skuluð þér orði á koma er þér ætlið nokkuð að að gera ef yðvar er illa leitað. En ef þér hefðuð við mig um ráðið í fyrstu þá mundi aldrei orði á hafa verið komið og mundi yður þá engi svívirðing að verða. En nú hafið þér af hina mestu raun og mun það þó svo aukanda fara um yðra svívirðing að þér munuð ekki fá að gert fyrr en þér leggið vandræði á yður og vegið með vopnum og er því langa nót til að draga."

Eftir það hættu þeir talinu og varð hér margs manna umræða á.

Einu hverju sinni var það að þeir bræður töluðu til að Kári mundi fara til Grjótár. Kári kveðst önnur ferð þykja betri en þó læst hann fara mundu við það er þetta voru ráð Njál's. Síðan fer Kári til fundar við Þráin. Tala þeir þá um málið og þykir þeim eigi einn veg báðum. Kári kemur heim og spyrja Njálssynir hversu orð fóru með þeim Þráni.

Kári kvaðst ekki herma mundu orð þeirra "því að mér er von að mælt sé slíkt svo að þér heyrið."

Þráinn hafði sextán karla víga á bæ sínum og riðu átta með honum hvert er hann fór. Þráinn var skrautmenni mikið. Hann reið jafnan í blárrí kápu og hafði gylltan hjálm og spjót í hendi jarlsnaut og fagran skjöld og gyrður sverði. Með honum var jafnan í för Gunnar Lambason og Lambi Sigurðarson og Grani son Gunnars frá Hlíðarenda. Víga-Hrappur gekk honum þó næst jafnan. Loðinn hét og heimamaður hans. Hann var og í ferðum með Þráni. Tjörvi hét bróðir Loðins er enn var í ferðum með Þráni. Þeir lögðu verst til þeirra Njálssona Víga-Hrappur og Grani Gunnarsson og ollu því mest er þeim var engi sæmd ger eða boðin.

Synir Njáls ræddu nú um við Kára að hann mundi fara með þeim til Grjótár. Og það gerði hann og kvað það vel að þeir heyrðu svör Þráins. Þuggust þeir þá fjórir Njálssynir og Kári hinn fimmti. Þeir fara til Grjótár. Þar var anddyri breitt og máttu margir menn standa jafnfram.

Kona ein var úti og sá ferð þeirra og segir Þráni. Hann bað menn ganga í anddyrið og taka vopn sín. Þeir gerðu svo. Stóð Þráinn í miðjum dyrum en þeir stóðu til sinnar handar hvor Víga-Hrappur og Grani Gunnarsson, þar næst Gunnar Lambason, þá Loðinn og Tjörvi, þá Lambi Sigurðarson, þá hver að hendi því að karlar voru allir heima.

Þeir Skarphéðinn ganga að neðan og gekk hann fyrstur, þá Kári, þá Höskuldur, þá Grímur, þá Helgi. En er þeir koma að dyrunum féllust þeim allar kveðjur er fyrir voru.

Þá mælti Skarphéðinn: "Allir séum vér velkomnir."

Hallgerður stóð í anddyrinu og hafði talað hljótt við Hrapp. Hún mælti: "Það mun engi mæla sá er fyrir er að þér séuð velkomnir."

Skarphéðinn mælti: "Ekki munu mega orð þín því að þú ert annaðhvort hornkerling eða púta."

"Goldin skulu þér þessi orð áður þú ferð heim," segir Hallgerður.

Helgi mælti: "Þig er eg kominn að finna Þráinn ef þú vilt gera mér sæmd nokkura fyrir hrakningar þær er eg hlaut í Noregi fyrir þínar sakir."

Þráinn mælti: "Aldrei vissi eg að þið bræður munduð gera drengskap ykkarn til fjár eða hversu lengi skal fjárbón sjá yfir standa?"

"Það munu margir mæla," segir Helgi, "að þú ættir að bjóða sæmdina þar sem líf þitt lá við."

Þá mælti Hrappur: "Þar gerði nú gæfumuninn er sá hlaut skellinn er skyldi og dró yður undir hrakningina en oss undan."

"Lítill var það gæfa," segir Helgi "að bregða trúnaði sínum við jarl en taka þig við."

"Þykist þú eigi að mér eiga bótina?" segir Hrappur. "Eg mun bæta þér því sem mér þykir maklegt."

"Þau ein skipti munum við við eigast," segir Helgi, "að þér mun ekki betur gegna."

Skarphéðinn mælti: "Skiptið ekki orðum við Hrapp en gjaldið honum rauðan belg fyrir grán."

Hrappur mælti: "Þegi þú Skarphéðinn, ekki skal eg spara að bera mína öxi að höfði þér."

"Reynt mun slíkt verða," segir Skarphéðinn, "hver grjóti hleður að höfði öðrum."

"Farið heim taðskeggingar," segir Hallgerður, "og munum vér yður svo jafnan kalla héðan í frá en föður yðvarn karl hinn skegglause."

Þeir fóru eigi fyrr heim en allir urðu sekir þessa orða, þeir er fyrir voru, nema Þráinn. Hann þekti menn af orðum þessum.

Þeir fóru í braut Njálssynir og fóru þar til er þeir komu heim. Þeir sögðu föður sínum.

"Nefnduð þér nokkura votta að orðunum?" segir Njáll.

"Enga," sagði Skarphéðinn, "vér ætlum ekki að sækja þetta nema á vopnaþingi."

"Það mun engi nú ætla," segir Bergþóra, "að þér þorið handa að hefja."

"Haf þú lítinn við húsfreyja," segir Kári, "að eggja sonu þína því að þeir munu þó ærið framgjarnir."

Eftir það tala þeir lengi hljótt allir feðgar og Kári.

## 92. kafli

Nú verður umræða mikil um deild þeirra og þóttust allir vita að eigi mundi svo gert sjatna.

Runólfur son Úlfs aurgoða austur í Dal var vin Þráins mikill og hafði boðið Þráni heim og var ákveðið að hann skyldi koma austur er þrjár vikur væru af vetri eða mánuður.

Þráinn bað til þessar ferðar Hrapp með sér og Grana Gunnarsson, Gunnar Lambason, Lamba Sigurðarson og Loðin og Tjörva. Þeir voru átta. Þær skyldu og fara mæðgur Hallgerður og Þorgerður. Því lýsti og Þráinn að hann ætlaði að vera í Mörk með Katli bróður sínum og kvað á hversu margar nætur hann ætlaði heiman að vera. Þeir höfðu allir alvæpni. Riðu þeir austur yfir Markarfljót og fundu þar konur snauðar. Þær báðu að þær skyldi reiða vestur yfir fljótið. Þeir gerðu svo.

Þá riðu þeir í Dal og höfðu þar góðar viðtökur. Þar var fyrir Ketill úr Mörk. Sátu þeir þar tvær nætur. Runólfur og Ketill báðu Þráin að hann mundi semja við Njálssonu en hann lést aldrei mundu fé gjalda og svaraði styggt og kveðst hvergi þykjast varbúinn við Njálssonum hvar sem þeir fyndust.

"Vera má að svo sé," segir Runólfur, "en eg hefi hina skilning að engi sé þeirra maki síð er Gunnar að Hlíðarenda lést og er það líkara að hér dragi öðrum hvorum til bana."

Þráinn kveðst ekki það mundu hræðast.

Þá fór Þráinn upp í Mörk og var þar tvær nætur. Síðan reið hann ofan í Dal og var hann hvartveggja út leystur með sæmilegum gjöfum.

Markarfljót féll í meðal höfuðísa og voru á smár spengur hér og hvar. Þráinn sagði að hann ætlaði heim að ríða um kveldið. Runólfur mælti að hann skyldi eigi heim ríða, sagði það varlegra vera að fara eigi sem hann hefði sagt.

Þráinn svarar: "Hræðsla er það og vil eg það eigi."

Göngukonur þær er þeir Þráinn reiddu yfir fljótið komu til Bergþórshvols og spurði Bergþóra hvaðan þær væru en þær sögðust vera austan undan Eyjafjöllum.

"Hver reiddi yður yfir Markarfljót?" segir Bergþóra.

"Þeir er mestir oflátar voru," segja þær.

"Hverjir voru þeir?" segir Bergþóra.

"Þráinn Sigfússon," sögðu þær, "og fylgdarmenn hans en það þótti oss að er þeir voru svo fjölorðir og illorðir hingað til bónda þíns og sona hans."

Bergþóra mælti: "Margir kjósa eigi orð á sig."

Síðan fóru þær í braut og gaf Bergþóra þeim gýligjafar og spurði þær hvenær Þráinn mundi heim koma. Þær sögðu að hann mundi vera heiman fjórar nætur eða fimm. Síðan sagði Bergþóra sonum sínum og Kára mági sínum og töluðu þau lengi leynilega.

En þann morgun hinn sama er þeir Þráinn riðu austan þá vaknaði Njáll snemma og heyrði að öx Skarphéðins kom við þili. Stendur þá Njáll upp og gengur út. Hann sér að synir hans eru með vopnum allir og svo Kári mágur hans. Skarphéðinn var fremstur. Hann var í blám stakki og hafði törguskjöld og öxi sína reidda um öxl. Næst honum gekk Kári. Hann hafði silkitreyju og hjálm gylltan, skjöld og var dreginn á leó. Næst honum gekk Helgi. Hann hafði rauðan kyrtil og hjálm og rauðan skjöld og markaður á hjörtur. Allir voru þeir í litklæðum.

Njáll kallar á Skarphéðinn: "Hvert skal fara frændi?"

"Í sauðaleit," sagði hann.

"Svo var og eitt sinn fyrr," segir Njáll, "og veidduð þér þá menn."

Skarphéðinn hló að og mælti: "Heyrið þér hvað hann karlinn segir faðir vor. Eigi er hann grómlaus."

"Hvenær mæltir þú þetta fyrr?" segir Kári.

"Þá vó eg Sigmund hinn hvíta frænda Gunnars," segir Skarphéðinn.

"Fyrir hvað?" sagði Kári.

"Hann hafði drepið Þórð leysingjason fóstura vorn," segir Skarphéðinn.

Njáll gekk inn en þeir fóru upp í Rauðaskriður og biðu þar. Máttu þeir þaðan sjá þegar hinir riðu austan frá Dal. Sólskin var um daginn og heiðviðri.

Nú ríða þeir Þráinn ofan frá Dal eftir eyrunum.

Lambi Sigurðarson mælti: "Skildir blika við í Rauðaskriðum er sólin skín á og mun þar vera nokkurra manna fyrirsát."

"Þá skulum vér snúa ofan með fljótinu," segir Þráinn, "og munu þeir þá til móts við oss ef þeir eiga við oss nokkur erindi."

Sneru þeir Þráinn þá ofan með fljótinu.

Skarphéðinn mælti: "Nú hafa þeir séð oss, því snúa þeir nú leiðinni og er oss nú engi annar til en hlaupa ofan fyrir þá."

Kári mælti: "Margir munu fyrir sitja og hafa eigi þann veg liðsmun sem vér. Eru þeir átta en vér fimm."

Snúa þeir nú og ofan með fljótinu og sjá yfir spöng niðri og ætla þar yfir.

Þeir Þráinn námu staðar upp frá spönginni á ísinum.

Þráinn mælti: "Hvað munu menn þessir vilja? Þeir eru fimm en vér erum átta."

Lambi Sigurðarson mælti: Þess get eg að þó mundu þeir til hætta þó að manni stæði fleira fyrir."

Þráinn fer af kápunni og tekur af sér hjálminn.

Það varð Skarphéðni er þeir hljópu ofan með fljótinu að stökk í sundur skóþvengur hans og dvaldist honum eftir.

"Hví hvikast þér svo Skarphéðinn?" kvað Grímur.

"Bind eg skó minn," segir Skarphéðinn.

"Förum vér fyrir," segir Kári, "svo líst mér á Skarphéðinn sem hann muni ekki seinni verða en vér."

Snúa þeir nú ofan til spangarinnar og fara mikinn. Skarphéðinn spratt upp þegar er hann hafði bundið skóinn og hafði upp öxina Rimmugýgi. Hann hleypur að fram að fljótinu en fljótið var svo djúpt að langt var um ófært. Mikið svell var hlaupið upp fyrir austan fljótið og svo hált sem gler og stóðu þeir Þráinn á miðju svellinu. Skarphéðinn hefur sig á loft og hleypur yfir fljótið meðal höfuðisa og stöðvar sig ekki og rennir þegar af fram fótskriðu. Svellið var hált mjög og fór hann svo hart sem fugl flygi. Þráinn ætlaði í því að setja á sig hjálminn. Skarphéðinn bar nú upp að fyrr og höggur til Þráins með öxinni Rimmugýgi og kom í höfuðið og klauf ofan í jaxlana svo að þeir féllu niður á ísinn. Þessi atburður varð með svo skjótri svipan að engi kom höggi á hann. Hann renndi þegar frá ofan óðfluga. Tjörvi renndi fyrir hann törgu og steðjaði hann yfir upp og stóðst þó og rennir á enda svellsins. Þá koma þeir Kári að neðan í mót honum.

"Karlmannlega er að farið," segir Kári.

"Eftir er enn yðvar hluti," segir Skarphéðinn.

Snúa þeir þá upp að þeim. Þeir Grímur og Helgi sjá hvar Hrappur var og sneru þegar að honum. Hrappur höggur þegar til Gríms með öxinni. Helgi sér þetta og höggur á höndina Hrappi svo að af tók en niður féll öxin.

Hrappur mælti: "Hér hefir þú mikið nauðsynjaverk unnið því að þessi hönd hefir mörgum manni mein gert og bana."

"Hér skal nú endir á verða," segir Grímur og leggur spjóti í gegnum hann. Hrappur féll þá dauður niður. Tjörvi snýr í móti Kára og skýtur að honum spjóti. Kári hljóp í loft upp og flaug spjótið fyrir neðan fætur honum. Kári hleypur að honum og höggur til hans með sverðinu og kom á brjóstið og gekk þegar á hol og hafði hann þegar bana.



Skarphéðinn grípur þá báða senn, Gunnar Lambason og Grana Gunnarsson, og mælti: "Tekið hefi eg hér hvelpa tvo eða hvað skal við gera?"

"Kost átt þú," segir Helgi, "að drepa hvorntveggja ef þú vilt þá feiga."

"Eigi nenni eg," segir Skarphéðinn, "að hafa það saman að veita Högna en drepa bróður hans."

"Koma mun þar einu hverju sinni," segir Helgi, "að þú mundir vilja hafa drepið þá því að þeir munu þér aldrei trúir verða og engi þeirra er nú eru hér."

"Ekki mun eg hræðast þá," segir Skarphéðinn.

Síðan gáfu þeir grið Grana Gunnarssyni og Gunnari Lambasyni og Lamba Sigurðarsyni og Loðni.

Eftir það sneru þeir heim og spurði Njáll tíðinda. Þeir segja honum öll sem gerst.

Njáll mælti: "Mikil eru tíðindi þessi og er það líkara að hér leiði af dauða eins sonar míns ef eigi verður meira að."

Gunnar Lambason flutti lík Þráins með sér til Grjótár og var hann þar heygður.

## 93. kafli

Ketill í Mörk átti Þorgerði dóttur Njáls sem fyrr var sagt en var bróðir Þráins og þóttist hann við vant um kominn. Hann reið til Njáls og spurði hvort hann vildi nokkuð bæta víg Þráins.

Njáll svaraði: "Bæta vil eg svo að vel sé. Og vil eg að þú leitir þess við bræður þína þá er bauga eiga að taka að þeir taki sættum."

Ketill kvaðst það vildu gera gjarna. Var það þá ráð þeirra að Ketill skyldi fara og finna þá alla er gjöld áttu að taka og koma á griðum. Síðan reið Ketill heim.

Ketill fer nú að finna bræður sína og stefndi þeim öllum saman til Hlíðarenda. Tekur hann þar umræðu við þá og var Högni með honum í allri umræðu og kom svo að menn voru til gerðar teknir og lagður til fundur og voru ger manngjöld fyrir víg Þráins og tóku þeir allir við bótum sem lög stóðu til. Síðan var mælt fyrir tryggðum og búið um sem trúlegast. Greiddi Njáll fé allt af hendi vel og skörulega. Var þá kyrrt um stund.

Einu hverju sinni reið Njáll upp í Mörk og töludu þeir Ketill dag allan. Reið Njáll heim um kveldið og vissi engi maður hvað í ráðagerð hafði verið.

Litlu síðar fór Ketill til Grjótár. Hann mælti til Þorgerðar: "Lengi hefi eg mikið unnt Þráni bróður mínum. Mun eg enn það sýna því að eg vil bjóða til fósturs Höskuldi syni Þráins."

"Gera skal þér kost á þessu," segir hún. "Þú skalt veita þessum sveini allt það er þú mátt þá er hann er roskinn og hefna hans ef hann er með vopnum veginn og leggja fé til kvonarmundar honum og skalt þú þetta allt sverja."

Hann játtaði þessu öllu. Fer Höskuldur nú heim með Katli og er með honum nokkura hríð.

## 94. kafli

Einu hverju sinni ríður Njáll upp í Mörk og var tekið við honum vel og var hann þar um nóttina. Um kveldið gekk sveinninn að honum og kallaði Njáll á hann. Gekkk hann þegar til hans. Njáll hafði fingurgull á hendi og sýndi sveininum. Sveinninn tók við gullinu og hugði að og dró á fingur sér.

Njáll mælti: "Vilt þú þiggja gullið að gjöf?"

"Þiggja vil eg víst," segir sveinninn.

"Veist þú," segir Njáll, "hvað föður þínum varð að bana?"

Sveinninn svarar: "Veit eg að Skarphéðinn vó hann og þurfum við ekki á það að minnst er sæst hefir á verið og fullar bætur hafa fyrir komið."

"Betur er svarað," segir Njáll, "en eg spurði og munt þú verða góður maður."

"Góðar þykja mér spásögur þínar," segir Höskuldur, "því að eg veit að þú ert forspár og ólyginn."

Njáll mælti: "Nú vil eg bjóða þér fóstur ef þú vilt þiggja."

Höskuldur kvaðst þiggja vilja bæði þann góða og annan þann sem hann gerði honum. Urðu þær málalyktir að Höskuldur fór heim með Njáli til fósturs. Hann lét sveininum ekki í mein og unni mikið. Synir Njáls leiddu hann eftir sér og gerðu honum allt til sóma.

Nú líður þar til er Höskuldur er frumvaxti. Hann var bæði mikill og sterkur, manna fríðastur sýnum og hærður vel, manna best vígur, blíður í máli, örlátur, stilltur vel, orðgóður til allra manna og vinsæll. Njálssonu og Höskuld skildu hvorki á orð né verk.

## 95. kafli

Maður er nefndur Flosi. Hann var sonur Þórðar Freysgoða, Össurarsonar, Ásbjarnarsonar, Heyjangurs-Bjarnarsonar, Helgasonar, Bjarnarsonar bunu. Móðir Flosa var Ingunn dóttir Þóris af Espihóli, Hámundarsonar heljarskinns, Hjörssonar, Hálfssonar konungs er réð fyrir Hálfssrekkum, Hjörleifssonar hins kvensama. Móðir Þóris var Ingunn dóttir Helga hins magra er nam Eyjafjörð. Flosi átti Steinvöru dóttur Halls af Síðu. Hún var laungetin og hét Salvör móðir hennar, dóttir Herjólfss hins hvíta.

Flosi bjó að Svínafelli og var höfðingi mikill. Hann var mikill vexti og styrkur, manna kappsamastur.

Bróðir hans hét Starkaður. Hann var eigi sammæðra við Flosa. Móðir Starkaðar var Þraslaug dóttir Þorsteins tittlings Geirleifssonar en móðir Þraslaugar var Unnur dóttir Eyvindar karfa landnámamanns og systir Móðólfs hins spaka. Bræður Flosa voru þeir Þorgeir og Steinn, Kolbeinn og Egill.

Hildigunnur hét dóttir Starkaðar bróður Flosa. Hún var skörungur mikill og kvenna fríðust sýnum. Hún var svo hög að fár konur voru jafn hagar. Hún var allra kvenna grimmust og skaphörðust en drengur góður þar sem vel skyldi vera.

## 96. kafli

Hallur hét maður er kallaður var Síðu-Hallur. Hann var Þorsteinsson Böðvarssonar. Móðir Halls hét Þórdís og var Össurardóttir, Hróðlaugssonar, Rögnvaldssonar jarls af Mæri, Eysteinnssonar glumru. Hallur átti Jóreiði Þiðrandadóttur hins spaka, Ketilssonar þryms, Þórissonar þiðranda úr Veradal. Bróðir Jóreiðar var Ketill þrymur í Njarðvík og Þorvaldur faðir Helga Droplaugarsonar. Hallkatla var systir Jóreiðar, móðir Þorkels Geitissonar og þeirra Þiðranda. Þorsteinn hét bróðir Halls og var kallaður breiðmagi. Son hans var Kolar er Kári vegur í Bretlandi. Synir Halls af Síðu voru þeir Þorsteinn og Egill, Þorvarður og Ljótur og Þiðrandi sá er drápu dísir.

Þórir hét maður og var kallaður Holta-Þórir. Hans synir voru þeir Þorgeir skorargeir og Þorleifur krákur og Þorgrímur hinn mikli.

## 97. kafli

Nú er þar til máls að taka að Njáll talaði við Höskuld fóstura sinn: "Ráðs vildi eg þér leita fósturi og kvonfangs."

Höskuldi kveðst það vel að skapi og bað hann fyrir sjá "eða hvar vilt þú helst á leita?"

Njáll svarar: "Kona heitir Hildigunnur og er Starkaðardóttir Þórðarsonar Freysgoða. Þann veit eg kost bestan."

Höskuldur mælti: "Sjá þú einn fyrir fósturi minn. Það skal mitt ráð sem þú vilt vera láta."

"Hér munum við á leita," segir Njáll.

Litlu síðar kvaddi Njáll menn til ferðar með sér. Fóru þeir Sigfússynir og synir Njáls allir og Kári Sölmundarson. Þeir ríða austur til Svínafells. Fá þeir þar góðar viðtökur.

Um daginn eftir ganga þeir Njáll of Flosi á tal.

Þar koma niður ræður Njáls að hann segir svo: "Það er erindi mitt hingað að vér förum bónorðsför og mælum til mægða við þig Flosi en til eiginorðs við Hildigunni bróðurdóttur þína."

"Fyrir hvers hönd?" segir Flosi.

"Fyrir hönd Höskulds Þránínssonar fóstura míns," segir Njáll.

"Vel er slíkt stofnað," segir Flosi, "en þó hafið þér mikið í hættu hvorir við aðra eða hvað segir þú frá Höskuldi?"

"Gott má eg frá honum segja," segir Njáll, "og skal eg svo fé til leggja að yður þyki sæmilega ef þér viljið þetta mál að álitum gera."

"Kalla munum vér á hana," segir Flosi, "og vita hversu henni lítist maðurinn."

Var þá sent eftir henni og kom hún þangað.

Flosi segir henni bónorðið.

Hún kvaðst vera kona skapstór "og veit eg eigi hversu mér er hent við það er þar eru svo menn fyrir en það þó eigi síður að sjá maður hefir ekki mannaforráð. Og hefir þú það mælt að þú mundir eigi gifta mig goðorðslausum manni."

"Það er ærið eitt til," segir Flosi, "ef þú vilt eigi giftast Höskuldi að þá mun eg engan kost á gera."

"Það mæli eg eigi," segir hún, "að eg vilji eigi giftast Höskuldi ef þeir fá honum mannaforráð. En ellegar mun eg engan kost á gera."

Njáll mælti: "Þá vil eg bíða láta mín um þetta mál þrjá vetur."

Flosi svaraði að svo skyldi vera.

"Þann hlut vildi eg til skilja," segir Hildigunnur, "ef þessi ráð tækjust að við værum austur hér."

Njáll kvaðst það vilja skilja undir Höskuld en Höskuldur kvaðst mörgum vel trúa en engum betur en fóstura sínum.

Nú ríða þeir austan.

Njáll leitaði Höskuldi um mannaforráð og vildi engi selja sitt goðorð.

Líður nú sumarið til Alþingis. Þetta sumar voru þingdeildir miklar. Gerði þá margur sem vant var að fara til fundar við Njál en hann lagði það til mála manna sem ekki þótti líklegt að eyddust sóknir og varð af því þræta mikil er málin máttu eigi lúkast og riðu menn heim af þingi ósáttir.

Líður nú þar til er kemur annað þing. Njáll reið til þings. Og er fyrst kyrrt þingið allt þar til er Njáll talar að mönnum væri mál að lýsa sökum sínum.

Margir mæltu að til lítills þætti það koma er engi kæmi sínu máli fram þó að til alþingis væri stefnt "og viljum vér heldur," segja þeir, "heimta vort mál með oddi og eggju."

"Svo má eigi vera," segir Njáll, "og hlýðir það hvergi að hafa eigi lög í landi. En þó hafið þér mikið til yðvars máls um það og kemur það til vor er lögin kunnum og þeim skulum stýra. Þykir mér það ráð að vér köllumst saman allir höfðingjar og tölum um."

Þeir gengu þá til lögréttu.

Njáll mælti: "Þig kveð eg að þessu Skafti Þóroddsson og aðra höfðingja að mér þykir sem málum vorum sé komið í ónýtt efni ef vér skulum sækja mál í fjórðungsdómum og verði svo vafið að eigi megi lúkast né fram ganga. Þykir mér það ráðlegast að vér ættum hinn fimmta dóm og sæktum þar þau mál er eigi mega lúkast í fjórðungsdómi."

"Hversu skalt þú," sagði Skafti, "nefna fimmtardóminn, er fyrir forn goðorð er nefndur fjórðungsdómur, þrennar tylftir úr fjórðungi hverjum?"

"Sjá mun eg ráð til þess," segir Njáll, "að taka upp ný goðorð, þeir er best eru til fallnir úr fjórðungi hverjum, og segist þeir í þing með þeim er það vilja."

"Þennan kost viljum vér," segir Skafti, "eða hversu vandar sóknir skulu hér vera?"

"Þau mál skulu hér í koma," segir Njáll, "um alla þingsafglöpun ef menn bera ljúgvitni eða ljúgvíðu. Hér skulu og í koma vefangsmál öll þau er menn vefengja í fjórðungsdómi og skal þeim stefna til fimmtardóms. Svo og ef menn bjóða fé eða taka fé til liðs sér og innihafnir þræla eða skuldarmanna. Í þessum dómi skulu vera allir hinir styrkjustu eiðar og fylgja tveir menn hverjum eiði er það skulu leggja undir þegnskap sinn er hinir sverja. Svo skal og ef annar fer með rétt mál en annar með rangt, þá skal eftir þeim dæma er rétt fara að sókn. Hér skal og sækja hvert mál sem í fjórðungsdómi utan það er nefndar eru fernar tylftir í fimmtardóm, þá skal sækjandi nefna sex menn úr dómi en verjandi aðra sex. En ef hann vill eigi úr nefna þá skal sækjandi nefna þá úr sem hina sem verjandi átti. En ef sækjandi nefnir eigi úr þá er ónýtt málið því að þrennar tylftir skulu um dæma. Vér skulum og hafa þá lögréttuskipun að þeir er sitja á miðjum pöllum skulu réttir að ráða fyrir lofum og lögum og skal þá velja til þess er vitrastir eru og best að sér. Þar skal og vera fimmtardómur. En ef þeir verða eigi á sáttir er í lögréttu sitja hvað þeir vilja lofa eða í lög leiða, þá skulu þeir ryðja lögréttu til og skal ráða afl með þeim. En ef sá er nokkur fyrir utan lögréttu að eigi nái inn að ganga eða þykist borinn vera máli þá skal hann verja lýriti svo að heyrir í lögréttu og hefir hann þá ónýtt fyrir þeim öll lof þeirra og allt það er þeir mæltu til lögskila og varði lýriti."

Eftir það leiddi Skafti Þóroddsson í lög fimmtardóm og allt þetta er nú var talið. Eftir það gengu menn til Lögbergs. Tóku menn þá upp ný goðorð. Í Norðlendingafjórðungi voru þessi ný goðorð: Melmannagoðorð í Miðfirði og Laufæsingagoðorð í Eyjafirði.

Þá kvaddi Njáll sér hljóðs og mælti: "Það er mörgum mönnum kunnigt hversu farið hefir með oss sonum mínum og Grjótármönnum að þeir drápu Þráin Sigfússon en var sæst á málið og eg tók við Höskuldi syni Þráins. Hefi eg nú ráðið honum kvonfang ef hann fær goðorð nokkuð en engi vill selja sitt goðorð. Vil eg nú biðja yður að þér leyfið að eg taki upp nýtt goðorð á Hvítanesi til handa Höskuldi."

Hann fékk það lof af öllum. Tekur Njáll nú upp goðorðið til handa Höskuldi og var hann síðan kallaður Höskuldur Hvítanesgoði.

Eftir þetta ríða menn heim af þingi.

Njáll dvaldist skamma stund heima áður hann reið austur til Svínafells og synir hans og Höskuldur og vekur bónorðið við Flosa en hann kveðst efna mundu öll mál við þá. Var þá Hildigunnur föstnuð Höskuldi og kveðið á brúðlaupsstefnu og lýkur svo með þeim. Ríða þeir þá heim.

En í annað sinn ríðu þeir til brúðlaups. Leysti Flosi út allt fé Hildigunnar eftir boðið og greiddi vel af hendi. Fóru þau til Bergþórshvols og voru þar þau misseri og fór allt vel með þeim Hildigunni og Bergþóru. Um vorið eftir keypti Njáll land í Ossabæ og fær það Höskuldi og fer hann þangað byggðum sínum. Njáll réð honum hjón öll. Og svo var dátt með þeim öllum saman að engum þótti ráð ráðið nema þeir réðu allir um. Bjó Höskuldur í Ossabæ lengi svo að hvorir studdu annarra sæmd og voru synir Njál's í ferðum með Höskuldi. Svo var ákaft um vináttu þeirra að hvorir buðu öðrum heim hvert haust og gáfu stórgjafar. Fer svo lengi fram.

## 98. kafli

Maður hét Lýtingur. Hann bjó á Sámstöðum. Hann átti þá konu er Steinvör hét. Hún var Sigfúsdóttir, systir Þráins. Lýtingur var mikill maður vexti og styrkur og auðigur að fé, illur viðureignar.

Það var einu hverju sinni að Lýtingur hafði boð inni á Sámstöðum. Hann hafði þangað boðið Höskuldi Hvítanesgoða og Sigfússonum. Þeir komu þar allir. Þar var og Grani Gunnarsson og Gunnar Lambason og Lambi Sigurðarson.

Höskuldur Njálsson átti bú í Holti og móðir hans og reið hann jafnan til bús síns frá Bergþórshvoli og lá leið hans um garð á Sámsstöðum. Höskuldur átti son er Ámundi hét. Hann hafði blindur verið borinn. Hann var þó mikill vexti og öflugur.

Lýtingur átti bræður tvo. Hét annar Hallsteinn en annar Hallgrímur. Þeir voru hinir mestu óeirðarmenn og voru þeir jafnan með Lýtingi bróður sínum því að aðrir menn komu ekki skapi við þá.

Lýtingur var úti löngum um daginn en stundum gekk hann inn. Hann gekk til sætis síns. Þá kom kona inn er úti hafði verið.

Hún mælti: "Of fjarri voruð þér úti að sjá er oflátinn reið um garð."

"Hver ofláti var sá," segir Lýtingur, "er þú segir frá?"

"Höskuldur Njálsson reið hér um garð," segir hún.

Lýtingur mælti: "Oft ríður hann hér um garð og er mér eigi skapraunarlaust og býðst eg til þess Höskuldur mágur að fara með þér ef þú vilt hefna föður þíns og drepa Höskuld Njálsson."

"Það vil eg eigi," segir Höskuldur, "og launa eg þá verr en vera skyldi Njáli föstra mínum og þrífst þú aldrei fyrir heimboð" og spratt upp undan borðinu og lét taka hesta sína og reið heim.

Lýtingur mælti þá til Grana Gunnarssonar: "Þú varst hjá er Þráinn var veginn og mun þér það minnisamt og svo þú Gunnar Lambason og þú Lambi Sigurðarson. Vil eg nú að vér ráðum að Höskuldi Njálssyni og drepum hann í kveld er hann ríður heim."

"Nei," segir Grani, "ekki mun eg fara að Njálssonum og rjúfa sætt þá er góðir menn gerðu."

Slíkum orðum mælti hver þeirra og svo Sigfússynir og tóku það ráð allir að ríða í braut.

Þá mælti Lýtingur er þeir voru í brautu: "Það vita allir menn að eg hefi við engum bótum tekið eftir Þráin mág minn. Skal eg og aldrei una því að engi komi mannhefnd eftir hann."

Síðan kvaddi hann til ferðar með sér bræður sína tvo og húskarla þrjá. Þeir fóru á leið fyrir Höskuld og sátu fyrir honum norður frá garði í gróf nokkurri og biðu þar til þess er var miður aftan. Þá reið Höskuldur að þeim. Þeir spretta þá upp allir með vopnum og sækja að honum. Höskuldur varðist svo vel að þeir fá lengi eigi sóttan hann. En þar kom um síðir að hann særði Lýting á hendi en drap heimamenn hans tvo og féll síðan. Þeir særðu Höskuld sextán sárum en eigi hjuggu þeir höfuð af honum. Þeir fóru í skógana fyrir austan Rangá og fálu sig þar.

Þetta kveld hið sama hafði smalamaður Hróðnýjar fundið Höskuld dauðan og fór heim og sagði Hróðnýju víg sonar síns.

Hún mælti: "Ekki mun hann dauður vera eða var af höfuðið?"

"Eigi var það," segir hann.

"Vita mun eg ef eg sé," segir hún, "og tak þú hest minn og akfæri."

Hann gerði svo og bjó um með öllu og síðan fóru þau þangað sem Höskuldur lá.

Hún leit á sárin og mælti: "Svo er sem mig varði að hann mundi ekki dauður með öllu og mun Njáll græða stærri sár."

Síðan tóku þau og lögðu hann í vagarnar og óku til Bergþórshvols og báru þar inn í sauðahús og láta hann sitja upp við vegginn. Síðan gengu þau heim bæði og drápu á dyr og gekk húskarl einn til dyra. Hún snarar þegar inn hjá honum og fer þar til er hún kemur að hvílu Njáls. Hún spurði hvort Njáll vekti. Hann kveðst sofið hafa þar til "en nú er eg vaknaður. Eða hví ert þú hér komin svo snemma?"

Hróðný mælti: "Statt þú upp úr binginum frá elju minni og gakk út með mér og svo hún og synir þínir."

Þau stóðu upp og gengu út.

Skarphéðinn mælti: "Tökum vér vopn vor og höfum með oss."

Njáll lagði ekki til þess og hljópu þeir inn og gengu út vopnaðir. Fer Hróðný fyrir til þess er þau koma að sauðahúsinu.

Hún gengur inn og bað þau ganga eftir.

Hún vatt upp skriðljósi og mælti: "Hér er nú, Njáll, Höskuldur son þinn og hefir fengið á sér sár mörg og mun hann nú þurfa lækningar."

Njáll mælti: "Dauðamörk sé eg á honum en engi lífsmörk eða hví hefir þú eigi veitt honum nábjargir er opnar eru nasarnar?"

"Það ætlaði eg Skarphéðni," segir hún.

Skarphéðinn gekk að og veitti honum nábjargir.

Skarphéðinn mælti þá við föður sinn: "Hver segir þú að hann hafi vegið?"

Njáll svarar: "Lýtingur af Sámsstöðum mun hafa vegið hann og bræður hans."

Hróðný mælti: "Þér fel eg á hendi Skarphéðinn að hefna bróður þíns og vænti eg að þér muni vel fara þó að hann sé eigi skilgetinn og þú munir mest eftir ganga."

Bergþóra mælti: "Undarlega er yður farið er þér vegið víg þau er yður rekur lítið til en meltið slíkt og sjóðið fyrir yður svo að ekki verður af og mun hér koma skjótt Höskuldur Hvítanesgoði og biðja yður sætta og munuð þér veita honum það og er nú til að ráða ef þér viljið."

Skarphéðinn mælti: "Eggjar móðir vor oss nú lögeggjan."

Síðan hljópu þeir út allir. Hróðný gekk með Njáli og var þar um nóttina.

## 99. kafli

Nú er að segja frá þeim Skarphéðni að þeir stefna upp til Rangár.

Skarphéðinn mælti: "Stöndum vér nú og hlýðum til."

Þeir gerðu svo.

Síðan mælti hann: "Förum vér nú hljótt því að eg heyri mannamál upp með ánni. Eða hvort viljið þið heldur eiga við Lýting einn eða við bræður hans báða?"

Þeir kváðust heldur vilja eiga við Lýting einn.

"Í honum er þó veiðurin meiri," segir Skarphéðinn, "og þykir mér illa ef undan ber en eg treysti mér best um að eigi dragi undan."

"Til skulum við svo stefna," segir Helgi, "ef við komumst í færi að eigi reki undan."

Síðan gengu þeir þangað sem Skarphéðinn hafði heyrt mannamálið og sjá hvar þeir Lýtingur eru við læk einn. Skarphéðinn hleypur þegar yfir lækinn og í melbakkann öðrum megin. Þar stóð Hallgrímur á uppi og þeir bræður. Skarphéðinn höggur á lærið Hallgrími svo að þegar tók undan fótinn en þrífur Hallkel annarri hendi. Lýtingur lagði til Skarphéðins. Helgi kom þá að og brá við skildinum og kom þar í lagið. Lýtingur tók upp stein og laust Skarphéðin og varð Hallkell laus. Hallkell hleypur þá upp á melbakkann og kemst eigi á upp annan veg en hann skýtur niður knjánum. Skarphéðinn slæmir til hans öxinni Rimmugýgi og höggur í sundur í honum hrygginn. Lýtingur snýr nú undan en þeir Grímur og Helgi eftir og kemur sínu sári á hann hvor þeirra. Lýtingur kemst út á ána undan þeim og svo til hrossa og hleypir til þess er hann kemur í Ossabæ. Höskuldur var heima. Lýtingur finnur hann þegar og segir honum verkin.

"Slíks var þér von," segir Höskuldur, "þú fórst rasandi mjög. Mun hér sannast það sem mælt er að skamma stund verður hönd höggi fegin. Þykir mér sem þér þyki nú ísjávert hvort þú munt fá haldið þig fyrir Njálssonum."

"Svo er víst," segir Lýtingur, "að eg komst nauðulega undan en þó vildi eg nú að þú kæmir mér í sætt við Njál og sonu hans og mætti eg halda búi mínu."

"Svo skal vera," segir Höskuldur.

Síðan lét Höskuldur söðla hest sinn og reið til Bergþórshvols við hinn sétta mann. Þá voru synir Njáls heima komnir og höfðu lagst til svefns. Höskuldur fór þegar að finna Njál og gengu þeir á tal.

Höskuldur mælti til Njáls: "Hingað er eg kominn að biðja fyrir Lýtingi mági mínum. Hefir hann stórt af gert við yður, rofið sætt og drepið son þinn."

Njáll mælti: "Lýtingur mun þykjast mikið afhroð galdið hafa í láti bræðra sinna. En ef eg geri nokkurn kost á þá mun eg þín láta að njóta og mun eg þó það skilja fyrir sættina að bræður Lýtings skulu óhelgir fallið hafa. Lýtingur skal og ekki hafa fyrir sár sín en bæta Höskuld fullum bótum."

"Það vil eg," segir Höskuldur, "að þú einn dæmir."

Njáll svarar: "Það mun eg nú gera sem þú vilt."

"Vilt þú nokkuð," segir Höskuldur, "að synir þínir séu við?"

Njáll svarar: "Ekki mun þá nær sættinni en áður en halda munu þeir þá sætt er eg geri."

Þá mælti Höskuldur: "Lúkum við þá málinu og sel þú Lýtingi grið fyrir sonu þína."



"Svo skal vera," segir Njáll.

"Það vil eg," segir Njáll, "að Lýtingur gjaldi tvö hundruð silfurs fyrir víg Höskulds en búi á Sámsstöðum og þykir mér þó ráðlegra að hann selji land sitt og ráðist í braut. En eigi fyrir því, ekki mun eg rjúfa tryggðir á honum né synir mínir. En þó þykir mér vera mega að nokkur rísi sá upp í sveit að honum sé viðsjávert. En ef svo þykir sem eg geri hann héraðssekna þá leyfi eg að hann sé hér í sveit en hann ábyrgist mestu til."

Síðan fór Höskuldur heim.

Þeir vöknuðu Njálssynir og spurðu föður sinn hvað komið hefði en hann sagði þeim að Höskuldur var þar, fóstri hans.

"Hann mundi biðja fyrir Lýtingi," segir Skarphéðinn.

"Svo var," segir Njáll.

"Það var illa," segir Grímur.

"Ekki mundi Höskuldur hafa skotið skildi fyrir hann," segir Njáll, "ef þú hefðir drepið hann þá er þér var ætlað."

"Teljum vér ekki á föður vorn," segir Skarphéðinn.

Nú er að segja frá því að sætt þessi helst með þeim síðan.

## 100. kafli

Höfðingjaskipti varð í Noregi. Hákon jarl var liðinn undir lok en kominn í staðinn Ólafur Tryggvason. Urðu þau örlög Hákonar jarls að Karkur þræll skar hann á háls á Rimul í Gaulardal. Það spurðist með tíðindum þessum að siðaskipti var orðið í Noregi. Og höfðu þeir kastað hinum forna átrúnaði en Ólafur konungur hafði kristnað Vesturlönd, Hjaltland og Orkneyjar og Færeyjar.

Það mæltu margir menn svo að Njáll heyrði að slíkt væru mikil firn að hafna fornum sið og átrúnaði.

Njáll sagði þá: "Svo líst mér sem hinn nýi átrúnaður muni vera miklu betri og sá muni sæll er þann fær heldur. Og ef þeir menn koma út hingað er þann sið bjóða þá skal eg það vel flytja."

Hann mælti það oft. Hann fór oft frá öðrum mönnum einn saman og þuldi.

Þetta hið sama haust kom skip út austur í Fjörðum í Berufirði þar sem heitir Gautavík. Hét Þangbrandur stýrimaður. Hann var son Vilbaldús greifa úr Saxlandi. Þangbrandur var sendur út hingað af Ólafi konungi Tryggvasyni að bjóða trú rétta. Með honum fór sá maður íslenskur er Guðleifur hét. Hann var son Ara Mássonar, Atlasonar, Úlfssonar hins skjálga, Högnasonar hins hvíta, Ótryggssonar, Óblauðssonar, Hjörleifssonar hins kvensama Hörðalandskonungs. Guðleifur var vígamaður mikill og manna hraustastur og harðger í öllu.

Bræður tveir bjuggu á Berunesi. Hét annar Þorleifur en annar Ketill. Þeir voru Hólmsteinssynir Össurarsonar hins breiðdælska. Þeir lögðu til fund og bönnuðu mönnum að eiga kaup við þessa menn.

Þetta spurði Hallur af Síðu. Hann bjó að Þvottá í Álftafirði. Hann reið til skips við þrjá tigu manna.

Hann fer þegar á fund Þangbrands og mælti til hans: "Hvort ganga ekki mjög kaupin?"

Hann sagði að svo var.

"Nú vil eg segja þér mitt erindi," segir Hallur, "að eg vil bjóða yður öllum heim til mín og hætta á hvort eg geti kaup fyrir yður."

Þangbrandur þakkaði honum og fór til Þvottár.

Um haustið var það að Þangbrandur var úti einn morgun snemma og lét skjóta sér tjaldi og söng messu í tjaldinu og hafði mikið við því að hátíð var mikil.

Hallur mælti til Þangbrands: "Í hverja minning heldur þú þennan dag?"

"Mikael engill á daginn," segir hann.

"Hver rök fylgja engli þeim?" segir Hallur.

"Mörg," segir Þangbrandur. "Hann skal meta allt það sem þú gerir bæði gott og illt og er hann svo miskunnsamur að hann metur allt það meira sem vel er gert."

Hallur mælti: "Eiga vildi eg hann mér að vin."

"Það munt þú mega," segir Þangbrandur, "og gefst þú honum þá í dag með guði."

"Það vil eg þá til skilja," segir Hallur, "að þú heitir mér því fyrir hann að hann sé þá fylgjuengill minn."

"Því mun eg heita þér," segir Þangbrandur.

Tók Hallur þá skírni og öll hjú hans.

## 101. kafli

Um vorið eftir fór Þangbrandur að boða kristni og Hallur með honum. En er þeir komu vestur um Lónsheiði til Stafafells þá bjó þar Þorkell. Hann mælti mest í móti trúnni og skoraði Þangbrandi á hólmi. Þá bar Þangbrandur róðukross fyrir skjöldinn en þó lauk svo með þeim að Þangbrandur hafði sigur og drap Þorkel.

Þaðan fóru þeir til Hornafjarðar og gistu í Borgarhöfn fyrir vestan Heinabergssand. Þar bjó Hildir hinn gamli. Hans son var Glúmur er fór til brennu með Flosa. Þar tók við trú Hildir og hjú hans öll.

Þaðan fóru þeir til Fellshverfis og gistu að Kálfafelli. Þar bjó Kolur Þorsteinsson frændi Halls og tók hann við trú og hjú hans öll.

Þaðan fóru þeir til Breiðár. Þar bjó Össur Hróaldsson frændi Halls og tók við prímsigning.

Þaðan fóru þeir til Svínafells og tók Flosi prímsigning en hét að fylgja þeim á þingi.

Þaðan fóru þeir vestur til Skógahverfis og gistu í Kirkjubæ. Þar bjó Surtur Ásbjarnarson Þorsteinssonar Ketilssonar hins fíflska. Þeir höfðu allir verið kristnir langfeðgar.

Eftir það fóru þeir úr Skógahverfi og til Höfðabrekku. Þá spurðist allt um ferð þeirra.

Maður hét Galdra-Héðinn er bjó í Kerlingardal. Þar keyptu heiðnir menn að honum að hann skyldi deyða Þangbrand og föruneyti hans. Hann fór upp á Arnarstakksheiði og efldi þar blót mikið.

Þá er Þangbrandur reið austan þá brast í sundur jörðin undir hesti hans en hann hljóp af hestinum og komst upp á bakkann en jörðin svalg hestinn með öllum reiðingi og sáu þeir hann aldrei síðan. Þá lofaði Þangbrandur guð.

## 102. kafli

Guðleifur leitar nú Galdra-Héðins og finnur hann á heiðinni og eltir hann ofan að Kerlingardalsá og komst í skotfæri við hann og skýtur til hans spjóti og í gegnum hann.

Þaðan fóru þeir til Dyrhólma og áttu þar fund og boðaði Þangbrandur þar trú og kristnaði þar Ingjald son Þorkels Háeyjartyrðils.

Þaðan fóru þeir til Fljótshlíðar og boðuðu þar trú. Þar mælti mest í mót Veturlíði skáld og Ari son hans og fyrir það vógu þeir Veturlíða. Og er þar um kveðin vísa þessi:

Ryðfjónar gekk reynir  
randa suðr á landi  
beðs í bæna smiðju  
Baldrs sigtólum halda.  
Síðreynir lét síðan  
snjallr morðhamar gjalla  
hauðrs í hattar steðja  
hjaldrs Vetrliða skaldi.

Þaðan fór Þangbrandur til Bergþórshvols og tók Njáll við trú og öll hjú hans. En Mörður Valgarðsson gekk mest í móti. Þeir fóru þaðan út yfir ár. Þeir fóru í Haukadal og skírðu þar Hall og var hann þá þrevetur.

Þaðan fóru þeir til Grímsness. Þar efldi flokk í móti þeim Þorvaldur hinn veili og sendi orð Úlfi Uggasyni að hann skyldi fara að Þangbrandi og drepa hann og kvað til vísu þessa:

Yggs bjálfa mun eg Úlfi  
Endils um boð senda,  
mér er við stála stýri  
stugglaust, syni Ugga,  
að gnýskúta Geitis  
goðvarg fyrir argan,  
þann er við rögn um regnir,  
reki hann en eg annan.

Úlfur Uggason kvað aðra vísu í móti:

Tekka eg, sunds þótt sendi  
sannreynir boð, tanna  
hvarfs við hleypiskarfi,  
Hárbarðs véa fjarðar.  
Erat ráfáka rækis,  
röng eru mál á gangi,  
sé eg við mínu meini,  
mínlegt flugu að gína.

"Og ætla eg ekki," sagði Úlfur, "að vera ginningarfífl hans. En gæti hann að honum vefjast eigi tungan um höfuð."

Og eftir það fór sendimaður aftur til Þorvalds hins veila og sagði honum orð Úlfs. Þorvaldur hafði margt manna um sig og hafði það við orð að sitja fyrir þeim á Bláskógaheiði.

Þeir Þangbrandur og Guðleifur riðu úr Haukadal. Þeir mættu manni einum er reið í mót þeim.

Sjá spurði að Guðleifi og er hann fann hann mælti hann: "Njóta skalt þú Þorgils bróður þíns á Reykjahólum að eg vil gera þér njósn að þeir hafa margar fyrirsátir og það með að Þorvaldur hinn veili er með flokk sinn við Hestlæk í Grímsnesi."

"Ekki skulum vér ríða að síður," segir Guðleifur, "til fundar við hann."

Og sneru þeir síðan ofan til Hestlækjar. Þorvaldur var þá kominn yfir lækinn.

Guðleifur mælti til Þangbrands: "Hér er nú Þorvaldur og hlaupum nú að honum."

Þangbrandur skaut spjóti í gegnum Þorvald en Guðleifur hjó á öxlina og frá ofan höndina og var það hans bani.

Eftir það ríða þeir á þing upp og hafði svo nær að frændur Þorvalds mundu ganga að þeim. Veittu þeir Njáll og Austfirðingar Þangbrandi. Hjalti Skeggjason kvað kviðling þenna:

Spari eg eigi goð geyja.  
Grey þykir mér Freyja.  
Æ mun annað tveggja  
Óðinn grey eða Freyja.

Hjalti fór utan um sumarið og Gissur hvíti. En skip Þangbrands braut austur við Búlandsnes og hét skipið Vísundur.

Þangbrandur fór allt vestur um sveitir.

Steinunn kom í mót honum, móðir Skáld-Refs. Hún boðaði Þangbrandi heiðni og taldi lengi fyrir honum. Þangbrandur þagði meðan hún talaði en talaði lengi eftir og sneri því öllu er hún hafði mælt í villu.

"Hefir þú heyrt það," sagði hún, "er Þór bauð Kristi á hólum og þorði Kristur eigi að berjast við Þór?"

"Heyrt hefi eg," segir Þangbrandur, "að Þór var ekki nema mold og aska ef guð vildi eigi að hann lifði."

"Veist þú," segir hún, "hver brotið hefir skip þitt?"

"Hvað segir þú til?" segir hann.

"Það mun eg segja þér," segir hún:

Braut fyrir bjöllu gæti,  
bönd ráku val strandar,  
mögfellandi mellu,  
mástalls, Vísund allan.  
Hlífðit Kristr, þá er kneyfði  
knörr, málmfeta varra.  
Lítt ætla eg að guð gætti  
Gylfa hreins að einu.

Og enn kvað hún aðra vísu:

Þór brá Þvinnils dýri  
Þangbrands úr stað löngu,  
hristi búss og beysti  
barðs og laust við jörðu.  
Muna skíð um sjá síðan  
sundfært Atals grundar,  
hregg því að hart tók leggja,  
hánun kennt, í spánu.

Eftir það skildu þau Þangbrandur og Steinunn og fóru þeir vestur til Barðastrandar.

## 103. kafli

Gestur Oddleifsson bjó í Haga á Barðaströnd. Hann var manna vitrastur svo að hann sá fyrir örlög manna. Hann gerði veislu í móti þeim Þangbrandi. Þeir fóru í Haga við sex tigu manna. Þá var sagt að þar væru fyrir tvö hundruð heiðinna manna og þangað væri von berserks þess er Ótryggur hét og voru allir við hann hræddir. Frá honum var sagt svo mikið að hann hræddist hvorki eld né egg og voru heiðnir menn hræddir mjög. Þá spurði Þangbrandur ef menn vildu taka við trú en allir heiðnir menn mæltu í móti.

"Kosti mun eg yður gera," segir Þangbrandur, að vér skulum reyna hvor betri er trúan. Vér skulum gera elda þrjá. Skuluð þér heiðnir menn vígja einn en eg annan en hinn þriðji skal óvígður vera. En ef berserkurinn hræðist þann einn eldinn er eg vígi en veður hina báða þá skuluð þér taka við trú."

"Þetta er vel mælt," segir Gestur, "og mun eg þessu játa fyrir mig og heimamenn mína."

Og er Gestur hafði þetta mælt þá játuðu miklu fleiri.

Þá var sagt að berserkurinn færi að bænum og voru þá gervir eldarnir og brunnu. Tóku menn þá vopn sín og hljópu upp í bekkina og biðu svo. Berserkurinn hleypur að með vopnum og inn í dyrnar. Hann kemur innar í stofuna og veður þegar þann eldinn er hinir heiðnu menn höfðu vígðan og svo hinn óvígða. Hann kemur að þeim eldinum er Þangbrandur hafði vígt og þorir eigi að vaða og kvaðst brenna allur. Hann höggur sverðinu upp á bekkinn og kom í þvertréð er hann reiddi hátt. Þangbrandur laust með róðukrossi á höndina og varð jartegn svo mikil að sverðið féll úr hendi berserkinum. Þá leggur Þangbrandur sverði fyrir brjóst honum en Guðleifur hjó á höndina svo að af tók. Gengu þá margir að

og drápu berserkinn. Eftir það spurði Þangbrandur ef menn vildu taka við trú. Gestur kveðst það eitt um hafa mælt er hann ætlaði að halda. Skírði Þangbrandur þá Gest og öll hjú hans og marga menn aðra.

Réðst þá Þangbrandur um við Gest hvort hann skyldi nokkuð fara í fjörðu vestur en Gestur latti þess og kvað þar vera menn harða og illa viðureignar "en ef það er ætlað fyrir að trúa þessi skuli við gangast þá mun á alþingi við gangast og munu þar þá vera allir höfðingjar úr hverju héraði."

"Flutti eg á þingi," segir Þangbrandur, "og varð mér þar erfiðlegast um."

"Þó hefir þú mest að gert," segir Gestur, "þó að öðrum verði auðið í lög að leiða. En það er sem mælt er að eigi fellur tré við hið fyrsta högg."

Síðan gaf Gestur Þangbrandi góðar gjafar og fóru þeir suður aftur.

Þangbrandur fór í Sunnlendingafjórðung og svo til Austfjarða. Hann gisti að Bergþórshvoli og gaf Njáll honum góðar gjafar. Þá reið hann austur í Álftafjörð til móts við Síðu-Hall. Hann lét bæta skip sitt og kölluðu heiðnir menn það Járnmeis. Á því skipi fór Þangbrandur utan og Guðleifur með honum.

## 104. kafli

Þetta sama sumar varð Hjalti Skeggjason sekur á þingi um goðgá.

Þangbrandur sagði Ólafi konungi frá meingerðum Íslendinga við sig, sagði þá vera svo fjölkunnga að jörðin spryngi í sundur undir hesti hans og tæki hestinn. Þá varð Ólafur konungur svo reiður að hann lét taka alla íslenska menn og setja í myrkvastofu og ætlaði þá til dráps.

Þá gengu þeir Gissur hvíti að og Hjalti og buðu að leggja sig í veð fyrir þessa menn og fara út til Íslands og boða trú. Konungur tók þessu vel og þágu þeir þá alla undan.

Þá bjuggu þeir Gissur og Hjalti skip sitt til Íslands og urðu snemmbúnir. Þeir tóku land á Eyrum er tíu vikur voru af sumri. Þeir fengu sér þegar hesta en fengu menn til að ryðja skip. Ríða þeir þá þrír tígir manna til þings og gerðu þá orð kristnum mönnum að við búnir skyldu vera. Hjalti var eftir að Reyðarmúla því að þeir spurðu að hann var sekur orðinn um goðgá. En þá er þeir komu í Vellandkötlu ofan frá Gjabakka þá kom Hjalti þar eftir þeim og kveðst ekki vilja sýna það heiðnum mönnum að hann hræddist þá. Riðu nú margir kristnir menn í móti þeim og riðu þeir með fylktu liði á þing. Heiðnir menn höfðu og fylkt fyrir og var þá svo nær að allur þingheimur mundi berjast en þó varð það eigi.

## 105. kafli

Þorgeir hét maður. Hann var Tjörvason Þorkelssonar langs. Móðir hans hét Þórunn og var Þorsteinsdóttir, Sigmundarsonar, Gnúpa-Bárðarsonar. Guðríður hét kona hans. Hún var dóttir Þorkels hins svarta úr Hleiðrargarði. Hans bróðir var Ormur töskubak, faðir Hlenna hins gamla úr Saurbæ. Þeir Þorkell voru synir Þóris snepils, Ketilssonar brimils, Örnólfssonar, Björnólfssonar, Grímssonar loðinkinna, Ketilssonar hængs, Hallbjarnarsonar hálftrölls úr Hrafnistu. Þorgeir bjó að Ljósavatni og var höfðingi mikill og manna vitrastur.

Kristnir menn tjölduðu búðir sínar og voru þeir Gissur og Hjalti í Mosfellingabúð.

Um daginn eftir gengu hvorirtveggju til Lögbergs og nefndu hvorir votta, kristnir menn og heiðnir, og sögðust hvorir úr lögum annarra og varð þá svo mikið óhljóð að Lögbergi að engi nam annars mál. Síðan gengu menn í braut og þótti öllum horfa til hinna mestu óefna.

Kristnir menn tóku sér til lögsögumanns Hall af Síðu. En Hallur fór að finna Þorgeir goða lögsögumann frá Ljósavatni og gaf honum til þrjár merkur silfurs að hann segði upp lögin. En það var þó ábyrgðarráð er hann var heiðinn.

Þorgeir lá dag allan og breiddi feld á höfuð sér svo að engi maður mælti við hann.

En annan dag gengu menn til Lögbergs.

Þá beiddi Þorgeir sér hljóðs og mælti: "Svo líst mér sem málum vorum sé komið í ónýtt efni ef vér skulum eiga hafa ein lög allir. En ef sundur skipt er lögnum þá mun sundur skipt friðinum og mun eigi mega við það búa. Nú vil eg þess spyrja heiðna menn og kristna hvort þeir vilja hafa lög þau er eg segi upp."

Því játuðu allir. Hann kvaðst vilja hafa svardaga af þeim og festu að halda. Þeir játuðu því allir og tók hann af þeim festu.

"Það er upphaf laga vorra," sagði hann, "að menn skulu allir vera kristnir hér á landi og trúá á einn guð, föður og son og anda helgan, en láta af allri skurðgoðavillu, bera eigi út börn og eta eigi hrossakjöt. Skal fjörbaugssök á vera ef víst verður en ef leynilega er með farið þá skal vera vítislaust."

En þessi heiðni var af tekin öll á fárra vetra fresti að eigi skyldi þetta heldur gera leynilega en opinberlega. Hann sagði þá um drottinsdagahald og föstudaga, jóladaga og páskadaga og allra hinna stærstu hátíða.

Þóttust heiðnir menn mjög sviknir vera en þó var þá í lög leidd trúan og allir menn kristnir gervir hér á landi.

Fara menn við það heim af þingi.

## 106. kafli

Sá atburður varð þrem vetrum síðar á Þingskálapingi að Ámundi hinn blindi var þar, son Höskulds Njálssonar. Hann lét leiða sig búða í meðal. Hann kom í búð þá er Lýtingur var inni af Sámstöðum. Hann lætur leiða sig inn í búðina og þar fyrir sem Lýtingur sat.

Hann mælti: "Er hér Lýtingur af Sámstöðum?"

"Já," segir Lýtingur, "eða hvað vilt þú mér?"

"Eg vil vita," segir Ámundi, "hverju þú vilt bæta mér föður minn. Eg er laungetinn og hefi eg við engum bótum tekið."

"Bætt hefi eg föður þinn fullum bótum," segir Lýtingur, "og tók við föðurfaðir þinn og föðurbræður en bræður mínir voru ógildir. Og varð bæði að eg hafði illa til gert enda kom eg allhart niður."

"Ekki spyr eg að því," segir Ámundi, "að þú hefir bætt þeim. Veit eg að þér eruð sáttir. Og spyr eg að því hverju þú vilt mér bæta."

"Alls engu," segir Lýtingur.

"Eigi skil eg," segir Ámundi, "að það muni rétt fyrir guði svo nær hjarta sem þú hefir mér höggvið. Enda kann eg að segja þér ef eg væri heileygur báðum augum að hafa skyldi eg annaðhvort fyrir föður minn fébætur eða mannhefndir enda skipti guð með okkur."

Eftir það gekk hann út. En er hann kom í búðardyrnar snýst hann innar eftir búðinni. Þá lukust upp augu hans.

Þá mælti hann: "Lofaður sért þú guð, drottinn minn. Sé eg nú hvað þú vilt."

Eftir það hleypur hann innar eftir búðinni þar til er hann kemur fyrir Lýting og höggur með öxi í höfuð honum svo að hún stóð á hamri og kippir að sér öxinni. Lýtingur fellur áfram og var þegar dauður. Ámundi gengur út í búðardyrnar. Og er hann kom í þau hin sömu spor sem augu hans höfðu upp lokist þá lukust nú aftur og var hann alla ævi blindur síðan.

Eftir það lætur hann fylgja sér til Njáls og sona hans. Hann segir þeim víg Lýtings.

"Ekki má saka þig um þetta," segir Njáll, "því að slíkt er mjög ákveðið en viðvörunarvert ef slíkir atburðir verða að stinga eigi af stokki við þá er svo nær standa."

Síðan bauð Njáll sætt frændum Lýtings. Höskuldur Hvítanesgoði átti hlut að við frændur Lýtings að þeir tækju sættum og var þá lagið mál í gerð og féllu hálfar bætur niður fyrir sakastaði þá er Ámundi þótti á eiga. Eftir það gengu menn til tryggða og veittu frændur Lýtings Ámunda tryggðir.

Menn riðu heim af þingi og er nú kyrrt lengi.

## 107. kafli

Valgarður hinn grái kom þetta sumar út. Hann var þá heiðinn. Hann fór til Hofs til Marðar sonar síns og var þar um veturinn.

Hann mælti til Marðar: "Riðið hefi eg hér um byggðina víða og þykir mér eigi mega kenna að hin sama sé. Kom eg á Hvítanes og sá eg þar búðartóftir margar og umbrot mikil. Og kom eg á Þingskálaping og sá eg þar ofan brotna búð vora alla eða hví sæta firn slík?"

Mörður svarar: "Hér eru tekin upp ný goðorð og fimmtardómslög og hafa menn sagt sig úr þingi frá mér og í þing með Höskuldi."

Valgarður mælti: Illa hefir þú launað mér goðorðið er eg fékk þér í hendur að fara svo ómannlega með. Vil eg nú að þú launir þeim því að þeim dragi öllum til bana. En það er til þess að þú rægir þá saman og drepi synir Njáls Höskuld. En þar eru margir til eftirmáls um hann og munu þá Njálssynir af þeim sökum drepnir verða."

"Eigi mun eg það gert geta," segir Mörður.

"Eg skal leggja ráðin til," segir Valgarður. "Þú skalt bjóða Njálssonum heim og leysa þá út með gjöfum. En svo fremi skalt þú rógið frammi hafa er orðin er vinátta með yður mikil og þeir trúá þér eigi verr en sér. Máttu svo hefnast við Skarphéðin þess er hann tók féið af þér eftir lát Gunnars. Munt þú svo fremi taka höfðingskap er þessir eru allir dauðir."



Þessa ráðagerð festu þeir með sér að sjá skyldi fram koma.

Mörður mælti: "Það vildi eg faðir að þú tækir við trú. Þú ert maður gamall."

"Eigi vil eg það," segir Valgarður, "heldur vil eg að þú kastir trúnni og sjá hversu þá fari."

Mörður kvaðst það eigi gera mundu.

Valgarður braut krossa fyrir Merði og öll heilög ták. Litlu síðar tók Valgarður sótt og andaðist og var hann heygður.

## 108. kafli

Nokkuru síðar reið Mörður til Bergþórshvols og fann þá Skarphéðinn. Hann sló á mikið fagurmæli við þá og talaði hann dag allan og kveðst við þá margt vilja eiga. Skarphéðinn tók því öllu vel en kvað hann ekki þess leitað hafa fyrr.

Svo gerðist að hann kom sér í svo mikla vináttu við þá að hvorigum þótti ráð ráðið nema við aðra réðust um. Njáli þótti ávallt illt er Mörður kom þangað og fór svo jafnan að hann amaðist við.

Einu hverju sinni var það að Mörður kom til Bergþórshvols.

Hann mælti til þeirra Njálssona: "Veislu hefi eg þar stofnaða og ætla eg að drekka erfi eftir föður minn. En til þeirrar veislu vil eg bjóða yður Njálssonum og Kára og því heita að þér skuluð eigi gjafalaust í braut fara."

Þeir hétu að fara. Fer Mörður nú heim og býr veisluna. Hann bauð þangað mörgum bóndum og var veisla sú fjölmenn. Koma þangað Njálssynir og Kári. Mörður gaf Skarphéðni gullsyngju mikla en Kára silfurbelti en Grími og Helga góðar gjafar.

Þeir koma heim og hrósa gjöfum þessum og sýna Njáli.

Hann segir að þeir mundu fullu keypt hafa "og hyggið að því að þér launið eigi því sem hann mundi vilja."

## 109. kafli

Litlu síðar höfðu þeir heimboð með sér, Höskuldur og Njálssynir, og buðu þeir fyrri Höskuldi. Skarphéðinn átti hest brúnan, fjögurra vetra gamlan, bæði mikinn og sjálegan. Hann var graður og hafði ekki verið fram leiddur. Þann hest gaf Skarphéðinn Höskuldi og með hross tvö. Allir gáfu þeir Höskuldi gjafar og mæltu til vináttu.

Síðan bauð Höskuldur þeim heim í Ossabæ. Hann hafði þar marga fyrirboðsmenn og mikið fjölmenni. Hann hafði látið taka ofan skála sinn en hann átti útibúr þrjú og voru þau búin mönnum að sofa í. Þeir koma þar allir er hann hafði boðið. Veislan fór allvel fram. Og er menn skyldu heim fara valdi Höskuldur mönnum góðar gjafar og fór á leið með Njálssonum. Sigfússynir fylgdu honum og fjölmennið allt. Mæltu hvorir að engir skyldu í millum þeirra komast.

Nokkuru síðar kom Mörður í Ossabæ og kallaði Höskuld til máls við sig. Þeir gengu á tal.

Mörður mælti: "Mikill verður mannemunur með yður Njálssonum. Þú gafst þeim góðar gjafar en þeir gáfu þér gjafar með miklu spotti."

"Hvað færir þú til þess?" segir Höskuldur.

"Þeir gáfu þér hest er þeir kölluðu vonfola og gerðu það til spotts við þig því að þeim þótti þú og óreyndur. Eg kann og það að segja þér að þeir öfunda þig um goðorðið. Tók Skarphéðinn því upp á þingi er þú komst eigi til þings á fimmtardómsstefnu. Ætlar Skarphéðinn og aldrei laust að láta goðorðið."

"Eigi er það," segir Höskuldur, "eg tók við á leiðmóti í haust."

"Njáll hefir því valdið þá," segir Mörður. "Þeir rufu og," segir Mörður, "sætt á Lýtingi."

"Ekki ætla eg það þeim að kenna," segir Höskuldur.

"Eigi munt þú mæla í móti því." segir Mörður, "þá er þið Skarphéðinn fóruð austur að Markarfljóti féll öx undan belti honum og hafði hann ætlað að drepa þig."

"Það var," segir Höskuldur, "viðaröx hans og sá eg er hann lét undir belti sér. Og er hér svo skjótt frá mér að segja," segir Höskuldur, "að þú segir aldrei svo illt frá Njálssonum að eg muni því trúa. En þó að því sé að skipta og segir þú það satt að annaðhvort sé að eg drepi þá eða þeir mig þá vil eg miklu heldur þola dauða af þeim en eg geri þeim nokkuð mein. En þú ert maður að verri er þú hefir þetta mælt."

Síðan fór Mörður heim.

Nokkuru síðar fer Mörður að finna Njálssonu. Hann talar margt við þá bræður og Kára.

"Sagt er mér," segir Mörður, "að Höskuldur Hvítanesgoði hafi mælt að þú Skarphéðinn hafir rofið sætt á Lýtingi. En eg varð þess vís að honum þótti þú hafa haft við sig fjörráð er þið fóruð austur til Markarfljóts. En mér þykja þau ekki minni fjörráð er hann bauð þér til veislu og skipaði þér í útibúr það er first var húsum og var þar borinn að viður alla nóttina og ætlaði hann að brenna yður inni. En það bar við að Högni Gunnarsson kom um nóttina. Og varð þá ekki af því að þeir gengju að því að þeir hræddust hann. Síðan fylgdi hann þér á leið og mikill flokkur manna. Þá ætlaði hann þér aðra atgöngu að veita og setti þá til Grana Gunnarsson og Gunnar Lambason að vega að þér en þeim varð bilt og þorðu þeir eigi á þig að ráða."

En er hann hafði þetta mælt þá mæltu þeir fyrst í mót. En þar kom að þeir trúðu og gerðust þá í fáleikar af þeirra hendi til Höskulds og mæltu nær ekki við hann hvar sem þeir fundust. En Höskuldur gaf þeim lítið tillæti og fór svo fram um hríð.

Höskuldur fór austur til Svínafells um haustið að heimboði og tók Flosi vel við honum. Hildigunnur var þar og.

Flosi mælti til Höskulds: "Það segir Hildigunnur mér að fáleikar séu miklir með yður Njálssonum og þykir mér það illa. Og vil eg bjóða þér að þú ríðir eigi vestur og mun eg fá þér bústað í Skaftafelli en eg mun senda Þorgeir bróður minn að búa í Ossabæ."

"Það munu þá sumir menn mæla," segir Höskuldur, "að eg flýi þaðan fyrir hræðslu sakir og vil eg það eigi."

"Þá er það líkara," segir Flosi, "að stórvandræði leiði af."

"Illa er það," segir Höskuldur, "því að heldur vildi eg vera ógildur en margir hlytu illt af mér."

Höskuldur bjóst heim fám nóttum síðar en Flosi gaf honum skarlatsskykkju og var hlaðbúin í skaut niður. Reið Höskuldur heim í Ossabæ. Er nú kyrrt um hríð.

Höskuldur var maður svo vinsæll að fáir voru hans óvinir. En hin sama er óþykkt með þeim allan veturinn.

Njáll hafði tekið til fósturs son Kára er Þórður hét. Hann hafði og fóstað Þórhall son Ásgríms Elliða-Grímssonar. Þórhallur var röskur maður og harðger í öllu. Hann hafði numið svo lög að Njáli að hann var hinn þriðji mestur lögmaður á Íslandi.

Nú vorar snemma um vorið og færðu menn snemma niður sæði sín.

## 110. kafli

Það var einn dag að Mörður kom til Bergþórshvols. Þeir gengu þegar á tal, Njálssynir og Kári. Mörður rægir Höskuld að vanda sínum og hefir nú enn margar nýjar sögur og eggjar einart Skarphéðin og þá að drepa Höskuld og kvað hann mundi verða skjótara að bragði ef þeir færu eigi þegar að honum.

"Gera skal þér kost á þessu," segir Skarphéðinn, "ef þú vilt fara með oss og gera að nokkuð."

"Það vil eg til vinna," segir Mörður. Og bundu þeir það með fastmælum og skyldi hann þar koma um kveldið.

Bergþóra spurði Njál: "Hvað tala þeir úti?"

"Ekki er eg í ráðagerð með þeim," segir Njáll. "Sjaldan var eg þá frá kvaddur er hin góðu voru ráðin."

Skarphéðinn lagðist ekki niður um kveldið og ekki bræður hans né Kári. Þessa nótt hina sömu kom Mörður ofanverða. Tóku þeir þá vopn sín Njálssynir og Kári og riðu í braut.

Þeir fóru þar til er þeir komu í Ossabæ og biðu þar hjá garði nokkurum. Veður var gott og sól upp komin.

## 111. kafli

Í þenna tíma vaknaði Höskuldur Hvítanesgoði. Hann fór í klæði sín og tók yfir sig skikkjuna Flosanaut. Hann tók kornkippu og sverð í aðra hönd og fer til gerðisins og sáir niður korninu.

Þeir Skarphéðinn höfðu það mælt með sér að þeir skyldu allir á honum vinna. Skarphéðinn spratt upp undan garðinum. En er Höskuldur sá hann vildi hann undan snúa.

Þá hljóp Skarphéðinn að honum og mælti: "Hirð eigi þú að hopa á hæl, Hvítanesgoðinn" og höggur til hans og kom í höfuðið og féll Höskuldur á knéin.

Hann mælti þetta við er hann féll: "Guð hjálpi mér en fyrirgefi yður."

Hljópu þeir þá að honum allir og unnu á honum.

Eftir það mælti Mörður: "Ráð kemur mér í hug."

"Hvert er það?" segir Skarphéðinn.

"Það er eg mun fara heim fyrst en síðan mun eg fara upp til Grjótár og segja þeim tíðindin og láta illa yfir verkinu. En eg veit víst að Þorgerður mun biðja mig að eg lýsi víginu og mun eg það gera því að þeim mega það mest málaþell verða. Eg mun og senda mann í Ossabæ og vita hversu skjótt þau taki til ráða og mun sá spyrja þar tíðindin og mun eg láta sem eg taki af þeim."

"Far þú svo með víst," segir Skarphéðinn.

Þeir bræður fóru heim og Kári. Og er þeir komu heim sögðu þeir Njáli tíðindin.

"Hörmuleg tíðindi eru þetta," segir Njáll, "og er slíkt illt að vita því að það er satt að segja að svo fellur mér þetta nær um trega að mér þætti betra að hafa látið tvo sonu mína og lifði Höskuldur."

"Það er nokkur vorkunn," segir Skarphéðinn. "Þú ert maður gamall og er von að þér falli nær."

"Eigi er það síður en elli," segir Njáll, "að eg veit gerr en þér hvað eftir mun koma."

"Hvað mun eftir koma?" segir Skarphéðinn.

"Dauði minn," segir Njáll, "og konu minnar og allra sona minna."

"Hvað spáir þú fyrir mér?" segir Kári.

"Erfitt mun þeim veita að ganga í mót giftu þinni," segir Njáll, "því að þú munt þeim öllum drjúgari verða."

Sjá einn hlutur var svo að Njáli féll svo nær að hann mátti aldrei óklökkvandi um tala.

## 112. kafli

Hildigunnur vaknaði og fann að Höskuldur var í brautu úr rúminu. Hún mælti: "Harðir hafa draumar verið og eigi góðir og leitið þér að honum Höskuldi."

Þeir leituðu hans um bæinn og fundu hann eigi. Þá hafði Hildigunnur klædda sig. Fer hún þá og tveir menn með henni til gerðisins og finna þar Höskuld veginn.

Þar kom þá og smalamaður Marðar Valgarðssonar og segir henni að þeir Njálssynir hefðu farið neðan þaðan "og kallaði Skarphéðinn á mig og lýsti víginu á hönd sér."

"Karlmannlegt verk væri þetta," sagði Hildigunnur, "ef einn hefði að verið."

Hún tók skikkjuna og þerraði með blóðið allt og vafði þar í innan blóðlifrarnar og braut svo saman og lagði niður í kistu sína.

Nú sendir hún mann upp til Grjótár að segja þangað tíðindin. Þar var Mörður fyrir og hafði sagt áður tíðindin. Þar var og kominn Ketill úr Mörk.

Þorgerður mælti til Ketils: "Nú er Höskuldur dauður sem við vitum. Og mun þú nú hverju þú hést þá er þú tókst hann til fósturs."

"Það má vera," segir Ketill, "að eg hafi þá ærið mörgu heitið því að eg ætlaði ekki að þessir dagar mundu verða sem nú eru orðnir. Enda er eg við vant um kominn því að náíð er nef augum þar sem eg á dóttur Njáls."

"Hvort vilt þú," segir Þorgerður, "að Mörður lýsi víginu?"

"Eigi veit eg það," segir Ketill, "því að fleirum þykir mér sem illt leiði af honum en gott."

En þegar er Mörður talaði við Ketil þá fór honum sem öðrum að svo þótti sem Mörður mundi honum vera trúr og varð það ráð þeirra að Mörður skyldi lýsa víginu og búa mál að öllu til þings.

Fór Mörður þá ofan í Ossabæ. Þangað komu níu búar þeir er næstir bjuggu vettvangi. Mörður hafði tíu menn með sér. Hann sýnir búum sár Höskulds og nefnir votta að benjum og nefnir mann til hvers sárs nema eins. Það lét hann eigi sem hann vissi hver því hefði sært en því hafði hann sjálfur sært. En hann lýsti víginu á hendur Skarphéðni en sárum á hendur bræðrum hans og Kára. Síðan kvaddi hann heiman vettvangsbúa níu til alþingis. Eftir það reið hann heim.

Hann fann nær aldrei Njálssonu en þó var styggt með þeim þá er þeir fundust og var það ráðagerð þeirra.

Víg Höskulds spurðist um allar sveitir og mæltist illa fyrir.

Þeir Njálssynir fóru að finna Ásgrím Elliða-Grímsson og báðu hann liðveislu.

"Þess megið þér von vita," segir hann, "að eg mun yður veita að öllum hinum stærrum málum. En þó segir mér þungt hugur um málin því að margir eru til eftirmáls en víg þetta mælist allilla fyrir um allar sveitir."

Nú fara Njálssynir heim.

## 113. kafli

Maður er nefndur Guðmundur hinn ríki er bjó á Möðruvöllum í Eyjafirði. Hann var Eyjólfsson, Einarssonar, Auðunarsonar rotins, Þórólfssonar smjörs, Þorsteinssonar skrofa, Grímssonar kambans. Móðir Guðmundar hét Hallbera dóttir Þórodds hjálms en móðir Hallberu hét Reginleif dóttir Sæmundar hins suðureyska. Við þann er kennd Sæmundarhlíð í Skagafirði. Móðir Eyjólfss, föður Guðmundar, var Valgerður Runólfsdóttir. Móðir Valgerðar hét Valborg. Hennar móðir var Jórunn hin óborna dóttir Ósvalds konungs hins helga. Móðir Jórunnar var Bera dóttir Játmundar konungs hins helga. Móðir Einars, föður Eyjólfss, var Helga dóttir Helga hins magra er nam Eyjafjörð. Helgi var son Eyvindar Austmanns og Raförtu dóttur Kjarvals Írakonungs. Móðir Helgu, dóttur Helga, var Þórunn Hyrna dóttir Ketils Flatnefs, Bjarnarsonar bunu, Grímssonar hersis. Móðir Gríms var Hervör en móðir Hervarar var Þorgerður dóttir Háleygs konungs af Hálogalandi.

Þorlaug hét kona Guðmundar hins ríka, dóttir Atla hins ramma, Eilífssonar arnar, Bárðarsonar í Ál, Ketilssonar refs, Skíðasonar hins gamla. Herdís hét móðir Þorlaugar, dóttir Þórðar að Höfða Bjarnarsonar byrðusmjörs, Hróaldssonar hryggs, Bjarnarsonar járn síðu, Ragnarssonar Loðbrókar, Sigurðarsonar hrings, Randvéssonar, Ráðbarðssonar. Móðir Herdísar, dóttur Þórðar, var Þorgerður Skíðadóttir. Hennar móðir var Friðgerður dóttir Kjarvals Írakonungs.

Guðmundur var höfðingi mikill. Hann var auðigur maður að fé. Hann hafði hundrað hjóna. Hann sat yfir virðingu allra höfðingja fyrir norðan Öxnadalshéiði svo að sumir létu bústaði sína en suma tók hann af lífi en sumir létu goðorð sín fyrir honum. Og er frá honum komið allt hið mesta mannaval á landinu: Oddverjar og Sturlungar og Hvammverjar og Fljótamenn og Ketill biskup og margir hinir bestu menn.

Guðmundur var vinur Ásgríms Elliða-Grímssonar og ætlaði Ásgrímur þar til liðveislu.

## 114. kafli

Snorri hét maður er kallaður var goði. Hann bjó að Helgafelli áður Guðrún Ósvífursdóttir keypti að honum landið, og bjó hún þar til elli en Snorri fór þá til Hvammsfjarðar og bjó í Sælingsdalstungu. Þorgrímur hét faðir Snorra og var son Þorsteins þorskabíts, Þórólfssonar Mostrarskeggs, Örnólfssonar fiskreka. En Ari hinn fróði segir hann vera son Þorgils reyðarsíðu. Þórólfur Mostrarskegg átti Ósku dóttur Þorsteins hins rauða. Móðir Þorgríms hét Þóra dóttir Óleifs feilans, Þorsteinssonar hins rauða, Óleifssonar hins hvíta, Ingjaldssonar Helgasonar, en móðir Ingjalds hét Þóra dóttir Sigurðar orms í auga, Ragnarssonar loðbrókar. En móðir Snorra goða var Þórdís Súrsdóttir, systir Gísla.

Snorri var vinur mikill Ásgríms Elliða-Grímssonar og ætlaði hann þar til liðveislu.

Snorri var vitrastur maður á Íslandi þeirra er eigi voru forspáir. Hann var góður vinum sínum en grimmur óvinum.

Í þenna tíma var þingreið mikil úr öllum landsfjórðungum og höfðu menn mörg mál til búin.

## 115. kafli

Flosi spyr víg Höskulds mágs síns og fær honum það mikillar áhyggju og reiði og var hann þó vel stilltur. Honum var sagður málatilbúnaður sá sem hafður hafði verið eftir víg Höskulds og lét hann sér fátt um finnast. Hann sendi orð Halli af Síðu mági sínum og Ljóti syni hans að þeir skyldu fjölmenna mjög til þings. Ljótur þótti best höfðingjaefni austur þar. Honum var það fyrir spáð ef hann riði þrjú sumur til þings og kæmi hann heill heim að þá mundi hann verða mestur höfðingi í ætt sinni og elstur. Hann hafði þá riðið eitt sumar til þings en nú ætlaði hann annað. Flosi sendi orð Kol Þorsteinssyni og Glúmi syni Hildis hins gamla, Geirleifi syni Önundar töskubaks og Móðólfi Ketilssyni og riðu þeir allir til móts við Flosa. Hallur hét og að fjölmenna mjög.

Flosi reið þar til er hann kom í Kirkjubæ til Surts Ásbjarnarsonar. Þá sendi Flosi eftir Kolbeini Egilssyni bróðursyni sínum og kom hann þar.

Þaðan reið hann til Höfðabrekku. Þar bjó Þorgrímur skrauti son Þorkels hins fagra.

Flosi bað hann ríða til alþingis með sér en hann játaði ferðinni og mælti til Flosa: "Oftar hefir þú glaðari verið bóndi en nú og er þó nokkur vorkunn á þó að svo sé."

Flosi mælti: "Það hefir nú víst að hendi borið er eg mundi gefa til mikla mína eigu að það hefði eigi fram komið. Er illu korni til sáið enda mun illt af gróa."

Þaðan reið hann um Arnarstakshéiði og á Sólheima um kveldið. Þar bjó Löðmundur Úlfsson. Hann var vinur Flosa mikill. Flosi var þar um nóttina. En um morguninn reið Löðmundur með honum í Dal og voru þar um nótt. Þar bjó Runólfur son Úlfs aurgoða.

Flosi mælti til Runólfs: "Hér munum vér hafa sannar sögur um víg Höskulds Hvítanesgoða. Ert þú maður sannorður og kominn nær frétt og mun eg því trúá öllu er þú segir mér frá hvað til saka hefir orðið með þeim."

Runólfur mælti: "Ekki þarf það orðum að fegra að hann hefir meir en saklaus veginn verið og er hann öllum mönnum harmdauði. Þykir engum jafnmikið sem Njáli fóstra hans."

"Þá mun þeim verða illt til liðveislumanna," segir Flosi.

"Svo mun það," segir Runólfur, "ef ekki dregur til."

"Hvað er nú að gert?" segir Flosi.

"Nú eru kvaddir búar," segir Runólfur, "og lýst víginu."

"Hver gerði það?" segir Flosi.

"Mörður Valgarðsson," segir Runólfur.

"Hve trútt mun það?" segir Flosi.

"Skyldur er hann mér," segir Runólfur, "en þó mun eg satt frá segja að fleiri hljóta af honum illt en gott. Þess vil eg nú biðja þig Flosi að þú gefir ró reiði og takir það upp að minnst vandræði hljótist af því að Njáll mun góð boð bjóða og aðrir hinir bestu menn."

Flosi mælti: "Ríð þú þá til þings Runólfur og skulu mikið þín orð mega við mig nema til verra dragi um en vera skyldi."

Síðan hætta þeir talinu og hét Runólfur ferðinni. Runólfur sendi orð Hafri hinum spaka frænda sínum. Hann reið þegar þangað.

Flosi reið þaðan í Ossabæ.

## 116. kafli

Hildigunnur var úti og mælti: "Nú skulu allir heimamenn mínir vera úti er Flosi ríður í garð en konur skulu ræsta húsin og tjalda og búa Flosa öndvegi."

Síðan reið Flosi í túnið. Hildigunnur sneri að honum og mælti: "Kom heill og sæll frændi og er fegið orðið hjarta mitt tilkomu þinni."

"Hér skulum vér," segir Flosi, "eta dagverð og ríða síðan."

Þá voru bundnir hestar þeirra.

Flosi gekk inn í stofuna og settist niður og kastaði í pallinn undan sér hásætinu og mælti: "Hvorki er eg konungur né jarl og vil eg ekki láta gera hásæti undir mér og þarf ekki að spotta mig."

Hildigunnur var nær stödd og mælti: "Það er illa ef þér mislíkar því að þetta gerðum vér af heilum hug."

Flosi mælti: "Ef þú hefir heilan hug við mig þá mun sjálfst leyfa sig, mun og sjálfst lasta sig ef illa er."

Hildigunnur hló að kaldahlátur þann og mælti: "Ekki er enn mark að, nær munum við gangast verða áður en lýkur."

Hún settist niður hjá Flosa og töluðu þau lengi hljótt.

Síðan voru borð tekin en Flosi tók laugar og lið hans. Flosi hugði að handklæðinu og var það raufar einar og numið til annars endans. Hann kastaði í bekkinn og vildi eigi þerra sér á og reist af borðdúkinum og þerraði sér þar á og kastaði til manna sinna. Síðan settist Flosi undir borð og bað menn sína eta.

Þá kom Hildigunnur í stofuna og gekk fyrir Flosa og greiddi hárið frá augum sér og grét.

Flosi mælti: "Skapþungt er þér nú frændkona er þú grætur en þó er það vel er þú grætur góðan mann."

Hún tók þá til orða: "Hvert eftirmæli skal eg nú af þér hafa eða liðveislu?"

Flosi mælti: "Sækja mun eg mál þitt til fullra laga eða veita til þeirra sætta er góðir menn sjá að vér séum vel sæmdir af í alla staði."

Hún mælti: "Hefna mundi Höskuldur þín ef hann ætti eftir þig að mæla."

Flosi svaraði: "Eigi skortir þig grimmeik og séð er hvað þú vilt."

Hildigunnur mælti: "Minna hafði misgert Arnór Örnólfsson úr Fossárskógum við Þórð Freysgoða föður þinn og vógu bræður þínir hann á Skaftafellspingi, Kolbeinn og Egill."

Hildigunnur gekk þá fram í skálann og lauk upp kistu sína. Tók hún þá upp skikkjuna þá er Flosi hafði gefið Höskuldi. Í þeirri skikkju hafði Höskuldur veginn verið og hafði hún þar varðveitt í blóðið allt. Hún gekk þá innar í stofuna með skikkjuna. Hún gekk þegjandi að Flosa. Þá var Flosi settur og af borið af borðinu. Hildigunnur lagði yfir Flosa skikkjuna. Dundi þá blóðið um hann allan.

Hún mælti þá: "Þessa skikkju gafst þú, Flosi, Höskuldi og vil eg nú gefa þér aftur. Var hann í þessi veginn. Skýt eg því til guðs og góðra manna að eg særi þig fyrir alla krafta Krists þíns og fyrir manndóm og karlmennsku þína að þú hefnir þeirra allra sára sem Höskuldur hafði á sér dauðum eða heit hvers manns níðingur ella."

Flosi kastaði af sér skikkjunni og rak í fang henni og mælti: "Þú ert hið mesta forað og vildir að vér tækjum það upp er öllum oss gegnir verst og eru köld kvenna ráð."

Flosa brá svo við að hann var í andliti stundum rauður sem blóð en stundum fögur sem gras en stundum blár sem hel.

Þeir Flosi fóru til hesta sinna og riðu í braut. Hann reið til Holtsvaðs og bíður þar Sigfússona og annarra vina sinna.

Ingjaldur bjó að Keldum, bróðir Hróðnýjar móður Höskulds Njálssonar. Þau voru börn Höskulds hins hvíta Ingjaldssonar hins sterka Geirfinnssonar hins rauða Sölvasonar Gunnsteinssonar berserkjabana. Ingjaldur átti Þraslaugu dóttur Egils Þórðarsonar Freysgoða. Móðir Egils var Þraslaug dóttir Þorsteins titlings. Móðir Þraslaugar var Unnur dóttir Eyvindar karfa, systir Móðólfs hins spaka.



Flosi sendi orð Ingjalði að hann kæmi til móts við hann. Ingjaldur fór þegar við hinn fimmtánda mann. Þeir voru allir heimamenn hans. Ingjaldur var mikill maður og styrkur. Fálátur var hann jafnan heima og hinn hraustasti karlmaður og féðrengur góður við vini sína.

Flosi fagnaði Ingjalði vel og mælti til hans: "Mikill vandi er kominn að hendi oss og er nú vant úr að ráða. Bið eg þig þess mágur að þú skiljist eigi við mitt mál fyrr en yfir lýkur vandræði þessi."

Ingjaldur mælti: "Við vant er eg um kominn fyrir tengdar sekir við Njál og sonu hans og annarra stórra hluta er hér hvarfa í milli."

Flosi mælti: "Það ætlaði eg þá er eg gifti þér bróðurdóttur mína að þú hétir mér því að veita mér að hverju máli."

"Það er og líkast," segir Ingjaldur, "að eg geri svo en þó vil eg nú heim ríða fyrst og þaðan til þings."

## 117. kafli

Sigfússynir spurðu að Flosi var við Holtsvað og ríðu þangað til móts við hann og var þar Ketill úr Mörk og Lambi bróðir hans, Þorkell og Mörður og Sigmundur Sigfússynir. Þar var og Lambi Sigurðarson og Gunnar Lambason og Grani Gunnarsson, Vébrandur Hámundarson. Flosi stóð uppi í móti og fagnaði þeim öllum blíðlega.

Þeir gengu fram að ánni. Flosi hafði af þeim sannar sögur og skilur þá hvergi á og Runólf í Dal.

Flosi mælti til Ketils úr Mörk: "Þig kveð eg að þessu. Hversu harðsnúinn ert þú á þetta mál eða aðrir Sigfússynir?"

Ketill mælti: "Það vildi eg að sættir yrðu með oss. En þó hefi eg svarið eiða að skiljast eigi við þessi mál fyrr en yfir lýkur með nokkuru móti og leggja líf á."

Flosi mælti: "Drengur ert þú mikill og er slíkum mönnum allvel farið."

Þeir tóku báðir senn til orða Grani Gunnarsson og Gunnar Lambason: "Sektir viljum vér að fram komi og mannráð."

Flosi mælti: "Eigi er ráðið að bæði sé að vér kjósum og deilum."

Grani mælti: "Það var mér þá í hug er þeir drápu Þráinn á Markarfljóti en síðan Höskuld son hans að eg mundi aldrei sættast við þá heilum sáttum því að eg vildi vera þar gjarna er þeir væru allir drepnir."

Flosi mælti: "Setið hefir þú svo nær að þú mættir hafa hefnt þessa ef þú hefðir haft til þrek og karlmennsku. Þykir mér sem þess biðjir þú nú og margur annarra er mundir mikið fé til gefa er stundir líða að þú hefðir eigi orðið við staddur. Sé eg það gjörla þó að oss veitti það að vilja að vér dræpum Njál eða sonu hans, þá eru þeir svo mikils háttar menn og stórættaðir að þar mun svo mikið eftirmál verða að vér munum fyrir margs manns kné ganga verða og biðja oss liðs áður vér komum oss í sætt og úr þessum vanda. Megið þér og svo til ætla að þeir munu margir snauðir er áður eiga stórfé en sumir munu láta bæði féið og lífið."

Mörður Valgarðsson reið til fundar við Flosa og kvaðst ríða vilja til þings með honum með öllu liði sínu. Flosi tók því vel og hóf bónorð við hann að hann skyldi gifta Rannveigu dóttur sína Starkaði er bjó að Stafafelli, bróðursyni Flosa. Gekk Flosa það til að hann þóttist svo ráða undir sig trúnað hans og fjölmenni. Mörður tók vænlega á og veik undir Gissur hinn hvíta og bað tala um á þingi. Mörður átti

Þorkötludóttur Gissurar hvíta. Þeir Mördur og Flosi riðu báðir saman til þings og töluðu alla daga.

## 118. kafli

Njáll mælti til Skarphéðins: "Hverja ráðagerð hafið þér nú fyrir yður bræður og Kári?"

Skarphéðinn mælti: "Lítt rekjum vér drauma til flestra hluta. En þér til að segja þá munum vér ríða í Tungu til Ásgríms Elliða-Grímssonar og þaðan til þings. En hvað ætlar þú um ferð þína faðir?"

Njáll svaraði: "Ríða mun eg til þings því að það er sómi minn að skiljast eigi við yðvar mál meðan eg lifi. Væntir mig þess að margir verpi þar vel orðum á mig og njótið þér mín en gjaldið hvergi."

Þar var Þórhallur Ásgrímsson fóstri Njáls. Þeir Njálssynir hlógu að honum er hann var í kasti mórendu og spurði hve lengi hann ætlaði að hafa það.

Þórhallur svaraði: "Kastað skal eg því hafa þá er eg á að mæla eftir fóstura minn."

Njáll mælti: "Þá munt þú best gefast er mest liggur við."

Þeir búast nú allir heiman þaðan og voru nær þrjú tígir manna og riðu þar til er þeir komu til Þjórsár. Þá komu þeir eftir frændur Njáls, Þorleifur krákur og Þorgrímur hinn mikli. Þeir voru synir Holta-Þóris og buðu lið sitt Njálssonum og atgöngu og þeir þágu það. Ríða þá allir saman yfir Þjórsá og þar til er þeir komu á Laxárbakka og æja þar. Þar kom til móts við þá Hjalti Skeggjason og tóku þeir Njáll tal með sér og töluðu lengi hljótt.

Hjalti mælti: "Það mun eg sýna jafnan að eg er ekki myrkur í skapi. Njáll hefir beðið mig liðveislu. Hefi eg og í gengið og heitið honum mínu liðsinni. Hefir hann áður selt mér laun og mörgum öðrum í heilræðum sínum."

Hjalti segir Njáli allt um ferðir Flosa.

Þeir sendu Þórhall fyrir í Tungu að segja Ásgrími að þeir mundu þangað um kveldið. Ásgrímur bjóst þegar við og var úti er Njáll reið í tún. Njáll var í blárri kápu og hafði þófahött á höfði og taparöxi í hendi. Ásgrímur tók Njál af hesti og bar hann inn og setti hann í hásæti. Síðan gengu þeir inn allir Njálssynir og Kári. Ásgrímur gekk þá út. Hjalti vildi snúa í braut og þótti þar of margt vera. Ásgrímur tók í taumana og kvað hann eigi skyldu ná í braut að ríða og lét taka af hestum þeirra og fylgdi Hjalta inn og setti hann hjá Njáli en þeir Þorleifur sátu á annan bekk og menn þeirra.

Ásgrímur settist á stól fyrir Njál og spurði: "Hversu segir þér hugur um mál vor?"

Njáll svarar: "Heldur þunglega því að mig uggir að hér muni eigi gæfumenn í hlut eiga. En það vildi eg vinur að þú sendir eftir öllum þingmönnum þínum og ríð til þings með mér."

"Það hefi eg ætlað," segir Ásgrímur, "og því mun eg heita þér með að úr yðrum málum mun eg aldrei ganga meðan eg fæ nokkura menn að með mér."

En allir þökkðu honum þeir er inni voru og kváðu slíkt drengilega mælt.

Þar voru þeir um nóttina en um daginn eftir kom þar allt lið Ásgríms. Síðan ríða þeir allir saman þar til er þeir koma á þing upp og voru áður tjaldaðar búðir þeirra.

## 119. kafli

Flosi var þá kominn á þing og skipaði alla búð sína. Runólfur skipaði Dalverjabúð en Mörður Rangæingabúð. Hallur af Síðu var lengst kominn austan en nær ekki annarra manna. Hallur hafði þó fjölmennt mjög úr sinni sveit og fór þegar í lið með Flosa og bað hann sátta og friðar. Hallur var vitur maður og góðgjarn. Flosi svaraði öllu vel og tók þó lítið af. Hallur spurði hverjir honum hefðu liðsinni heitið.

Flosi nefndi til Mörð Valgarðsson og kvaðst hafa beðið dóttur hans til handa Starkaði frænda sínum.

Hallur kvað góðan kost í konunni en segir allt illt við Mörð að eiga "og munt þú það reyna áður þessu þingi sé lokið."

Síðan hættu þeir talinu.

Það var einhvern dag að þeir Njáll og Ásgrímur töluðu lengi hljótt.

Þá spratt Ásgrímur upp og mælti til Njálssona: "Ganga munum vér og leita oss vina að vér verðum eigi bornir ofurliði því að þetta mál mun verða sótt með kappi."

Ásgrímur gekk þá út og næst honum Helgi Njálsson, þá Kári Sölmundarson, þá Grímur Njálsson, þá Skarphéðinn, þá Þórhallur Ásgrímsson, þá Þorgrímur hinn mikli, þá Þorleifur krákur. Þeir gengu til búðar Gissurar hins hvíta og gengu inn í búðina. Gissur stóð upp í móti þeim og bað þá sitja og drekka.

Ásgrímur svarar: "Eigi veit þannig við og skal þetta ekki á mutur mæla. Hverrar liðveislu skal eg þar von eiga er þú ert frændi?"

Gissur svaraði: "Það mundi Jórunn systir mín ætla að eg mundi eigi undan skerast að veita þér. Skal og svo vera nú og oftar að eitt skal ganga yfir okkur báða."

Ásgrímur þakkaði honum og gekk í braut síðan.

Þá spurði Skarphéðinn: "Hvert skal nú ganga?"

Ásgrímur svarar: "Til búðar Ölfusinga."

Síðan gengu þeir þangað. Ásgrímur spurði hvort Skafti Þóroddsson væri að búð. Honum var sagt að hann var þar. Gengu þeir þá inn í búðina. Skafti sat á pallinum og fagnaði Ásgrími. Hann tók því vel. Skafti bauð Ásgrími að sitja hjá sér.

Ásgrímur kveðst skamma dvöl eiga mundu "en þó er við þig erindið."

"Lát heyra það," segir Skafti.

"Eg vil biðja þig liðsinnis," segir Ásgrímur, "að þú veitir mér lið og mágum mínum."

"Hitt hafði eg ætlað," segir Skafti, "að ekki skyldu koma vændræði yður í hífýli mín."

Ásgrímur svarar: "Illa er slíkt mælt að verða mönnum þá síst að liði er mest liggur við."

"Hver er sá maður," segir Skafti, "er fjórir menn ganga fyrri, mikill maður og fölleitur, ógæfusamlegur, harðlegur og tröllslegur?"

Hann svarar: "Skarphéðinn heiti eg og hefir þú séð mig jafnan á þingi en vera mun eg því vitrari en þú að eg þarf eigi að spyrja þig hvað þú heitir. Þú heitir Skafti Þóroddsson en fyrr kallaðir þú þig burstakoll þá er þú hafðir drepit Ketil úr Eldu. Gerðir þú þér þá koll og barst tjöru í höfuð þér. Síðan keyptir þú að þrælum að rísta upp jarðarmen og skreiðst þú þar undir um nóttina. Síðan fórst þú til Þórólfs Loftssonar á Eyrum og tók hann við þér og bar þig út í mjölsekkjum sínum."

Eftir það gengu þeir Ásgrímur út.

Skarphéðinn mælti: "Hvert skulum vér nú ganga?"

"Til búðar Snorra goða," segir Ásgrímur.

Síðan gengu þeir til búðar Snorra. Þar var einn maður úti fyrir búðinni. Ásgrímur spurði hvort Snorri væri í búð. Sá sagði að hann var þar. Ásgrímur gekk inn í búðina og þeir allir. Snorri sat á palli. Ásgrímur gekk fyrir hann og kvaddi hann vel. Snorri tók honum blíðlega og bað hann sitja.

Ásgrímur kveðst þar mundu eiga skamma dvöl "en þó er við þig erindið."

Snorri bað hann segja það.

Ásgrímur mælti: "Eg vildi að þú færir til dóma með mér og veittir mér lið því að þú ert vitur og framkvæmdarmaður mikill."

"Þungt ganga oss nú málaferlin," segir Snorri, "og draga sig margir mjög fram í mót oss og erum vér því traudir að taka vandræði manna í aðra fjórðunga."

"Vorkunn er það," segir Ásgrímur, "því að þú átt oss ekki varlaunað."

"Veit eg að þú ert góður drengur," segir Snorri, "og vil eg því heita þér að eg skal hvergi í mót þér vera og eigi veita lið óvinum þínum."

Ásgrímur þakkaði honum.

Snorri mælti: "Hver er sá maður er fjórir ganga fyrri, fölleitur og skarpleitur og glottir við tönn og hefir öxi reidda um öxl?"

"Héðinn heiti eg," segir hann, "en sumir menn kalla mig Skarphéðinn öllu nafni eða hvað vilt þú fleira til mín tala?"

Snorri mælti: "Það að mér þykir þú maður harðlegur og mikilfenglegur en þó get eg að þrotin sé nú þín hin mesta gæfa og skammt get eg eftir þinnar ævi."

"Vel er það," segir Skarphéðinn, "því að þá skuld eiga allir að gjalda. En þó er þér meiri nauðsyn að hefna föður þíns en að spá mér slíkar spár."

"Margir hafa það mælt áður," segir Snorri, "og mun eg ekki við slíku reiðast."

Eftir það gengu þeir út og fengu þar enga liðveislu. Þaðan fóru þeir til búðar Skagfirðinga. Þá búð átti Hafur hinn auðgi. Hann var son Þorkels Eiríkssonar úr Goðdölum, Geirmundarsonar, Hróaldssonar, Eiríkssonar örðigskeggja er felldi Grjótgarð í Sóknadal í Noregi. Móðir Hafurs hét Þórunn og var dóttir Ásbjarnar Myrkárskalla Hross-Bjarnarsonar. Þeir Ásgrímur gengu inn í búðina. Hafur sat í miðri búðinni og talaði við mann. Ásgrímur gekk að honum og heilsaði á hann. Hafur tók honum vel og bauð honum að sitja.

Ásgrímur mælti: "Hins vildi eg biðja þig að þú veittir mér lið og mágum mínum."

Hafur svaraði skjótt og kvaðst ekki mundu taka undir vandræði þeirra "en þó vil eg spyrja hver sá er hinn fölleiti er fjórir menn ganga fyrr og er svo illilegur sem genginn sé út úr sjávarhömrum."

Skarphéðinn mælti: "Hirð ekki þú það, mjólki þinn, hver eg er því að eg mun þora þar fram að ganga er þú situr fyrir og mundi eg allóhræddur þó að slíkir sveinar væru á götu minni. Er þér og skyldara að sækja Svanlaugu systur þína er Eydís járn saxa og þau Steðjakollur tóku í braut úr hífýlum þínum og þorðir þú ekki að að hafa."

Ásgrímur mælti: "Göngum út. Ekki er hér von liðveislu."

Síðan gengu þeir til Möðruvellingabúðar og spurðu hvort Guðmundur hinn ríki væri í búð en þeim var sagt að hann var þar. Þeir gengu þá inn í búðina. Hásæti var í miðri búðinni og sat þar Guðmundur ríki. Ásgrímur gekk fyrir Guðmund og kvaddi hann. Guðmundur tók honum vel og bauð honum að sitja.

Ásgrímur mælti: "Eigi vil eg sitja en biðja vil eg þig liðsinnis því að þú ert kappsamur og mikill höfðingi."

Guðmundur mælti: "Ekki skal eg í móti þér vera. En ef mér sýnist að veita þér lið þá munum við vel mega tala um það síðar" og tók á öllu vel.

Ásgrímur þakkaði honum orð sín.

Guðmundur mælti: "Maður er sá einn í liði þínu er eg hefi horft á um hríð og líst mér ólíkur flestum mönnum þeim er eg hefi séð."

"Hver er sá?" segir Ásgrímur.

"Fjórir menn ganga fyrri en hann," segir Guðmundur, "jarpur á hár og föllitaður, mikill vöxtum og ernlegur og svo skjótlegur til karlmennsku að heldur vildi eg hans fylgi hafa en tíu annarra. Og er þó maðurinn ógæfusamlegur."

Skarphéðinn mælti: "Veit eg að þú þykist til mín mæla og er eigi einn veg farið ógæfu okkarri. Eg hefi ámæli af vígi Höskulds Hvítanesgoða sem vorkunn er en þeir gerðu illmæli um þig Þorkell hákur og Þórir Helgason og hefir þú af því hina mestu skapraun."

Gengu þeir þá út. Skarphéðinn mælti þá. "Hvert skulum vér nú ganga?"

"Til Ljósvetningabúðar," segir Ásgrímur.

Þá búð hafði tjaldað Þorkell hákur. Hann var son Þorgeirs goða Tjörvasonar, Þorkelssonar langs, en móðir Þorgeirs var Þórunn Þorsteinsdóttir, Sigmundarsonar, Gnúpa-Bárðarsonar. Móðir Þorkels háks hét Guðríður. Hún var dóttir Þorkels hins svart úr Hleiðrargarði, Þórissonar snepils, Ketilssonar brimils, Örnólfssonar, Björnólfssonar, Grímssonar loðinkinna, Ketilssonar hængs, Hallbjarnarsonar hálftröls. Þorkell hákur hafði verið utan og framið sig í öðrum löndum. Hann hafði drepit spellvirkja austur á Jamtaskógi. Síðan fór hann austur í Svíþjóð og fór til lags með Sörkvi karli og herjuðu þeir í austurveg. En fyrir austan Bálagarðssíðu átti Þorkell að sækja þeim vatn eitt kveld. Þá mætti hann finngálkni og varðist því lengi en svo lauk með þeim að hann drap finngálknið. Þaðan fór hann austur í Aðalsýslu. Þar vó hann að flugdreka. Síðan fór hann aftur til Svíþjóðar og þaðan til Noregs og síðan út til Íslands. Og lét hann gera þrekvirkni þessi yfir lokhvílu sinni og á stóli fyrir hásæti sínu. Hann barðist og á Ljósvetningaleið við Guðmund hinn ríka með bræðrum sínum og höfðu Ljósvetningar sigur. Gerðu þeir síðan illmæli um Guðmund, Þórir Helgason og Þorkell hákur. Þorkell mælti svo að sá væri

engi á Íslandi að hann mundi eigi ganga til einvígis við eða á hæl hopa fyrir. Var hann fyrir því kallaður Þorkell hákur að hann eirði hvorki í orðum né verkum við hvern sem hann átti.

## 120. kafli

Ásgrímur Elliða-Grímsson og þeir félagar gengu til búðar Þorkels háks.

Ásgrímur mælti þá til félaga sinna: "Þessa búð á Þorkell hákur, kappi mikill, og væri oss mikið undir að vér fengjum liðsinni hans. Skulum vér hér til gæta í alla staði því að hann er einlyndur og skapvandur. Vil eg nú biðja þig Skarphéðinn að þú létir ekki til þín taka um tal vort."

Skarphéðinn glotti við og var svo búinn að hann var í blám kyrtli og í blárendum brókum og uppháva svarta skúa á fótum. Hann hafði silfurbelti um sig og öxi þá í hendi er hann hafði drepit Þráin með og hann kallaði Rimmugýgi og törgubuklara og silkihlað um höfuð og greitt hárið aftur um eyrun. Hann var allra manna hermannlegastur og kenndu því hann allir ósenn. Hann gekk sem honum var skipað og hvorki fyrir né síðar.

Þeir gengu nú inn í búðina og í innanverða. Þorkell sat á miðjum palli og menn hans alla vega út í frá honum. Ásgrímur kvaddi hann. Þorkell tók því vel.

Ásgrímur mælti til hans: "Til þess erum vér hingað komnir að biðja þig liðveislu að þú gangir til dóma með oss."

Þorkell mælti: "Hvað munduð þér þurfa minnar liðveislu við þar sem þér genguð til Guðmundar? Og mundi hann heita yður liði sínu."

"Ekki fengum vér hans liðsinni," segir Ásgrímur.

Þorkell mælti: "Þá þótti Guðmundi óvinsælt vera málið og mun svo og vera því að slík verk hafa verst verið unnin. Og veit eg hvað þér hefir til gengið hingað að fara að þú ætlaðir að eg mundi vera óhlutvandari en Guðmundur og mundi eg vilja fylgja að röngu máli."

Ásgrímur þagnaði þá og þótti þungt fyrir.

Þorkell mælti: "Hver er sá hinn mikli og hinn feiknlegi er fjórir menn ganga fyrri, fölleitur og skarpleitur, ógæfusamlegur og illmannlegur?"

Skarphéðinn mælti: "Eg heiti Skarphéðinn og er þér skuldlaust að velja mér hæðiyrdi, saklausum manni. Hefir mig aldrei það hent að eg hafi kúgað föður minn og barist við hann sem þú gerðir við þinn föður. Hefir þú og lítt riðið til alþingis eða starfað í þingdeildum og mun þér kringra að hafa ljósverk að búi þínu að Öxará í fásinninu. Er þér og nær að stanga úr tönnum þér rassgarnarendann merarinnar er þú ást áður en þú riðir til þings og sá smalamaður þinn og undraðist hann er þú gerðir slíka fúlmennsku."

Þá spratt Þorkell upp af mikilli reiði og þreif sax sitt og mælti: "Þetta sax fékk eg í Svíþjóðu og drap eg til hinn mesta kappa en síðan vó eg margan mann með. Og þegar er eg nær til þín skal eg reka það í gegnum þig og skalt þú það hafa fyrir fáryrði þín."

Skarphéðinn stóð með reidda öxina og glotti við og mælti: "Þessa öxi hafði eg í hendi þá er eg hljóp tólf álna yfir Markarfljót og vó eg Þráin Sigfússon og stóðu þeir átta fyrir og fékk engi þeirra fang á mér. Hefi eg og aldrei svo reitt vopn að manni að eigi hafi við komið."

Síðan hratt hann þeim frá bræðrum sínum og Kára mági sínum og óð fram að Þorkatli.

Skarphéðinn mælti þá: "Ger þú nú annaðhvort Þorkell hákur að þú slíðra saxið og sest niður eða eg keyri öxina í höfuð þér og klýf þig í herðar niður."

Þorkell slíðraði saxið og sest niður þegar og hafði hvorki orðið á fyrir honum áður né síðan. Þeir Ásgrímur gengu þá út.

Skarphéðinn mælti: "Hvert skulum vér nú ganga?"

Ásgrímur svaraði: "Heim til búðar vorrar."

"Þá förum vér bónleiðir til búðar," segir Skarphéðinn.

Ásgrímur snérist við honum og mælti: "Margstaðar hefir þú heldur verið orðhvass en hér er Þorkell átti í hlut að, þykir mér þú það eitt hafa á hann lagið er maklegt er."

Gengu þeir þá heim til búðar sinnar og sögðu Njáli frá öllu sem gerst.

Hann mælti: "Búið arki að auðnu til hvers sem draga vill."

Guðmundur hinn ríki spurði nú hversu farið hafði með þeim Skarphéðni og Þorkatli og mælti svo: "Kunnigt mun yður vera hversu farið hefir með oss Ljósvetningum og hefi eg aldrei farið jafnmikla skömm né sneypu fyrir þeim sem nú fór Þorkell fyrir Skarphéðni og er þetta allvel orðið."

Síðan mælti Guðmundur til Einars Þveræings bróður síns: "Þú skalt fara með öllu liði mínu og veita Njálssonum þá er dómar fara út en ef þeir þurfa liðs annað sumar þá skal eg sjálfur veita þeim lið."

Einar játaði þessu og lét segja Ásgrími.

Ásgrímur mælti: "Ólíkur er Guðmundur flestum mönnum að höfðingsskap."

Ásgrímur sagði síðan Njáli.

## 121. kafli

Annan dag eftir fundust þeir Ásgrímur og Gissur hinn hvíti, Hjalti Skeggjason og Einar Þveræingur. Þar var þá og Mörður Valgarðsson. Hann hafði þá látið af höndum sökina og selt í hendur Sigfússonum.

Þá mælti Ásgrímur: "Þig kveð eg að þessu fyrstan, Gissur hinn hvíti, og Hjalta og Einar, að eg vil segja yður hvers efni í eru. Yður mun það kunnigt að Mörður hefir sótt málið. En svo er við vaxið að Mörður hefir verið að vígi Höskulds og sært hann því sári er engi var til nefndur. Sýnist mér sem það mál muni ónýtt vera fyrir laga sakir."

"Þá viljum vér það fram bera þegar," segir Hjalti.

Þórhallur Ásgrímsson mælti: "Það er ekki ráð að eigi fari þetta leynt allt þar til er dómar fara út."

"Hverju skiptir það?" segir Hjalti.

Þórhallur svarar: "Ef þeir vita nú það þegar að rangt hafi verið til búið málið þá mega þeir svo bjarga sökinni að senda þegar mann heim af þingi og stefna heiman til þings en kveðja búa á þingi og er þá rétt sótt málið."

"Vitur maður ert þú Þórhallur," segja þeir, "og skal þín ráð hafa."

Eftir þetta gekk hver til sinnar búðar.

Sigfússynir lýstu sökum að Lögbergi og spurðu að þingfesti og heimilisfangi en föstunáttina skyldu fara út dómur til sóknar. Er nú kyrrt þingið þar til. Margir menn leituðu um sættir með þeim og var Flosi erfiður en aðrir þó miklu orðfleiri og þótti óvænlega horfa.

Nú kemur að því sem dómur skyldu út fara föstukveldið. Gekk þá allur þingheimur til dóma. Flosi stóð sunnan að Rangæingadómi og lið hans. Þar var með honum Hallur af Síðu og Runólfur úr Dal son Úlfs aurgoða og aðrir þeir sem Flosa höfðu liði heitið. En norðan að Rangæingadómi stóðu þeir Ásgrímur Elliða-Grímsson og Gissur hvíti, Hjalti Skeggjason og Einar Þveræingur en Njálssynir voru heima við búð og Kári og Þorleifur krákur og Þorgrímur hinn mikli. Þeir sátu allir með vopnum og var þeirra flokkur óárennilegur.

Njáll hafði beðið dómendur að ganga í dóminn. Sigfússynir sækja nú málið. Þeir nefndu votta og buðu Njálssonum að hlýða til eiðspjalls síns. Síðan unnu þeir eið. Þá sögðu þeir fram sök. Þá létu þeir bera lýsingarvætti. Þá buðu þeir búum í setu. Þá buðu þeir til ruðningar um kviðinn.

Þá stóð upp Þórhallur Ásgrímsson og nefndi votta og varði lýriti kviðburðinn og fann það til að sá hafði lýst sökinni er sannir lagalestir voru á og sjálfur var útlagi.

"Til hvers mælir þú þetta?" segir Flosi.

Þórhallur svarar: "Mörður Valgarðsson fór til vígs Höskulds með Njálssonum og særði hann því sári er engi maður var til nefndur þá er vottar voru nefndir að benjum. Megið þér eigi í móti mæla að ónýtt er málið."

## 122. kafli

Njáll stóð þá upp og mælti: "Þess bið eg Hall af Síðu og Flosa og alla Sigfússoinu og alla vora menn að þér gangið eigi í braut og heyrið mál mitt."

Þeir gerðu svo.

"Hann mælti þá: "Svo sýnist mér sem mál þetta sé komið í ónýtt efni og er það að líkindum því að af illum rótum hefir upp runnið. Vil eg yður það kunnigt gera að eg unni meira Höskuldi en sonum mínum og þá er eg spurði að hann var veginn þótti mér slökkt hið sætasta ljós augna minn og heldur vildi eg misst hafa allra sona minna, og lifði hann. Nú bið eg þess Hall af Síðu og Runólf úr Dal, Gissur hvíta og Einar Þveræing og Hafur hinn spaka að eg nái að sættast á víg þetta fyrir hönd sona minna og vil eg að geri um þeir er best eru til fallnir."

Þeir Gissur og Einar og Hafur töluðu langt erindi sínu sinni hver þeirra og báðu Flosa sættast og hétu honum sinni vináttu í mót. Flosi svaraði þá öllu vel og hét þó eigi.

Hallur af Síðu mælti þá til Flosa: "Vilt þú nú efna orð þín og veita mér bæn mína er þú hést að veita mér þá er eg kom utan Þorgrími syni Digur-Ketils frænda þínum þá er hann hafði vegið Halla hinn rauða?"



Flosi mælti: "Veita vil eg þér mágur því að þú munt þess eins biðja að mín sæmd sé þá meiri en áður."

Hallur mælti: "Þá vil eg að þú sættist skjótt og látir góða menn gera um og kaupir þú þér svo vináttu hinna bestu manna."

Flosi mælti: "Það vil eg yður kunnigt gera að eg vil gera fyrir orð Halls mágs míns og annarra hinna bestu drengja að hér geri um sex menn af hvorra hendi löglega til nefndir. Þykir mér Njáll maklegur vera að eg unni honum þessa."

Njáll þakkaði honum og þeim öllum og aðrir þeir er hjá voru og kváðu Flosa vel fara.

Flosi mælti: "Nú vil eg nefna mína gerðarmenn. Nefni eg fyrstan Hall mág minn og Össur frá Breiðá, Surt Ásbjarnarson úr Kirkjubæ, Móðólf Ketilsson" - hann bjó þá í Ásum - "Hafur hinn spaka og Runólf úr Dal og mun það einmælt að þessir séu best til fallnir af öllum mínum mönnum."

Bað hann nú Njál nefna sína gerðarmenn.

Njáll stóð þá upp og mælti: "Til þess nefni eg fyrstan Ásgrím Elliða-Grímsson og Hjalta Skeggjason, Gissur hvíta og Einar Þveræing, Snorra goða og Guðmund hinn ríka."

Síðan tókust þeir í hendur, Njáll og Flosi og Sigfússynir, og handsalaði Njáll fyrir alla sonu sína og Kára mág sinn það sem þessir tólf menn dæmdu. Og mátti svo að kveða að allur þingheimur yrði þessu feginn. Voru þá sendir menn eftir Snorra og Guðmundi því að þeir voru í búðum sínum. Var þá mælt að dómendur skyldu sitja í lögréttu en allir aðrir gengju í braut.

## 123. kafli

Snorri goði mælti svo: "Nú erum vér hér tólf dómendur er málum þessum er til skotið. Vil eg nú biðja yður alla að vér höfum enga trega í málum þessum svo að þeir megi eigi sáttir verða."

Guðmundur mælti: "Viljið þér nokkuð héraðssektir gera eða utanferðir?"

"Engar," segir Snorri, "því að það hefir oft eigi efnst og hafa menn fyrir það drepnir verið og orðið ósáttir. En gera vil eg fésætt svo mikla að engi maður hafi dýrri verið hér á landi en Höskuldur."

Hans orð mæltust vel fyrir. Síðan töluðu þeir um og urðu eigi á sáttir hver fyrst skyldi upp kveða hversu mikil fésekt vera skyldi. Og kom svo að þeir hlutuðu um og hlaut Snorri upp að kveða.

Snorri mælti: "Ekki mun eg lengur yfir þessu sitja. Mun eg nú segja yður hvað mitt ákvæði er, að eg vil Höskuld bæta láta þrennum manngjöldum en það eru sex hundruð silfurs. Skuluð þér nú að gera ef yður þykir of mikið eða of lítið."

Þeir svöruðu að þeir skyldu hvergi að gera.

"Það skal og fylgja," sagði hann, "að hér skal allt féið upp gjaldast á þinginu."

Þá mælti Gissur hvíti: "Þetta þykir mér varla vera mega því að þeir munu hér lítinn einn hlut hafa að gjalda fyrir sig."

Guðmundur hinn ríki mælti: "Eg veit hvað Snorri vill. Það vill hann að vér gefum til allir gerðarmenn slíkt sem vor er drengskapur til og mun þar þá margur eftir gera."

Hallur af Síðu þakkaði honum og kveðst gjarna vilja til gefa sem sá er mest gæfi. Játuðu því þá allir gerðarmenn. Eftir það gengu þeir í braut og réðu það með sér að Hallur skyldi segja upp gerðina að Lögbergi.

Eftir það var hringt og gengu allir menn til Lögbergs.

Hallur af Síðu stóð upp og mælti: "Mál þessi, er vér höfum gert um, höfum vér orðið vel á sáttir og höfum gert sex hundruð silfurs. Skulum vér gjalda upp helminginn gerðarmenn og skal hér allt upp gjaldast á þinginu. En það er bænaraður minn til allrar alþýðu að nokkurn hlut gefi til fyrir guðs sakir."

Því svöruðu allir vel. Nefndi Hallur þá votta að gerðinni að hana skyldi engi rjúfa mega. Njáll þakkaði þeim gerðina. Skarphéðinn stóð hjá og þagði og glotti við. Gengu menn þá frá Lögbergi og til búða sinna.

En gerðarmenn báru saman í bóndakirkjugarði fé það sem þeir höfðu heitið til að leggja. Njálssynir seldu fram fé það er þeir höfðu og svo Kári og var það hundrað silfurs. Njáll tók þá fé það er hann hafði og var það annað hundrað silfurs. Síðan var fé þetta borið allt saman í Lögréttu og gáfu menn þá svo mikið til að engan pening vantaði á. Njáll tók þá silkislæður og bóta og lagði á hrúguna ofan.

Síðan mælti Hallur til Njáls að hann skyldi ganga eftir sonum sínum "en eg mun ganga eftir Flosa og veiti nú hvorir öðrum tryggðir."

Njáll gekk þá heim til búðar sinnar og mælti til sona sinna: "Nú er málum vorum komið í gott efni. Vér erum nú menn sáttir en fé allt komið í einn stað. Skulu nú hvorirtveggju ganga til og veita öðrum grið og tryggðir. Vil eg þess nú biðja yður sonu mína að þér spillið í engu um."

Skarphéðinn strauk um ennið og glotti við. Ganga þeir nú allir til Lögréttu.

Hallur gekk til móts við Flosa og mælti: "Gakk þú nú til Lögréttu því að nú er féið allt vel af hendi galdið og saman komið í einn stað."

Flosi bað þá Sigfússonu ganga til með sér. Gengu þeir þá út allir. Þeir gengu austan að Lögréttu. Njáll gekk vestan að Lögréttu og synir hans. Skarphéðinn gekk á meðalpallinn og stóð þar.

Flosi gekk í Lögréttu að hyggja að fénu og mælti: "Þetta fé er bæði mikið og gott og vel af höndum greitt sem von er að."

Síðan tók hann upp slæðurnar og spurði hver þær mundi hafa til gefið en engi svaraði honum. Í annað sinn veifði hann slæðunum og spurði hver til mundi hafa gefið og hló að og svaraði honum engi."

Flosi mælti þá: "Hvort er að engi yðvar veit hver þenna búning hefir átt eða þorið þér eigi að segja mér?"

Skarphéðinn mælti: "Hvað ætlar þú hver til hafi gefið?"

Flosi mælti: "Ef þú vilt það vita þá mun eg það segja þér hvað eg ætla. Það ætla eg að til hafi gefið faðir þinn, karl hinn skegglasi, því að margir vita eigi er hann sjá hvort hann er heldur kona eða karlmaður."

Skarphéðinn mælti: "Slíkt er illa mælt að sneiða honum afgömlum er engi hefir áður til orðið dugandi maður. Megið þér og það vita að hann er karlmaður því að hann hefir sonu átt við konu sinni. Hafa fáir vorir frændur legið óbættir hjá garði vorum svo að vér höfum eigi hefnt."

Síðan tók Skarphéðinn til sín slæðurnar en kastaði brókum blám til Flosa og kvað hann þeirra meir þurfa."

Flosi mælti: "Hví mun eg þeirra meir þurfa?"

Skarphéðinn svarar: "Því þá ef þú ert brúður Svínfellsáss sem sagt er hverja hina níundu nótt og geri hann þig að konu."

Flosi hratt þá fénu og kveðst þá engan pening hafa skyldu af, kvað þá vera skyldu annaðhvort að Höskuldur skyldi vera ógildur ella skildu þeir hefna hans.

Vildi þá Flosi engi grið selja og engi taka og mælti til Sigfússoða: "Göngum vér nú heim. Eitt skal yfir oss líða alla."

Síðan gengu þeir heim til búðar.

Hallur mælti: "Helsti miklir ógæfumenn eiga hér í hlut að."

Þeir Njáll og synir hans gengu heim til búðar.

Njáll mælti: "Nú kemur það fram sem mér sagði löngu hugur um að oss mundu þungt falla þessi mál."

"Eigi er það," segir Skarphéðinn, "því að þeir mega aldrei sækja oss að landslögum."

"Þá mun það fram koma," segir Njáll, "er öllum mun verst gegna."

Þeir menn töluðu um er gefið höfðu féið að þeir mundu í braut taka.

Guðmundur hinn ríki mælti þá: "Þá skömm kýs eg mér eigi til handa að taka það aftur er eg gef hvorki hér né annars staðar."

"Vel er þetta mælt," sögðu þeir.

Vildi þá og engi í braut taka.

Snorri goði mælti: "Það er mitt ráð að Gissur hinn hvíti og Hjalti Skeggjason varðveiti fé þetta til annars alþingis. Segir mér svo hugur um að eigi muni langt líða áður til muni þurfa að taka þessa fjár."

Hjalti tók og varðveitti helming fjárins en Gissur sumt. Gengu menn þá heim til búða sinna.

## 124. kafli

Flosi stefndi öllum sínum mönnum upp í Almannagjá og gekk þangað sjálfur. Þá voru þar komnir allir hans menn og voru það tíu tígir manna.

Flosi mælti til Sigfússoða: "Hversu veiti eg yður þess að málum að yður sé skapfelldlegast?"

Gunnar Lambason mælti: "Ekki líkar oss fyrr en þeir bræður eru allir drepnir, Njálssynir."

Flosi mælti: "Því vil eg heita Sigfússoðum að skiljast eigi fyrr við þetta mál en aðrir hvorir hníga fyrir öðrum. Vil eg og það vita hvort nokkur er sá hér að oss vilji eigi veita að þessu máli."

En allir kváðust þeim veita vilja.

Flosi mælti: "Gangi nú allir til mín og sverji eiða að engi skerist úr þessu máli."

Gengu þá allir til Flosa og sóru honum eiða.

Flosi mælti: "Vér skulum og allir hafa handtak að því að sá skal hver hafa fyrirgert fé og fjörvi er úr þessu máli gengur fyrr en yfir lýkur.

Þessir voru höfðingjar með Flosa: Kolur son Þorsteins breiðmaga, bróðurson Halls af Síðu, Hróaldur Össurarson frá Breiðá, Össur Önundarson töskubaks, Þorsteinn hinn fagri Geirleifsson, Glúmur Hildisson hins gamla, Móðólfur Ketilsson, Þórir son Þórðar illuga úr Mörtungu, frændur Flosa Kolbeinn og Egill, Ketill Sigfússon og Mördur bróðir hans, Þorkell og Lambi, Grani Gunnarsson, Gunnar Lambason og Sigurður bróðir hans, Ingjaldur frá Keldum, Hróar Hámundarson.

Flosi mælti til Sigfússona: "Takið þér yður nú höfðingja þann er yður þykir best til fallinn því að einhver mun fyrir þurfa að vera málinu."

Ketill úr Mörk svaraði: "Ef undir oss bræður skal koma kjörið þá munum vér það skjótt kjósa að þú sért fyrir. Heldur þar margt til þess. Þú ert maður ættstór og höfðingi mikill, harðdrægur og vitur. Virðum vér og svo að þú setjist fyrir vora nauðsyn í málið."

Flosi mælti: "Það er líkast að eg játist undir þetta sem bæn yður stendur til. Mun eg nú og ákveða hverja aðferð vér skulum hafa. Og er það mitt ráð að hver maður ríði heim af þingi og sjái um bú sitt í sumar meðan töður manna eru undir. Eg mun og heim ríða og vera heima í sumar. En drottinsdag, þann er átta vikur eru til vetrar, þá mun eg láta syngja mér messu heima og ríða síðan vestur yfir Lómagnúpsand. Hver vor skal hafa tvo hesta. Ekki mun eg lið auka úr því sem nú hefir til eiða gengið því að vér höfum það ærið margt ef oss kemur það vel að haldi. Eg mun ríða drottinsdaginn og svo nóttina með. En annan dag vikunnar mun eg kominn á Þríhyrningshálsa fyrir miðjan aftan. Skuluð þér þá þar allir komnir er eiðsvarar eruð við þetta mál. En ef nokkur er sá þá eigi þar kominn er í mál þessi hefir gengið þá skal engu fyrir týna nema lífinu ef vér megum ráða."

Ketill mælti: "Hversu má það saman fara að þú ríðir drottinsdag heiman en komir annan dag vikunnar á Þríhyrningshálsa?"

Flosi mælti: "Eg mun ríða upp úr Skaftártungu og fyrir norðan Eyjafjallajökul og ofan í Goðaland og mun þetta endast ef eg ríð hvatlega. Mun eg nú og segja yður alla mína fyrirætlan að þá er vér komum þar saman skulum vér ríða til Bergþórshvols með öllu liðinu og sækja Njálssonu með eldi og járn og ganga eigi fyrr frá en þeir eru allir dauðir. Skuluð þér þessi ráðagerð leyna því að líf vort allra liggur við. Munum vér nú láta taka hesta vora og ríða heim.

Gengu þeir þá allir til búða sinna.

Síðan lét Flosi söðla hesta sína og biðu engra manna og ríða síðan heim. Flosi vildi eigi finna Hall mág sinn því að hann þóttist vita að Hallur mundi letja allra stórvirkja.

Njáll reið heim af þingi og synir hans og voru þeir heima allir um sumarið. Njáll spurði Kára mág sinn hvort hann mundi nokkuð ríða austur til Dyrhólma til bús síns.

Kári svaraði: "Ekki skal eg austur ríða því að eitt skal ganga yfir mig og sonu þína."

Njáll þakkaði honum og kvað slíks að honum von. Þar var jafnan nær þrem tígum vígra karla með húskörlum.

Það var einu hverju sinni að Hróðný Höskuldsdóttir, móðir Höskulds Njálssonar, kom til Keldna. Ingjaldur bróðir hennar fagnaði henni vel. Hún tók ekki kveðju hans en bað hann þó ganga út með sér. Ingjaldur gerði svo að hann gekk út með henni og gengu úr garði bæði saman. Síðan þreif hún til hans og settust þau niður bæði.

Hróðný mælti: "Hvort er það satt að þú hefir svarið eið að fara að Njáli og drepa hann og sonu hans?"

Hann svaraði: "Satt er það."

"Allmikill níðingur ert þú," segir hún, "þar sem Njáll hefir þrisvar leyst þig úr skógi."

"Svo er nú þó komið," segir Ingjaldur, "að líf mitt liggur við ef eg geri eigi þetta."

"Eigi mun það," segir hún, "lifa munt þú allt að einu og heita góður maður ef þú svikur eigi þann er þú átt bestur að vera."

Hún tók þá línúfu úr þússi sínu alblóðga og raufótta og mælti: "Þessa húfu hafði Höskuldur Njálsson og systurson þinn á höfði sér þá er þeir vógu hann. Þykir mér þér því verr fara að veita þeim er þaðan standa að."

Ingjaldur svarar: "Svo mun nú og fara að eg mun eigi vera í móti Njáli hvað sem á bak kemur. En þó veit eg að þeir munu að mér snúa vandræðum."

Hróðný mælti: "Þá mátt þú nú mikið lið veita Njáli og sonum hans ef þú segir honum þessa ráðagerð alla."

"Það mun eg eigi gera," segir Ingjaldur, "því að þá er eg hvers manns níðingur ef eg segi það er þeir trúðu mér til. En það er karlmannlegt bragð að skiljast við þetta mál þar sem eg veit vístrar hefndar von. En seg það Njáli og sonum hans að þeir séu varir um sig þetta sumar allt því að það er þeim heilræði og hafi margt manna."

Síðan fór hún til Bergþórshvols og sagði Njáli þessa viðræðu alla.

Njáll þakkaði henni og kvað hana vel hafa gert "því að honum mundi helst misgert í vera að fara að mér allra manna."

Hún fór þá heim en Njáll sagði þetta sonum sínum.

Kerling var sú að Bergþórshvoli er Sæunn hét. Hún var fróð að mörgu og framsýn en þá var hún gömul mjög og kölluðu Njálssynir hana gamalæra er hún mælti margt en þó gekk það flest eftir. Það var einn dag að hún þreif lurk í hönd sér og gekk upp um hús eftir og að arfasátu einni er þar stóð. Hún laust arfasátuna og bað hana aldrei þrífst svo vesöl sem hún var. Skarphéðinn hló að og spurði hví hún abbaðist upp á arfasátuna.

Kerlingin mælti: "Þessi arfasáta mun vera tekin og kveiktur við eldur þá er Njáll bóndi er inni brenndur og Bergþóra fóstura mín. Og berið þér hana á vatn," segir hún, "eða brennið hana upp sem skjótast."

"Eigi munum vér það gera," segir Skarphéðinn, "því að fást mun annað til eldkveikna ef þess verður auðið þó að hún sé eigi."

Kerling klifaði allt sumarið um arfasátuna að inn skyldi bera en þó fórst það fyrir ávallt.

## 125. kafli

Að Reykjum á Skeiðum bjó Runólfur Þorsteinsson. Hildiglúmur hét son hans. Hann gekk út drottinsdagsnótt þá er tólf vikur voru til vetrar. Hann heyrði brest mikinn svo að honum þótti skjálfa bæði jörð og himinn. Síðan leit hann í vesturáttina. Hann þóttist sjá þangað hring og eldslit á og í hringinum mann á grám hesti. Hann bar skjótt yfir og fór hann hart. Hann hafði logandi eldbrand í hendi. Hann reið svo nær honum að hann mátti gjörla sjá hann. Hann var svartur sem bik. Hann kvað vísu þessa með mikilli raust:

Eg ríð hesti  
hélugbarða,  
úrigtoppa,  
ills valdanda.  
Eldr er í endum,  
eittr er í miðju.  
Svo er um Flosa ráð  
sem fari kefli  
og svo er um Flosa ráð  
sem fari kefli.

Þá þótti honum hann skjóta brandinum austur til fjallanna fyrir sig og þótti honum hlaupa upp eldur mikill í móti svo að hann þóttist ekki sjá til fjallanna fyrir. Honum sýndist sjá maður ríða austur undir eldinn og hvarf þar. Síðan gekk hann inn og til rúms síns og fékk langt óvit og rétti þó við úr því. Hann mundi allt það er fyrir hann hafði borið og sagði föður sínum en hann bað hann segja Hjalta Skeggjasyni. Hann fór og sagði Hjalta.

"Þú hefir séð gandreið," segir Hjalti, "og er það jafnan fyrir stórtíðindum."

## 126. kafli

Flosi bjó sig austan þá er tveir mánuðir voru til vetrar og stefndi til sín öllum sínum mönnum þeim er honum höfðu liði og ferð heitið. Hver þeirra hafði tvo hesta og góð vopn. Þeir komu allir til Svínafells og voru þar um nóttina. Flosi lét snemma veita sér tíðir drottinsdaginn en síðan gekk hann til borðs. Hann sagði fyrir öllum heimamönnum sínum hvað hvergi skyldi starfa meðan hann væri í brautu. Síðan gekk hann til hesta sinna.

Þeir Flosi riðu vestur á sand. Flosi bað þá fyrst ekki allákaft ríða og kvað þó hinn veg lúka mundu. Hann bað alla bíða ef nokkur þyrfti að dveljast. Þeir riðu vestur til Skógahverfis og komu í Kirkjubæ. Flosi bað alla menn koma til kirkju og biðjast fyrir. Menn gerðu svo.

Síðan stigu þeir á hesta sína og riðu upp á fjall og svo til Fiskivatna og riðu nokkuru fyrir vestan vötnin og stefndu svo vestur á sandinn. Létu þeir þá Eyjafjallajökul á vinstri hönd sér og svo ofan í Goðaland og svo til Markarfljóts og komu um nónskeið annan dag vikunnar á Þríhyrningshálsa og biðu til miðs aftans.

Komu þar þá allir nema Ingjaldur frá Keldum. Sigfússynir töldu á hann mjög en Flosi það þá ekki ámæla Ingjaldi meðan hann væri eigi hjá "en þó skulum vér gjalda honum síðar."

## 127. kafli

Nú er þar til máls að taka að Bergþórshvoli að þeir Grímur og Helgi fóru til Hóla, þar voru þeim fósturð börn, og sögðu það föður sínum að þeir mundu ekki heim um kveldið.

Þeir voru í Hólum allan daginn. Þar komu konum fátækar og kváðust komnar að langt. Þeir bræður spurðu þær tíðinda. Þær kváðust engi kunna tíðindi að segja "en segja kunnum vér nýlundu nokkura."

Þeir spurðu hverja nýlundu þær segðu og báðu þær eigi leyna. Þær sögðu svo vera skyldu.

"Vér komum að ofan úr Fljótshlíð og sáum vér Sigfússonu alla ríða með alvæpni og stefnu þeir upp á Þríhyrningshálsa og voru fimmtán í flokki. Vér sáum og Grana Gunnarsson og Gunnar Lambason og voru þeir fimm saman. Þeir stefndu hina sömu leið. Og kalla má að nú sé allt á för og á flaug um héraðið."

Helgi Njálsson mælti: "Þá mun Flosi kominn austan og munu þeir allir komnir til móts við hann og skulum við Grímur vera þar sem Skarphéðinn er."

Grímur kvað svo vera skyldu og fóru þeir heim.

Þenna aftan hinn sama mælti Bergþóra til hjóna sinna: "Nú skuluð þér kjósa yður mat í kveld að hver hafi það er mest fýsir til því að þenna aftan mun eg bera síðast mat fyrir hjón mín."

"Það skyldi eigi vera," sögðu þeir er hjá voru.

"Það mun þó vera," segir hún, "og má eg miklu fleira af segja ef eg vil og mun það til merkja að þeir Grímur og Helgi munu heim koma í kveld áður menn eru mettir. Og ef þetta gengur eftir þá mun svo fara fleira sem eg segi."

Síðan bar hún mat á borð.

Njáll mælti: "Undarlega sýnist mér nú. Ég þykist sjá um alla stofuna og þykir mér sem undan séu gaflveggirnir báðir en blóð eitt allt borðið og maturinn."

Öllum fannst þá mikið um öðrum en Skarphéðni. Hann bað menn ekki syrgja né láta öðrum herfilegum látum svo að menn mættu orð á því gera "mun oss vandara gert en öðrum að vér berum oss vel og er það jafnt að vonum."

Þeir Grímur og Helgi komu heim áður borð voru ofan tekin og brá mönnum mjög við það. Njáll spurði hví þeir færu svo hverft en þeir sögðu slíkt sem þeir höfðu frétt. Njáll bað engan mann til svefnis fara og vera vara um sig.

## 128. kafli

Nú er þar til að taka er Flosi er.

Hann mælti: "Nú munum vér ríða til Bergþórshvols og koma þar fyrir náttmál."

Þeir gera nú svo. Dalur var í hvolinum og ríðu þeir þangað og bundu þar hesta sína og dvöldust þar til þess er mjög leið á kveldið.

Flosi mælti: "Nú skulum vér ganga heim að bænum og ganga þröngt og fara seint og sjá hvað þeir taki til ráðs."

Njáll stóð úti og synir hans og Kári og allir heimamenn og skipuðust fyrir á hlaðinu og var það nær þrír tigur manna.

Flosi nam staðar og mælti: "Nú skulum vér að hyggja hvað þeir taka til ráðs því að mér líst svo ef þeir standa úti fyrir sem vér munum þá aldrei sóttá geta."

"Þá er vor för ill," segir Grani Gunnarsson, "ef vér skulum eigi þora að að sækja."

"Það skal og eigi vera," segir Flosi, "og skulum vér að ganga þó að þeir standi úti. En það afhroð munum vér gjalda að margur mun eigi kunna frá að segja hvorir sigrast."

Njáll mælti til sinna manna: "Hvað sjáið þér til hversu mikið lið þeir hafa?"

"Þeir hafa bæði mikið lið og harðsnúið," segir Skarphéðinn, "en því nema þeir þó nú stað að þeir ætla að þeim muni illa sækjast að vinna oss."

"Það mun ekki vera," segir Njáll, "og vil eg að menn gangi inn því að illa sóttist þeim Gunnar að Hlíðarenda og var hann einn fyrir. Eru hér hús rammleg sem þar voru og munu þeir eigi sótt geta."

"Þetta er ekki þann veg að skilja," segir Skarphéðinn. "Gunnar sóttu heim þeir höfðingjar er svo voru vel að sér að heldur vildu frá hverfa en brenna hann inni. En þessir munu þegar sækja oss með eldi er þeir mega eigi annan veg því að þeir munu allt til vinna að yfir taki við oss. Munu þeir það ætla sem eigi er ólíklegt að það sé þeirra bani ef oss dregur undan. Eg er og þess ófús að láta svæla mig inni sem melrakka í greni."

Njáll mælti: "Nú mun sem oftast að þér munuð bera mig ráðum, synir mínir, og virða mig engis. En þá er þér voruð yngri gerðuð þér það eigi og fór yðvart ráð þá betur fram."

Helgi mælti: "Gerum vér sem faðir vor vill. Það mun oss best gegna."

"Eigi veit eg það víst," segir Skarphéðinn, "því að hann er nú feigur. En vel má eg gera það til skaps föður míns að brenna inni með honum því að eg hræðist ekki dauða minn."

Hann mælti þá við Kára: "Fylgjumst vér vel mágur svo að engi vor skilji við annan."

"Það hefi eg ætlað," segir Kári, "en ef annars verður auðið þá mun það verða fram að koma og mun ekki mega við því gera."

"Hefn þú vor," segir Skarphéðinn, "en vér skulum þín ef vér lifum eftir."

Kári kvað svo vera skyldu. Gengu þeir þá inn allir og skipuðust í dyrnar.

Flosi mælti: "Nú eru þeir feigir er þeir hafa inn gengið. Skulum vér nú heim ganga sem skjótast og skipast sem þykkvast fyrir dyrin og geyma þess að engi komist í braut hvorki Kári né Njálssynir því að það er vor bani."



Þeir Flosi komu nú heim og skipuðust umhverfis húsin ef nokkurar væru laundyr á. Flosi gekk framan að húsunum og hans menn. Hróaldur Össurason hljóp að þar sem Skarphéðinn var fyrir og lagði til hans. Skarphéðinn hjó spjótið af skafti fyrir honum og hljóp að honum og hjó til hans og kom öxin ofan í skjöldinn og bar að Hróaldi þegar allan skjöldinn en hyrnan sú hin fremri tók andlitið og féll hann á bak aftur og þegar dauður.

Kári mælti: "Lítt dró enn undan við þig Skarphéðinn og ert þú vor fræknastur."

"Eigi veit eg það víst," segir Skarphéðinn og brá við grönum og glotti að.

Þeir Kári og Grímur og Helgi lögðu út mörgum spjótum og særðu marga menn en þeir Flosi gátu ekki að gert.

Flosi mælti: "Vér höfum fengið mikinn skaða á mönnum vorum. Eru margir sárir en sá veginn er vér mundum síst til kjósa. Nú er það séð að vér fáum þá aldrei með vopnum sótta. Er sá nú margur er eigi gengur jafnskörulega að sem létu en þó eggjuðu mest. Mæli eg þetta mest til Grana Gunnarssonar og Gunnars Lambasonar er sér létu verst eira. En þó munum vér nú verða að gera annað ráð fyrir oss. Eru nú tveir kostir til og er hvorgi góður. Sá annar að hverfa frá og er það vor bani, hinn annar að bera að eld og brenna þá inni og er það stór ábyrgðarhlutur fyrir guði er vér erum menn kristnir sjálfir. En þó munum vér það bragðs taka."

## 129. kafli

Þeir tóku nú eld og gerðu bál mikið fyrir dyrunum.

Þá mælti Skarphéðinn: "Eld kveikið þér nú sveinar eða hvort skal nú búa til seyðis?"

Grani Gunnarsson svaraði: "Svo skal það vera og skalt þú eigi þurfa heitara að baka."

Skarphéðinn mælti: "Því launar þú mér sem þú ert maður til er eg hefndi föður þíns og virðir það meira er þér er óskyldara."

Þá báru konur sýru í eldinn og slökktu niður fyrir þeim. Sumar báru vatn eða hland.

Kolur Þorsteinsson mælti til Flosa: "Ráð kemur mér í hug. Eg hefi séð loft í skálanum á þvertrjám og skulum vér þar inn bera eldinn og kveikja við arfasátu þá er hér stendur fyrir ofan húsin."

Síðan tóku þeir arfasátuna og báru þar inn eldinn. Fundu þeir eigi fyrr, er inni voru, en logaði ofan allur skálinn. Gerðu þeir Flosi þá stór bál fyrir öllum dyrum. Tók þá kvennaliðið illa að þola það er inni var.

Njáll mælti til þeirra: "Verðið vel við og mælið eigi æðru því að él eitt mun vera og skyldi langt til annars slíks. Trúið þér og því að guð er miskunnsamur og mun hann oss eigi láta brenna bæði þessa heims og annars."

Slíkar fortölur hafði hann fyrir þeim og aðrar hraustlegri.

Nú taka öll húsin að loga. Þá gekk Njáll til dýra og mælti: "Hvort er Flosi svo nær að hann megi heyra mál mitt?"

Flosi kvaðst heyra mega.

Njáll mælti: "Vilt þú nokkuð taka sættum við sonu mína eða leyfa nokkurum mönnum útgöngu?"

Flosi svarar: "Eigi vil eg taka sættum við sonu þína og skal nú yfir lúka með oss og eigi frá ganga fyrr en þeir eru allir dauðir. En lofa vil eg útgöngu konum og börnum og húskörlum."

Njáll gekk þá inn og mælti við fólkið: "Út skulu þeir nú allir ganga er leyft er. Og gakk þú út Þórhalla Ásgrímsdóttir og allur lýður með þér sá er lofað er."

Þórhalla mælti: "Annar verður nú skilnaður okkar Helga en eg ætlaði um hríð en þó skal eg eggja föður minn og bræður að þeir hefni þessa mannskaða er hér er ger."

Njáll mælti: "Vel mun þér fara því að þú ert góð kona."

Síðan gekk hún út og margt lið með henni.

Ástríður af Djúpárbakka mælti við Helga Njálsson: "Gakk þú út með mér og mun eg kasta yfir þig kvenskikkju og falda þig með höfuðdúki."

Hann taldist undan fyrst en þó gerði hann þetta fyrir bæn þeirra. Ástríður vafði höfuðdúki að höfði Helga en Þórhildur kona Skarphéðins lagði yfir hann skikkjuna og gekk hann út á meðal þeirra. Og þá gekk út Þorgerður Njálisdóttir og Helga systir hennar og margt annað fólk.

En er Helgi kom út þá mælti Flosi: "Sú er há kona og mikil um herðar er þar fer. Takið og haldið henni."

En er Helgi heyrði þetta kastaði hann skikkjunni. Hann hafði haft sverð brugðið undir hendi sér og hjó til manns og kom í skjöldinn og af sporðinn og fótinn af manningnum. Þá kom Flosi að og hjó á hálsinn Helga svo að þegar tók af höfuðið.

Flosi gekk þá að dyrum og mælti að Njáll skyldi ganga til máls við hann og svo Bergþóra. Þau gerðu svo.

Flosi mælti: "Útgöngu vil eg bjóða þér Njáll bóndi því að þú brennur ómaklegur inni."

Njáll mælti: "Eigi vil eg út ganga því eg er maður gamall og er eg lítt til búinn að hefna sona minna en eg vil eigi lifa við skömm."

Flosi mælti þá til Bergþóru: "Gakk þú út húsfreyja því að eg vil þig fyrir engan mun inni brenna."

Bergþóra mælti: "Eg var ung gefin Njáli og hefi eg því heitið honum að eitt skyldi ganga yfir okkur bæði."

Síðan gengu þau inn bæði.

Bergþóra mælti: "Hvað skulum við nú til ráða taka?"

"Ganga munum við til hvílu okkarrar," segir Njáll, "og leggjast niður, hefi eg lengi værugjarn verið."

Hún mælti þá við sveininn Þórð Kárason: "Þig skal bera út og skalt þú eigi inni brenna."

"Hinú hefir þú mér heitið amma," segir sveinninn, "að við skyldum aldrei skilja meðan eg vildi hjá þér vera. En mér þykir miklu betra að deyja með ykkur Njáli en lifa eftir."

Hún bar þá sveininn til hvíllunnar.

Njáll mælti við bryta sinn: "Nú skalt þú sjá hvar við leggjumst niður og hversu eg bý um okkur því að eg ætla héðan hvergi að hrærast hvort sem mér angrar reykur eða bruni. Mátt þú nú nær geta hvar beina okkarra er að leita."

Hann sagði að svo skyldi vera. Þar hafði slátrað verið uxa einum og lá þar húðin. Njáll mælti við brytann að hann skyldi breiða yfir þau húðina og hann hét því. Þau leggjast nú niður bæði í rúmið og leggja sveininn í millum sín. Þá signdu þau sig og sveininn og fálu önd sína guði á hendi og mæltu það síðast svo að menn heyrðu. Þá tók brytinn húðina og breiddi yfir þau og gekk út síðan. Ketill úr Mörk tók í mót honum og kippti honum út. Hann spurði vandlega að Njáli mági sínum en brytinn sagði allt hið sanna.

Ketill mælti: "Mikill harmur er að oss kveðinn er vér skulum svo mikla ógæfu saman eiga."

Skarphéðinn hafði séð er faðir hans hafði niður lagst og hversu hann hafði um sig búið.

Hann mælti þá: "Snemma fer faðir vor í rekkju og er það sem von er. Hann er maður gamall."

Þá tóku þeir Skarphéðinn og Kári og Grímur brandana jafnskjótt sem ofan dattu og skutu út á þá og gekk því um hríð. Þá skutu þeir spjótum inn að þeim en þeir tóku öll á lofti og sendu út aftur.

Flosi bað þá hætta að skjóta "því að oss munu öll vopnaskipti þungt ganga við þá. Megið þér nú vel bíða þess er eldurinn vinnur þá."

Þeir gera nú svo. Þá féllu ofan stórviðirnir úr ræfrinu.

Skarphéðinn mælti þá: "Nú mun faðir minn dauður vera og hefir hvorki heyrtil hans styn né hósta."

Þeir gengu þá í skálaendann. Þar var fallið ofan þvertréið og var brunnið mjög í miðju.

Kári mælti til Skarphéðins: "Hlaup þú hér út og mun eg beina að mér þér en eg mun hlaupa þegar eftir og munum við þá báðir í braut komast ef við breytum svo því að hingað leggur allan reykinum."

Skarphéðinn mælti: "Þú skalt hlaupa fyrri en eg mun þegar á hæla þér."

"Ekki er það ráð," segir Kári, "því að eg má vel komast annars staðar út þó að hér gangi eigi."

"Eigi vil eg það," segir Skarphéðinn, "hlaup þú út fyrri en eg mun þegar eftir."

Kári mælti: "Það er hverjum manni boðið að leita sér lífs meðan kostur er og skal eg og svo gera. En þó mun nú sá skilnaður með okkur verða að við munum aldrei sjást síðan því að ef eg hleyp út úr eldinum þá mun eg eigi hafa skap til að hlaupa inn aftur í eldinn til þín og mun þá sína leið fara hvor okkar."

"Það hlægir mig," segir Skarphéðinn, "ef þú kemst í braut mágur að þú munt hefna vor."

Þá tók Kári einn setstokk logandi í hönd sér og hleypur út eftir þvertrénu. Slöngvir hann þá stokkinum út af þekjunni og féll hann ofan að þeim er úti voru fyrir. Þeir hljópu þá undan. Þá loguðu klæðin öll á Kára og svo hárið. Hann steypir sér þá út af þekjunni og stiklar svo með reykinum.

Þá mælti einn maður er þar var næstur: "Hvort hljóp þar maður út af þekjunni?"

"Fjarri fór það," sagði annar, "og kastaði Skarphéðinn þar eldistokki að oss."

Síðan grunuðu þeir það ekki.

Kári hljóp til þess er hann kom að læk einum og kastaði sér í ofan og slökkti á sér eldinn. Þaðan hljóp hann með reykinum í gróf nokkura og hvíldi sig og er það síðan kölluð Káragróf.

## 130. kafli

Nú er að segja frá Skarphéðni að hann hleypur út á þvertréið þegar eftir Kára. En er hann kom þar er mest var brunið þvertréið þá brast niður undir honum. Skarphéðinn kom fótum undir sig og réð þegar til í annað sinn og rennur upp vegginn. Þá reið að honum brúnásinn og hrataði hann inn aftur.

Skarphéðinn mælti þá: "Séð er nú hversu vera vill."

Gekk hann þá fram með hliðvegginn.

Gunnar Lambason hljóp upp á vegginn og sér Skarphéðinn. Hann mælti svo: "Hvort grætur þú nú Skarphéðinn?"

"Eigi er það," segir Skarphéðinn, "en hitt er satt að súrnar í augunum. En hvort er sem mér sýnist, hlærð þú?"

"Svo er víst," segir Gunnar, "og hefi eg aldrei fyrr hlegið síðan þú vóst Þráin á Markarfljóti."

Skarphéðinn mælti: "Þá er þér hér nú minjagripurinn."

Tók hann þá jaxl úr þússi sínum er hann hafði höggvið úr Þráni og kastaði til Gunnars og kom í augað svo að þegar lá úti á kinninni. Féll Gunnar þá ofan af þekjunni.

Skarphéðinn gekk þá til Gríms bróður síns. Héldust þeir þá í hendur og tróðu eldinn. En er þeir komu í miðjan skálann þá féll Grímur dauður niður. Skarphéðinn gekk þá til enda hússins. Þá varð brestur mikill. Reið þá ofan öll þekjan. Varð Skarphéðinn þá þar í millum og gafhláðsins. Mátti hann þaðan hvergi hrærast.

Þeir Flosi voru við eldana þar til er morgnað var mjög. Þá kom þar maður einn ríðandi að þeim.

Flosi spurði þann að nafni en hann nefndist Geirmundur og kveðst vera frændi Sigfússoða "þér hafið mikið stórvirki unnið," segir hann.

Flosi svarar: "Bæði munu menn þetta kalla stórvirki og illvirki. En þó má nú ekki að hafa."

"Hversu margt hefir hér fyrimanna látist?" segir Geirmundur.

Flosi svarar: "Hér hefir látist Njáll og Bergþóra og synir þeirra allir, Þórður Kárason og Kári Sölmundarson, Þórður leysingi. En þá vitum vér ógjörla um fleiri menn þá er oss eru ókunnari."

Geirmundur mælti: "Dauðan segir þú þann nú er vér höfum hjalað við í morgun."

"Hver er sá?" segir Flosi.

"Kára Sölmundarson fundum við Bárður búi minn," segir Geirmundur, "og fékk Bárður honum hest sinn og var brunnið af honum hárið og svo klæðin."

"Hafði hann nokkuð vopna?" segir Flosi.

"Hafði hann sverðið Fjörsváfni," segir Geirmundur, "og var blánaður annar eggteinninn og sögðum við Bárður að dignað mundi hafa en hann svaraði því að hann skyldi herða í blóði Sigfússona eða annarra brennumanna."

Flosi mælti: "Hvað sagði hann til Skarphéðins?"

Geirmundur svarar: "Á lífi sagði hann þá Grím báða þá er þeir skildu en þó kvað hann þá nú mundu dauða."

Flosi mælti: "Sagt hefir þú oss þá sögu er oss mun eigi setugrið bjóða því að sá maður hefir nú á braut komist er næst gengur Gunnari að Hlíðarenda um alla hluti. Skuluð þér það nú og hugsa Sigfússynir og aðrir vorir menn að svo mikið eftirmál mun hér verða um brennu þessa að margan mun það gera höfuðlausan en sumir munu ganga frá öllu fénu. Grunar mig nú það að engi yðvar Sigfússona þori að sitja í búi sínu og er það rétt að vonum. Vil eg nú bjóða yður öllum austur til mín og láta eitt ganga yfir oss alla."

Þeir þökkuðu honum boð sitt og kváðust það þiggja mundu.

Þá kvað Móðólfur Ketilsson vísu:

Stafr lifir einn, þar er inni  
unnfúrs viðir brunnu,  
synir ollu því snjallir  
Sigfúss, Níals húsa.  
Nú er, Gollnis sonr, goldinn,  
gekk eldr of sjöt rekka,  
ljós brann hyr í húsum,  
Höskulds bani hins rökva.

"Öðru nokkuru munum vér hælast mega," segir Flosi, "en því er Njáll hefir inni brunnið því að það er engi frami."

Flosi gekk þá upp á gafhláðið og Glúmur Hildisson og nokkurir menn aðrir.

Þá mælti Glúmur: "Hvort mun Skarphéðinn nú dauður?"

En aðrir sögðu hann fyrir löngu dauðan mundu vera.

Þar gaus upp stundum eldurinn en stundum slokknaði niður. Þeir heyrðu þá niðri í eldinum fyrir sér að kveðin var vísa:

Mundit mellu kindar  
miðjungs brúar Iðja  
Gunnr um geira sennu  
galdrs bráregni halda,  
er hræstykkins hlakka

hraustr síns vinir mínu  
tryggvi eg óð og eggjar  
undgengin spjör dundu.

Grani Gunnarsson mælti: "Hvort mun Skarphéðinn hafa kveðið vísu þessa lífs eða dauður?"

"Engum getum mun eg um það leiða," segir Flosi.

"Leita viljum vér," segir Grani, "Skarphéðins eða annarra manna þeirra sem hér hafa inni brunnið."

"Eigi skal það," segir Flosi, "og eru slíkt heimskir menn sem þú ert þar sem menn munu safna liði um allt héraðið. Mun sá allur einn er nú á dvalar og hinn er þá mun verða svo hræddur að eigi mun vita hvert hlaupa skal og er það mitt ráð að vér ríðum allir í braut sem skjótast."

Flosi gekk þá skyndilega til hesta sinna og allir hans menn.

Flosi mælti til Geirmundar: "Hvort mun Ingjaldur heim að Keldum?"

Geirmundur kveðst ætla að hann mundi heima vera.

"Þar er sá maður," segir Flosi, "er rofið hefir eiða við oss og allan trúnað."

Flosi mælti þá til Sigfússona: "Hvern kost viljið þér nú gera Ingjalldi? Hvort viljið þér gefa honum upp eða skulum vér nú fara að honum og drepa hann?"

Þeir svöruðu allir að þeir vildu nú fara að honum og drepa hann.

Þá hljóp Flosi á hest sinn og allir þeir og ríðu í braut. Flosi reið fyrir og stefndi upp til Rangár og upp með ánni. Þá sá hann mann ríða ofan öðrum megin árinna. Hann kenndi að þar var Ingjaldur frá Keldum. Flosi kallar á hann. Ingjaldur nam þá staðar og sneri við fram að ánni.

Flosi mælti til hans: "Þú hefir rofið eiða við oss og hefir þú fyrirgert fé og fjörvi. Eru hér nú Sigfússynir og vilja gjarna drepa þig. En mér þykir þú við vant um kominn og mun eg gefa þér líf ef þú vilt selja mér sjálfðæmi."

Ingjaldur svarar: "Fyrir skal eg nú ríða til móts við Kára en selja þér sjálfðæmi. En eg vil því svara Sigfússonum að eg skal eigi hræddari við þá en þeir eru við mig."

"Bíð þú þá," segir Flosi, "ef þú ert eigi ragur því að eg skal senda þér sending."

"Bíða skal eg víst," segir Ingjaldur.

Þorsteinn Kolbeinsson bróðurson Flosa reið fram hjá honum og hafði spjót í hendi. Hann var röskvastur maður með Flosa einhver og mest verður. Flosi þreif af honum spjótið og skaut til Ingjallds og kom á hina vinstri hliðina og í gegnum skjöldinn fyrir neðan mundriðann og klofnaði hann allur í sundur. En spjótið hljóp í fótinn fyrir ofan knéskelina og svo í söðulfjölinna og nam þar staðar.

Flosi mælti þá til Ingjallds: "Hvort kom á þig?"

"Á mig kom víst," segir Ingjaldur, "og kalla eg þetta skeinu en ekki sár."

Ingjaldur kippti þá spjóttinu úr sárinu og mælti til Flosa: "Bíð þú nú ef þú ert eigi blauður."

Hann skaut þá spjóttinu aftur yfir ána. Flosi sér að spjótið stefnir á hann miðjan. Hopar hann þá hestinum undan en spjótið fló fyrir framan brjóst Flosa og missti hans. Spjótið kom á Þorstein miðjan og féll hann þegar dauður af hestinum. Ingjaldur hleypir nú í skóginn og náðu þeir honum ekki.

Flosi mælti þá til sinna manna: "Nú höfum vér fengið mikinn mannskaða. Megum vér nú og vita er þetta hefir að borist hvert heillaleysi vér höfum. Er það nú mitt ráð að vér ríðum á Þríhyrningshálsa. Megum vér þaðan sjá mannareidir um allt héraðið því að þeir munu nú hafa sem mestan liðsafnað og munu þeir ætla að vér höfum riðið austur til Fljótshlíðar af Þríhyrningshálsnum. Og munu þeir þá ætla að vér ríðum austur á fjall og svo austur til héraða. Mun þangað eftir ríða eftir mestur hluti liðsins en sumir munu ríða hið fremra austur til Seljalandsmúla og mun þeim þó þykja þangað vor minni von. En eg mun nú gera ráð fyrir oss og er það mitt ráð að vér ríðum upp í fjallið Þríhyrning og bíðum þar til þess er þrjár sólir eru af himni."

Þeir gera nú svo að þeir ríða upp í fjallið og í dal einn er síðan er kallaður Flosadalur. Sjá þeir nú þaðan allra manna ferðir um héraðið.

## 131. kafli

Nú er að segja frá Kára að hann fór úr gróf þeirri er hann hafði hvílt sig og þar til er hann mætti Bárði og fóru svo orð með þeim sem Geirmundur hafði sagt. Reið Kári þaðan til Marðar Valgarðssonar og sagði honum tíðindin. Hann harmaði mjög. Kári kvað þá annað karlmannlegra en gráta þá dauða og bað hann heldur safna liði og koma öllu til Holtsvaðs.

Síðan reið Kári í Þjórsárdal til Hjalta Skeggjasonar. Og þá er hann kom upp með Þjórsá sér hann mann ríða eftir sér hvatlega. Kári beið mannsins og kennir að þar var Ingjaldur frá Keldum. Hann sér að hann var alblóðugur um lærið. Kári spurði Ingjald hver hann hefði særðan en hann sagði.

"Hvar fundust þið?" segir Kári.

"Við Rangá," segir Ingjaldur, "og skaut hann yfir ána til mín."

"Gerðir þú nokkuð í móti?" segir Kári.

"Aftur skaut eg spjóttinu," segir Ingjaldur, "og sögðu þeir að maður yrði fyrir og væri sá þegar dauður."

"Vissir þú eigi," segir Kári, "hver fyrir varð?"

"Líkt þótti mér vera Þorsteini bróðursyni Flosa," segir Ingjaldur.

"Njót þú heill handa," segir Kári.

Síðan riðu þeir báðir saman til móts við Hjalta Skeggjason og sögðu honum tíðindin.

Hann tók illa á verkum þessum og kvað hina mestu nauðsyn að ríða eftir þeim og drepa þá alla. Síðan safnaði hann liði og kveður upp almenning. Ríða þeir Kári nú við þetta lið til móts við Mörð Valgarðsson og fundust þeir við Holtsvað. Var Mörður þar fyrir með allmiklu liði. Þá skiptu þeir leitinni. Riðu sumir hið fremra austur til Seljalandsmúla en sumir upp til Fljótshlíðar en sumir hið efra um Þríhyrningshálsa og svo ofan í Goðaland. Þá riðu þeir norður allt til sands en sumir til Fiskivatna og hurfu þar aftur. Sumir riðu austur í Holt hið fremra og sögðu Þorgeiri tíðindin og spurðu þeir hann hvort þeir Flosi hefðu þar ekki um riðið.

Þorgeir mælti: "Þann veg er þó að eg sé ekki mikill höfðingi þá mun Flosi þó annað ráð taka en ríða fyrir augu mér þar sem hann hefir drepitð Njál föðurbróðir minn og sonu hans bræðrunga mína. Og er yður engi annar á ger en snúa aftur því að þér munuð hafa leitað langt um skammt fram. En segið það Kára að hann ríði hingað til mín og veri hér með mér ef hann vill. En þó að hann vilji eigi austur hingað þá mun eg annast um bú hans að Dyrhólum ef hann vill. Segið honum og það að eg mun veita honum slíkt er eg má og ríða til alþingis með honum. Mun hann og vita það að vér bræður erum aðilar um eftirmálið. Ætlum vér og svo að ganga málinu að sektir skuli verða ef vér megum ráða og síðan mannhefndir. En eg fer af því hvergi nú með yður að eg veit að ekki mun gera og munu þeir nú vera sem varastir um sig."

Ríða þeir nú aftur og fundust allir að Hofi og töluðu þar um með sér að þeir hefðu svívirðing af fengið er þeir höfðu eigi fundið þá. Mörður kvað það ekki vera. Þá eggjuðu margir að fara skyldi til Fljótshlíðar og taka upp bú þeirra allra er að þessum verkum höfðu verið en þó var því vikið til atkvæða Marðar. Hann kvað það vera hið mesta óráð. Þeir spurðu hví hann mælti það.

"Því," segir hann, "ef bú þeirra standa þá munu þeir vitja þeirra og kvenna sinna og mun þá þar mega veiða á, er stundir líða. Skuluð þér nú ekki efa yður að eg skal trúr Kára í öllum ráðum því að eg á fyrir sjálfan mig að svara."

Hjalti bað hann svo gera sem hann hét. Þá bauð Hjalti Kára til sín. Hann kvaðst þangað mundu fyrst ríða. Þeir sögðu og hvað Þorgeir hafði boðið honum en hann lést þess boðs síðar neyta skyldu en kvað sér vel hug um segja ef slíkir væru margir. Dreifðu þeir þá öllu liðinu.

Þeir Flosi sáu öll tíðindi þar sem þeir voru í fjallinu.

Flosi mælti: "Nú skulum vér taka hesta vora og ríða í braut því að nú mun oss það vel hlýða."

Þeir Sigfússynir spurðu hvort þeim myndi duga að koma til búa sinna og segja fyrir.

"Það mun Mörður ætla," segir Flosi, "að þér munuð vitja kvenna yðvarra og er það geta mín að það sé ráð hans að standa skuli bú yður órænt. Og er það mitt ráð að engi vor skiljist nú við annan og ríði allir austur með mér."

Tóku þeir það þá til ráðs allir. Riðu þeir þá í braut og fyrir norðan jökul og svo uns þeir komu til Svínafells. Flosi sendi þegar menn að draga að föng svo að engan hlut skyldi skorta.

Flosi hældist aldrei um verk þessi enda fann engi maður hræðslu á honum. Og var hann heima allan veturinn fram um jól.

## 132. kafli

Kári bað Hjalta fara að leita beina Njáls "því að því munu allir trúa er þú segir frá og þér sýnist."

Hjalti kvaðst það gjarna gera vilja að flytja bein Njáls til kirkju.

Síðan riðu þeir þaðan fimmtán menn. Þeir riðu austur yfir Þjórsá og kvöddu þar upp menn með sér til þess er þeir höfðu hundrað manna með nábum Njáls. Þeir komu til Bergþórshvols að hádegi dags.

Hjalti spurði Kára hvar Njáll mundi undir liggja en Kári vísaði þeim til og var þar mikilli ösku af að moka. Þar fundu þeir undir húðina og var sem hún væri skorpnuð við eld. Þeir tóku upp húðina og voru þau bæði óbrunnin undir. Allir lofuðu guð fyrir það og þótti stór jartegn í vera. Síðan var tekinn sveinninn er legið hafði í millum þeirra og var af honum brunninn fingurinn einn er hann hafði rétt upp



undan húðinni. Njáll var út borinn og svo Bergþóra. Síðan gengu til allir menn að sjá líkami þeirra.

Hjalti mælti: "Hversu sýnast yður líkamir þessir?"

Þeir svöruðu: "Þinna atkvæða viljum vér að bíða."

Hjalti mælti: "Ekki mun mér um þetta einarðarfátt verða. Líkami Bergþóru þykir mér að líkindum og þó vel. En líkami Njáls og ásjóna sýnist mér svo hjartur að eg hefi engis dauðs manns líkama séð jafnhjartan."

Allir sögðu að svo var. Þá leituðu þeir Skarphéðins. Þar vísuðu heimamenn til sem þeir Flosi heyrðu að vísan var kveðin og var þar þekjan fallin að gaflinum og þar mælti Hjalti að til skyldi grafa. Síðan gerðu þeir svo og fundu þar líkama Skarphéðins og hafði hann staðið upp við gaflhlaðið og voru brunnir fætur af honum mjög svo neðan til knjá en allt var annað óbrunnið á honum. Hann hafði bitið á kámpinum. Augu hans voru opin og óprútin. Hann hafði rekið öxina í gaflhlaðið svo fast að gengið hafði allt upp á miðjan fetann og var hún ekki af því dignuð. Síðan var hann út borinn og öxin.

Hjalti tók upp öxina og mælti: "Þetta er fágætt vopn og munu fáir bera mega."

Kári mælti: "Sé eg mann til hver bera skal öxina."

"Hver er sá?" segir Hjalti.

"Þorgeir skorargeir," segir Kári, "sá er eg ætla nú mestan mann í þeirri ætt vera."

Þá var Skarphéðinn færður af klæðum því að þau voru ekki brunnin. Hann hafði lagið hendur sínar í kross og á ofan hina hægri. Díla fundu þeir á honum í millum herðanna en annan á bringunni og var hvortveggi brenndur í kross og ætluðu menn að hann mundi sig sjálfur brennt hafa. Allir menn mæltu það að betra þætti hjá Skarphéðni dauðum en þeir ætluðu því að engi maður hræddist hann.

Þeir leituðu Gríms og fundu bein hans í miðjum skálanum. Þeir fundu þar gegnt honum undir hliðveggjum Þórð leysingja en í vefjastofunni fundu þeir Sæunni kerlingu og þrjá menn aðra. Alls fundu þeir þar bein af ellefu mönnum. Fluttu þeir nú líkin til kirkju.

Þá reið Hjalti heim og Kári með honum.

Blástur kom í fótinn Ingjaldi. Fór hann þá til Hjalta og græddi hann Ingjald og var hann þó jafnan haltur síðan.

Kári reið í Tungu til Ásgríms Elliða-Grímssonar. Þá var Þórhalla heim komin og hafði hún þá sagt áður tíðindin. Ásgrímur tók við Kára báðum höndum og bað að hann skyldi vera þar öll þau misseri. Kári kvað svo vera skyldu. Ásgrímur bauð því öllu liði til sín er að Bergþórshvoli hafði verið.

Kári segir að það var vel boðið "og skal þetta þiggja fyrir þeirra hönd."

Var þá flutt þangað allt liðið.

Þórhalli Ásgrímssyni brá svo við er honum var sagt að Njáll fóstri hans var dauður og hann hafði inni brunnið að hann þrútaði allur og blóðbogi stóð úr hvorritveggju hlustinni og varð eigi stöðvað og féll hann í óvit og þá stöðvaðist.

Eftir það stóð hann upp og kvað sér lítilmannlega verða "en það mundi eg vilja að eg hefndi þessa á þeim nokkurum er hann brenndu inni er nú hefir mig hent."

En aðrir sögðu að engi mundi honum þetta virða til skammar en hann kvaðst ekki taka mega af því hvað mælt væri.

Ásgrímur spurði Kára hvers trausts hann mundi eiga von af þeim fyrir austan ár. Kári segir að Mörður Valgarðsson og Hjalti Skeggjason mundu veita honum slíkan styrk sem þeir mættu og Þorgeir skorargeir og þeir allir bræður. Ásgrímur sagði það mikinn afla.

"Hvern styrk skulum vér af þér hafa?" segir Kári.

"Allan þann sem eg má veita," segir Ásgrímur, "og skal eg líf á leggja."

"Ger þú svo," segir Kári.

Ásgrímur mælti: "Eg hefi og komið Gissuri hvíta í málið og spurði eg hann að ráðum hversu með skyldi fara."

"Það er vel," segir Kári, "eða hvað lagði hann til?"

Ásgrímur svarar: "Það lagði hann til að vér skyldum öllu kyrru fyrir halda til vors en ríða þá austur og búa mál til á hendur Flosa um víg Helga og kveðja búa heiman og Lýsa á þingi brennumálum og kveðja þar hinu sömu búa í dóm. Eg spurði og Gissur hver sækja skyldi vígsmálið en hann sagði að Mörður skyldi sækja hvort sem honum þætti gott eða illt "skal hann því þungast af hafa að honum hafa öll málin verst farið hér til. Kári skal og síreiður jafnan er hann finnur Mörð og mun hann slíkt til draga og forsjá mín í annan stað," sagði Gissur."

Kári mælti þá: "Þínum ráðum munum vér fram fara meðan þeirra er kostur og þú vilt fyrir vera."

Svo er að segja frá Kára að hann mátti ekki sofa um nætur. Ásgrímur vaknaði eina nótt og heyrði að Kári vakti.

Ásgrímur mælti: "Hvort verður ekki svefnsamt á næturnar?"

Kári kvað þá vísu:

Kemrat, Ullr, um alla,  
álmsíma, mér grímu,  
beðhlíðar man eg beiði  
bauga, svefn á augu,  
síð brandviðir brenndu  
böðvar nausts á hausti,  
eg er að mínu meini  
minnigr, Níal inni.

Engra manna gat Kári jafnoft sem Njáls og Skarphéðins. Aldrei ámælti hann óvinum sínum og aldrei heitaðist hann við þá.

## 133. kafli

Eina nótt bar svo til að Svínafelli að Flosi lét illa í svefni. Glúmur Hildisson vakti hann og var lengi áður en hann gæti vakið hann. Flosi mælti þá: "Kallið mér Ketil úr Mörk."

Ketill kom þangað.

Flosi mælti: "Segja vil eg þér draum minn."

"Það má vel," segir Ketill.

"Mig dreymdi það," segir Flosi, "að eg þóttist staddur að Lómagnúpi og ganga út og sjá upp til gnúpsins. Og opnaðist hann og gekk maður út úr gnúpinum og var í geithéðni og hafði járnstaf í hendi. Hann fór kallandi og kallaði á menn mína, suma fyrr en suma síðar, og nefndi þá á nafn. Hann kallaði fyrstan Grím hinn rauða frænda minn og Árna Kolsson. Þá þótti mér undarlega við bregða. Mér þótti hann þá kalla Eyjólf Bölverksson og Ljót son Halls af Síðu og nokkura sex menn. Þá þagði hann stund nokkura. Síðan kallaði hann fimm menn af voru liði og voru þar Sigfússynir, bræður þínir. Þá kallaði hann aðra fimm menn og var þar Lambi og Móðólfur og Glúmur. Þá kallaði hann þrjá menn. Síðast kallaði hann Gunnar Lambason og Kol Þorsteinsson. Eftir það gekk hann að mér. Eg spurði hann tíðinda. Hann lést kunna að segja tíðindin. Þá spurði eg hann að nafni en hann nefndist Járngrímur. Eg spurði hvert hann skyldi fara. Hann kvaðst fara skyldu til alþingis. "Hvað skalt þú þar gera?" sagði eg. Hann svaraði: "Fyrst skal eg ryðja kviðu en þá dóma en þá vígvöll fyrir vegöndum." Síðan kvað hann þetta:

Höggorma mun hefjast  
herði-Þundr á landi.  
Sjá munu menn á moldu  
margar heila borgir.  
Nú vex blárna brodda  
beystisullr í fjöllum.  
Koma mun sumra seggja  
sveita döggi á leggi.

Hann laust niður stafnum og varð brestur mikill. Gekk hann þá inn í fjallið en mér bauð ótta. Vil eg nú að þú segir hvað þú ætlar draum minn vera."

"Það er hugboð mitt," segir Ketill, "að þeir muni allir feigir er kallaðir voru. Sýnist mér það ráð að þenna draum segjum við engum manni að svo búnu."

Flosi kvað svo vera skyldu.

Nú líður veturinn þar til er lokið var jólum.

Flosi mælti þá til sinna manna: "Nú ætla eg að vér skulum fara heiman því að mér þykir sem vér munum eigi setugrið hafa mega. Skulum vér nú fara í liðsbón. Mun nú það sannast sem eg sagði yður að vér mundum mörgum fyrir kné ganga verða áður en lokið er þessum málum."

## 134. kafli

Síðan bjuggust þeir heiman allir. Flosi var í leistabrókum því að hann ætlaði að ganga. Vissi hann að þá mundi öðrum minna fyrir þykja að ganga. Þeir fóru heiman á Hnappavöll en annan aftan til Breiðár en frá Breiðá til Kálfafells, þaðan í Bjarnanes í Hornafjörð, þaðan til Stafafells í Lón en þá til Þvottár til Síðu-Halls. Flosi átti Steinvöru dóttur hans. Hallur tók við þeim allvel.

Flosi mælti til Halls: "Biðja vil eg þig mágur að þú ríðir til þings með mér með alla þingmenn þína."

Hallur svaraði: "Nú er svo orðið sem mælt er að skamma stund verður hönd höggi fegin. Og er sá nú allur einn í þínu liði er nú hefur eigi höfuðs og hinn er þá eggjaði hins versta verks er eigi var fram komið. En liðveislu mína er skylt að eg leggi til alla slíka sem eg má."

Flosi mælti: "Hvað leggur þú nú til ráðs með mér þar sem nú er komið?"

Hann svarar: "Fara skalt þú allt norður til Vopnafjarðar og biðja alla höfðingja liðsinnis og munt þú þó þurfa þeirra allra áður en þingi sé lokið."

Flosi dvaldist þar þrjár nætur og hvíldi sig og fór þaðan austur til Geitahellna og svo til Berufjarðar. Þar voru þeir um nótt. Þaðan fóru þeir austur til Breiðdals í Heydali. Þar bjó Hallbjörn hinn sterki. Hann átti Oddnýju, systur Sörla Brodd-Helgasonar, og hafði Flosi þar góðar viðtökur. Hallbjörn spurði margs úr brennunni en Flosi sagði honum frá öllu gjörla. Hallbjörn spurði hversu langt Flosi ætlaði norður í fjörðuna. Hann kvaðst fara ætla til Vopnafjarðar. Flosi tók þá fésjóð af belti sér og kvaðst vildu gefa Hallbirni.

Hann tók við fénu en kveðst þó ekki gjafar eiga að Flosa "en þó vil eg vita hverju þú vilt að eg launi þér."

"Ekki þarf eg fjár," segir Flosi, "en það vildi eg að þú ríðir til þings með mér og veittir að málum mínum. En þó á eg hvorki að telja til við þig mægðir né frændsemi."

Hallbjörn mælti: "Því mun eg heita þér að ríða til þings með þér og veita þér að málum sem eg mundi bróður mínum."

Flosi þakkaði honum.

Þaðan fóru þeir Breiðdalsheiði og svo á Hrafnkelsstaði. Þar bjó Hrafnkell Þórisson, Hrafnkelssonar, Hrafnssonar. Flosi hafði þar góðar viðtökur og leitaði hann eftir um þingreið við Hrafnkel og liðveislu. Hrafnkell fór lengi undan en þó kom þar að hann hét að Þórir son hans mundi ríða við alla þingmenn þeirra og vera í slíkri liðveislu sem samþingisgoðar hans.

Flosi þakkaði honum og fór í braut og á Bersastaði. Þar bjó Hólmsteinn Spak-Bersason og tók hann allvel við Flosa. Flosi bað hann liðveislu. Hólmsteinn kvað hann löngu hafa laun selt um liðveislu.

Þaðan fóru þeir á Valþjófsstaði. Þar bjó Sörli Brodd-Helgason, bróðir Bjarna Brodd-Helgasonar. Hann átti Þórdísi dóttur Guðmundar hins ríka á Möðruvöllum. Þeir höfðu það góðar viðtökur. En um morguninn vakti Flosi til við Sörla að hann mundi ríða til Alþingis með honum og bauð honum fé til.

"Eigi veit eg það," segir Sörli, "meðan eg veit eigi hvaðan Guðmundur hinn ríki stendur að, mágur minn, því að eg ætla honum að veita hvaðan sem hann stendur að."

Flosi mælti: "Finn eg það á svörum þínum að þú hefir kvonríki."

Flosi stóð þá upp og bað taka klæði þeirra og vopn. Fóru þeir þá í braut og fengu þar enga liðveislu.

Þeir fóru fyrir neðan Lagarfljót og yfir heiði til Njarðvíkur. Þar bjuggu bræður tveir, Þorkell fullspakur og Þorvaldur. Þeir voru synir Ketils þryms Þiðrandasonar hins spaka, Ketilssonar þryms, Þórissonar Þiðranda. Móðir þeirra Þorkels fullspaks og Þorvalds var Yngveldur Þorkelsdóttir fullspaks. Flosi hafði þar góðar viðtökur. Hann sagði þeim bræðrum deili á um erindi sín og bað þá liðveislu en þeir synjuðu áður en hann gaf þeim þrjár merkur silfurs hvorum þeirra til liðveislu. Þá játuðu þeir að veita Flosa.

Yngveldur móðir þeirra var hjá stödd er þeir hétu alþingisreiðinni og grét.

Þorkell mælti: "Hví grætur þú móðir?"

Hún svarar: "Mig dreymdi að Þorvaldur bróðir þinn væri í rauðum kyrtli og þótti mér svo þröngur vera sem saumaður væri að honum. Mér þótti hann og vera í rauðum hosum undir og vafið að vondum dreglum. Mér þótti illt á að sjá er eg vissi að honum var svo óhægt en eg mátti ekki að gera."

Þeir hlógu að og kváðu vera loklausu og sögðu geip hennar ekki skyldu standa fyrir þingreiðum sínum.

Flosi þakkaði þeim vel og fór þaðan til Vopnafjarðar og komu til Hofa. Þar bjó þá Bjarni Brodd-Helgason Þorgilssonar, Þorsteinssonar hins hvíta, Ölvissonar, Eyvaldssonar, Öxna-Þórissonar. Móðir Bjarna var Halla Lýtingsdóttir. Móðir Brodd-Helga var Ásvör dóttir Þóris Graut-Atlasonar, Þórissonar Þiðranda. Bjarni Brodd-Helgason átti Rannveigu Þorgeirsdóttur, Eiríkssonar úr Goðdölum, Geirmundarsonar, Hróaldssonar, Eiríkssonar örðigskeggja.

Bjarni tók við Flosa báðum höndum. Flosi bauð Bjarna fé til liðveislu.

Bjarni mælti: "Aldrei hefi eg selt karlmennsku mína við fémútu eða liðveislu. En nú er þú þarft liðs mun eg gera þér um vinveitt og ríða til þings með þér og veita þér sem eg mundi bróður mínum."

"Þá snýrðu öllum vanda á hendur mér," segir Flosi, "en þó var mér slíks að þér von."

Þaðan fóru þeir Flosi til Krossavíkur. Þar bjó Þorkell Geitisson. Þorkell var vinur Flosa mikill áður. Flosi sagði honum erindi sitt. Þorkell kvað það skylt vera að hann veitti honum slíkt er hann væri til fær og skiljast eigi við hans mál. Þorkell gaf Flosa góðar gjafar að skilnaði.

Þá fór Flosi norðan úr Vopnafirði og upp í Fljótsdalshérað og gisti að Hólmsteins Spak-Bersasonar. Flosi sagði honum að allir hefðu vel staðið undir hans nauðsyn og erindi nema Sörli Brodd-Helgason. Hólmsteinn kvað það til þess bera að hann væri engi ofstopamaður. Hólmsteinn gaf Flosa góðar gjafar. Flosi fór upp Fljótsdal og þaðan suður á fjall um Öxarhraun og ofan Sviðinhornadal og út með Álftafirði fyrir vestan og lauk Flosi eigi ferð fyrr en hann kom til Þvottár til Halls mágs síns. Þar var Flosi hálfan mánuð og menn hans og hvíldu sig.

Flosi spurði Hall hvað hann legði til ráðs með honum, hversu hann skyldi nú með fara eða breyta högum sínum.

Hallur mælti: "Það ræð eg að þú sért heima við bú þitt og Sigfússynir en þeir sendi menn til að skipa til búa sinna en þér farið heim að sinni. En þá er þér ríðið til þings, ríðið allir saman og dreifið ekki flokki yðrum. Fari þá Sigfússynir að hitta konur sínar. Eg mun og ríða til þings og Ljótur sonur minn með alla þingmenn okkra og veita þér slíkt lið sem eg má mér við koma."

Flosi þakkaði honum. Hallur gaf honum góðar gjafar að skilnaði.

Flosi fór þá frá Þvottá og er ekki um hans ferð að tala fyrr en hann kemur heim til Svínafells. Er hann þá heima það er eftir var vetrarins og sumarið allt til þings framan.

## 135. kafli

Nú er þar til máls að taka að Kári Sölmundarson og Þórhallur Ásgrímsson riðu einhvern dag til Mosfells að finna Gissur hvíta. Hann tók við þeim báðum höndum og voru þeir þar mjög langa hríð.

Það var einu hverju sinni þá er þeir Gissur töluðu um brennu Njáls að Gissur kvað það allmikla giftu er Kári hafði í braut komist.

Þá varð Kára vísa á munn:

Hjálmskassa fór hvessir,  
herðimeidr, af reiði  
út úr elris sveita  
ófús Níals húsa  
þá er eld-Gunnar inni  
óðrunnar þar brunnu.  
Menn nemi mál sem eg inni  
mín, harmsakir tínum.

Þá mælti Gissur: "Vorkunn er það er þér sé minnisamt og skulum við nú ekki um tala fleira að sinni."

Kári sagði að hann ætlaði þá heim að ríða.

Gissur mælti: "Eg mun nú gera mér dælt um ráðagerð við þig. Þú skalt eigi heim ríða en þó skalt þú í braut ríða og austur undir Eyjafjöll að finna Þorgeir skorargeir og Þorleif krák. Þeir skulu ríða austan með þér því að þeir eru aðiljar sakanna. Með þeim skal ríða Þorgrímur hinn mikli bróðir þeirra. Þér skuluð ríða til Marðar Valgarðssonar. Skalt þú segja honum orð mín til að hann taki við vígsmáli eftir Helga Njálsson á hendur Flosa. En ef hann mælir nokkuru orði í móti þessu þá skalt þú gera þig sem reiðastan og lát sem þú munir hafa öxi í höfði honum. Þú skalt og í annan stað segja á reiði mína ef hann lætur illa að komast. Þar með skalt þú segja að eg mun láta sækja Þorkötu dóttur mína og láta hana fara heim til mín en það mun hann eigi þola því að hann ann henni sem augum í höfði sér."

Kári þakkaði honum sína ráðagerð. Ekki talaði Kári um liðveislu við hann því að hann ætlaði að það mundi honum fara vinveittlega sem annað.

Kári reið þaðan austur yfir ár og svo til Fljótshlíðar og austur yfir Markarfljót og svo til Seljalandsmúla. Þeir ríða austur í Holt. Þorgeir tók við þeim með hinni mestu blíðu. Hann sagði þeim um ferðir Flosa og hversu mikið lið hann hafði þegið í Austfjörðum. Kári sagði að það var vorkunn að hann bæði sér liðs svo mörgu sem hann mundi svara eiga.

Þorgeir mælti: "Því betur er þeim fer öllum verr af."

Kári segir Þorgeiri tillögur Gissurar.

Síðan riðu þeir austan á Rangárvöllu til Marðar Valgarðssonar. Hann tók vel við þeim. Kári sagði honum orðsending Gissurar mágs hans. Hann tók seinlega undir það og kvað meira að sækja Flosa einn en tíu aðra.

Kári mælti: "Jafnt fer þér þetta sem hann ætlaði því að þér eru allir hlutir illa gefnir. Þú ert bæði hræddur og huglaus enda skal það á bak koma sem þér er maklegt að Þorkatla skal fara heim til föður síns."

Hún bjóst þegar og kvaðst þess fyrir löngu búin að skildi með þeim Merði. Mörður skipti þá skjótt skapi sínu og svo orðum og bað af sér reiði og tók þegar við málinu.

Kári mælti þá: "Nú hefir þú tekið við málinu og sæk nú óhræddur því að líf þitt liggur við."

Mörður kvaðst allan hug skyldu á leggja að gera þetta vel og drengilega.

Eftir það stefndi Mörður til sín níu búum. Þeir voru allir vettvangsbúar.

Mörður tók þá í hönd Þorgeiri og nefndi votta tvo "í það vætti að Þorgeir Þórisson selur mér vígsök á hendur Flosa Þórðarsyni að sækja um víg Helga Njálssonar með sóknargögnum þeim öllum er sökinni eiga að fylgja. Selur þú mér sök þessa að sækja og að sættast á, svo allra gagna að njóta sem eg sé réttur aðili. Selur þú með lögum en eg tek með lögum."

Í annað sinn nefndi Mörður sér votta "í það vætti," segir hann, "að eg lýsi lögmætu frumhlaupi á hönd Flosa Þórðarsyni er hann veitti Helga Njálssyni heilundar sár eða holundar eða mergundar það er að ben gerðist en Helgi fékk bana af. Lýsi eg fyrir búum fimm" - og nefndi hann þá alla - "lýsi eg löglýsing. Lýsi eg handseldri sök Þorgeirs Þórissonar."

Í öðru sinni nefndi hann votta "í það vætti að eg lýsi heilundarsári eða holundar eða mergundar á hönd Flosa Þórðarsyni, því sári er að ben gerðist en Helgi fékk bana af á þeim vettvangi er Flosi Þórðarson hljóp til Helga Njálssonar lögmætu frumhlaupi áður. Lýsi eg fyrir búum fimm" - síðan nefndi hann þá alla - "lýsi eg löglýsing. Lýsi eg handseldri sök Þorgeirs Þórissonar."

Þá nefndi Mörður sér votta hið þriðja sinn "í það vætti," segir hann, "að eg kveð vettvangsbúa þá alla níu" - og nefndi þá alla á nafn - "alþingisreiðar og búakviðar að bera um það hvort Flosi Þórðarson hljóp lögmætu frumhlaupi til Helga Njálssonar á þeim vettvangi er Flosi Þórðarson veitti Helga Njálssyni heilundarsár eða holundar eða mergundar það er að ben gerðist en Helgi fékk bana af. Kveð eg yður þeirra orða allra er yður skylda lög til um að bera og eg vil yður að dómi beitt hafa og þessu máli eiga að fylgja. Kveð eg yður lögkvöð svo að þér heyrið á sjálfir. Kveð eg um handselt mál Þorgeirs Þórissonar."

Mörður nefndi sér votta "í það vætti," segir hann, "að eg kveð vettvangsbúa þessa níu alþingisreiðar og búakviðar að bera um það hvort Flosi Þórðarson særði Helga Njálsson heilundarsári eða mergundar eða holundar, því sári er að ben gerðist en Helgi fékk bana af á þeim vettvangi er Flosi Þórðarson hljóp til Helga Njálssonar áður lögmætu frumhlaupi. Kveð eg yður þeirra orða allra er yður skylda lög til um að bera og eg vil yður að dómi beitt hafa og þessu máli eiga að fylgja. Kveð eg yður svo að þér heyrið á sjálfir. Kveð eg yður um handselt mál Þorgeirs Þórissonar."

Þá mælti Mörður: "Nú er hér mál til búið sem þér beiddust. Vil eg nú biðja þig Þorgeir skorargeir að þú komir til mín er þú ríður til þings og ríðum við þá báðir saman með hvorntveggja flokkinn og höldum okkur sem best saman því að flokkur minn skal þegar búinn til öndverðs þings og skal eg yður í öllum hlutum trúr vera."

Þeir tóku því öllu vel og var þetta bundið svardögum að engi skyldi við annan skilja fyrr en Kári vildi og hver þeirra skyldi leggja sitt líf við annars líf. Skildu þeir nú með vináttu og mæltu mót með sér á þingi.

Reið þá Þorgeir austur aftur en Kári reið vestur yfir ár þar til er hann kom í Tungu til Ásgríms. Ásgrímur tók við honum ágæta vel. Kári sagði Ásgrími alla ráðagerð Gissurar hvíta og málatilbúnaðinn.

"Slíks var mér að honum von," segir Ásgrímur, "að honum mundi vel fara enda hefir hann það nú sýnt."

"Ásgrímur mælti: "Hvað spyrðu austan frá Flosa?"

Kári svarar: "Hann fór allt austur í Vopnafjörð og hafa nálega allir höfðingjar heitið honum liðveislu og alþingisreið. Þeir vænta sér og liðs af Reykdælum og Ljósvetningum og Öxfirðingum."

Þeir töluðu þar margt um. Líða nú stundir allt framan til alþingis.

Þórhallur Ásgrímsson tók fótarmein svo mikið að fóturinn fyrir ofan ökkla var svo digur og þrúttinn sem konulær og mátti hann ekki ganga nema við staf. Hann var mikill maður vexti og rammur að afli, dökkur á hár og svo á skinnslit, vel orðstilltur og þó skapbráður. Hann var hinn þriðji maður mestur lögmaður á Íslandi.

Nú kemur að því að er menn skyldu heiman ríða til þings.

Ásgrímur mælti til Kára: "Þú skalt ríða til öndverðs þings og tjalda búðir vorar og með þér Þórhallur son minn því að þú munt best og hóglegast með hann fara er hann er fótلامي en vér munum hans mest þurfa á þessu þingi. Með ykkur skulu ríða tuttugu menn aðrir."

Eftir það var búin ferð þeirra og riðu þeir síðan til þings og tjölduðu búðir og bjuggust vel um.

## 136. kafli

Flosi reið austan og þeir tíu tígir manna er að brennu höfðu verið með honum. Þeir riðu þar til er þeir komu til Fljótshlíðar. Skipuðu þá Sigfússynir til búa sinna og dvöldust þar um daginn en um kveldið riðu þeir vestur yfir Þjórsá og sváfu þar um nóttina. En um morguninn snemma tóku þeir hesta sína og riðu fram á leið.

Flosi mælti til manna sinna: "Nú munum vér ríða í Tungu til Ásgríms Elliða-Grímssonar til dagverðar og troða illsakar við hann."

Þeir kváðu það vel gert. Þeir ríða nú þar til er þeir eiga skammt í Tungu.

Ásgrímur stóð úti og nokkurir menn með honum. Þeir sjá þegar flokkinn er mátti heiman.

Menn Ásgríms mæltu: "Þar mun vera Þorgeir skorargeir."

Ásgrímur mælti: "Ekki in heldur ætla eg það því að þessir menn fara með hlátri og gapi en frændur Njáls, slíkir sem Þorgeir er, munu eigi hlægja fyrr en nokkuð er hefnt brennunnar. Og mun eg geta annars til og má vera að yður þyki það ólíklegt. Það er ætlun mín að vera muni Flosi og brennumenn með honum og munu þeir ætla að troða illsakar við oss og skulum vér nú inn ganga allir."

Þeir gera nú svo. Ásgrímur lét sópa hús og tjalda og setja borð og bera mat á. Hann lét setja forsæti með endilöngum bekkjum um alla stofuna.



Flosi reið í túnið og bað menn stíga af hestum og ganga inn. Þeir gerðu svo. Þeir Flosi komu í stofuna. Ásgrímur sat á palli. Flosi leit á bekkina og sá að allt var reiðubúið það er menn þurftu að hafa.

Ásgrímur kvaddi þá ekki en mælti til Flosa: "Því eru borð sett að heimull er matur þeim er hafa þurfa."

Flosi sté undir borð og allir menn hans en lögðu vopn sín upp að þili. Þeir sátu á forsætum er eigi máttu uppi sitja á bekkjunum en fjórir menn stóðu með vopnum fyrir framan þar sem Flosi sat meðan þeir mötuðust. Ásgrímur þagði um matmálið og var svo rauður á að sjá sem blóð. En er þeir voru mettir báru konur af borðum en sumar báru innar handlaugar. Flosi fór að engu óðara en hann væri heima. Bolöx lá í pallshorninu. Ásgrímur þreif hana tveim höndum og hljóp upp á pallsstokkinn og hjó til höfuðs Flosa. Glúmur Hildisson gat séð tilræðið og hljóp upp þegar og gat tekið öxina fyrir framan hendur Ásgrími og sneri þegar egginni að Ásgrími því að Glúmur var rammur að afli. Þá hljópu upp miklu fleiri menn og vildu ráða á Ásgrím en Flosi kvað engan mann skyldu Ásgrími mein gera "því að vér höfum gert honum ofraun en hann gerði það eina að er hann átti og sýndi hann það að hann var ofurhugi."

Flosi mælti til Ásgríms: "Hér munum vér nú skiljast heilir og finnast á þingi og taka þar til óspilltra mála."

"Svo mun vera," segir Ásgrímur, "og mundi eg það vilja, um það er þessu þingi er lokið, að þér færuð lægra."

Flosi svaraði engu. Gengu þeir þá út og stigu á hesta sína og riðu í braut.

Þeir riðu þar til er þeir komu til Laugarvatns og voru þar um nóttina. En um morguninn riðu þeir fram á Beitivöllu og áðu þar. Þar riðu að þeim flokkar margir. Var þar Hallur af Síðu og allir Austfirðingar. Flosi fagnaði þeim allvel og sagði þeim frá ferðum sínum og viðskiptum þeirra Ásgríms. Margir lofuðu þetta og sögðu slíkt rösklega gert vera.

Þá mælti Hallur: "Þetta líst mér annan veg en yður því að þetta þykir mér óviturlegt bragð. Mundu þeir þó muna harmsakar sínar þó að þeir væru eigi af nýju á minntir en þeim mönnum allvant um er svo leita annarra manna þunglega."

Fannst það á Halli að honum þótti þetta mjög ofgert.

Þeir riðu þaðan allir saman þar til er þeir komu á Völlu hina efri og fylktu þar liði sínu og riðu síðan á þing ofan. Flosi hafði látið tjalda Byrgisbúð áður hann riði til þings en Austfirðingar riðu til sinna búða.

## 137. kafli

Nú er þar frá að segja að Þorgeir skorargeir reið austan með miklu liði. Voru þeir bræður hans með honum, Þorleifur krákur og Þorgrímur hinn mikli. Þeir riðu þar til er þeir komu til Hofs til Marðar Valgarðssonar og biðu þar til þess er hann var búinn. Mörður hafði safnað hverjum manni er vopnfær var og fundu þeir það eina á að hann var hinn öruggasti í öllu.

Riðu þeir nú þar til er þeir komu vestur yfir ár. Þá biðu þeir Hjalta Skeggjasonar. Hann kom þá er þeir höfðu skamma stund beðið. Fögnuðu þeir honum vel og riðu síðan allir saman til þess er þeir komu til Reykja í Biskupstungu og biðu þeir þar Ásgríms Elliða-Grímssonar og kom hann þar til móts við þá.

Riðu þeir þá vestur yfir Brúará. Ásgrímur segir þeim þá allt sem farið hafði með þeim Flosa.

Þorgeir mælti: "Það mundi eg vilja að vér reyndum karlmennsku þeirra áður lyki þinginu."

Riðu þeir allt þar til er þeir komu á Beitivöllu. Kom þar til móts við þá Gissur hinn hvíti með allmikið fjölmenni. Tóku þeir þá tal langt með sér. Riðu þeir þá á Völlu hina efri og fylktu þeir þar öllu liði sínu og riðu svo á þing ofan.

Flosi og menn hans hljópu til vopna allir og var þá við sjálft að þeir mundu berjast en þeir Ásgrímur og þeirra sveit gerðust ekki til þess og riðu til búða sinna. Var nú kyrrt þann dag svo að þeir áttust ekki við.

Þar voru komnir höfðingjar úr öllum fjórðungum á landinu og hafði aldrei verið þing jafnfjölmennt áður svo að menn myndu.

## 138. kafli

Eyjólfur hét maður. Hann var Bölverksson, Eyjólfssonar hins grá úr Otradal, Þórðarsonar gellis, Óleifssonar feilans. Móðir Eyjólfssonar hins grá var Hróðný dóttir Miðfjarðar-Skeggja Skinna-Bjarnarsonar, Skútaðar-Skeggjasonar. Eyjólfur Bölverksson var virðingamaður mikill og allra manna lögkænastur svo að hann var hinn þriðji maður mestur lögmaður á Íslandi. Hann var allra manna friðastur sýnum, mikill og sterkur og hið besta höfðingjaefni. Hann var féggjarn sem aðrir frændur hans.

Flosi gekk einn dag til búðar Bjarna Brodd-Helgasonar. Bjarni tók við honum báðum höndum og settist Flosi niður hjá honum. Þeir töluðust margt við.

Flosi mælti til Bjarna: "Hvað skulum vér nú til ráða taka?"

Bjarni svaraði: Eg ætla nú úr vöndu að ráða en það sýnist mér þó ráðlegast að biðja sér liðs því að þeir draga afla að yður. Eg vil og spyrja þig Flosi hvort nokkur er allmikill lögmaður í liði yðru því að yður eru tveir kostir til. Annar er sá að biðja setta og er sá allgóður, hinn er annar að verja mál með lögum ef varnir verða til þó að það þyki með kappið að gengið. Þykir mér því þann verða upp að taka að þér hafið áður með ofstopa að farið og samir nú eigi að þér minnkið yður."

Flosi mælti: "Þar er þú spurðir eftir um lögmenn þá mun eg þér því skjótt svara að sá er engi í vorum flokki og engis veit eg von nema Þorkels Geitissonar frænda þíns."

Bjarni mælti: "Ekki munum við hann telja. Þó að hann sé lögvitur þá er hann þá forsjáll mjög. Þarf það engi maður að ætla að hafa hann að skotspæni en fylgja mun hann þér sem sá annar er best fylgir því að hann er ofurhugi. En eg mun segja þér að það verður þess manns bani er vörn færir fram fyrir brennumálið en eg ann eigi þess Þorkatli frænda mínum. Munum við því verða að leita annars staðar á."

Flosi kveðst eigi vita skyn á hverjir lögmenn væru mestir.

Bjarni mælti: "Eyjólfur heitir maður og er Bölverksson. Hann er mestur lögmaður í Vestfirðingafjórðungi og mun honum þurfa að gefa til fé mikið ef honum skal verða komið í málið en þó munum vér ekki að því fara. Vér skulum og ganga með vopnum til allra lögskila og vera sem varastir um oss en ráða eigi á þá nema vér eigum hendur vorar að verja. Mun eg nú ganga með þér og fara í liðsbónina því að mér þykir sem nú muni eigi mega kyrru fyrir halda."

Síðan gengu þeir út úr búðinni og til þeirra Öxfirðinga. Talaði Bjarni þá við Lýting og Blæng og Hróa Arnsteinsson og fékk hann skjótt af þeim slíkt er hann beiddi.

Þá fóru þeir til fundar við Kol son Víga-Skútu og Eyvind Þorkelsson Áskelssonar goða og báðu þá liðveislu en þeir fóru lengi undan en þó kom svo að þeir tóku til þrjár merkur silfurs og gengu þá í málið með þeim.

Þá gengu þeir til Ljósvetningabúðar og dvöldust þar nokkura hríð. Flosi beiddi Ljósvetninga liðveislu en þeir voru erfiðir og torsóttir.

Flosi mælti þá með mikilli reiði: "Illa er yður farið. Þér eruð ágjarnir heima í héraði og ranglátir en viljið mönnum ekki að liði verða á þingum þó að menn krefji yður. Það mun og lagið mjög til ámælis við yður og að brigslum haft við yður á þingum ef þér munið eigi hrakningar þær er Skarphéðinn hrakti yður Ljósvetninga."

Í annan stað hafði hann við þá hljóðmæli og bauð þeim fé til liðveislu og lokkaði þá svo með fagurmælum. Þar kom að þeir hétu liðveislu og gerðu þeir sig þá svo örugga að þeir kváðust berjast skyldu með Flosa þó að þess þyrfti við.

Bjarni mælti þá til Flosa: "Vel er þér farið. Þú ert höfðingi mikill og röskur maður og einarður og sker lítt af manni."

Síðan fóru þeir í braut og vestur yfir Öxará og svo til Hlaðbúðar. Þeir sáu margt manna úti fyrir búðinni. Þar var einn maður sá er hafði skarlatsskikkju á herðum sér og gullhlað um höfuð og öxi silfurrekna í hendi.

Bjarni mælti: "Hér ber vel til. Hér er hann nú Eyjólfur Bölverksson ef þú vilt finna hann Flosi."

Síðan gengu þeir til móts við Eyjólf og kvöddu hann. Eyjólfur kenndi þegar Bjarna og tók honum vel. Bjarni tók í hönd Eyjólfi og leiddi hann upp í Almannagjá. Menn þeirra Bjarna og Flosa gengu eftir. Menn Eyjólfs gengu og með honum. Þeir báðu þá vera uppi á gjárbakkanum og sjást þaðan um.

Þeir Flosi gengu þar til er þeir koma þar er gatan liggur ofan af hinni efri gjánni. Flosi kvað þar gott að sitja og mega víða sjá. Þeir settust þá niður. Þeir voru þar fjórir menn saman og eigi fleiri.

Bjarni mælti þá til Eyjólfs: "Þig erum vér komnir að finna, vinur, því að vér þurfum mjög þinnar liðveislu í alla staði."

Eyjólfur mælti: "Hér er nú gott mannval á þinginu og mun yður lítið fyrir að finna þá menn er yður er miklu meiri styrkur að en hér sem eg er."

Bjarni mælti: "Það er ekki svo. Þú hefir marga þá hluti er engi er þér meiri maður hér á þinginu. Það fyrst að þú ert ættaður svo vel sem allir þeir menn eru komnir eru frá Ragnari Loðbrók. Hafa og foreldrar þínir jafnan í stórmælum staðið víða á þingum og heima í héraði og höfðu jafnan hinn meira hlut. Þykir oss því líklegt til að þú munir vera sigursæll í málunum."

Eyjólfur mælti: "Vel mælir þú Bjarni en lítið ætla eg að eg muni í eiga."

Flosi mælti þá: "Ekki þarf hér að munda til þess er oss er í hug. Liðveislu viljum vér þig biðja Eyjólfur að þú veitir að málum vorum og gangir að dómum með oss og takir varnir ef verða og færir fram fyrir vora hönd og veitir oss um alla hluti á þingi þessu þá er til kunna falla."

Eyjólfur spratt upp reiður og sagði svo að engi maður þarf sér það að ætla að hafa hann að ginningarffli eða forhleypti fyrir sér ef hann dregur ekki til."

"Eg sé nú og," segir hann, "hvað yður hefir til gengið fagurmælis þess er þér höfðuð við mig."

Hallbjörn hinn sterki þreif til hans og setti hann niður hjá sér í millum þeirra Bjarna og mælti: "Eigi fellur tré við hið fyrsta högg, vinur, og sit hér fyrst hjá oss."

Flosi dró þá gullhring af hendi sér og mælti: "Þenna hring vil eg gefa þér Eyjólfur til vináttu og liðveislu og sýna þér svo að eg vil eigi ginna þig. Er þér fyrir því best að þiggja hringinn að engi er hér sá á þingi að eg hafi þvílíka gjöf gefið."

Hringurinn var svo góður og mikill og vel ger að hann tók tólf hundruð mórend. Hallbjörn dró á hönd Eyjólfvi hringinn.

Eyjólfur mælti: "Það er nú líkara að eg þiggi hringinn svo vel sem þér fer. Munt þú og til þess ætla mega að eg mun taka við vörn og gera að slíkt er þarf."

Bjarni mælti: "Nú fer hvorumtveggja ykkrum vel. Eru menn hér nú vel til fallnir að vera vottarnir, þar sem við Hallbjörn erum, að þú takir við málinu.

Stóð þá Eyjólfur upp og svo Flosi og tókust í hendur. Tók Eyjólfur þá varnargögn öll af Flosa og svo ef sakar nokkurar gerðust af vörninni því að það er oft annars máls vörn er annars er sókn. Þá tók hann þau öll sóknargögn er þessum sökum áttu að fylgja hvort sem sækja skyldi í fjórðungsdóm eða fimmtardóm. Flosi seldi að lögum en Eyjólfur tók að lögum.

Hann mælti þá til Flosa og Bjarna: "Nú hefi eg hér tekið við máli sem þér beidduð. Nú vil eg þó að þér leynið þessu fyrst. En ef málið kemur í fimmtardóm þá skuluð þér það mest varast að segja að þér hafið fé gefið til liðveislunnar."

Flosi stóð þá upp og svo Bjarni og allir þeir. Gengu þeir Flosi og Bjarni hvor til sinnar búðar en Eyjólfur gekk til búðar Snorra goða og settist niður hjá honum. Þeir töluðust við margt. Snorri goði þreif til handarinnar Eyjólfvi og fletti upp af erminni og sér að hann hafði gullhring mikinn á hendi.

Snorri goði mælti: "Hvort er þessi hringur keyptur eða gefinn?"

Eyjólfvi fannst um fátt og varð orðfall.

Snorri mælti: "Eg skil gjörlla að þú munt að gjöf þegið hafa og skyldi þessi hringur eigi verða þér að höfuðbana."

Eyjólfur spratt upp og gekk í braut og vildi ekki um tala.

Snorri mælti er hann sá að Eyjólfur stóð skyndilega upp: "Það er líkara um það er þessu þingi er lokið að þú vitir hvað þú hefir þegið."

Gekk Eyjólfur þá til búðar sinnar.

## 139. kafli

Nú er þar til máls að taka að Ásgrímur Elliða-Grímsson er og Kári Sölmundarson að þeir fundust allir saman og Gissur hvíti og Hjalti Skeggjason og Þorgeir skorargeir og Mörður Valgarðsson.

Ásgrímur tók þá til orða: "Ekki þarf þetta í hljóðmæli að færa því að þeir einir menn eru hér nú við er hver veit annars trúnað. Vil eg nú spyrja yður ef þér vitið nokkuð til ráðagerðar þeirra Flosa. Sýnist mér sem vér munum verða að gera ráð vort í annan stað."

Gissur hvíti svarar: "Snorri goði sendi mann til mín og lét segja mér að Flosi hafði þegið mikið lið af Norðlendingum en Eyjólfur Bölverksson frændi hans hafði þegið gullhring af nokkurum og fór leynilega með. Og kvað Snorri það ætlan sína að Eyjólfur Bölverksson mundi ætlaður vera til að færa fram lögvarnir í málinu og mundi hringurinn til þess gefinn vera."

Þeir urðu allir á það sáttir að það mundi svo vera.

Gissur mælti þá til þeirra: "Nú hefir Mörður Valgarðsson mágur minn tekið við málinu því er öllum mun torveldast þykja, að sækja Flosa. Vil eg nú að þér skiptið öðrum sóknum með yður því að nú mun brátt verða að lýsa sökum að Lögbergi. Vér munum og þurfa að biðja oss liðs."

Ásgrímur svarar: "Svo skal nú og vera en biðja viljum vér þig að þú sért í liðsbóninni með oss."

Gissur kvaðst það mundu til leggja.

Síðan valdi Gissur með sér alla hina vitrustu menn af liði þeirra. Þar var Hjalti Skeggjason og Ásgrímur og Kári, Þorgeir skorargeir.

Þá mælti Gissur: "Nú munum vér fyrst ganga til búðar Skafta Þóroddssonar."

Síðan gengu þeir til Ölfusingabúðar. Gissur hvíti gekk fyrstur, þá Hjalti, þá Kári, þá Ásgrímur, þá Þorgeir skorargeir, þá bræður hans. Þeir gengu inn í búðina. Skafti sat á palli. Og er hann sá Gissur hvíta stóð hann upp í mót honum og fagnaði honum vel og öllum þeim og bað Gissur sitja hjá sér. Hann gerir nú svo.

Gissur mælti þá til Ásgríms: "Nú skalt þú vekja til um liðsbón við Skafta en eg mun þá til leggja slíkt er mér sýnist."

Ásgrímur mælti: "Til þess erum vér hingað komnir Skafti að sækja að þér traust og liðsinni."

Skafti mælti: "Torsóttur þótti yður eg næstum vera er eg vildi ekki taka undir vandræði yður."

Gissur mælti: "Nú er annan veg til farið. Nú er að mæla eftir Njál bónda og Bergþóru húsfreyju er bæði voru saklaus inni brennd og eftir þrjá sonu Njáls og marga aðra góða menn. Og munt þú aldrei það vilja gera að verða mönnum eigi að liði og veita frændum þínum og mágum."

Skafti svarar: "Það var mér þá í hug er Skarphéðinn mælti við mig að eg hefði sjálfur borið tjöru í höfuð mér og skorið á mig jarðarmen og hann kvað mig orðinn svo hræddan að Þórolfur Loftsson af Eyrum bæri mig á skip út í mjölkýlum sínum og flytti mig svo til Íslands, að eg mundi eigi eftir hann mæla."

Gissur mælti: "Ekki er nú á slíkt að minnst því að sá er nú dauður er þetta mælti og munt þú vilja veita mér þó að þú viljir eigi gera fyrir sakir annarra manna."

Skafti svarar: "Þetta mál kemur ekki til þín nema þú viljir vasast í með þeim."

Gissur reiddist þá mjög og mælti: "Ólíkur ert þú þínum föður. Þó að hann þætti nokkuð blandinn varð hann þá mönnum jafnan að liði er menn þurftu hans mest."

Skafti mælti: "Vér erum óskaplíkir. Þið þykist hafa staðið í stórræðum. Þú Gissur hvíti, þá er þú sóttir Gunnar að Hlíðarenda en Ásgrímur af því er hann drap Gauk fóstbróður sinn."

Ásgrímur svarar: "Fár bregður hinu betra ef hann veit hið verra. En það munu margir mæla að eigi dræpi eg Gauk fyrr en mér væri nauður á. Er það nokkur vorkunn að þú verðir oss eigi að liði en hitt er vorkunnarlaust að þú bregðir oss brigslum. Mundi eg það vilja um það er þessu þingi er lokið að þú fengir af þessum málum hina mestu óvirðing og bætti þér engi þá skömm."

Þeir Gissur stóðu þá upp allir og gengu út og svo til búðar Snorra goða og gengu inn í búðina. Snorri sat á palli í búðinni. Hann kenndi þegar mennina og stóð upp í móti þeim og bað þá alla vel komna og gaf þeim rúm að sitja hjá sér. Síðan spurðust þeir almæltra tíðinda.

Ásgrímur mælti til Snorra: "Til þess erum við Gissur frændi minn komnir hingað að biðja þig liðveislu."

Snorri goði svarar: "Það mælir þú þar er þér heldur vorkunn til, að mæla eftir mága þína slíka sem þú áttir. Þágum vér mörg ráð þægileg af Njáli þó að nú muni það fáir. Enda veit eg eigi hverrar liðveislu þér þykist mest þurfa."

Ásgrímur svarar: "Mest þurfum vér ef vér berjumst hér á þinginu."

Snorri mælti: "Svo er og að mikið liggur yður þá við. Er það og líkast að þér sækið með kappi enda munu þeir svo verja. Og munu hvorigir gera öðrum rétt. Munuð þér þá eigi þola þeim og ráða á þá. Er þá og sá einn til því að þeir vilja þá gjalda yður skömm fyrir mannskaða en svívirðing fyrir frændalát."

Fannst það á að hann hvatti þá fram í öllu.

Gissur hvíti mælti þá: "Vel mælir þú Snorri og fer þér þá best jafnan og höfðinglegast er mest liggur við."

Ásgrímur mælti: "Það vil eg vita hvað þú vilt þá veita oss ef svo fer sem þú segir."

Snorri mælti: "Gera skal eg þér vináttubragð það er yður sæmd skal öll við liggja. En ekki mun eg til dóma ganga. En ef þér berjist á þingi þá ráðið þér því aðeins á þá nema þér séuð allir sem öruggastir því að miklir kappar eru til móts. En ef þér verðið forviða munuð þér láta slá hingað til móts við oss því að eg mun þá hafa fylkt liði mínu hér fyrir og vera við búinn að veita yður. En ef hinn veg fer að þeir hrökkvi fyrir þá er það ætlan mín að þeir muni ætla að renna til vígis í Almanagjá en ef þeir komast þangað þá fáid þér þá aldrei sótta. Mun eg það á hendur takast að fylkja þar fyrir liði mínu og verja þeim vígið en ekki munum vér eftir ganga hvort sem þeir hörfa með ánni norður eða suður. Og þá er þér hafið vegið í lið þeirra svo nokkuð mjög að mér þyki þér mega halda upp fébótum svo að þér haldið goðorðum yðrum og héraðsvistum mun eg til hlaupa með menn mína alla og skilja yður. Skuluð þér þá gera það fyrir mín orð að hætta bardaganum ef eg geri þetta sem nú hefi eg heitið."

Gissur þakkaði honum vel og kvað þetta í allra þeirra nauðsyn mælt vera. Gengu þeir þá út allir.

Gissur mælti: "Hvert skulum vér nú ganga?"

"Til Möðruvellingabúðar," sagði Ásgrímur.

Fóru þeir þá þangað.

## 140. kafli

Og er þeir komu í búðina þá sáu þeir hvar Guðmundur hinn ríki sat og talaði við Einar Konalsson fóstura sinn. Hann var vitur maður. Gengu þeir þá fyrir Guðmund. Hann tók þeim vel og lét ryðja fyrir þeim búðina að þeir skyldu allir sitja mega. Spurðust þeir þá tíðinda.

Ásgrímur mælti: "Ekki þarf þetta á mutur að mæla. Til þess erum vér hér komnir að biðja þig öruggrar liðveislu."

Guðmundur svarar: "Hvort hafið þér nokkura höfðingja fundið áður?"

Þeir svöruðu að þeir höfðu fundið Skafta Þóroddsson og Snorra goða og sögðu honum allt af hljóði hversu hvorum þeirra fór.

Þá mælti Guðmundur: "Næstum fór mér til yðvar lítilmannlega er eg var yður erfiður. Skal eg nú því skemur draga fyrir yður er þá var eg torsóttari. Og skal eg nú ganga til dóma með yður með alla þingmenn mína og veita yður um allt á þingi þessu og berjast með yður þó að þess þurfi við og leggja mitt líf við yðvart líf. Eg mun og því launa Skafta að Þorsteinn holmunnur son hans skal vera í bardaganum með oss því að hann mun eigi treystast öðru en gera sem eg vil þar sem hann á Jódísi dóttur mína. Mun Skafti þá til fara að skilja oss."

Þeir þökkuðu honum vel og töluðu lengi síðan svo að ekki heyrðu það aðrir menn.

Guðmundur bað þá ekki ganga fyrir kné fleirum höfðingjum. Kvað hann það vera lítilmannlegt "og munum vér nú á hætta með þetta lið sem nú höfum vér. Þér skuluð ganga með vopnum til allra lögskila en berjast þó eigi svo búið."

Gengu þeir þá út allir og heim til búða sinna. Var þetta fyrst á fárra manna viti. Líður nú svo þingið.

## 141. kafli

Það var einn dag að menn gengu til Lögbergs og var svo skipað höfðingjum að Ásgrímur Elliða-Grímsson og Gissur hvíti, Guðmundur hinn ríki og Snorri goði voru uppi hjá Lögbergi en Austfirðingar stóðu niðri fyrir. Mörður Valgarðsson stóð hjá Gissuri hvíta mági sínum. Mörður var allra manna málsnjallastur. Gissur mælti þá að hann skyldi lýsa vígsökinni og bað hann mæla svo hátt að vel mætti heyrast.

Mörður nefndi sér votta. "Nefni eg í það vætti," segir hann, "að eg lýsi lögmætu frumhlaupi á hönd Flosa Þórðarsyni er hann hljóp til Helga Njálssonar á þeim vettvangi er Flosi Þórðarson hljóp til Helga Njálssonar og veitti honum holundarsár eða heilundarsár eða mergundarsár það er að ben gerðist en Helgi fékk bana af. Tel eg hann eiga að verða um sök þá mann sekan, skógarmann óalanda, óferjanda, óráðanda öllum bjargráðum. Tel eg sekt fé hans allt, hálf mér en hálf fjórðungsmönnum þeim er sektarfé eiga að taka eftir hann að lögum. Lýsi eg vígsök þessi til fjórðungsdóms þess er sökin á í að

koma að lögum. Lýsi eg löglýsing. Lýsi eg í heyranda hljóði að Lögbergi. Lýsi eg nú til sóknar í sumar og til sektar fullrar á hönd Flosa Þórðarsyni. Lýsi eg handseldri sök Þorgeirs Þórissonar."

Að Lögbergi var ger mikill rómur að því að honum mæltist vel og skörulega.

Mörður tók til máls í annað sinn. "Nefni eg yður í það vætti," segir hann, "að eg lýsi sök á hönd Flosa Þórðarsyni um það er hann særði Helga Njálsson holundarsári eða heilundarsári eða mergundarsári, því sári er að ben gerðist, en Helgi fékk bana af á þeim vettvangi er Flosi Þórðarson hljóp til Helga Njálssonar lögmætu frumhlaupi áður. Tel eg þig, Flosi, eiga að verða um sök þá mann sekan, skógarmann óalanda, óferjanda, óráðanda öllum bjargráðum. Tel eg sekt fé þitt allt, hálf mér en hálf fjórðungsmönnum þeim er sektarfé eiga að taka eftir þig að lögum. Lýsi eg sök þessi til fjórðungsdóms þess er sökin á í að koma að lögum. Lýsi eg löglýsing. Lýsi eg í heyranda hljóði að Lögbergi. Lýsi eg nú til sóknar í sumar og sektar fullrar á hönd Flosa Þórðarsyni. Lýsi eg handseldri sök Þorgeirs Þórissonar."

Síðan settist Mörður niður. Flosi gaf gott hljóð til og mælti ekki orð meðan.

Þorgeir skorargeir stóð upp og nefndi sér votta: "Nefni eg í það vætti að eg lýsi sök á hönd Glúmi Hildissyni um það er hann tók eld og kveikti og bar í hús inn að Bergþórshvoli þá er þeir brenndu inni Njál Þorgeirsson og Bergþóru Skarphéðinsdóttur og þá menn alla er þar brunnu inni. Tel eg hann eiga að verða um sök þá mann sekan, skógarmann óalanda, óferjanda, óráðanda öllum bjargráðum. Tel eg sekt fé hans allt, hálf mér en hálf fjórðungsmönnum þeim er sektarfé eiga að taka eftir hann að lögum. Lýsi eg sök þessi til fjórðungsdóms þess er sökin á í að koma að lögum. Lýsi eg löglýsing. Lýsi eg í heyranda hljóði að Lögbergi. Lýsi eg nú til sóknar í sumar og til sektar fullrar á hönd Glúmi Hildissyni."

Kári Sölmundarson sótti Kol Þorsteinsson og Gunnar Lambason og Grana Gunnarsson og var það mál manna að honum mæltist furðulega vel. Þorleifur krákur sótti Sigfússonu alla en Þorgrímur hinn mikli bróðir hans sótti Móðólf Ketilsson og Lamba Sigurðarson og Hróar Hámundarson, bróður Leiðólfs hins sterka. Ásgrímur Elliða-Grímsson sótti Leiðólf og Þorstein Geirleifsson, Árna Kolsson og Grím hinn rauða og mæltist þeim öllum vel. Síðan lýstu aðrir menn sökum sínum og var það lengi dags að því gekk. Fóru menn þá heim til búða sinna.

Eyjólfur Bölverksson gekk til búðar með Flosa. Þeir gengu austur um búðina.

Flosi mælti til Eyjólfis: "Hvort sérð þú nokkura vörn í málum þessum?"

"Enga," segir Eyjólfur.

"Hvað er nú til ráðs?" segir Flosi.

"Nú er úr vöndu að ráða," segir Eyjólfur, "en þó mun eg til leggja nokkur ráð enn með yður. Nú skalt þú selja af höndum goðorð þitt og í hendur Þorgeiri bróður þínum en þú segist í þing með Áskatli goða Þorketilssyni norðan úr Reykjardal. En ef þeir vita þetta eigi þá má vera að þeim verði að þessu mein því að þeir munu sækja í Austfirðingadóm en þeir ættu í Norðlendingadóm að sækja og mun þeim þetta yfir sjást. Og er fimmtarsdómsmál á þeim ef þeir sækja í annan dóm en vera á. Skulum vér það mál þá upp taka og þó að síðasta kosti."

Flosi mælti: "Vera má að oss sé nú launaður hringurinn."



"Eigi veit eg það," segir Eyjólfur, "en veita skal eg yður til laga svo að það sé mál manna að eigi sé von frammar. Skalt þú nú senda eftir Áskatli en Þorgeir skal nú þegar koma til þín og einn maður með honum."

Litlu síðar kom Þorgeir þar og tók við goðorðinu. Þá kom þar og Áskell. Sagðist Flosi þá í þing með honum. Var þetta nú ekki á fleiri manna vitorði en þeirra.

## 142. kafli

Nú líður þar til er dómar skulu út fara. Bjuggu þeir sig þá til hvorirtveggju og vopnuðust. Þeir gerðu hvorirtveggju herku á hjálmum sínum.

Þórhallur Ásgrímsson mælti: "Farið þér nú faðir minn að engu allæstir og gerið nú allt sem réttast. En ef nokkuð vandast í fyrir yður látið mig vita sem skjótast og skal eg þá gefa ráð til með yður."

Þeir Ásgrímur litu til hans og var andlit hans sem í blóð sæi en stórt hagl hraut úr augum honum. Hann bað færa sér spjót sitt. Það hafði Skarphéðinn gefið honum og var hin mesta gersemi.

Ásgrímur mælti er þeir gengu í braut: "Eigi var Þórhalli frænda gott í hug er hann var eftir í búðinni og eigi veit eg hvað hann tekur til. Nú skulum vér ganga til með Merði Valgarðssyni," sagði Ásgrímur, "og láta fyrst sem ekki sé annað því að meiri er veiður í Flosa en í mörgum öðrum."

Ásgrímur sendi þá mann til Gissurar hvíta og Hjalta Skeggjasonar og Guðmundar ríka. Þeir komu nú allir saman og gengu þegar til Austfirðingadóms. Þeir gengu sunnan að dóminum. Þeir Flosi og allir Austfirðingar með honum gengu norðan að dóminum. Þar voru og Reykdalir og Öxfirðingar og Ljósvetningar með Flosa. Þar var og Eyjólfur Bölverksson.

Flosi laut að Eyjólfvi og mælti: "Hér fer vænt að og kann vera að eigi fari fjarri því sem þú gast til."

"Lát þú hljótt yfir því," segir Eyjólfur. "Koma mun þar er vér munum þurfa þess að neyta."

Mörður Valgarðsson nefndi sér votta og bauð til hlutfalla öllum þeim mönnum er skóggangssakar áttu að sækja í dóminn, hver sína sök skyldi fyrstur fram segja eða hver þar næst eða hver síðast. Bauð hann lögboði að dómi svo að dómendur heyrðu. Þá voru hlutaðar framsögur og hlaut hann fyrst fram að segja sína sök.

Mörður Valgarðsson nefndi sér votta í annað sinn. "Nefni eg í það vætti," sagði hann, "að eg tek miskviðu alla úr máli mínu hvort sem mér verður ofmælt eða vanmælt. Vil eg eiga réttung allra orða minna uns eg kem máli mínu til réttra laga. Nefni eg mér þessa votta eða þeim öðrum er neyta eða njóta þurfa þessa vættis."

Mörður Valgarðsson nefndi sér votta. "Nefni eg í það vætti," sagði hann, "að eg býð Flosa Þórðarsyni eða þeim manni öðrum en handselda lögvörn hefir fyrir hann að hlýða til eiðspjalls míns og til framsögu sakar minnar og til sóknargagna þeirra allra er eg hygg fram að færa á hendur honum. Býð eg lögboði að dómi svo að dómendur heyra um dóm þveran."

Mörður Valgarðsson mælti: "Nefni eg í það vætti," sagði hann, "að eg vinn eið að bók, lögeið, og segi eg það guði að eg skal svo sök þessa sækja sem eg veit sannast og réttast og helst að lögum og öll lögmæt skil af hendi inna meðan eg er að þessu máli."

Síðan kvað hann svo að orði: "Þórodd nefndi eg í vætti, annan Þorbjörn nefndi eg í það vætti að eg lýsti lögmætu frumhlaupi á hönd Flosa Þórðarsyni á þeim vettvangi er Flosi Þórðarson hljóp lögmætu frumhlaupi til Helga Njálssonar þá er Flosi Þórðarson særði Helga Njálsson holundarsári eða heilundar eða mergundar því er að ben gerðist en Helgi fékk bana af. Taldi eg hann eiga að verða um sök þá mann sekan, skógarmann óalanda, óferjanda, óráðanda öllum bjargráðum. Taldi eg sekt fé hans allt, hálf mér en hálf fjórðungsmönnum þeim er sektarfé eiga að taka eftir hann að lögum. Lýsti eg til fjórðungsdóms þess sem sökin á í að koma að lögum. Lýsti eg löglýsing. Lýst eg í heyranda hljóði að Lögbergi. Lýsti eg nú til sóknar í sumar og til sektar fullrar á hönd Flosa Þórðarsyni. Lýsti eg handseldri sök Þorgeirs Þórissonar. Hafði eg þau orð öll í lýsingu minni sem nú hafði eg í framsögu sakar minnar. Segi eg svo skapaða skóggangssök þessa fram í Austfirðingadóm yfir höfði Jóni sem eg kvað að þá er eg lýsti."

Mörður mælti: "Þórodd nefndi eg í vætti, annan Þorbjörn nefndi eg í það vætti að eg lýsti sök á hönd Flosa Þórðarsyni um það er hann særði Helga Njálsson holundarsári eða heilundar eða mergundar því sári er að ben gerðist en Helgi fékk bana af á þeim vettvangi er Flosi Þórðarson hljóp til Helga Njálssonar áður lögmætu frumhlaupi. Taldi eg hann eiga að verða um sök þá mann sekan, skógarmann óalanda, óferjanda, óráðanda öllum bjargráðum. Taldi eg sekt fé hans allt, hálf mér en hálf fjórðungsmönnum þeim er sektarfé eiga að taka eftir hann að lögum. Lýsti eg til fjórðungsdóms þess er sökin á í að koma að lögum. Lýsti eg löglýsing. Lýst eg í heyranda hljóði að Lögbergi. Lýsti eg nú til sóknar í sumar og til sektar fullrar á hönd Flosa Þórðarsyni. Lýsti eg handseldri sök Þorgeirs Þórissonar. Hafði eg þau orð öll í lýsingu minni sem nú hefi eg í framsögu sakar minnar. Segi eg svo skapaða skóggangssök þessa fram í Austfirðingadóm yfir höfði Jóni sem eg kvað að þá er eg lýsti."

Lýsingarvottar Marðar gengu þá að dómi og kváðu svo að orði að annar taldi vætti fram en báðir guldu samkvæði "að Mörður nefndi sér Þórodd í vætti en annan mig en eg heiti Þorbjörn" - síðan nefndi hann föður sinn - "Mörður nefndi okkur í það vætti að hann lýsti lögmætu frumhlaupi á hönd Flosa Þórðarsyni er hann hljóp til Helga Njálssonar á þeim vettvangi er Flosi Þórðarson veitti Helga Njálsson holundarsár eða heilundar eða mergundar það er að ben gerðist en Helgi fékk bana af. Taldi hann Flosa eiga að verða um sök þá mann sekan, skógarmann óalanda, óferjanda, óráðanda öllum bjargráðum. Taldi hann sekt fé hans allt, hálf sér en hálf fjórðungsmönnum þeim er sektarfé eiga að taka eftir hann að lögum. Lýsti hann til fjórðungsdóms þess er sökin áttu í að koma að lögum. Lýsti hann löglýsing. Lýst hann í heyranda hljóði að Lögbergi. Lýsti hann nú til sóknar í sumar og til sektar fullrar á hönd Flosa Þórðarsyni. Lýsti hann handseldri sök Þorgeirs Þórissonar. Hafði hann þau orð öll í lýsingu sinni sem hann hafði í framsögu sakar sinnar og við höfum í vættisburð okkrum. Höfum við nú rétt borið vætti okkart og verðum báðir á eitt sáttir. Berum við svo skapað lýsingarvætti þetta fram í Austfirðingadóm yfir höfði Jóni sem Mörður kvað að þá er hann lýsti."

Í annað sinn sögðu þeir fram í dóm lýsingarvætti og höfðu sár fyrr en frumhlaup síðar og höfðu öll orð önnur hin sömu sem fyrr og báru svo skapað lýsingarvætti þetta fram í Austfirðingadóm sem Mörður kvað að þá er hann lýsti.

Sakartökuvottar Marðar gengu þá að dómi og taldi annar vætti fram en báðir guldu samkvæði og kváðu svo að orði að þeir Mörður Valgarðsson og Þorgeir Þórisson nefndu þá í það vætti að Þorgeir Þórisson seldi vígsök í hendur Merði Valgarðssyni á hendur Flosa Þórðarsyni um víg Helga Njálssonar "seldi hann honum sök þá með sóknargögnum öllum þeim er sökinni áttu að fylgja. Seldi hann honum að sækja og að sættast á og svo allra gagna að njóta sem hann væri réttur aðili. Seldi Þorgeir með lögum en Mörður tók með lögum."

Báru þeir svo skapað sakartökuvætti þetta fram í Austfirðingadóm yfir höfði Jóni sem þeir Þorgeir og Mörður nefndu þá votta að. Alla votta létu þeir eiða sverja áður en vætti bæru og svo dómendur.

Mörður Valgarðsson nefndi sér votta "í það vætti," sagði hann, "að eg býð búum þeim nú, er eg kvaddi um sök þessa er eg höfðaði á hönd Flosa Þórðarsyni, til setu vestur á árbakka og til ruðningar um kvið þann. Býð eg lögboði að dómi svo að dómendur heyra."

Mörður Valgarðsson nefndi sér votta í annað sinn. "Nefni eg yður í það vætti," sagði hann, "að eg býð Flosa Þórðarsyni eða þeim manni öðrum er handselda lögvörn hefir fyrir hann til ruðningar um kvið þann er eg hefi saman settan vestur á árbakka. Býð eg lögboði að dómi svo að dómendur heyra um dóm þveran."

Enn nefndi Mörður sér votta "í það vætti," sagði hann, "að nú eru frumgögn öll fram komin þau er sökinni eiga að fylgja: boðið til eiðspjalls, unninn eiður, sögð fram sök, borið lýsingarvætti, borið sakartökuvætti, boðið búum í setu, boðið til ruðningar um kvið. Nefni eg mér þessa votta að gögnum þessum sem nú eru fram komin og svo að því að eg vil eigi vera sókn horfinn þó að eg gangi frá dómi gagna að leita eða annarra erinda."

Þeir Flosi gengu nú þangað til sem búarnir sátu.

Flosi mælti til þeirra: "Það munu Sigfússynir vita hversu réttir vettvangsbúar þessir eru er hér eru kvaddir."

Ketill úr Mörk svarar: "Hér er sá búi er hélt Merði Valgarðssyni undir skírn en annar er þrímenningur hans að frændsemi."

Töldu þeir þá frændsemina og sönnuðu með eiði. Eyjólfur nefnir sér votta að kviðurinn skyldi standa fyrst þar til er ruddur væri.

Í annað sinn nefndi Eyjólfur sér votta "í það vætti," sagði hann, "að eg ryð þessa menn báða úr kviðinum" - og nefndi þá á nafn og svo feður þeirra - "fyrir þá sök að annar þeirra er þrímenningur Marðar að frændsemi en annar að guðsifjum þeim er kviðu eiga að ryðja að lögum. Eruð þið fyrir laga sakir ónýttir í kviðinum því að nú er rétt lögruðning til ykkar komin. Ryð eg ykkur úr að alþingismáli réttu og allsherjar lögum. Ryð eg handseldu máli Flosa Þórðarsonar."

Nú mælti öll alþýða og kváðu ónýtt málið fyrir Merði. Urðu þá allir á það sáttir að þá væri framfar vörn en sókn.

Ásgrímur mælti þá við Mörð: "Eigi er enn þeirra allt þó að þeir þykist nú hafa fast fram gengið og skal nú fara að finna Þórhall son minn og vita hvað hann leggi til."

Þá var sendur skilríkur maður til Þórhalls og sagði sá honum vandlega frá hvar þá var komið máli, að þeir Flosi þóttust ónýtt hafa kviðinn.

Þórhallur mælti: "Það skal eg að gera að yður skal þetta ekki að sakarsPELLI verða. Og seg þeim að þeir trúi ekki þó að lögvillur séu gervar fyrir þeim því að vitringinum Eyjólfí hefir nú yfir sést. Skalt þú nú ganga til þeirra sem hvatlegast og seg að Mörður Valgarðsson gangi að dómi og nefni sér votta að ónýtt er lögruðning þeirra" og sagði hann þá fyrir greinilega allt hversu þeir skyldu með fara.

Sendimaður fór og sagði þeim tillögur Þórhalls.

Mörður Valgarðsson gekk þá að dómnum og nefndi sér votta "í það vætti," sagði hann, "að eg ónýti lögruðning Eyjólfis Bölverkssonar. Finn eg það til að hann ruddi eigi við aðilja frumsakar heldur við þann er með sök fór. Nefni eg mér þessa votta eða þeim er njóta þurfa þessa vættis."

Síðan bar hann vættið í dóm. Nú gekk hann þar til er búarnir sátu og það þá niður setjast er upp höfðu staðið og kvað þá rétta vera í kviðinum. Mæltu þá allir að Þórhallur hefði mikið að gert og þótti þá öllum framar sókn en vörn.

Flosi mælti þá við Eyjólf: "Ætlar þú þetta lög vera?"

"Það ætla eg víst," segir Eyjólfur, "og hefir oss að vísu yfir sést. En þó skulum vér þetta þreyta meir með oss."

Eyjólfur nefndi sér þá votta "í það vætti," sagði hann, "að eg ryð þessa tvo menn úr kviðinum" - og nefndi þá báða á nafn - "fyrir þá sök að þið eruð búðsetumenn en eigi bændur. Ann eg ykkur eigi að sitja í kviðinum því að nú er rétt lögruðning til ykkar komin. Ryð eg ykkur úr kviðinum að alþingismáli réttu og allsherjar lögum."

Kvað Eyjólfur sér nú mjög á óvart koma ef þetta mætti rengja.

Mæltu þá allir að þá væri vörn framar en sókn. Lofuðu nú allir mjög Eyjólf og kölluðu engan mann mundu þurfa að reyna við hann löggæni.

Mörður Valgarðsson og Ásgrímur Elliða-Grímsson sendu nú mann til Þórhalls að segja honum hvar þá var komið. En er Þórhallur heyrði þetta spurði hann hvað þeir ættu sér góss. Sendimaður sagði að annar þeirra bjó við málnty "og hefir bæði kýr og ær að búi en annar á þriðjung í landi því er þeir búa á og fæðir sig sjálfur og hafa þeir eina eldstó og hinn, er landið leigir, og einn smalamann."

Þórhallur mælti: "Enn mun þeim fara sem fyrr að þeim mun hafa yfir sést og skal eg þetta allskjótt rengja fyrir þeim og svo þó að Eyjólfur hefði hér alldigur orð um að rétt væri."

Þórhallur sagði nú sendimanni allt sem greinilegast hversu þeir skyldu með fara.

Kom sendimaður aftur og sagði Merði og Ásgrími ráð þau er Þórhallur hafði til lagið.

Mörður gekk þá að dómi og nefndi sér votta "í það vætti," sagði hann "að eg ónýti lögruðning Eyjólfssonar fyrir það er hann ruddi þá menn úr kviðinum er að réttu eiga í að vera. Er sá hver réttur í búakviði er hann á þrjú hundruð í landi og þaðan af meira þó að hann hafi enga málnty. Hinn er og réttur í búakviði er hann býr við málnty þó að hann eigi eigi land."

Lét hann þá koma vættið í dóminn. Gekk hann nú þangað að er búarnir voru og það þá niður setjast og kvað þá rétta í búakviðinum.

Þá varð óp mikið og kall og mæltu þá allir að mjög væri hrakið málið fyrir þeim Flosa og Eyjólf og urðu nú á það sáttir að sókn væri framar en vörn.

Flosi mælti til Eyjólfssonar: "Mun þetta rétt vera?"

Eyjólfur lést eigi til þess hafa vitsmuni að vita það víst.

Sendu þeir þá mann til Skafta lögsögumanns að spyrja hann eftir hvort rétt væri. Hann sendi þeim þau orð aftur að þetta væru að vísu lög þó að fáir kynnu. Var þetta sagt þeim Flosa.

Eyjólfur Bólverksson spurði nú Sigfússonu að um aðra búa þá er kvaddir voru. Þeir kváðu vera þá fjóra er rangkvaddir voru "því að þeir sitja heima er nærri voru."

Eyjólfur nefnir sér þá votta að hann ryður þá alla fjóra menn úr kviðinum og mælti réttum ruðningarmálum.

Síðan mælti hann til búanna: "Þér eruð skyldir til að gera hvorumtveggjum lög. Nú skuluð þér ganga að dómi þá er þér eruð kvaddir og nefna yður votta að þér látið það standa fyrir kviðburði yðrum að þér eruð fimm beiddir búakviðar en þér eigið nú að bera. Mun Þórhallur þá öllum málum fram koma ef hann bergur þessu við."

Fannst það nú á í öllu að þeir Flosi og Eyjólfur hældust.

Gerðist nú rómur mikill að því að eytt væri vígsmálinu og nú væri vörn frammar en sókn.

Ásgrímur mælti til Marðar: "Eigi vita þeir enn hverju þeir hælask fyrir en Þórhallur er fundinn son minn. Sagði Njáll mér svo að hann hefði svo kennt Þórhalli lög að hann mundi mestur lögmaður vera á Íslandi þó að reyna þyrfti."

Var þá maður sendur til Þórhalls að segja honum hvar þá var komið og hól þeirra Flosa og orðróm alþýðu að þá væri eytt vígsmálinu fyrir þeim Merði.

"Vel er það," segir Þórhallur, "en enga fá þeir enn virðing af þessu. Skalt þú nú fara og segja Merði að hann nefni votta og vinni eið að því að meiri hlutur er rétt kvaddur. Skal hann þá láta koma vættið í dóm og bergur hann þá frumsökinni en sekur er hann þrem mörkum fyrir hvern þann er hann hefir rangt kvatt og má það ekki sækja á þessu þingi."

Sendimaður fór nú aftur og sagði þeim Merði allt sem gerst frá orðum Þórhalls.

Mörður gekk að dómi og nefndi sér votta og vann eið að því að meiri hlutur var rétt kvaddur búanna. Kvaðst hann þá hafa borgið frumsökinni "skulu óvinir vorir af öðru hafa metnað en því að vér höfum hér mikið rangt í gert."

Var þá rómur mikill að því ger að Mörður gengi vel fram í málinu en töldu Flosa og hans menn fara með lögwillur einar og rangindi.

Flosi spurði Eyjólf hvort þetta mundi rétt vera en hann lést það eigi víst vita og sagði lögsögumann úr því skyldu leysa.

Fór þá Þorkell Geitisson af þeirra hendi og sagði lögsögumanni hvar komið var og spurði hvort þetta væri rétt er Mörður hafði mælt.

Skafti svarar: "Fleiri eru nú allmiklir lögmenn en eg ætlaði. En þér til að segja þá er þetta svo rétt í alla staði að hér má ekki í móti mæla. En það ætlaði eg að eg einn mundi nú kunna þessa lagaréttung nú er Njáll er dauður því hann einn vissi eg kunna."

Þorkell gekk þá aftur til þeirra Flosa og Eyjólf og sagði þeim að þetta voru lög.

Mörður Valgarðsson gekk þá að dómi og nefndi sér votta "í það vætti," sagði hann, "að eg beiði búa þá, er eg kvaddi um sök þá er eg höfðaði á hönd Flosa Þórðarsyni, framburðar um kvið að bera annaðtveggja af eða á. Beiði eg lögbeiðingu að dómi svo að dómendur heyra um dóm þveran."

Búar Marðar gengu þá að dómi. Taldi einn fram kviðinn en allir guldu samkvæði og kvað svo að orði: "Mörður Valgarðsson kvaddi oss kviðar þegna nú en vér stöndum hér nú þegnar fimm en fjórir eru úr ruddir. Hefir nú vottorð komið fyrir þá fjóra er bera áttu með oss. Skylda nú til lög að bera fram kviðinn. Vorum vér kvaddir að bera um það hvort Flosi Þórðarson hljóp lögmætu frumhlaupi til Helga

Njálssonar á þeim vettvangi er Flosi Þórðarson særði Helga Njálsson holundarsári eða heilundar eða mergundar því er að ben gerðist en Helgi fékk bana af. Kvaddi hann oss þeirra orða allra er oss skylda lög til um að skilja og hann vildi oss að dómi beitt hafa og þessu máli áttu að fylgja. Kvaddi hann lögkvöð. Kvaddi hann svo að vér heyrðum á. Kvaddi hann um handselt mál Þorgeirs Þórissonar. Höfum vér nú allir eða unnið og réttan kvið vorn og orðið á eitt sáttir, berum á Flosa Þórðarson kviðinn og berum hann sannan að sökinni. Berum vér svo skapaðan níu búa kvið þenna fram í Austfirðingadóm yfir höfði Jóni sem Mörður kvaddi oss að. Er sá kviður vor allra." sögðu þeir.

Í annað sinn báru þeir kviðinn og báru um sár fyrir en um frumhlaup síðar en öll önnur orð báru þeir sem fyrir. Báru þeir á Flosa kviðinn og báru hann sannan að sökinni.

Mörður Valgarðsson gekk að dómi og nefndi sér votta að búar þeir, er hann hafði kvadda um sök þá er hann höfðaði á hönd Flosa Þórðarsyni, höfðu borið á hann kviðinn og borið hann sannan að sökinni. Nefndi hann sér þessa votta eða þeim er neyta eða njóta þyrftu þessa vættis.

Í annað sinn nefndi Mörður sér votta "nefni eg í það vætti," sagði hann, "að eg býð Flosa Þórðarsyni eða þeim manni öðrum, er handselda lögvörn hefir fyrir hann, að taka til varna fyrir sök þá er eg höfðaði á hönd honum því að nú eru öll sóknargögn fram komin þau er sökinni eiga að fylgja að lögum, borin vætti öll og búakviður og nefndir vottar að kviðburði og öllum gögnum þeim er fram eru komin. En ef nokkur hlutur gerist sá í lögvörn þeirra er eg þurfi til sóknar að hafa þá kys eg sókn undir mig. Býð eg lögboði að dómi svo að dómendur heyra."

"Það hlægir mig nú Eyjólfur," sagði Flosi, "í hug mér að þeim mun í brún bregða og ofarlega kleyja þá er þú berð fram vörnina."

## 143. kafli

Eyjólfur Bölverksson gekk þá að dómi og nefndi sér votta "í það vætti," sagði hann, "að sú er lögvörn máls þessa að þér hafið sótt málið í Austfirðingadóm er sækja átti í Norðlendingadóm því að Flosi hefir sagst í þing með Áskatli goða. Eru hér nú hvorirtveggju vottarnir þeir er við voru og það munu bera að Flosi seldi áður af hendi goðorð sitt Þorgeiri bróður sínum en síðan sagðist hann í þing með Áskatli goða. Nefni eg mér þessa votta eða þeim öðrum er neyta eða njóta þurfa þess vættis."

Í annað sinn nefndi Eyjólfur sér votta "nefni eg í það vætti," sagði hann, "að eg býð Merði, er sök hefir að sækja, eða sakaraðilja að hlýða til eiðspjalls míns og til framsögu varnar þeirrar er eg mun fram bera og til allra gagna þeirra sem eg mun fram bera. Býð eg lögboði að dómi svo að dómendur heyra á."

Eyjólfur nefndi sér enn votta "nefni eg í það vætti," sagði hann, "að eg vinn eið að bók, lögeið, og segi eg það guði að eg skal svo mál þetta verja sem eg veit réttast og sannast og helst að lögum og öll lögmat skil af hendi inna þau er undir mig koma meðan eg er á þessu þingi."

Eyjólfur mælti: "Þessa tvo menn nefni eg í vætti að eg færi fram lögvörn þessa að mál þetta var sótt í annan fjórðungsdóm en vera átti. Tel eg fyrir það ónýtta sök þeirra. Segi eg svo skapaða vörn þessa fram í Austfirðingadóm."

Síðan lét hann bera fram vætti þau öll er vörninni áttu að fylgja. Síðan nefndi hann votta að öllum varnargögnum að nú voru öll fram komin.

Eyjólfur nefndi sér enn votta "nefni eg í það vætti," sagði hann, "að eg ver goðalýriti dómöndum að dæma sök þeirra Marðar því að nú er lögvörn fram komin í dóminn. Ver eg lýriti, goðalýriti, lagalýriti, efalausú lýriti, fullu og föstu svo sem eg á að verja að alþingismáli réttu og allsherjar lögum."

Síðan lét hann dæma vörnina. Þeir Ásgrímur létu sækja um brennumálin og gengu þau fram.

## 144. kafli

Nú sendu þeir Ásgrímur mann til Þórhalls og létu segja honum í hvert óefni komið var.

"Of fjarri var eg þó nú," kvað Þórhallur, "því að enn mundi þetta mál eigi þann veg farið hafa ef eg hefði við verið. Sé eg nú aðferð þeirra að þeir munu ætla að stefna yður í fimmtardóm fyrir þingsafglöpun. Þeir munu og ætla að vefengja brennumálin og láta eigi dæma mega því að nú er sú aðför þeirra að þeir munu engis ills svífast. Skalt þú nú ganga til þeirra sem skjótast og segja þeim að Mörður stefni þeim báðum, Flosa og Eyjólf, um það er þeir hafa fé borið í dóminn og láta varða fjörbaugsgarð. Þá skal hann stefna þeim annarri stefnu um það er þeir báru vætti þau er eigi áttu máli að skipta með þeim og gerðu í því þingsafglöpun. Seg þeim að eg segi svo ef tvær fjörbaugssakar eru á hendi einum manni að þann skal dæma skógarmann. Skuluð þér af því búa fyrri til yðvart mál að þá skuluð þér og fyrri sækja og dæma."

Nú fór sendimaðurinn í braut og sagði þeim Merði og Ásgrími. Síðan gengu þeir til Lögbergs.

Mörður Valgarðsson nefndi sér votta "nefni eg í það vætti," sagði hann, "að eg stefni Flosa Þórðarsyni um það er hann gaf fé til liðs sér hér á þinginu Eyjólf, Bólverkssyni. Tel eg hann eiga að verða um sök þá mann sekan, fjörbaugsmann, því aðeins ferjanda né festum helganda nema fjörbaugur eða aðalfestur komi fram að féránsdómi, en aþsekan skógarmann ellegar. Tel eg sekt fé hans allt, hálf mér en hálf fjórðungsmönnum þeim er sektarfé eiga að taka eftir hann að lögum. Stefni eg máli þessu til fimmtardóms sem málið á í að koma að lögum. Stefni eg nú til sóknar og til sektar fullrar. Stefni eg lögstefnu. Stefni eg í heyranda hljóði að Lögbergi."

Slíkrar stefnu stefndi hann Eyjólf, Bólverkssyni um það er hann hafði þegið féið. Stefndi hann og þeirri sök í fimmtardóm. Í annað sinn stefndi hann Flosa og Eyjólf um þá sök er þeir báru vætti þau á þingi er eigi áttu máli að skipta með mönnum að lögum og gerðu í því þingsafglöpun. Lét hann og það varða þeim fjörbaugsgarð. Gengu þeir þá í braut og til lögréttu. Þar var þá fimmtardómurinn settur.

Þá er þeir Ásgrímur og Mörður voru í braut gengnir þá urðu dómendur ekki ásáttir hversu dæma skyldi því að þeir vildu sumir dæma með Flosa en sumir með Merði og Ásgrími. Urðu þeir Flosi og Eyjólfur þá að vefengja dóminn. Dvaldist þeim þar að því meðan stefnurnar höfðu verið.

Litlu síðar var þeim sagt Flosa og Eyjólf að þeim var stefnt að Lögbergi í fimmtardóm tveim stefnum hvorum þeirra.

Eyjólfur mælti þá: "Illu heilli höfum vér hér dvalist er þeir hafa fyrri orðið að bragði að stefna en vér. Hefir hér nú fram komið slægð Þórhalls og er hann engum manni líkur að viti sínu. Eiga þeir nú fyrri að sækja í dóm sín mál. Lá þeim þar og allt við. En þó skulum vér nú ganga til Lögbergs og búa mál til á hendur þeim þá að oss komi það fyrir lítið."

Fóru þeir þá til Lögbergs og stefndi Eyjólfur þeim um þingsafglöpun. Síðan gengu þeir til fimmtardómsins.

Þá er þeir Mörður og Ásgrímur komu til fimmtardómsins þá nefndi Mörður sér votta og bauð að hlýða til eiðspjalls síns og til framsögu sakar sinnar og til sóknargagna þeirra allra er hann hugði fram að bera á hendur þeim Flosa og Eyjólfí. Bauð hann lögboði að dómi svo að dómendur heyrðu um dóm þveran. Í fimmtardómi skyldi og sönnunarmenn fylgja eiðum og skyldu þeir og eiða vinna.

Mörður nefndi sér votta "nefni eg í það vætti," sagði hann, "að eg vinn fimmtardómseið. Bið eg svo guð hjálpa mér í þvísa ljósi og í öðru að eg skal svo sök þessa sækja sem eg veit réttast og sannast og helst að lögum. Og hygg eg Flosa sannan að sök þessi vera ef efni eru að því og eg hefka fé borið í dóm þenna til liðs mér um sök þessa og eg munka bera. Eg hefka fé fundið og eg munka finna hvorki til laga né til ólaga."

Sönnunarmenn Marðar gengu þá tveir að dómi og nefndu sér votta "í það vætti að við vinnum eið að bók, lögeið. Biðjum við svo guð hjálpa okkur í þvísa ljósi og í öðru að við leggjum það undir þegnskap okkarn að við hyggjum að Mörður muni svo sækja sök þessa sem hann veit réttast og sannast og helst að lögum og hann hefurat fé borið í dóm þenna um sök þessa til liðs sér og hann munat bera og hann hefurat fé fundið og hann munat finna hvorki til laga né til ólaga."

Mörður hafði kvadda Þingvallarbúa níu til sakarinnar. Síðan nefndi Mörður sér votta og sagði fram þær fjórar sakar er hann hafði til búnar á hendur þeim Flosa og Eyjólfí og hafði Mörður þau öll orð í framsögu sakar sinnar sem hann hafði í stefnum sínum. Sagði hann svo skapaðar fjörbaugssakar þessar fram í fimmtardóm sem hann kvað að þá er hann stefndi.

Mörður nefndi sér votta og bauð búum þeim níu í setu vestur á árbakka. Mörður nefndi sér votta og bauð þeim Flosa og Eyjólfí að ryðja kviðinn. Þeir gengu til að ryðja kvið og hugðu að og gátu hvergi rengdan, gengu frá við svo búíð og undu illa við. Mörður nefndi sér votta og beiddi búa þá níu framburðar um kviðinn er hann hafði áður kvadda, að bera annað tveggja af eða á. Búar Marðar gengu þá að dómi og taldi einn fram kviðinn en allir guldu samkvæði. Þeir höfðu allir unnið fimmtardómseið og báru Flosa sannan að sökinni og báru á hann kviðinn. Báru þeir svo skapaðan fram kviðinn í fimmtardóm yfir höfði þeim manni er Mörður hafði sök sína fram sagt. Síðan báru þeir kviðu þá alla er þeir voru skyldir að bera til allra saka og fór það löglega fram.

Eyjólfur Bölverksson og þeir Flosi sátu um að rengja og gátu ekki að gert.

Mörður Valgarðsson nefndi sér votta. "Nefni eg í það vætti að búar þessir níu, er eg kvaddi til saka þessa er eg höfðaði á hendur Flosa Þórðarsyni og Eyjólfí Bölverkssyni, hafa borið á kviðinn og borið þá sanna að sökum."

Nefndi hann sér þessa votta. Í annað sinn nefndi hann sér votta "nefni eg í það vætti," sagði hann, "að eg býð Flosa Þórðarsyni eða þeim manni öðrum er handselda lögvörn hefir fyrir hann að taka til varna því að nú eru fram komin sóknargögn öll, boðið til eiðspjalls, unninn eiður, sögð fram sök, borið stefnuvætti, boðið búum í setu, boðið til ruðningar um kviðinn, borinn kviður, nefndir vottar að kviðburði."

Nefndi hann sér þessa votta að gögnum þeim sem fram voru komin.

Þá stóð sá upp er sökin hafði yfir höfði verið fram sögð og reifði málið. Hann reifði það fyrst er Mörður bauð að hlýða til eiðspjalls síns og til framsögu sakar og til sóknargagna allra. Þá reifði hann það því næst er Mörður vann eið og sönnunarmenn hans. Þá reifði hann það er Mörður sagði fram sök og kvað svo að orði að hann hafði þau orð öll í reifingu sinni er Mörður hafði áður í framsögu sakar sinnar og hann hafði í stefnu sinni "og hann sagði svo skapaða sökina fram í fimmtardóm sem hann kvað að þá er hann stefndi."



Þá reifði hann það er þeir báru stefnuvætti og taldi þá öll orð þau er hann hafði áður í stefnu sinni og þeir höfðu í vættisburði sínum "og nú hefi eg," sagði hann, "í reifingu minni. Og þeir báru svo skapaðan kviðinn fram í fimmtardóm sem hann kvað þá að er hann stefndi."

Síðan reifði hann það er Mörður bauð búum í setu. Þá reifði hann það því næst er hann bauð Flosa að ryðja kviðinn "eða þeim manni er handselda lögvörn hefir fyrir hann." Þá reifði hann það er búar gengu að dómi og báru á kviðinn og báru Flosa sannan að sökinni "báru þeir svo skapaðan níu búa kvið þenna fram í fimmtardóm."

Þá reifði hann það er Mörður nefndi votta að því er kviðurinn var á borinn. Þá reifði hann það er Mörður nefndi votta að gögnum og bauð til varnar.

Mörður Valgarðsson nefndi sér votta "nefni eg í það vætti," segði hann, "að eg banna Flosa Þórðarsyni eða þeim manni öðrum er handselda lögvörn hefir fyrir hann að taka til varna því að nú eru öll sóknargögn fram komin þau er sökinni eiga að fylgja að reifðu máli og svo bornum gögnum."

Síðan reifði reifingarmaður þetta vottorð. Mörður nefndi sér votta og beiddi dómendur að dæma um mál þetta.

Þá mælti Gissur hvíti: "Fleira munt þú Mörður eiga að gera því að eigi munu fernar tylftir dæma eiga."

Flosi mælti nú við Eyjólf: "Hvað er nú til ráða?"

Eyjólfur svarar: "Nú er úr vöndu að ráða en þó skulum vér nú bíða því að eg get að nú geri þeir rangt í sókninni því að Mörður beiddi þegar dóms á málinu. En þeir eiga að nefna úr dómnum sex menn. Síðan eiga þeir við votta að bjóða okkur úr að nefna dómnum aðra sex menn en við skulum það eigi gera því að þá eiga þeir að nefna úr þá sex menn og mun þeim það yfir sjást. Er þá ónýtt allt mál þeirra ef þeir gera það eigi því að þrennar tylftir eiga að dæma málið."

Flosi mælti: "Vitur maður ert þú Eyjólfur svo að fáir menn munu standa á sporði þér."

Mörður Valgarðsson nefndi sér votta "nefni eg í það vætti," sagði hann, "að eg nefni þessa sex menn úr dómnum" - og nefndi þá alla á nafn - "ann eg yður eigi að sitja í dómnum. Nefni eg yður úr að alþingismáli réttu og allsherjar lögum."

Eftir það bauð hann þeim Flosa og Eyjólfvi við votta að nefna úr aðra sex menn úr dómnum en þeir Flosi vildu eigi úr nefna. Mörður lét þá dæma málið.

Og er dæmt var málið þá nefndi Eyjólfvi sér votta og kallaði ónýttan dóm þeirra og allt það er þeir höfðu að gert, fann það til að dæmt hafði hálf fjórða tylft þar sem þrennar áttu að dæma "skulum vér nú sækja fimmtardómssakar vorar á þá og gera þá seka."

Gissur hvíti mælti þá við Mörð Valgarðsson: "Allmjög hefir þér yfir sést er þú skyldir þetta rangt gera og er slíkt ógæfa mikil. Eða hvað skal nú til ráða taka Ásgrímur frændi?" segir Gissur.

Ásgrímur mælti: "Nú skulum vér enn senda mann Þórhalli syni mínum og vita hvað hann leggur til ráðs með oss."

## 145. kafli

Snorri goði spyr nú hvar komið er málunum. Tekur hann þá að fylkja liði sínu fyrir neðan Almannagjá millum og Hlaðbúðar og sagði fyrir áður sínum mönnum hvað þeir skyldu að gera.

Sendimaðurinn kemur nú til Þórhalls Ásgrímssonar og segir honum hvar þá var komið að þeir Mörður Valgarðsson mundu sekir gervir allir en eytt öllu vígsmálinu. En er hann heyrði þetta brá honum svo við að hann mátti eigi orði upp koma. Hann spratt þá upp úr rúminu og þreif tveim höndum spjótíð Skarphéðinsnaut og rak í gegnum fótinn á sér. Var þar á holdið og kveisunaglinn á spjótinu því að hann skar út úr fætinum en blóðfossinn fellur og vogföllin svo að lækur féll eftir gólfinu. Hann gekk nú út úr búðinni óhaltur og fór svo hart að sendimaðurinn fékk ekki fylgt honum. Fer hann nú þar til er hann kemur til fimmtardómsins. Þar mætti hann Grími hinum rauða frænda Flosa og jafnskjótt sem þeir fundust lagði Þórhallur til hans spjótinu og kom í skjöldinn og klofnaði hann í sundur en spjótíð hljóp í gegnum hann svo að oddurinn kom út á milli herðanna. Þórhallur kastaði honum dauðum af spjótinu.

Kári Sölmundarson gat séð þetta og mælti við Ásgrím: "Hér er kominn Þórhallur son þinn og hefir vegið víg nú þegar og er þetta skömm mikil ef hann einn skal hug til hafa að hefna brennunnar."

"Það skal og eigi vera," segir Ásgrímur, "og snúum vér nú að þeim."

Var þá kall mikið um allan herinn og síðan var æpt heróp.

Þeir Flosi snerust þá við og eggjuðust nú fast hvorirtveggju.

Kári Sölmundarson sneri nú þar að sem fyrir var Árni Kolsson og Hallbjörn hinn sterki. Og þegar er Hallbjörn sá Kára hjó hann til hans og stefndi á fótinn en Kári hljóp í loft upp og missti Hallbjörn hans. Kári sneri að Árna Kolssyni og hjó til hans og kom á öxlina og tók í sundur axlarbeinið og viðbeinað og hljóp allt ofan í brjóstið. Féll Árni þegar dauður til jarðar. Síðan hjó hann til Hallbjarnar og kom í skjöldinn og gekk í gegnum skjöldinn og svo ofan af honum þumaltána. Hólmsteinn skaut spjóti til Kára en hann tók á lofti spjótíð og sendi aftur og verð það manns bani í liði Flosa.

Þorgeir skorargeir kom að þar er fyrir var Hallbjörn hinn sterki. Þorgeir lagði til hans svo fast með annari hendi að Hallbjörn féll fyrir og komst nauðulega á fætur og sneri þegar undan. Þá mætti Þorgeir Þorvaldi Þrum-Ketilssyni og hjó þegar til hans með öxinni Rimmugýgi er átt hafði Skarphéðinn. Þorvaldur kom fyrir sig skildinum. Þorgeir hjó í skjöldinn og klauf allan en hyrnan sú hin fremri rann í brjóstið og gekk á hol og féll Þorvaldur þegar og var dauður.

Nú er að segja frá því að Ásgrímur Elliða-Grímsson og Þórhallur son hans, Hjalti Skeggjason og Gissur hvíti sóttu að þar sem fyrir var Flosi og Sigfússynir og aðrir brennumenn. Var þar allharður bardagi og laukst með því að þeir Ásgrímur gengu að svo fast að þeir Flosi hrukku undan.

Guðmundur hinn ríki og Mörður Valgarðsson og Kári Sölmundarson og Þorgeir skorargeir sóttu þar að er fyrir voru Öxfirðingar og Austfirðingar og Reykdælir. Var þar allharður bardagi.

Kári Sölmundarson kom að þar er fyrir var Bjarni Brodd-Helgason. Kári þreif upp spjót og lagði til hans og kom í skjöldinn. Bjarni skaut hjá sér skildinum ella hefði spjótíð staðið í gegnum hann. Hann hjó þá til Kára og stefndi á fótinn. Kári kippir fætinum og snerist undan á hæli og missti Bjarni hans. Kári hjó þegar til hans. Þá hljóp maður fram og skaut skildi fyrir Bjarna. Kári klauf ofan allan skjöldinn og nam blóðrefillinn lærið og reist ofan allan fótinn. Sá maður féll þegar og varð aldrei örkumlalaus meðan hann lifði. Kári þreif þá tveim höndum spjótíð og snerist að Bjarna og lagði til hans. Hann sá engan sinn kost annan en hann lét fallast þvers undan laginu. En þegar er Bjarni kemst á

fætur hrökk hann undan. Þorgeir skorargeir sótti þá að þar er fyrir var Hólmsteinn Spak-Bersason og Þorkell Geitisson. Lauk svo með þeim að þeir Hólmsteinn hrukku undan. Varð þá óp mikið að þeim af mönnum Guðmundar ríka.

Þorvarður Tjörvason frá Ljósavatni fékk sár mikið. Hann var skotinn í handlegg og ætluðu menn að skotið hefði Halldór son Guðmundar hins ríka og hafði hann þetta sár bótaalaust alla ævi síðan.

Var þar nú þröng mikil. En þó að hér sé sagt frá nokkurum atburðum þá eru hinir þó miklu fleiri er menn hafa engar frásagnir af.

Flosi hafði það sagt sínum mönnum að þeir skyldu leita til vígis í Almannagjá ef þeir yrðu forviða því að þar mátti einum megum að sækja.

En flokkur sá er Síðu-Hallur hafði og Ljótur son hans höfðu hörfað frá í braut fyrir atgöngu þeirra feðga Ásgríms og Þórhalls. Sneru þeir ofan fyrir austan Öxará.

Hallur mælti þá: "Hér slær í allmikil óefni er allur þingheimur berst. Vildi eg Ljótur frændi að við bæðum okkur liðs að skilja menn þó að okkur sé það til orðs lagið af nokkurum mönnum. Skalt þú biðja við brúarsporðinn en eg mun ganga í búðir og biðja mér liðs.

Ljótur mælti: "Ef eg sé að þeir Flosi þurfa liðs af mönnum vorum þá mun eg þegar hlaupa til með þeim."

"Það munt þú gera sem þér líkar," segir Hallur, "en biðja vil eg þig að þú biðir mín."

Nú brestur flótti í liði Flosa og flýja þeir allir vestur um Öxará en þeir Ásgrímur og Gissur hvíti gengu eftir og allur herinn. Þeir Flosi hörfuðu neðan milli Virkisbúðar og Hlaðbúðar. Snorri goði hafði þar fylkt fyrir liði sínu svo þykkt að þeim gekk þar að fara.

Snorri goði kallað þá á Flosa: "Hví farið þér svo geystir eða hverjir elta yður?"

Flosi svarar: "Ekki spyrd þú þessa af því er eigi vitir þú það áður. En hvort veldur þú því er vér megum eigi sækja til vígis í Almannagjá?"

"Eigi veld eg því," segir Snorri, "en hitt er satt að eg veit hverjir valda og mun eg segja þér ef þú vilt að þeir valda því að Þorvaldur kroppinskeggi og Kolorur."

Þeir voru þá báðir dauðir og höfðu verið hin mestu illmenni í liði Flosa.

Í annan stað mælti Snorri til sinna manna: "Gerið þér nú hvorttveggja að þér höggvið og leggið til þeirra og keyrið þá í braut héðan. Munu þeir þá skamma stund hér við haldast er hinir sækja að neðan. Skuluð þér þá ekki eftir ganga og láta þá sjálfa á sjást."

Skafta Þóroddssyni var sagt að Þorsteinn holmunnur son hans var í bardaga með Guðmundi hinum ríka mági sínum. Og þegar Skafti vissi þetta gekk hann til búðar Snorra goða og ætlaði að biðja Snorra að hann gengi til að skilja þá með honum. En er hann var eigi allt kominn að búðardyrnum Snorra þá var bardaginn sem óðastur. Þeir Ásgrímur og hans menn gengu þar þá að neðan.

Þá mælti Þórhallur við Ásgrím föður sinn: "Þar er hann Skafti Þóroddsson nú faðir."

Ásgrímur mælti: "Sé eg það frændi."

Skaut hann þá spjóti til Skafta og kom fyrir neðan það er kálfi var digrastur og svo í gengum báða fætuna. Skafti féll við skotið og fékk eigi upp staðið. Fengu þeir það eina ráðs tekið er hjá voru að þeir drógu Skafta inn í búð sverðskriða nokkurs flatan.

Þeir Ásgrímur gengu þá að svo fast að Flosi og hans menn hrukku undan suður með ánni til Möðruvellingabúðar. Þar var maður úti hjá búð nokkurri er Sölvi hét. Hann sauð í katli miklum og hafði þá upp fært úr katlinum en vellan var sem áköfust. Sölvi gat að líta hvar þeir flýðu Austfirðingarnir og voru þá komnir mjög svo þar gegnt.

Hann mælti þá: "Hvort munu þessir allir ragir Austfirðingarnir er hér flýja? Og jafnvel rennur hann Þorkell Geitisson og er allmjög logið frá honum er margir hafa það sagt að hann væri hugur einn en nú rennur engi harðara en hann."

Hallbjörn hinn sterki var þar nær staddur og mælti: "Eigi skalt þú það eiga til að segja að vér séum allir ragir" og þreif til hans og brá honum á loft og rak hann að höfði í soðketilinn. Dó Sölvi þegar. Var þá og sótt að Hallbirni og varð hann þá undan að leita.

Flosi skaut spjóti til Brúna Hafliðasonar og kom á hann miðjan og varð það hans bani. Hann var í liði Guðmundar hins ríka. Þorsteinn Hlennason tók spjótið úr sárinu og skaut aftur að Flosa og kom á fótinn og fékk hann sár mikið og féll við. Hann stóð upp þegar. Hörfuðu þeir þá til Vatnsfirðingabúðar.

Þeir Ljótur og Hallur gengu þá austan yfir á með flokk sinn allan. Og þá er þeir komu á hraunið var skotið spjóti úr liði Guðmundar hins ríka og kom það á Ljót miðjan. Féll hann þegar dauður niður og varð aldrei uppvíst hver þetta víg hafði vegið.

Þeir Flosi hörfuðu nú upp um Vatnsfirðingabúð.

Þorgeir skorargeir mælti þá við Kára Sölmundarson: "Þar er hann nú Eyjólfur Bölverksson ef þú vilt launa honum hringinn."

"Eg ætla það nú eigi fjarri," segir Kári og þreif spjót af manni og skaut til Eyjólfss og kom það á hann miðjan og gekk í gengum hann. Féll Eyjólfur þegar dauður til jarðar.

Þá varð hvíld nokkur á um bardagann. Snorri goði kom þá að með flokk sinn. Var þar þá Skafti í liði með honum og hljópu þegar í milli þeirra. Náðu þeir þá eigi að berjast. Hallur gekk þá í lið með þeim og vildi skilja þá. Voru þá sett grið og skyldu þau haldast um þingið. Var þá búið um lík og færð til kirkju en bundin sár þeirra manna er særðir voru.

Annan dag eftir gengu menn til Lögbergs. Hallur af Síðu stóð upp og kvaddi sér hljóðs og fékkst þegar.

Hann mælti svo: "Hér hafa orðið harðir atburðir í mannaláti og málasóknum. Mun eg enn sýna það er eg er lítilmenni. Eg vil nú biðja Ásgrím og þá menn aðra er fyrir málum þessum eru að þeir unni oss jafnsættis."

Fór hann þar um mörgum fögrum orðum.

Kári Sölmundarson mælti: "Þó að allir sættist aðrir á sín mál þá skal eg eigi sættast á mín mál því að þér munuð vilja virða víg þessi í móti brennunni en vér þolum það eigi."

Slíkt hið sama mælti Þorgeir skorargeir.

Þá stóð upp Skafti Þóroddsson og mælti: "Betra hefði þér verið Kári að renna eigi frá mágum þínum og skerast nú eigi úr sáttum við góða menn."

Kári kvað þá vísur þrjár:

Hvað skaltu, runnr, þótt rynnum,  
randlinns, of sök minni  
hagl dreif skarpt á Sköglar  
skýjum, oss að frýja,  
hinn er hélt, þá er hjalta  
hátungur mjög sungu,  
brynju meiðr til búðar  
blauðr með skeggið rauða.

Varð, þá er víga Njörðu  
vilja þraut að skilja,  
lítt gekk skáld fyrir skjöldu,  
Skafta margt að hafti,  
er matsjóðar Móða  
málmrógs flatan drógu,  
slíkt er allt af æðru,  
inn í búð að trúðar.

Höfðu Gríms að gamni  
græðis elgs og Helga,  
rétt unnut þá runnar,  
rennendr Níals brennu.  
Nú mun börgs í björgum  
baugs hnykkjöldum þykkja  
lyngs að loknu þingi  
ljóts annan veg þjóta.

Þá varð hlátur mikill.

Snorri goði brosti að og kvað þetta fyrir munni sér svo þó að margir heyrðu:

Vel kann Skafti skilja,  
skaut Ásgrímr spjóti.  
Villat Hólmsteinn flýja,  
vegr Þorketill nauðigr.

Hlógu menn nú allmjög.

Hallur af Síðu mælti: "Allir menn vita hvern harm eg hefi beðið um lát Ljóts sonar míns. Munu það margir ætla að hann muni dýrstur ger af þeim mönnum er hér hafa látist. En eg vil það vinna til sátta manna að leggja son minn ógildan og ganga þó til að veita þeim bæði tryggðir og grið er mínir mótstöðumenn eru. Bið eg þig Snorri goði og aðra hina bestu menn að þér komið því til leiðar að sættir verði með oss."

Síðan settist Hallur niður og var ger að máli hans mikill rómur og góður og lofuðu allir mjög hans góðgirnd.

Snorri goði stóð þá upp og talaði langt erindi og snjallt og bað Ásgrím og Gissur og aðra þá menn er fyrir málum voru þaðan að, að þeir skyldu sættast.

Ásgrímur mælti: "Það ætlaði eg þá er Flosi reið heim að mér að eg mundi við hann aldrei sættast en nú vil eg, Snorri goði, sættast fyrir orð þín og annarra vina vorra."

Slíkt hið sama mæltu þeir Þorleifur krákur og Þorgrímur hinn mikli að þeir mundu sættast og fýstu í öllu Þorgeir skorargeir bróður sinn að sættast en hann skarst undan og kvaðst aldrei við Kára skyldu skiljast.

Þá mælti Gissur hvíti: "Nú má Flosi sjá sinn kost hvort hann vill sættast til þess að sumir séu utan sætta."

Flosi kveðst sættast vilja "og þykir mér því betur," segir hann, "er eg hefi færri góða menn í móti mér."

Guðmundur hinn ríki mælti: "Það vil eg bjóða að handsala fyrir víg þau er hér hafa orðið á þinginu að mínum hluta til þess að ekki falli niður brennumálið."

Slíkt hið sama mæltu þeir Gissur hvíti og Hjalti Skeggjason, Ásgrímur Elliða-Grímsson og Mörður Valgarðsson. Við þetta gekk saman sættin.

Var þá handsalað í tólf manna dóm og var Snorri goði fyrir gerðinni og aðrir góðir menn með honum. Var þá jafnað saman vígum en bættir þeir menn sem umfram voru. Þeir gerðu og um brennumálin. Skyldi Njál bæta þrennum manngjöldum en Bergþóru tvennum. Víg Skarphéðins skyldi jafnt og víg Höskulds Hvítanesgoða. Tvennum manngjöldum skyldi bæta hvorn þeirra Gríms og Helga. Þá skyldu ein manngjöld koma fyrir hvern hinna er inni höfðu brunnið. Á vígið Þórðar Kárasonar var ekki sæst. Flosi var og ger utan og allir brennumenn og skyldu eigi fara samsumars nema þeir vildu. En ef þeir færu eigi utan um það er þrír vetur væru liðnir þá skyldi hann og allir brennumenn vera sekir skógarmenn. Og var svo mælt að lýsa skyldi sekt þeirra á haustþingi eða vorþingi hvort sem heldur vildi. Flosi skyldi vera þó utan þrjá vetur. Gunnar Lambason og Grani Gunnarsson, Glúmur Hildisson, Kolur Þorsteinsson, þeir skyldu aldrei útkvæmt eiga. Þá var Flosi spurður ef hann vildi láta dæma fyrir sár sitt en hann kveðst ekki vilja taka fé mútur á sér. Eyjólfur Bölverksson var lagður ógildur fyrir ójöfnuð sinn og rangindi. Var þessi sætt nú handsöluð og efn-dist öll.

Þeir Ásgrímur gáfu Snorra goða góðar gjafar. Hafði hann virðing mikla af málum þessum.

Skafta var engu bættur áverkinn.

Þeir Gissur hvíti og Hjalti Skeggjason og Ásgrímur Elliða-Grímsson buðu heim Guðmundi hinum ríka. Hann þá heimboðin og gaf sinn gullhring hver þeirra honum. Ríður Guðmundur nú norður heim og hafði allra manna lof fyrir það hversu hann kom sér við í þessum málum.

Þorgeir skorargeir bauð Kára með sér að fara en þó riðu þeir fyrst með Guðmundi allt norður á fjall. Kári gaf Guðmundi gullsylgju en Þorgeir silfurbelti og var hvorttveggja hinn besti gripur. Skildu þeir með hinni mestu vináttu. Reið Guðmundur þá heim og er hann úr sögu þessi. Þeir Kári riðu suður af fjallinu og ofan í Hreppa og svo til Þjórsár.

Flosi og brennumenn allir með honum riðu austur til Fljótshlíðar. Lét hann þá Sigfússonu skipa til búa sinna. Þá frétti Flosi að Þorgeir og Kári höfðu riðið norður með Guðmundi hinum ríka og ætluðu menn nú að þeir mundu vera fyrir norðan land. Þá beiddu Sigfússynir að fara austur undir Eyjafjöll að fjárheimtum sínum því að þeir áttu fjárheimtur austur að Höfðabrekku. Flosi leyfði þeim það og bað þá þó vera vara um sig og vera sem skemmst. Flosi reið þá upp um Goðaland og svo á fjall og fyrir norðan Eyjafjallajökul og létti eigi fyrir en hann kom heim austur til Svínafells.

Nú verður að segja frá því að Hallur af Síðu hafði lagið ógildan son sinn og vann það til sætta. Þá bætti honum allur þingheimurinn og varð það eigi minna fé en átta hundruð silfurs en það voru fern manngjöld. En allir þeir aðrir er með Flosa höfðu verið fengu engar bætur fyrir vansa sinn og undu við hið versta.

Sigfússynir dvöldust heima tvær nætur en hinn þriðja dag riðu þeir austur til Raufarfells og voru þar um nóttina. Þeir voru saman fimmtán og uggðu alls ekki að sér. Þeir riðu þaðan síð og ætluðu til Höfðabrekku um kveldið. Þeir áðu í Kerlingardal og tóku þar á sig svefn mikinn.

## 146. kafli

Þeir Kári Sölmundarson og Þorgeir skorargeir riðu þenna dag austur yfir Markarfljót og svo austur til Seljalandsmúla. Þar fundu þeir konur nokkurar.

Þær kenndu þá og mæltu til þeirra: "Minna gamsið þið en þeir Sigfússynir en þó farið þið óvarlega."

Þorgeir mælti: "Hví er ykkur svo stutt til Sigfússona eða hvað vitið þið til þeirra?"

"Þeir voru í nótt að Raufarfalli," sögðu þær, "og ætluðu í kveld í Mýdal. En það þótti okkur gott er þeim var þó ótti að ykkur og spurðu nær þið munduð heim koma."

Þá fóru þær leið sína en þeir keyrðu hestana.

Þorgeir mælti: "Hvað er þér næst skapi? Vilt þú að við ríðum eftir þeim?"

Kári svarar: "Eigi mun eg þess letja."

Þorgeir mælti: "Hvað skulum við ætla okkur?"

"Eigi veit eg það," segir Kári. "Kann það oft verða að þeir menn lifa langan aldur er með orðum eru vegnir. En veit eg hvað þú munt þér ætla. Þú munt ætla þér átta menn og er það þó minna en það er þú vóst þá sjö í skorinni og fórst í festi ofan til þeirra. En yður frændum er svo háttað að þér viljið yður allt til ágætis gera. Nú mun eg eigi minna að gera en vera hjá þér til frásagnar. Skulum við nú og tveir einir eftir ríða því að eg sé að þú hefir svo til ætlað."

Síðan riðu þeir austur hið efra og komu ekki í Holt því að Þorgeir vildi ekki að bræðrum hans mætti um kenna hvað sem í gerðist. Þeir riðu þá austur til Mýdals. Þar mættu þeir manni nokkurum og hafði torfhríp á hrossi.

Hann tók til orða: "Of fámennur ert þú nú Þorgeir félagi."

"Hvað er nú í því?" sagði Þorgeir.

"Því," sagði sjá, "að nú bæri veiði í hendur. Hér riðu um Sigfússynir og munu sofa í allan dag austur í Kerlingardal því að þeir ætluðu ekki lengra í kveld en til Höfðabrekku."

Síðan riðu hvorir leið sína. Riðu þeir Þorgeir austur á Arnarstakksheiði og er ekki að segja frá ferð þeirra fyrr en þeir komu til Kerlingardalsár. Áin var mikil. Riðu þeir nú upp með ánni því að þeir sáu þar hross með söðlum. Þeir riðu nú þangað til og sáu að menn sofa í dæl nokkurri og stóðu spjót þeirra ofan frá þeim. Þeir tóku spjótin og báru út á ána.

Þorgeir mælti: "Hvort vilt þú að við vekjum þá?"

Kári svarar: "Eigi spyrðu þessa af því að eigi hafir þú þetta áður ráðið með þér að veða eigi að liggjandi mönnum og veða skammarvíg."

Síðan æptu þeir á þá. Vöknuðu þeir þá og hljópu upp allir og þrífa til vopna sinna. Þeir Kári réðu eigi á þá fyrr en þeir voru vopnaðir. Þorgeir skorargeir hleypur þar að sem fyrir var Þorkell Sigfússon. Í því bili hljóp maður að baki honum og fyrr en hann gæti unnið Þorgeiri nokkurn geig þá reiddi Þorgeir tveim höndum öxina Rimmugýgi og rak í höfuð þeim öxarhamarinn er að baki honum stóð svo að hausinn brotnaði í smán mola. Féll sá þegar og var dauður. En er hann reiddi fram öxina hjó hann á öxl Þorkatli og klauf frá ofan alla höndina og féll Þorkell dauður niður.

Í móti Kára réð Mörður Sigfússon og Sigurður Lambason og Lambi Sigurðarson. Hann hljóp að baki Kára og lagði til hans spjóti. Kári fékk séð hann og hljóp upp við lagið og brá í sundur við fótunum. Kom þá lagið í völlinn en Kári hljóp á spjótskaftið og braut í sundur. Hann hafði spjót í annarri hendi en í annarri sverð en engan skjöld. Hann lagði hinni hægri hendi til Sigurðar Lambasonar. Kom lagið í brjóstið og gekk spjótið út um herðarnar. Féll hann þá og var þegar dauður. Hinni vinstri hendi hjó hann til Marðar Sigfússonar og kom á mjöðmina og tók hana í sundur og svo hrygginn. Féll hann áfram og þegar dauður. Eftir það snerist hann á hæli svo sem skaftkringla og að Lamba Sigurðarsyni en hann fékk það eitt fangaráðið að hann tók á rás undan.

Nú sneri Þorgeir í móti Leiðólfi hinum sterka og hjó þar hvor til annars jafnsnemma og varð svo mikið högg Leiðólfs að allt tók af skildinum það er nam. Þorgeir hafði höggvið tveim höndum með öxinni Rimmugýgi og kom hin efri hyrnan í skjöldinn og klofnaði hann í sundur en hin fremri hyrnan tók við viðbeinað og í sundur og reist ofan í brjóstið á hol. Kári kom að í því og rak undan Leiðólfi fótinn í miðju lærinu. Féll Leiðólfur þá og var þegar dauður.

Ketill úr Mörk mælti: "Renna munum vér til hesta vorra og megum vér ekki við haldast fyrir ofureflismönnum þessum."

Þeir runnu þá til hesta sinna og hljópu á bak. Þorgeir mælti: "Vilt þú að við eltum þá og munum við enn geta drepið þá nokkura?"

"Sá ríður síðast," segir Kári, "að eg vil eigi drepa en það er Ketill úr Mörk því að við eigum systur tvær en honum hefir farið þó best í málum vorum áður."

Stigu þeir þá á hesta sína og riðu þar til er þeir komu heim í Holt. Lét Þorgeir þá bræður sína fara austur í Skóga því að þeir áttu þar annað bú og því að Þorgeir vildi eigi að bræður hans mætti kalla griðníðinga. Hafði Þorgeir þar þá mannmarkt svo að aldrei var þar færri vígra karla en þrír tigur. Var þar þá gleði mikil. Þótti mönnum Þorgeir mjög hafa vaxið og framið sig og báðir þeir Kári. Höfðu menn í minnum mjög eftirreið þeirra er þeir riðu tveir að fimmtán mönnum og drápu þá fimm en renndu þeim tíu er undan komust.



Nú er frá þeim Katli að segja að þeir riðu sem mest máttu þeir til þess er þeir komu heim til Svínafells og sögðu sínar farar eigi sléttar.

Flosi kvað slíks að von "og er yður þetta viðvörðun," segir hann. "Skuluð þér nú aldrei svo fara síðan."

Flosi var allra manna glaðastur og bestur heima að hitta. Og er svo sagt að honum hafi flestir hlutir höfðinglegast gefnir verið. Var hann nú heima um sumarið og svo um veturinn.

En um veturinn eftir jól kom Hallur af Síðu austan og Kolur son hans. Flosi varð feginn komu hans. Töluðu þeir oft um málaferlin. Sagði Flosi að þeir höfðu mikið afhroð nú goldið þegar. Hallur kvaðst nærgætur orðið hafa málum þeirra. Flosi spurði hann þá ráðs hvað honum þætti þá líkast.

Hallur svarar: "Það legg eg til ráðs að þú sættist við Þorgeir ef kostur er og mun hann þó vera vandur að allri sætt."

"Ætlar þú þá munu lokið vígunum?" segir Flosi.

"Eigi ætla eg það," segir Hallur, "en við færri er þá um að eiga er við Kára er einn. En ef þú sættist eigi við Þorgeir þá verður það þinn bani."

"Hverja sætt skulum vér bjóða honum?" segir Flosi.

"Hörð mun yður sú þykja," segir Hallur, "er hann mun þiggja. Því aðeins mun hann sættast vilja nema hann gjaldi ekki fyrir það er hann hefir af gert en taki bætur fyrir Njál og sonu hans að sínum þriðjungi."

"Hörð sætt er það," segir Flosi.

"Ekki er þér sjá sætt hörð," segir Hallur, "því að þú átt ekki vígsmál eftir Sigfússonu og eiga bræður þeirra vígsmál eftir þá en Hámundur hinn halti eftir son sinn. En þú munt nú ná sættum við Þorgeir því að eg mun ríða til með þér og mun Þorgeir mér nokkurninn vel taka. En engi þeirra, er mál þessi eiga, munu þora að sitja að búum sínum í Fljótshlíð ef þeir eru utan sætta því að það verður þeirra bani. Og er það að vonum við skaplyndi Þorgeirs."

Var nú sent eftir Sigfússonum og báru þeir þetta mál upp við þá. Og lauk svo þeirra ræðum af fortölum Halls að þeim þótti svo allt sem hann talaði um fyrir þeim og vildu gjarna sættast.

Grani Gunnarsson mælti og Gunnar Lambason: "Sjálfrátt er oss ef Kári er einn eftir að hann sé eigi óhræddari við oss en vér við hann."

"Ekki er svo að mæla," segir Hallur. "Mun yður verða sárkeypt við hann og munuð þér mikið afhroð gjalda áður en lýkur með yður."

Síðan hættu þeir talinu.

## 147. kafli

Hallur af Síðu og Kolur son hans og þeir sex saman riðu vestur yfir Lómagnúpsand og svo vestur yfir Arnarstakksheiði og léttu eigi fyrr en þeir komu í Mýdal. Þar spurðu þeir að hvort Þorgeir mundi heima í Holti en þeim var sagt að hann mundi heima vera. Hallur var spurður hvert hann ætlaði að fara en hann kvaðst þangað ætla í Holt.

Þeir kváðu hann með nokkuru góðu fara mundu. Dvaldist Hallur þar nokkura stund, og áðu. Eftir það tóku þeir hesta sína og riðu á Sólheima um kveldið og voru þar um nóttina.

En um daginn eftir riðu þeir í Holt. Þorgeir var úti og svo Kári og menn þeirra því að þeir kenndu ferð Halls. Hann reið í blárrí kápu og hafði litla öxi silfurrekna í hendi. En er þeir komu í túnið þá gekk Þorgeir í móti þeim og tók Hall af baki og minntust þeir Kári báðir við hann og leiddu hann í milli sín í stofu og settu hann á pall í hásæti og spurðu hann margra tíðinda. Var hann þar um nóttina.

Um morguninn eftir vakti Hallur til máls við Þorgeir ef hann vildi sættast og sagði hverjar sættir þeir buðu honum og talaði þar um mörgum orðum fögrum og góðgjarnlegum.

Þorgeir svarar: "Kunnigt má þér það vera að eg vildi engum sættum taka við brennumenn."

"Allt var það annað mál," segir Hallur. "Þér voruð þá vígreiðir. Hafið þér nú og mikið að gert um manndráp síðan."

"Svo mun yður þykja," segir Þorgeir, "en hverja sætt bjóðið þér Kára?"

"Boðin mun honum sættin sú er sæmileg er," segir Hallur, "ef hann vill sættast."

Kári mælti: "Þess vil eg biðja þig, Þorgeir vinur, að þú sættist því að þinn hlutur má ekki verða betri en góður."

"Illt þykir mér að sættast og skiljast við þig nema þú takir slíka sætt sem eg tek," segir Þorgeir.

"Eigi vil eg það," segir Kári, "að sættast. En þó kalla eg nú að við höfum hefnt brennunnar. En sonar míns kalla eg vera óhefnt og ætla eg mér einum það að hefna hans slíkt sem eg fæ að gert."

En Þorgeir vildi eigi fyrir sættast en Kári sagði á ósátt sína ef hann sættist eigi. Handsalaði Þorgeir þá grið Flosa og hans mönnum til sáttarfundarins en Hallur seldi önnur í móti er hann hafði tekið af Flosa og Sigfússonum. En áður þeir skildust gaf Þorgeir Halli gullhring og skarlatsskikkju en Kári silfurmen og voru á gullkrossar þrír. Hallur þakkaði þeim vel gjafarnar og reið í braut með hinni mestu sæmd og létti eigi fyrir en hann kom til Svínafells. Tók Flosi vel við honum.

Hallur sagði Flosa allt frá erindum sínum og svo frá viðræðum þeirra Þorgeirs og svo það að Þorgeir vildi eigi fyrir sættast en Kári gekk að og bað hann og sagði ósátt sína á ef hann sættist eigi en Kári vildi þó eigi sættast.

Flosi mælti: "Fám mönnum er Kári líkur og þann veg vildi eg helst skapfarinn vera sem hann er."

Þeir Hallur dvöldust þar nokkura hríð. Síðan riðu þeir vestur að ákveðinni stundu til sáttarfundarins og fundust að Höfðabrekku sem mælt hafði verið með þeim. Kom Þorgeir þá til móts við þá vestan að. Töluðu þeir þá um sætt sína. Gekk það allt eftir því sem Hallur hafði sagt.

Þorgeir sagði þeim fyrir sættirnar að Kári skyldi vera með honum jafnan er hann vildi "skulu hvorigir öðrum þar illt gera að heima mínu. Eg vil og ekki eiga að heimta að sérhverjum þeirra og vil eg að þú Flosi varðir einn við mig en heimtir að sveitungum þínum og vil eg að sú gerð haldist öll er ger var á þingi um brennuna. Vil eg Flosi að þú gjaldir mér þriðjung minn óskerðan."

Flosi gekk skjótt að þessu öllu. Þorgeir gaf hvorki upp utanferðir né héraðssektir.

Nú riðu þeir Flosi og Hallur austur heim.

Hallur mælti til Flosa: "Efn þú vel mágur sætt þessa bæði utanferð þína og suðurgönguna og fégjöld. Munt þú þá þykja röskur maður þó að þú hafir ratað í stórvirki þetta ef þú innir rösklega af hendi alla hluti."

Flosi kvaðst svo skyldu gera. Reið Hallur nú heim austur en Flosi reið heim til Svínafells og var nú heima um hríð.

## 148. kafli

Þorgeir skorargeir reið heim af sáttarfundinum. Kári spurði hvort saman gengi sættin. Þorgeir sagði að þeir voru sáttir að fullu. Kári tók hest sinn og vildi í braut ríða.

"Eigi þarft þú í braut að ríða," segir Þorgeir, "fyrir því að það var skilið í sætt vora að þú skyldir hér vera jafnan hvern tíma er þú vildir."

Kári mælti: "Ekki skal svo vera mágur því að þegar ef eg veg víg nokkurt þá munu þeir það mæla að þú sért í ráðum með mér og vil eg það eigi. En það vil eg að þú takir við handsölum á fé mínu og eignir ykkur Helgu Njálsdóttur konu minni og dætrum mínum. Mun það þá ekki upp tekið af þeim sökudólgum mínum."

Þorgeir játaði því sem Kári vildi beitt hafa. Tók Þorgeir þá handsölum á fé Kára.

Síðan reið Kári í braut. Hann hafði hesta tvo og vopn sín og klæði og nokkurt lausafé í gulli og silfri. Kári reið nú vestur fyrir Seljalandsmúla og upp með Markarfljóti og svo upp í Þórsmörk. Þar eru þrír bæir er í Mörk heita allir. Á miðbænum bjó sá maður er Björn hét og var kallaður Björn hvíti. Hann var Kaðalsson, Bjálfasonar. Bjálfi hafði verið leysingi Ásgerðar móður Njáls og Holta-Þóris. Björn átti þá konu er Valgerður hét. Hún var Þorbrandsdóttir, Ásbrandssonar. Móðir hennar hét Guðlaug. Hún var systir Hámundar föður Gunnars að Hlíðarenda. Hún var gefin til fjár Birni og unni hún honum ekki mikið en þó áttu þau börn saman. Þau áttu gnóttir í búi. Björn var maður sjálfhælinn en húsfreyju hans þótti það illt. Hann var skyggn og skjótur á fæti. Þangað kom Kári til gistingar og tóku þau við honum báðum höndum. Var hann þar um nóttina.

Um morguninn töluðust þeir við.

Kári mælti til Bjarnar: "Það vildi eg að þú tækir við mér. Þykist eg hér vel kominn með þér. Vildi eg að þú værir í ferðum með mér er þú ert maður skyggn og frárla enda ætla eg að þú munir öruggur til áráðis."

"Hvorki frý eg mér," segir Björn, "skyggnleiks né áráðis eða nokkurrar karlmennsku. En því munt þú hingað kominn að nú mun fokið í öll skjól. En við áskorun þína Kári," segir Björn, "þá skal ekki gera þig líkan hversdagsmönnum. Skal eg víst verða þér að liði öllu slíku sem þú beiðir."

Húsfreyja hans varð áheyrsla og mælti: "Tröll hafi þitt hól," sagði hún, "og skrum og skyldir þú eigi mæla ykkur tál báðum og hégóma í þessu. En gjarna vil eg veita Kára mat og aðra góða hluti þá er eg veit að honum má gagn að verða. En á harðræði Bjarnar skalt þú Kári ekki treysta því að eg uggi að þér verði að öðru en hann segir."

Björn mælti: "Oft hefir þú veitt mér ámæli en eg treysti mér svo vel að eg mun fyrir engum manni á hæl hopa. Er hér raun til að því leita fáir á mig að engir þora."

Þar var Kári nokkura stund á laun og var það á fárra manna viti. Ætluðu menn nú að hann mundi riðinn norður um land á fund Guðmundar hins ríka því að Kári lét Björn það segja nábúum sínum að hann hefði fundið Kára á förnum vegi og riði hann þaðan upp á Goðaland og svo norður á Gásasand og svo til Guðmundar hins ríka norður á Möðruvöllu. Spurðist það þá um allar sveitir.

## 149. kafli

Nú er þar til máls að taka er Flosi er. Hann mælti til brennumanna féлага sinna: "Eigi mun oss enn duga kyrru fyrir að halda. Munum vér hljóta að hugsa um utanferðir vorar og féggjöld og efna sættir vorar sem drengilegast, taka oss fari þar hver er líkast þykir."

Þeir báðu hann fyrir sjá.

Flosi mælti: "Austur munum vér ríða til Hornafjarðar því að þar stendur skip uppi er á Eyjólfur nef, þrænskur maður, en hann vill biðja sér konu og nær hann eigi ráðinu nema hann setjist aftur. Munum vér kaupa skipið að honum því að vér munum hafa fé lítið en margt manna. Er það skip mikið og mun það taka oss upp alla."

Hættu þeir þá talinu.

En litlu síðar riðu þeir austur og létu eigi fyrr en þeir komu í Bjarnanes í Hornafjörð. Fundu þeir þar Eyjólf því að hann hafði þar verið á vist um veturinn. Þar var tekið vel við Flosa og voru þeir þar um nóttina. En um morguninn eftir falaði Flosi skipið að stýrimanni. Hann kvaðst ekki mundu þver í vera að selja skipið ef hann hefði það fyrir sem hann vildi. Flosi spurði í hverjum aurum hann vildi fyrir hafa. Austmaðurinn kveðst vildu fyrir hafa land og þó nær sér. Sagði Eyjólfur þá Flosa allt sem farið var um kaup þeirra bónda. Flosi kveðst skyldu sama róa svo að keypt yrði en kaupa síðan skipið að honum. Austmaðurinn gladdist við þetta. Flosi bauð honum land í Borgarhöfn. Austmaðurinn heldur nú á málinu við bónda svo að Flosi var hjá. Flosi lagði þá til orð sín með þeim svo að saman gekk með þeim kaupið. Lagði Flosi til landið í Borgarhöfn með Austmanninum en tók handsölum á kaupskipinu. Flosi hafði og af Austmanninum tuttugu hundruð vöru og varð það í kaupum þeirra.

Reið Flosi þá aftur. Hann var svo vinsæll af sínum mönnum að hann hafði þar vöru að láni eða gjöf sem hann vildi. Flosi reið nú heim til Svínafells og var heima um hríð. Flosi sendi þá Kol Þorsteinsson og Gunnar Lambason austur í Hornafjörð. Skyldu þeir þar vera við skip og búast um og tjalda búðir og sekka vöru og draga að slíkt sem þurfti.

Nú er að segja frá Sigfússonum að þeir segja Flosa að þeir vilja ríða vestur í Fljótshlíð að skipa til búa sinna og hafa þaðan vöru og slíkt annað sem þeir þyrftu.

"Er nú eigi Kára að varast," sögðu þeir, "ef hann er fyrir norðan land sem sagt er."

Flosi svarar: "Eigi veit eg um sögur slíkar hvað satt er sagt um ferðir Kára. Þykir mér það oft rjúfast er skemmra er að fréttu en slíkt. Er það mitt ráð að þér farið margir saman og skiljist lítt og verið um yður sem varastir. Skalt þú nú og, Ketill úr Mörk, muna draum þann er eg sagði þér og þú baðst að við skyldum leyna, því að margir eru þeir nú í för með þér er kallaðir voru."

Ketill mælti: "Allt mun það sínu fram fara um aldur manna sem ætlað er fyrir áður en gott gengur þér til vörunnar þinnar."

Töluðu þeir nú ekki um fleira. Síðan bjuggust þeir Sigfússynir og menn með þeim þeir sem til voru ætlaðir. Voru þeir átján saman. Riðu þeir þá í braut. Og áður en þeir fóru minntust þeir við Flosa. Hann bað þá vel fara og kvað þá eigi mundu sjást oftara suma er í braut riðu en þeir létu eigi letjast. Riðu þeir nú leið sína. Flosi mælti að þeir skyldu taka vöru hans í Meðallandi og flytja austur og svo í Landbroti og í Skógahverfi.

Síðan ríða þeir til Skaftártungu og svo fjall og fyrir norðan Eyjafjallajökul og ofan í Goðaland og svo ofan um skóga í Þórsmörk.

Björn úr Mörk gat séð mannareiðina og fór þegar til fundar við þá. Þar kvöddu hvorir aðra vel. Sigfússynir spurðu að Kára Sölmundarsyni.

"Fann eg Kára," segir Björn, "og var það nú mjög fyrir löngu. Reið hann þaðan norður á Gásasand og ætlaði hann norður á Möðruvöllu til Guðmundar hins ríka og þótti mér nú sem hann mundi heldur óttast yður. Þóttist hann nú mjög einmani."

Grani Gunnarsson mælti: "Meir skyldi hann þó síðar óttast oss. Mun hann svo fremi vita að hann kæmi í kast við oss. Hræðumst vér hann nú alls ekki er hann er einn síns liðs."

Ketill úr Mörk bað hann þegja og hafa engi stóryrði frammi. Björn spurði nær þeir mundu aftur.

"Nær viku munum vér dveljast í Fljótshlíð," sögðu þeir, kváðu þá á dag fyrir honum nær þeir mundu á fjall ríða. Skildu þeir við þetta. Riðu nú Sigfússynir til búa sinna og urðu heimamenn þeirra þeim fegnir. Voru þeir þar nær viku.

Nú kemur Björn heim og finnur Kára og segir honum allt um ferðir Sigfússoona og fyrirætlan þeirra. Kári kvað hann sýnt hafa í þessu vinskapi mikinn og trúleik við sig.

Björn mælti: "Það ætlaði eg ef eg héti nokkurum manni trausti mínu eða umsjá að þeim skyldi mun í fara."

Húsfreyja hans mælti: "Fyrr væri illa en þú værir drottinsviki."

Kári dvaldist þar sex nætur síðan.

## 150. kafli

Kári talar nú við Björn: "Við skulum ríða austur um fjall og ofan í Skaftártungu og fara leynilega um þingmannasveit Flosa því að eg ætla að koma mér utan austur í Álftafirði."

Björn mælti: "Þetta er hættuför mikil og munu fáir hug til hafa nema þú og eg."

Húsfreyja mælti: "Ef þú fylgir Kára illa þá skalt þú það vita að aldrei skalt þú koma í mína rekkju sinn síðan. Skulu frændur mínir gera fjárskipti með okkur."

"Það er líkara húsfreyja," segir Björn, "að fyrir öðru þurfi ráð að gera en það beri til skilnaðar okkars því að eg mun mér bera vitni um það hver garpur eða afreksmaður eg er í vopnaskipti."

Þeir ríða nú um daginn á fjall og aldrei almannaveg og ofan í Skaftártungu og fyrir ofan bæi alla til Skaftár og leiddu hesta sína í dæl nokkura. En þeir voru á njósn og höfðu svo um sig búið að þá mátti ekki sjá.

Kári mælti þá til Bjarnar: "Hvað skulum við til taka ef þeir ríða hér ofan að okkur af fjallinu?"

"Munu eigi tveir til," segir Björn, "annaðhvort að ríða undan norður með brekkunum og láta þá ríða um fram eða bíða ef nokkurir dveljast eftir og ráða þá að þeim."

Margt töluðu þeir um þetta og hafði Björn í sínu orði hvort að hann vildi flýja sem harðast eða hitt að hann vildi bíða og taka í móti og þótti Kára að þessu allmikið gaman.

Nú er að segja frá Sigfússonum að þeir riðu þann dag heiman sem þeir höfðu sagt Birni. Þeir komu í Mörk og drápu þar á dyr og vildu finna Björn en húsfreyja gekk til dyra og heilsaði þeim. Þeir spurðu þegar að Birni.

Hún sagði að hann var riðinn ofan undir Eyjafjöll og svo austur í Holt "því að hann á þar fjárheimtur," sagði hún.

Þeir trúðu þessu og vissu að Björn átti þar fé að heimta, riðu síðan austur á fjall og léttu eigi fyrr en þeir komu í Skaftártungu og riðu ofan með Skaftá og áðu þar sem þeir Kári ætluðu.

Skiptu þeir þá liði sínu. Ketill úr Mörk reið austur í Meðalland og átta menn með honum en hinir lögðust niður til svefnis og urðu eigi fyrr við varir en þeir Kári komu að þeim.

Þar gekk nes lítið í ána fram. Gekk Kári þar í fram og bað Björn standa að baki sér og hafa sig eigi allmjög frammi, "en ger mér gagn slíkt er þú mátt."

"Hitt hafði eg ætlað," segir Björn, "að hafa engan mann að hlífiskildi mér en þó er nú þar komið að nú munt ráða verða. En með vitsmunum mínum og hvatleik þá mun eg þó verða þér að gagni en óvinum okkrum ekki óskeinisamur."

Þeir stóðu nú upp allir og hljópu að þeim og varð skjótastur Móðólfur Ketilsson og lagði spjóti til Kára. Kári hafði skjöldinn fyrir sér og kom þar í lagið og festi í skildinum. Kári snaraði skjöldinn svo hart að spjótið brotnaði. Hann hafði brugðið sverðinu og hjó til Móðólfs. Hann hjó í móti. Sverðið Kára kom á hjaltið og stökk af í braut og á úfliðinn Móðólfi og tók af höndina og féll sverðið niður og svo höndin en sverð Kára hljóp á síðuna Móðólfi og inn í millum rifjanna. Féll Móðólfur þá og var þegar dauður. Grani Gunnarsson þreif spjót og skaut að Kára en Kári skaut niður við skildinum svo að fastur stóð í vellinum en tók með hinni vinstri hendi spjótið á lofti og skaut aftur að Grana og tók þegar skjöld sinn hinni vinstri hendi. Grani hafði skjöld fyrir sér. Kom spjótið í skjöldinn og gekk þegar í gegnum og kom í lærið Grana fyrir neðan smáþarmana og þar í gegnum og svo í völinn og komst hann eigi af spjótinu fyrr en félagar hans drógu hann af og bjuggu um hann í dæl nokkurri með hlífum. Maður einn skaust að og ætlaði að höggva fót undan Kára og komst á hlið honum. Björn hjó af þessum manni höndina og skaust aftur síðan að baki Kára og fengu þeir honum engan geig gervan. Kári slæmdi til þessa manns sverðinu og hjó hann í sundur í miðju. Þá hljóp Lambi Sigurðarson að Kára og hjó til hans með sverði. Kári brá við flötum skildinum og beit sverðið ekki á. Kári lagði til hans sverðinu framan í brjóstið svo að út gekk meðal herðanna. Varð það hans bani. Þá hljóp að Kára Þorsteinn Geirleifsson og ætlaði á hlið Kára. Hann fékk séð Þorstein og slæmdi til hans sverðinu um þverar herðarnar svo að í sundur tók manninn. Litlu síðar hjó hann mann banahöggi, Gunnar úr Skál, góðan bónda. Björn hafði særða þrjá menn þá er ætlað höfðu til að vinna á Kára og var þó aldrei svo frammi að honum væri nein raun í. Varð hann og ekki sár og hvorgi þeirra félaga á fundinum en þeir voru allir sárir er undan komust. Hljópu þeir á hesta sína og hleyptu út á Skaftá sem mest máttu þeir og urðu svo hræddir að þeir komu hvergi til bæja og hvergi þorðu þeir að segja tíðindin. Þeir Kári æptu að þeim er þeir hleyptu út á ána.

Björn mælti: "Rennið þér nú brennumenn," segir hann.

Þeir riðu austur í Skógahverfi og létu eigi fyrir en þeir komu til Svínafells. Flosi var ekki heima er þeir komu þar og varð því þaðan ekki eftir leitað. Öllum þótti þeirra ferð hin svívirðlegasta. Kári reið í Skál og lýsti þar vígum þessum á hendur sér. Sagði hann þar lát húsbónda og þeirra fimm og sár Grana og kvað betra mundu að færa hann til húss ef hann skyldi lifa. Björn mælti og kvaðst eigi nenna að drepa hann fyrir mágsemdar sökum en kvað hann þó þess maklegan en þeir er svöruðu kváðu fá fúnað hafa fyrir honum. Björn kvað nú kost vera að fúnuðu svo margir af Síðumönnum sem hann vildi. Þeir sögðu þá þó ill að vera. Þeir Kári og Björn riðu þá í braut.

## 151. kafli

Kári spurði Björn: "Hvað skulum við nú til ráða taka? Skal eg nú reyna vitsmuni þína."

Björn svaraði: "Hvort þykir þér undir því mest að við séum sem vitrastir?"

"Já," sagði Kári, "svo er víst."

"Þá er skjótt til ráða að taka," segir Björn. "Við skulum ginna þá alla sem þursa og skulum við láta sem við munum ríða norður á fjall. En þegar er leiti ber á milli vor þá skulum við snúa aftur og ofan með Skaftá og felast þar sem okkur þykir vænlegast meðan leitinn er sem áköfust ef þeir ríða eftir."

Kári mælti: "Svo munum við gera og hafði eg þetta ætlað áður."

"Svo mun þér reynast," sagði Björn, "að eg mun ekki vera hjátækur í vitsmunum eigi síður en í harðræðunum."

Þeir Kári riðu nú sem þeir höfðu ætlað ofan með Skaftá. Þá fellur áin sum í austur en sum í landsuður. Sneru þeir þá ofan með miðkvíslinni og létu eigi fyrir en þeir komu í Meðalland og á mýri þá er Kringlumýri heitir. Þar er hraun allt umhverfis.

Kári mælti þá við Björn að hann skyldi gæta hesta þeirra og vera á varðhaldi "en mér gerir svefnhöfugt."

Björn gætti hestanna en Kári lagðist niður og svaf allskamma stund áður en Björn vakti hann. Hann hafði þá leidda saman hestana og voru þar hjá þeim.

Björn mælti þá til Kára: "Allmjög þarft þú þó mín til. Mundi sá nú hafa hlaupið í braut frá þér er eigi væri jafnvel hugaður sem eg er því að nú ríða hér óvinir þínir að þér og skalt þú svo við búast."

Kári gekk þá undir hamarskúta nokkurn.

Björn mælti: "Hvar skal eg nú standa?"

Kári svarar: "Tveir eru nú kostir fyrir höndum. Sá er annar að þú standir að baki mér og hafir skjöldinn að hlífa þér með ef þér kemur hann að nokkuru gagni. Hinn er annar að þú stígir á hest þinn og ríðir undan sem þú mátt mest."

"Það vil eg eigi," sagði Björn. "Heldur þar margt til þess. Það fyrst að vera kann að nokkurar skæðar tungur taki svo til orðs að eg renni frá þér fyrir hagleysi ef eg ríð í braut. Hitt er annað að eg veit hver veiður þeim mun þykja í mér og munu ríða eftir mér tveir eða þrír en eg verð þér þá þó að engu gagni eða liði. Vil eg heldur standa hjá þér og verjast meðan auðið verður."

Þá var eigi langt að bíða áður reknir voru klyfjastar fram um mýrina og fóru þar með þrír menn.

Kári mælti: "Þessir sjá okkur ekki."

"Látum við þá um ríða," segir Björn.

Síðan riðu þeir um fram en hinir sex riðu þá að fram og hljópu þegar af baki allir senn og sneru að þeim Kára. Fyrst hleypur að þeim Glúmur Hildisson og lagði til Kára með spjóti. Kári snerist undan á hæli og missti Glúmur hans og kom lagið í bjargið. Björn sér það og hjó þegar spjótið af skafti fyrir Glúmi. Kári hjó til Glúms höllum fæti og kom sverðið á lærið og tók undan fótinn uppi í lærinu og dó Glúmur þegar. Þá hljópu fram að Kára Þorfinnssynir, Vébrandur og Ásbrandur. Kári hljóp að Vébrandi og rak sverðið í gegnum hann en síðan hjó hann báða fætur undan Ásbrandi. Í þessi svipan urðu þeir sárir báðir, Kári og Björn. Þá hljóp að Kára Ketill úr Mörk og lagði til hans spjóti. Kári brá upp við fætinum og kom spjótið í völinn. Kári hljóp á spjótkaftið og braut í sundur. Kári þreif Ketil höndum. Björn hljóp að þegar og vildi vega Ketil.

Kári mælti: "Lát vera kyrrt. Eg skal gefa Katli grið og þó að svo verði, Ketill, oftast að eg eigi vald á lífi þínu þá skal eg þig aldrei drepa."

Ketill svarar fá og reið í braut eftir félögum sínum og sagði þeim er eigi vissu áður tíðindin. Þeir sögðu héraðsmönnum tíðindin. Héraðsmenn gerðu þegar herhlaup mikið og fóru þegar með öllum vatnföllum og svo langt norður á fjall að þeir voru þrjú dægur í leitinni. En síðan sneru þeir aftur og fór hver til síns heimilis. En Ketill og þeir félagar riðu austur til Svínafells og sögðu þar tíðindin.

Flosi tók lítt á þeirra ferð og kvað þó eigi víst um hvort hér næmi staðar "er Kári engum manni líkur þeim sem nú er á Íslandi."

## 152. kafli

Nú er að segja frá Birni og Kára að þeir ríða á sand og leiða hesta sína undir melbakka og skáru fyrir þá melinn að þeir dæju eigi af sulti. Kári varð svo nærgætur að hann reið þegar í braut er þeir hættu leitinni. Hann reið um nóttina upp eftir héraðinu og síðan á fjall og svo alla hina sömu leið sem þeir riðu austur og léttu eigi fyrr en þeir komu í Mið-Mörk.

Björn mælti þá til Kára: "Nú skalt þú vera vin minn mikill fyrir húsfreyju minni því að hún mun engu orði trúa því er eg segi en mér liggur hér nú allt við. Launa þú mér nú góða fylgd er eg hefi þér veitta."

"Svo skal vera," segir Kári.

Síðan riðu þeir heim á bæinn. Húsfreyja spurði þá tíðinda og fagnaði þeim vel.

Björn svaraði: "Aukist hafa heldur vandræðin kerling."

Hún svarar fá og brosti að. Húsfreyja mælti þá: "Hversu gafst Björn þér Kári?"

Hann svarar: "Ber er hver að baki nema sér bróður eigi og gafst Björn mér vel. Hann vann á þremur mönnum en hann er þó sár sjálfur. Og var hann mér hinn hallkvæmasti í öllu því er hann mátti."

Þar voru þeir þrjár nætur. Síðan riðu þeir í Holt til Þorgeirs og sögðu honum einum saman tíðindin því að þangað höfðu eigi spurst tíðindin fyrr. Þorgeir þakkaði Kára og fannst það á að hann varð þessu feginn. Hann spurði Kára að hvað þá væri óunnið það er hann ætlaði að vinna.



Kári svarar: "Drepa ætla eg Gunnar Lambason og Kol Þorsteinsson ef færi gefur á. Höfum við þá drepið fimmtán menn með þeim fimm er við drápum báðir saman en þó vil eg nú biðja þig bænar," segir Kári.

Þorgeir kvaðst veita honum mundu það er hann beiddi.

Kári mælti: "Það vil eg að mann þenna, er Björn heitir og að vígum hefir verið með mér, takir þú til þín og skiptir þú um bústaði við hann og fáir honum bú algert hér hjá þér og halt svo hendi yfir honum að engri hefnd sé til hans snúið og er þér það sjálfrátt fyrir sakir höfðingskapar þíns."

"Svo skal vera," segir Þorgeir.

Fékk hann þá Birni bú algert að Ásólfskála en tók við búi í Mörk. Þorgeir færði sjálfur hjón Bjarnar til Ásólfskála og allt búferli hans. Þorgeir sættist á öll mál fyrir Björn og gerði hann alsáttum sáttan við þá. Þótti Björn nú miklu heldur maður en áður fyrir sér.

Kári reið í braut og létti eigi fyrr en hann kom vestur í Tungu til Ásgríms Elliða-Grímssonar. Hann tók við Kára ágæta vel. Kári sagði honum frá öllum atburðum þeim er orðið höfðu í vígum. Ásgrímur lét vel yfir því og spurði hvað Kári ætlaðist þá fyrir.

Kári svaraði: "Eg ætla að fara utan eftir þeim og sitja svo að þeim og drepa þá ef eg fæ náð þeim."

Ásgrímur sagði að hann væri engum manni líkur fyrir hreysti sína. Þar var hann nokkurar nætur.

Síðan reið hann til Gissurar hvíta. Gissur tók við Kára báðum höndum. Kári dvaldist þar nokkura stund. Hann sagði Gissuri að hann mundi ríða ofan á Eyrar. Gissur gaf Kára sverð gott að skilnaði.

Reið hann nú ofan á Eyrar og tók sér þar fari með Kolbeini svarta. Hann var orkneyskur maður og aldavinur Kára og var hinn kappsamasti og hinn vaskasti maður. Tók hann við Kára báðum höndum og kvað eitt skyldu yfir þá ganga báða.

## 153. kafli

Nú er þar til máls að taka er Flosi er, að þeir riðu austur til Hornafjarðar. Fylgdu Flosa flestir allir þingmenn hans. Fluttu þeir þá austur vöru sína og önnur föng og fargögn öll þau er þeir skyldu hafa með sér. Síðan bjuggu þeir ferð sína og skip. Var Flosi nú við skipið þar til er þeir voru búnir. En þegar er byr gaf létu þeir í haf. Þeir höfðu langa útivist og veðráttu illa. Fóru þeir þá hundvillir.

Það var einu hverju sinni að þeir fengu áföll stór þrjú nokkur. Sagði Flosi þá að þeir mundu nokkur vera í nánd löndum og þetta væru grunnföll. Þoka var á mikil en veðrið óx svo að hríð mikla gerði að þeim. Fundu þeir eigi fyrr en þá keyrði á land upp um nótt eina og varð þar borgið mönnum en skip braut allt í spón og fé máttu þeir ekki bjarga. Urðu þeir að leita sér verma.

En um daginn eftir gengu þeir upp á hæð nokkura. Var þá veður gott. Flosi spurði ef nokkur maður kenndi land þetta. Þar voru þeir menn tveir er farið höfðu áður og sögðust kenna að vísu "og erum vér komnir við Orkneyjar í Hrossey."

"Fá máttum vér betri landtöku," segir Flosi, "því að Helgi Njálsson var hirðmaður Sigurðar jarls Hlöðvissonar er eg vó."

Leituðu þeir sér þá fylgslis og reyttu á sig mosa og lágu svo um stund og eigi langa áður Flosi mælti: "Ekki skulum vér hér liggja lengur svo að landsmenn verði þess varir."

Stóðu þeir þá upp og gerðu ráð sitt.

Flosi mælti þá til sinna manna: "Vér skulum ganga allir á vald jarlsins. Gerir oss ekki annað því að jarl hefir að líku líf vort ef hann vill eftir því leita."

Gengu þeir þá allir í braut þaðan. Flosi mælti að þeir skyldu engum manni segja tíðindin eða frá ferðum sínum fyrr en hann segði jarli.

Fóru þeir þá til þess er þeir fundu menn þá er þeim vísuðu til jarls. Gengu þeir þá fyrir jarl og kvaddi Flosi hann og allir þeir. Jarl spurði hvað manna þeir væru. Flosi nefndi sig og sagði úr hverri sveit hann var af Íslandi. Jarl hafði spurt áður brennuna og kenndist hann af því þegar við mennina.

Jarl spurði þá Flosa: "Hvað segir þú mér til Helga Njálssonar, hirðmanns míns?"

"Það," sagði Flosi, "að eg hjó höfuð af honum."

Jarl mælti: "Takið þá alla."

Þá var svo gert. Þá kom að í því Þorsteinn Síðu-Hallsson. Flosi átti Steinvöru systur Þorsteins. Þorsteinn var hirðmaður Sigurðar jarls. En er Þorsteinn sá Flosa höndlaðan þá gekk hann fyrir jarl og bauð fyrir Flosa allt það góss er hann átti. Jarl var hinn reiðasti og hinn erfiðasti lengi. En þó kom svo um síðir við umtölur góðra manna með Þorsteini, því að hann var vel vinum horfinn og gengu margir til að flytja með honum, að jarl tók sættum við þá og gaf Flosa grið og öllum þeim. Hafði jarl á því ríkra manna hátt að Flosi gekk í þá þjónustu sem Helgi Njálsson hafði haft. Gerðist Flosi þá hirðmaður Sigurðar jarls og kom hann sér brátt í kærleika mikla við jarlinn.

## 154. kafli

Þeir Kári og Kolbeinn svarti létu út hálfum mánuði síðar af Eyrum en þeir Flosi úr Hornafirði. Gaf þeim vel byri og voru skamma stund úti. Tóku þeir Friðarey. Hún er á milli Hjaltlands og Orkneyja. Tók við Kára sá maður er Dagviður hvíti hét. Hann sagði Kára allt um ferðir þeirra Flosa slíkt sem hann hafði vís orðið. Hann var hinn mesti vin Kára og var Kári með honum um veturinn. Höfðu þeir þá fréttir vestan um veturinn úr Hrosseyju allar þær er þar gerðust.

Sigurður jarl bauð til sín að jólum Gilla jarli mági sínum úr Suðureyjum. Hann átti Svanlaugu systur Sigurðar jarls. Þá kom og til Sigurðar jarls konungur sá er Sigtryggur hét. Hann var af Írlandi. Hann var sonur Ólafs kvarans en móðir hans hét Kormlöð. Hún var allra kvenna fegurst og best að sér orðin um það allt er henni var ósjálfrátt en það er mál manna að henni hafi allt verið illa gefið það er henni var sjálfrátt.

Brjänn hét konungur sá er hana hafði átta og voru þau þá skilin því að hann var allra konunga best að sér. Hann sat í Kunnjättaborg. Bróðir hans var Úlfur hræða, hinn mesti kappi og hermaður. Fóstri Brjáns konungs hét Kerþjálfaður. Hann var son Kylfis konungs þess er margar orustur átti við Brján konung og stökk úr landi fyrir honum og settist í stein. En þá er Brjänn konungur gekk suður þá fann hann Kyli konung og sættust þeir þá. Tók þá Brjänn konungur við syni hans Kerþjálfaði og unni meira en sínum sonum. Hann var þá roskinn er þetta er tíðinda og var allra manna fræknastur. Dungaður hét son Brjáns konungs en annar Margaður, þriðji Taðkur, þann köllum vér Tann. Hann var þeirra yngstur en hinir eldri synir Brjáns konungs voru frumvaxta og manna vasklegastir. Ekki var Kormlöð móðir barna Brjáns konungs. En svo var hún orðin grimm Brjáni konungi eftir skilnað þeirra

að hún vildi hann gjarna feigan. Brjáll konungur gaf upp þrisvar útlögum sínum hinar sömu sakar. En ef þeir misgerðu oftar þá lét hann dæma þá að lögum. Og má af slíku marka hvílikur konungur hann hefir verið.

Kormlóð eggjaði mjög Sigtrygg son sinn að drepa Brján konung. Sendi hún hann af því til Sigurðar jarls að biðja hann liðs. Kom Sigtryggur konungur fyrir jól til Orkneyja. Þar kom þá og Gilli jarl sem fyrr var ritað.

Svo var mönnum skipað að Sigtryggur konungur sat í miðju háseti en til sinnar handar konungi sat hvor jarlanna. Sátu menn þeirra Sigtryggs konungs og Gilla jarls innar frá en utar frá Sigurði jarli sat Flosi og Þorsteinn Síðu-Hallsson og var skipuð öll höllin.

Sigtryggur konungur og Gilli jarl vildu heyra tíðindi þau er gerst höfðu um brennuna og svo síðan er hún varð. Þá var fenginn til Gunnar Lambason að segja söguna og var settur undir hann stóll.

## 155. kafli

Í þenna tíma komu þeir Kári og Kolbeinn og Dagviður hvíti til Hrosseyjar öllum á óvart og gengu upp þegar á land en nokkurir menn gættu skips. Kári og þeir félagar gengu upp til jarlsbæjarins og komu að höllinni um drykkju. Bar það saman og þá var Gunnar að að segja söguna en þeir Kári hlýddu til á meðan úti. Þetta var jóladaginn sjálfan.

Sigtryggur konungur spurði: "Hversu þoldi Skarphéðinn í brennunni?"

"Vel fyrst lengi," sagði Gunnar, "en þó lauk svo að hann grét."

Og um allar sagnir hallaði hann mjög til en ló víða frá.

Kári stóðst þetta eigi. Hljóp hann þá inn með brugðnu sverði og kvað vísu þessa:

Hrósa hildar fúsir,  
hvað hafa til fregið skatnar  
hve, ráfáka, rákum?  
rennendr Níals brennu.  
Varðat veiti-Njörðum  
víðeims að það síðan,  
hrátt gat hrafn að slíta  
hold, slælega goldið.

Þá hljóp hann innar eftir höllinni og hjó á hálsinn Gunnari Lambasyni og svo snart að höfuðið fauk upp á borðið fyrir konunginn og jarlana. Urðu borðin í blóði einu og svo klæðin jarlanna.

Sigurður jarl kenndi manninn þann er vegið hafði vígið og mælti: "Takið þér Kára og drepið hann."

Kári hafði verið hirðmaður Sigurðar jarls og var allra manna vinsælastur og stóð engi upp að heldur þó að jarl ræddi um.

Kári mælti: "Það munu margir mæla herra að eg hafi þetta verk fyrir yður unnið að hefna hirðmanns yðvars."

Flosi mælti: "Ekki gerði Kári þetta um sakleysi því að hann er í engum sættum við oss. Gerði hann það að sem hann átti."

Kári gekk í braut og varð ekki eftir honum gengið. Fór Kári til skips síns og þeir félagar. Var þá veður gott. Sigldu þeir suður til Kataness og fóru upp í Þrasvík til göfugs manns er Skeggi hét og voru með honum mjög lengi.

Þeir í Orkneyjum hreinsuðu borðin og báru út hinn dauða. Jarli var sagt að þeir hefðu siglt suður til Skotlands.

Sigtryggur konungur mælti: "Þessi var herðimaður mikill fyrir sér er svo rösklega vann að og sást ekki fyrir."

Sigurður jarl svaraði: "Engum manni er Kári líkur í hvatleik sínum og áræði."

Flosi tók nú til og sagði söguna frá brennunni. Bar hann öllum vel og var því trúað.

Sigtryggur konungur vakti þá til um erindi sín við Sigurð jarl og bað hann fara til orustu með sér í móti Brjáni konungi. Jarl var lengi erfiður en þar kom um síðir að hann gerði á kost. Mælti hann það til að eiga móður hans og vera síðan konungur á Írlandi ef þeir felldu Brján. En allir löttu Sigurð jarl í að ganga og týði ekki. Skildu þeir að því að Sigurður jarl hét ferðinni en Sigtryggur konungur hét honum móður sinni og konungdómi. Var svo mælt að Sigurður jarl skyldi kominn með her sinn allan til Dyflinnar að pálmsunnudegi.

Fór Sigtryggur konungur þá suður til Írlands og sagði Kormlöðu móður sinni að jarl hafði í gengið og svo hvað hann hafði til unnið. Hún lét vel yfir því en kvað þau þó skyldu draga að meira lið. Sigtryggur spurði hvaðan þess væri að von.

Hún sagði að víkingar tveir lágu úti fyrir vestan Mön og höfðu þrjá tigu skipa "og svo harðfengir að ekki stendur við. Heitir annar Óspakur en annar Bróðir. Þú skalt fara til móts við þá og lát ekki að skorta að koma þeim í með þér hvað sem þeir mæla til."

Sigtryggur konungur fer nú og leitar víkinganna og fann þá fyrir utan Mön. Ber Sigtryggur konungur þegar upp erindi sín en Bróðir skarst undan allt til þess er Sigtryggur konungur hét honum konungdómi og móður sinni. Og skyldi þetta fara svo hljótt að Sigurður jarl yrði eigi vís. Hann skyldi og koma fyrir pálmsunnudag með her sinn til Dyflinnar. Sigtryggur konungur fór heim til móður sinnar og sagði henni hvar þá var komið.

Eftir þetta talast þeir við Óspakur og Bróðir. Sagði þá Bróðir Óspaki alla viðræðu þeirra Sigtryggs og bað hann fara til bardaga með sér í móti Brjáni konungi og kvað sér mikið við liggja. Óspakur kvaðst eigi vilja berjast í móti svo góðum konungi. Urðu þeir þá báðir reiðir og skiptu þegar liði sínu. Hafði Óspakur tíu skip en Bróðir tuttugu. Óspakur var heiðinn og allra manna vitrastur. Hann lagði skip sín inn á sundið en Bróðir lá fyrir utan. Bróðir hafði verið maður kristinn og messudjárn að vígslu en hann hafði kastað trú sinni og gerðist guðníðingur og blótaði nú heiðnar vættir og var allra manna fjölkunnigastur. Hann hafði herbúnað þann er eigi bitu járn. Hann var bæði mikill og sterkur og hafði hár svo mikið að hann drap undir belti sér. Það var svart.

## 156. kafli

Það bar við eina nótt að gnýr mikill kom yfir þá Bróður svo að þeir vöknuðu við allir og spruttu upp og fóru í klæði sín. Þar með rigndi á þá blóði vellanda. Hlífðu þeir sér þá með skjöldum og brunnu þó margir. Undur þetta hélst allt til dags. Maður hafði látist af hverju skipi. Sváfu þeir þá um daginn.

Aðra nótt varð enn gnýr og spruttu þá enn allir upp. Þá renndu sverð úr slíðrum en öxar og spjót flugu í loft upp og börðust. Sóttu þá vopnin svo fast að þeim að þeir urðu að hlífa sér og urðu þó margir sárir en dó maður af hverju skipi. Hélt undur þetta allt til dags. Sváfu þeir þá enn um daginn eftir.

Þriðju nótt varð gnýr með sama hætti. Þá flugu að þeim hrafnar og sýndist þeim úr járni nefin og klærnar. Hrafnarnir sóttu þá svo fast að þeir urðu að verja sig með sverðum en hlífðu sér með skjöldum. Gekk þessu enn til dags. Þá hafði enn látist maður af hverju skipi. Þeir sváfu þá enn fyrst.

En er Bróðir vaknaði varp hann mæðilega öndunni og bað skjóta utan báti "því að eg vil finna Óspak." Steig hann þá í bátinn og nokkurir menn með honum. En er hann fann Óspak sagði hann honum öll undur þau er fyrir þá hafði borið og bað hann segja sér fyrir hverju vera mundi. Óspakur vildi eigi segja honum fyrr en hann seldi honum grið. Bróðir hét honum griðum en Óspakur dró þó undan allt til nætur því að Bróðir vó aldrei víg um nætur.

Óspakur mælti þá: "Þar sem blóði rigndi á yður þar munuð þér hella út margs manns blóði, bæði yðru og annarra. En þar sem þér heyrðuð gný mikinn þar mun yður sýndur heimsbrestur og munuð þér deyja allir brátt. En þar er vopnin sóttu að yður, það mun vera fyrir orustu. En þar sem hrafnar sóttu að yður, það eru óvinir þeir er þér trúid á og yður munu draga til helvítis kvala."

Bróðir varð svo reiður að hann mátti engu svara og fór þegar til manna sinna og lét þekja sundið allt með skipum og bera strengi á land og ætlaði að drepa þá alla eftir um morguninn. Óspakur sá ráðagerð þeirra alla. Þá hét hann að taka trú rétta og fara til Brjáns konungs og fylgja honum til dauðadags. Hann lét þá taka það til ráðs að þekja öll skipin og forka með landinu og höggva strengi þeirra Bróður. Tók þá að reiða saman skipin en þeir voru sofnaðir.

Þeir Óspakur fóru þá út úr firðinum og svo vestur til Írlands og létu eigi fyrr en þeir komu til Kunnjátta. Og sagði Óspakur Brjáni konungi allt það er hann var vís orðinn og tók skírn og fal sig konungi á hendi.

Síðan lét Brjánn konungur safna liði um allt ríki sitt og skyldi kominn herinn allur til Dyflinnar í vikunni fyrir pálmddrottinsdag.

## 157. kafli

Sigurður jarl Hlödvisson bjóst af Orkneyjum. Flosi bauð að fara með honum. Jarl vildi það eigi þar sem hann átti suðurgöngu sína að leysa. Flosi bauð fimmtán menn af liði sínu til ferðarinnar en jarl þekktist það. En Flosi fór með Gilla jarli í Suðureyjar. Þorsteinn Síðu-Hallsson fór með Sigurði jarli, Hrafn hinn rauði, Erlingur af Straumey. Jarl vildi eigi að Hárekur færi en kveðst segja honum mundu fyrstum tíðindin.

Sigurður jarl kom með allan her sinn að pálmadegi til Dyflinnar. Þar var kominn Bróðir með sínu liði. Bróðir reyndi til með fornaskju hversu ganga mundi orustan. En svo gekk fréttin ef á föstudegi væri barist að Brjánn konungur mundi falla og hafa sigur en ef fyrr væri barist þá mundu þeir allir falla er í móti honum væru. Þá sagði Bróðir að föstudaginn skyldi berjast.

Fimmtadaginn reið maður að þeim Kormlöðu á apalgrám hesti og hafði í hendi pálstaf. Hann talaði lengi við þau Bróður og Kormlöðu.

Brjánn konungur var kominn með allan her sinn til borgarinnar. Föstudaginn fór út herinn allur af borginni og var fylkt liðinu hvorutveggja. Bróðir var í annan arm fylkingar en í annan Sigtryggur konungur. Sigurður jarl var í miðju liðinu.

Nú er að segja frá Brjáni konungi að hann vildi eigi berjast föstudaginn og var skotið um hann skjaldborg og fylkt þar liðinu fyrir framan. Úlfur hræða var í þann fylkingararminn sem Bróðir var til móts en í annan fylkingararm var Óspakur og synir Brjáns konungs þar er Sigtryggur var í móti en í miðri fylkingunni var Kerþjálfaður og voru fyrir honum borin merkin.

Fallast nú að fylkingarnar. Varð þá orusta allhörð. Gekk Bróðir í gegnum lið og felldi þá alla er fremstir stóðu en hann bitu ekki járn. Úlfur hræða sneri þá í móti honum og lagði til hans þrisvar sinnum svo fast að Bróðir féll fyrir í hvert sinn og var við sjálft að hann mundi eigi á fætur komast. En þegar er hann fékk upp staðið þá flýði hann undan og í skóg.

Sigurður jarl átti harðan bardaga við Kerþjálfað. Kerþjálfaður gekk svo fast fram að hann felldi þá alla er fremstir voru. Rauf hann fylking Sigurðar jarls allt að merkinu og drap merkismanninn. Fékk jarl þá til annan mann að bera merkið. Varð þá enn orusta hörð. Kerþjálfaður hjó þenna þegar banahöggi og hvern að öðrum þá er í nánd voru. Sigurður jarl kvaddi þá til Þorstein Síðu-Hallsson að bera merkið. Þorsteinn ætlaði upp að taka merkið.

Þá mælti Ámundi hvíti: "Ber þú eigi merkið Þorsteinn því að þeir eru allir drepnir er það bera."

"Hrafn hinn rauði," sagði jarl, "ber þú merkið."

Hrafn svaraði: "Ber þú sjálfur fjanda þinn."

Jarl mælti: "Það mun vera maklegast að fari allt saman, karl og kýll."

Tók hann þá merkið af stönginni og kom í millum klæða sinna. Litlu síðar var veginn Ámundi hvíti. Þá var og Sigurður jarl skotinn spjóti í gegnum.

Óspakur hafði gengið um allan fylkingararminn. Hann var orðinn sár mjög en látið sonu Brjáns báða áður. Sigtryggur konungur flýði fyrir honum. Brast þá flótti í öllu liðinu.

Þorsteinn Síðu-Hallsson nam staðar þá er allir flýðu aðrir og batt skópveng sinn. Þá spurði Kerþjálfaður hví hann rynni eigi. "Því," sagði Þorsteinn, "að eg tek eigi heim í kveld þar sem eg á heima út á Íslandi."

Kerþjálfaður gaf honum grið.

Hrafn hinn rauði var eltur út á á nokkura. Hann þóttist þar sjá helvítis kvalar í niðri og þótti honum djöflar vilja draga sig til.

Hrafn mælti þá: "Runnið hefir hundur þinn, Pétur postuli, til Róms tvisvar og mundi renna hið þriðja sinn ef þú leyfir."

Þá létu djöflar hann lausan og komst Hrafn yfir ána.

Bróðir sá nú að liðið Brjáns konungs rak flóttann og var fátt manna hjá skjaldborginni. Hljóp hann þá úr skóginum og rauf alla skjaldborgina og hjó til konungsins. Sveinninn Taðkur brá upp við hendinni og tók hana af honum og höfuðið af konunginum en blóðið konungsins kom á handarstúf sveininum og greri þegar fyrir stúfinn.

Bróðir kallaði þá hátt: "Kunni það maður manni að segja að Bróðir felldi Brján."

Þá var runnið eftir þeim er flóttann ráku og sagt þeim fallið Brjáns konungs. Sneru þeir þá aftur þegar Úlfur hræða og Kerþjálfaður. Slógu þeir þá hring um þá Bróður og felldu að þeim við. Var þá Bróðir höndum tekinn. Úlfur hræða reist á honum kviðinn og leiddi hann um eik og rakti svo úr honum þarmana og dó hann eigi fyrr en allir voru úr honum raktir. Mennt Bróður voru og allir drepnir. Síðan tóku þeir lík Brjáns konungs og bjuggu um. Höfuð konungsins var gróið við bolinn. Fimmtán menn af brennumönnum féllu í Brjánsorustu. Þar féll og Halldór son Guðmundar hins ríka og Erlingur af Straumey.

Föstudagsmorgun varð sá atburður á Katanesi að maður sá er Dörruður hét gekk út. Hann sá að menn riðu tólf saman til dyngju einnar og hurfu þar allir. Hann gekk til dyngjunnar. Hann sá inn í glugg einn er á var og sá að þar voru konur inni og höfðu færðan upp vef. Mannahöfuð voru fyrir kljána en þarmar úr mönnum fyrir viftu og garn, sverð var fyrir skeið en ör fyrir hræl.

Þær kváðu vísur þessar:

Vítt er orpið  
fyrir valfalli  
rifs reiðiský,  
rignir blóði.  
Nú er fyrir geirum  
grár upp kominn  
vefr verþjóðar  
er þær vinur fylla  
rauðum vefi  
Randvés bana.

Sjá er orpinn vefr  
ýta þörmum  
og harðkléaðr  
höfðum manna.  
Eru dreyrrekin  
dörr að sköftum,  
járnvarðr yllir  
en örum hrælaðr.  
Skulum slá sverðum  
sigrvef þenna.

Gengr Hildir vefa  
og Hjörþrimul,  
Sanngríðr, Svipul  
sverðum tognum.  
Skaft mun gnesta,  
skjöldr mun bresta,  
mun hjálmagar  
í hlíf koma.

Vindum, vindum  
vef darraðar,  
þann er ungr konungr  
átti fyrri.  
Fram skulum ganga  
og í fólk vaða  
þar er vinir vorir  
vopnum skipta.

Vindum, vindum  
vef darraðar  
og siklingi  
síðan fylgjum.  
Þar sjá bragna  
blóðgar randir  
Gunnr og Göndul  
er grami hlífðu.

Vindum, vindum  
vef darraðar  
þar er vé vaða  
vígra manna.  
Látum eigi  
líf hans farast,  
eiga valkyrjur  
vals um kosti.

Þeir munu lýðir  
löndum ráða  
er útskaga  
áðr um byggðu.  
Kveð eg ríkum gram  
ráðinn dauða.  
Nú er fyrir oddum  
jarlmaðr hniginn.

Og munu Írar  
angr um bíða,  
það er aldrei mun  
ýtum fyrnast.  
Nú er vefr ofinn,  
en völlr roðinn,  
munu um lönd fara  
læspjöll gota.

Nú er ógurlegt  
um að litast  
er dreyrug ský  
dregr með himni.  
Mun loft litað  
lýða blóði



er sóknvarðar  
syngja kunnu.

Vel kváðum vér  
um konung ungan  
sigrhljóða fjöld,  
syngjum heilar.  
En hinn nemi,  
er heyrir á  
geirfljóða hljóð,  
og gumum segi.

Ríðum hestum  
hart út berum  
brugðnum sverðum  
á braut heðan.

Rifu þær þá ofan vefinn og í sundur og hafði hver það er hélt á. Gekk Dörruður nú í braut frá  
glugginum og heim en þær stigu á hesta sína og riðu sex í suður en aðrar sex í norður.

Slíkan atburð bar fyrir Brand í Færeyjum Gneistason.

Á Íslandi að Svínafelli kom blóð ofan á messuhökul prests föstudaginn langa svo að hann varð úr að  
fara.

Að Þvottá sýndist presti á föstudaginn langa sjávardjúp hjá altarinu og sá þar í ógnir margar og var það  
lengi að hann mátti eigi syngja tíðirnar.

Sá atburður varð í Orkneyjum að Hárekur þóttist sjá Sigurð jarl og nokkura menn með honum. Tók  
Hárekur þá hest sinn og reið til móts við jarl. Sáu menn það að þeir fundust og riðu undir leiti nokkurt  
en þeir sáu aldrei síðan og engi urmúl fundust af Háreki.

Gilla jarl í Suðureyjum dreymdi það að maður kæmi að honum og nefndist Herfinnur og kvaðst vera  
kominn af Írlandi. Jarl þóttist spyrja þaðan tíðinda.

Hann kvað vísu þessa:

Var eg þar er bragnar börðust,  
brandr gall á Írlandi.  
Margr, þar er mættust törgur,  
málmr gnast í dyn hjálma.  
Sókn þeirra frá eg snarpa,  
Sigurðr féll í dyn vigra.  
Áðr téði ben blæða.  
Brjánn fell og hélt velli.

Þeir Flosi og jarl töluðu margt um draum þenna. Viku síðar kom þar Hrafn hinn rauði og sagði þeim  
tíðindin öll úr Brjánsorustu, fall konungs og Sigurðar jarls og Bróður og allra víkinganna.

Flosi mælti: "Hvað segir þú mér til manna minna?"

"Þar féllu þeir allir," segir Hrafn, "en Þorsteinn mágur þinn þá grið af Kerþjálfaði og er nú með honum. Halldór Guðmundarson lést þar."

Flosi segir jarli að hann mundi í braut fara "eigum vér suðurgöngu af höndum að inna."

Jarl bað hann fara sem hann vildi og fékk honum skip og það sem hann þurfti og í silfur mikið. Sigldu þeir síðan til Bretlands og dvöldust þar um stund.

## 158. kafli

Kári Sölmundarson sagði Skeggja bónda að hann vildi að hann fengi honum skip. Skeggi bóndi gaf Kára skip alskipað. Stigu þeir þar á með Kára Dagviður hvíti og Kolbeinn svarti. Sigldu þeir Kári nú suður fyrir Skotlandsfjörðu. Þá fundu þeir menn úr Suðureyjum. Þeir sögðu Kára tíðindin af Írlandi og svo það að Flosi var farinn til Bretlands og menn hans. En er Kári spurði þetta þá sagði hann félögum sínum að hann vill halda suður til Bretlands til móts við þá Flosa. Bað hann þá þann skiljast við sitt föruneysi er það þætti betra og kvaðst að engum manni vilja vél draga að hann lést enn á þeim hafa óhefnt harma sinna. Allir vildu honum fylgja. Siglir hann þá suður til Bretlands og lögðu þar að í leynivog einn.

Þenna myrgin gekk Kólur Þorsteinsson í borg og skyldi kaupa silfur. Hann hafði mest hæðyrði við af brennumönnum. Kólur hafði talað margt við frú eina ríka og var mjög í gadda slegið að hann mundi fá hennar og setjast þar.

Þenna hinn sama morgun gekk Kári í borgina. Hann kom þar að er Kólur taldi silfrið. Kári kenndi hann og hljóp að honum með sverð brugðið og hjó á hálsinn en hann taldi silfrið og nefndi tíu höfuðið er það fauk af bolnum.

Kári mælti: "Segið það Flosa að Kári Sölmundarson hefir vegið Kol Þorsteinsson. Lýsi eg vígi þessu mér á hendur."

Gekk Kári þá til skips síns. Sagði hann þá skipverjum sínum vígið. Þá sigldu þeir norður til Beruvíkur og settu upp skip sitt og fóru upp í Hvítborg í Skotlandi og voru með Melkólfi jarli þau misseri.

Nú er að segja frá Flosa að hann gengur upp og tekur lík Kols og býr um og gefur fé mikið til legs honum. Flosa stukku aldrei hermdaryrði til Kára. Flosi fór þaðan suður um sjá og hóf þá upp göngu sína og gekk suður og létti ekki fyrir en hann kom til Rómaborgar. Þar fékk hann svo mikla sæmd að hann tók lausn af sjálfum páfanum og gaf þar til fé mikið. Hann fór þá aftur hina eystri leið og dvaldist víða í borgum og gekk fyrir ríka menn og þá af þeim mikla sæmd. Hann var í Noregi um veturinn eftir og þá skip af Eiríki jarli til útferðar og hann fékk honum mjöl mikið og margir menn aðrir gerðu sæmilega til hans. Sigldi hann síðan út til Íslands og kom í Hornafjörð og fór þá heim til Svínafells. Hafði hann þá af hendi innt alla sætt sína bæði í utanferðum og féggöldum.

## 159. kafli

Nú er segja frá Kára að um sumarið eftir fór hann til skips síns og sigldi suður um sæ og hóf upp göngu sína í Norðmandí og gekk suður og þá lausn og fór aftur hina vestri leið og tók skip sitt í Norðmandí og sigldi norður um sjá til Dofra á Englandi. Þaðan sigldi hann vestur um Bretland og svo norður með Bretlandi og norður um Skotlandsfjörðu og létti eigi fyrir en hann kom norður í Þrasvík á Katanesi til Skeggja bónda. Fékk hann þá þeim Kolbeini og Dagviði byrðinginn. Sigldi Kolbeinn þessu skipi til Noregs en Dagviður var eftir í Friðarey. Kári var þenna vetur á Katanesi. Á þessum vetri andaðist húsfreyja hans á Íslandi.

Um sumarið eftir bjóst Kári til Íslands. Skeggi fékk honum byrðing. Voru þeir þar á átján. Þeir urðu heldur síðbúnir og sigldu þó í haf og höfðu langa útivist. En um síðir tóku þeir Ingólfshöfða og brutu þar skipið allt í spón en þó varð mannbjörg. Kafahríð var á. Spyrja þeir nú Kára hvað nú skal til ráða taka en hann sagði það ráð að fara til Svínafells og reyna þegnskap Flosa. Gengu þeir þá til Svínafells í hríðinni.

Flosi var í stofu. Hann kenndi Kára er hann kom í stofuna og spratt upp í móti honum og minntist til hans og setti hann í háseti hjá sér. Flosi bauð Kára að vera þar um veturinn. Kári þá það. Sættust þeir þá heilum sáttum. Flosi gifti þá Kára Hildigunni bróðurdóttur sína er Höskuldur Hvítanesgoði hafði átta. Þjuggu þau þá fyrst að Breiðá.

Það segja menn að þau yrðu ævilok Flosa að hann færi utan þá er hann var orðinn gamall að sækja sér skálavið og var hann í Noregi þann vetur. En um sumarið varð hann síðbúinn. Menn ræddu um að vant væri skip hans. Flosi sagði vera ærið gott gömlum og feigum og sté á skip og lét í haf og hefir til þess skips aldrei spurst síðan.

Þessi voru börn þeirra Kára Sölmundarsonar og Helgu Njálsdóttur: Þorgerður og Ragneiður og Valgerður og Þórður er inni brann. En börn þeirra Hildigunnar og Kára voru þeir Starkaður og Þórður og Flosi. Son Flosa var Kolbeinn er ágætastur maður hefir verið einhver í þeirri ætt.

Og lúkum vér þar Brennu-Njáls sögu.